

Flottast 2010
tíska 70



Ófeigur og eldklerkurinn
bækur 88



spottið 16





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
**4. desember 2010**
285. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Ekki jafn erfiður og Ormur Óðinsson

*Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir Gauragangi.*

**kvikmyndir 62**



## Tók á móti jólabarni

*Helga Sigurðardóttir ljósmóðir tók á móti dóttur vinkonu sinnar á Þorláksmessu.*

**fjölskyldan 6**

## Saga hlutanna



*Allar vörur hafa áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag.*

**umhverfismál 34**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna






**HVORT Á SINNI ÖLDINNI** „Ég hef aldrei verið mikil 20. aldar kona. Mér finnst stundum eins og allt það merkilegasta hafi gerst á 19. öldinni," segir Sigrún Pálsdóttir höfundur bókarinnar Þóra biskups. Sigrún er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Bragi Ólafsson eiginmaður hennar sömuleiðis. „Ég stend einhvern veginn með báðar lappirnar í 20. öldinni," segir Bragi. **Sjá síðu 28**

# Telja Kína stunda iðnnjósnir hér

**Kínverjar njósna um erfðagreiningar- og heilbrigðisfyrirtæki á Íslandi, segir bandaríska sendiráðið í leyniskýrslu. Rússar fylgjast með njósnum Kínverja.**

**ÖRYGGISMÁL** Kínverjar eru taldir stunda iðnnjósnir, sem beinast að rannsóknum fyrirtækja á sviði erfðagreiningar og læknisfræði hér á landi. Þetta kemur fram í skýrslum bandaríska sendiráðsins í Reykjavík til utanríkisráðuneytisins í Washington. Skjölin eru á meðal þeirra sem lekið var til vefsíðunnar Wikileaks, en Fréttablaðið hefur hluta þeirra undir höndum.

Í skýrslu, sem dagsett er 26. febrúar í fyrra, er fjallað um ástand öryggismála á Íslandi. Þar segir: „Talið er að Kínverjar stundi iðnnjósnir á sviði erfðagreiningar og læknisfræðilegra rannsókna á Íslandi." Skjalið er merkt „leyndarmál" og afrit send leyniþjónustunni CIA, alríkislögreglunni FBI og leyniþjónustu hersins, DIA.

Í annarri skýrslu, sem send er á aðfangadag í fyrra og sömuleiðis merkt sem leyndarmál, er greint frá árlegum fundi gagnnjósnahóps sendiráðsins sem Sam Watson, staðgengill sendiherra, stjórnaði. Þar kemur fram að Bandaríkjamenn telji að Kínverjar „haldi áfram" iðnnjósnum á Íslandi, annars vegar með hefðbundnum njósnum (human intelligence) og hins vegar með tæknibúnaði, en það getur falið í sér símhleranir og njósnir á netinu, til dæmis innbrot í gagnabanka.

Í sama skjali segir að talið sé að Rússar fylgist með njósnum Kínverja. Staðgengill sendiherra Rússlands í Reykjavík sé álitinn sérfræðingur í málefnum Kína. Þar mun átt við Valery I. Birjúkov sendiráðunaut, en hann starfaði meðal annars í Kína á vegum sovézku utanríkisþjónustunnar á níunda áratugnum.

### Eins og Mussolini

Í skýrslum sendimanna Bandaríkjanna hér á landi um fundi með íslenskum áhrifamönnum, sem Fréttablaðið segir frá í dag, er meðal annars fjallað um viðbrögð þeirra við bankahruninu. Í frásögn af fundi Davíðs Oddssonar, þáverandi seðlabankastjóra, með fulltrúum bandaríska fjármálaráðuneytisins haustið 2009 kemur fram að hann hafi líkt aðgerðum Gordons Brown gegn Íslandi við herför Mussolinis gegn Eþíópíu árið 1935. Þar hefði stórt ríki níðst á litlu varnarlausu landi.

Kínversk stjórnvöld eru talin stunda umfangsmiklar iðnnjósnir um allan heim. Vestrænir sérfræðingar hafa talið að allt að milljón manns séu á þeirra snærum við að stela viðskiptaleyndarmálum, en Rússar séu næstduglegastir við iðnnjósnirnar, með hundruð þúsunda útsendara.

Í viðtali í brezka blaðinu Guardian í júlí í fyrra sagði hátt settur þýzkur gagnnjósnasérfræðingur, Walter Opfermann, að Kínverjar notuðu margvíslegar aðferðir, allt frá gamaldags njósnum til símahlerana og netnjósna, til að stela viðskiptaleyndarmálum af þýzkum fyrirtækjum. „Kínverjar vilja verða mesta efnahagsveldi heims fyrir árið 2020," sagði Opfermann. „Til þess þurfa þeir skjóta og mikla yfirfærslu tæknilegra upplýsinga, sem hægt er að komast yfir í þróuðum iðnríkjum."

**- óþs /** **sjá síður 4 og 6**










## SPURNING DAGSINS



*Stefán, er gagnvirkni það sem koma skal í leikhúsheiminum?*

„Ja, hann gerði nú ekki mikið gagn þessi blessaði gestur.“

Leikarinn Stefán Hallur Stefánsson þurfti að setja ofan í við málglaðan gest í miðri sýningu leikritsins Mojito á dögunum.

Umami Sustainable Seafood hefur lokið yfirtöku á túnfiskeldi Baja Aqua Farms í Mexíkó:

# Stærsta túnfiskeldi heims í íslenskri eigu

**VIÐSKIPTI** Umami Sustainable Seafood hefur lokið kaupum á túnfiskeldisfyrirtækinu Baja Aqua Farms í Mexíkó. Umami er að stærstum hluta í íslenskri eigu, en fyrirtækið er dótturfélag Atlantis Group.

Óli Valur Steindórsson, starfandi stjórnarformaður Umami og forstjóri Atlantis, segir kostnað félagsins við kaupin nema 30 milljónum Bandaríkjadala, eða sem nemur tæpum 3,5 milljörðum króna. Hann segir fyrirtækið, sem nú rekur túnfiskeldi bæði í Króatíu og Mexíkó, það langstærsta í heimi á sínu sviði, með um fimmtungsmarkaðshlutdeild. „Ætli félagið sé ekki fjórum til fimm sinnum stærra en næsta félag í geiranum,“ segir Óli Valur.



ÓLI VALUR STEINDÓRSSON

Núna segir Óli Valur að áherslan verði lögð á innri vöxt, en á markaðnum séu miklir möguleikar. Túnfiskveiðar hafi verið hart gagnrýndar af umhverfisverndarsamtökum og í þeim séu sóknarfæri. „Þetta er vara sem selur sig sjálf og eftirspurnin miklu meiri en framboðið.“

Óli Valur segir að aðstandendur félagsins hafi hitt á réttan tímapunkt í að skrá félagið á smærri verðbréfamarkað í Bandaríkjunum til að safna fé í kaupin. Félagið sé hins vegar enn að stærstum hluta í íslenskri eigu, beint eða óbeint. Kjarnahópurinn sem staðið hafi að stofnun þess telji um 20 manns, en hluthöfum hafi nú fjölgað í 180. Óli segir stefnt að því að fjölga hluthöfum í 400 og skrá félagið í kjölfarið á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn. - óká



**ELDISKVÍAR** Túnfiskeldi Kali Tuna í Króatíu er líka í eigu Umami Sustainable Seafood.

Framlög til heilbrigðismála:

## Segir frekari skerðingu í tillögum ráðherra

**HEILBRIGÐISMÁL** Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir að í breytingartillögum sem heilbrigðisráðherra er nú að kynna á hagræðingaráformum í heilbrigðisþjónustu sé enn þrengt að umönnunar- og hjúkrunarþætti heilbrigðisstofnana.

**„Faglærðum starfsmönnum verður fækkað til að lækka launakostnað, gæði þjónustunnar minnka, öryggi sjúklinga verður ógnað og kostnaður eykst þegar til lengri tíma og á heildina er litið. Fylgikvillum meðferða mun fjölga og legutími mun lengjast,“ segir Elsa í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.** pg / sjá síðu 25

Meint fórnarlömb Gunnars:

## Biðja ráðuneyti um rannsókn

**STJÓRNSÝSLA** Hópur þeirra kvenna sem hafa ásakað Gunnar Þorsteinsson í Krossinum um kynferðislega áreitni hafa sent dómsmálaráðuneytinu bréf þar sem ráðherra er beðinn um að rannsaka mál Gunnars. Greint var frá málinu á Pressunni.

Í bréfinu er þess krafist að Gunnar verði sviptur stöðu sinni sem forstöðumaður. Óskað er eftir því að samneyti Gunnars við safnaðarmeðlimi verði rannsakað. Þá segir að stjórn Krossins sé vanhæf í málinu, en í henni sitji Gunnar, dóttir hans, tengdasonur og einn ótengdur aðili. - sv

## DÓMSMÁL

### Í fangelsi fyrir stuld í Byko

Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að stela 5,5 metra löngu málbandi úr Byko, sem kostaði 4.809 krónur. Hann játaði sök og var dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi.

# 5 prósent Íslendinga þjást af heilsukvíða

**Áætlað er að fimm prósent fólks þjáist af heilsukvíða. Vandamálið einkennist af þrálátum kvíða og áhyggjum yfir því að vera haldinn sjúkdómi. Enginn munur er milli kynjanna. Stuðst er við atferlismeðferð og lyfjagjöf í meðferð.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Áætlað er að um fimm prósent Íslendinga þjáist af heilsukvíða. Ástandið einkennist af óhóflegum og hamlandi kvíða þar sem fólk óttast að vera haldið alvarlegum sjúkdómi þrátt fyrir að niðurstöður læknisfræðilegra skoðana sýni fram á annað.



SÓLEY DRÖFN DAVÍÐSDÓTTIR

Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni, og Ólafur Árni Sveinsson, taugalæknir hjá Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, skrifuðu grein sem birtist í Læknablaðinu í gær, sem ber heitið Heilsukvíði – aukin þekking og meðferðarmöguleikar, þar sem fjallað var um helstu einkenni vandans og ný meðferðarúrræði.

Sóley Dröfn segir að heilsukvíði sé algengari en margir halda. Utan við þessi fimm prósent sem eru áætluð að eigi við þetta vandamál að stríða sé mikill fjöldi fólks sem óttast á einhverjum tímapunkti að vera haldinn alvarlegum sjúkdómi þrátt fyrir að lítil rök liggi fyrir því.

„Þetta hefst oftast snemma á fullorðinsárunum, þegar fólk er undir andlegu álagi,“ segir Sóley Dröfn. „Hugsanlega hefur náinn ættingi orðið alvarlega veikur eða látist úr sjúkdómi og með því myndast sú hugmynd hjá viðkomandi einstaklingi að hann sjálfur eigi á hættu að veikjast.“



**KVÍÐI** Tíðni heilsukvíða skiptist jafnt á milli kynja og er vandamálið skilgreint sem miklar og hamlandi áhyggjur yfir því að vera haldinn alvarlegum sjúkdómi. MYND/GETTY IMAGES

Tíðni heilsukvíða er jöfn meðal karla og kvenna, en almenn kvíðaröskun og fælni sé mun algengari meðal kvenna heldur en karla.

Áður fyrr var sjúkdómurinn kallaður ímyndunarveiki. Sóley Dröfn segir að það sé rangnefni vegna þess að hugtakið „ímyndun“ gefur í skyn að einkenni fólks séu ekki raunveruleg.

„Líkaminn er sjaldnast einkennalaus,“ segir Sóley. „Þeir sem þjást af heilsukvíða eru ekki að gera sér upp einkenni, heldur eru þau rangtúlkuð í hugum fólks sem telur að þau stafi af alvarlegum sjúkdómi.“

Sóley Dröfn segir mikilvægt að komast að rótum vandans og átta sig á því hvað það er sem fólk óttast. Hvort sem það sé dauðinn, veikindaferlið, einangrun, að skilja börnin eftir eða í raun hvað sem er.

„Þetta þótti áður illviðráðanlegur vandi. En hugræn atferlismeðferð og ákveðin lyfjameðferð geta hvort um sig skilað miklum árangri.“ sunna@frettabladid.is



**BANDARÍKJAFORSETA FAGNAÐ** Bandarískir hermenn tóku leiðtoga sínum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama fór til Afganistans:

## Stappaði stálinu í hermenn

**AFGANISTAN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti kom í óvænta heimsókn til Afganistans í gær að stappa stálinu í bandaríska hermenn þar og ræða við Hamid Karzai forseta.

Vegna veðurs gat Obama þó ekki hitt Karzai augliti til auglitis, en lét í staðinn duga að hringja í hann til höfuðborgarinnar Kabúl frá flugvellinum í Bagram.

„Ég þarf ekki að segja ykkur að þetta sé erfið barátta,“ sagði Obama við bandarísku hermennina, en kvaðst þó sannfærður um að þeim muni takast ætlunarverk sitt. Um 100 þúsund bandarískir hermenn eru í Afganistan. - gb

Búið að fara yfir allar kröfur:

## Gefa grænt ljós á tíu milljarða

**VIÐSKIPTI Skilanefnd og slitastjórn Kaupþings hefur tekið afstöðu til allra krafna í bú bankans.**

**Í kringum 28 þúsund kröfum var lýst í bú Kaupþings. Þar af námu forgangskröfur tæpum 2.100 milljörðum króna. Þær eru nú um 550 milljarðar króna. Þar af voru aðeins tíu milljarðar króna samþykktar sem forgangskröfur. Afganginum, kröfum upp á 540 milljarða, var hafnað. Hluti krafna færist til almennra krafna. Ólafur Garðarsson, lögmaður og formaður slitastjórnar Kaupþings, segir þá kröfuhafa sem ósáttir séu með niðurstöðuna geta mótmælt, leitað sátta, jafnvel leitað til dómstóla.** - jab


20-50%
afsláttur
MAGNAÐ
helgartilboð
Verið hjartanlega velkomin
Jólabúðin þín
byggt og búið
Sími 568 9400 KRINGLUNNI


Eftirlitsstofnun EFTA gagnrýnir stjórnvöld fyrir að horfa framhjá brotum á reglum:

# Aukaefni í saltfiski eru bönnuð

**MATVÆLI** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sendi um mánaðamótin stjórnvöldum bréf þar sem fram kemur að grunur leiki á að fjölfosföt séu enn notuð í saltfiskverkun hér. Notkun fjölfosfata við saltfiskverkun er bönnuð á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og innan aðildarríkja Evrópusambandsins.

Fjölfosföt eru aukaefni sem sprautað er í saltfisk til að gera hann hvítari og bindur vatn í honum sem þyngir hann. Efnið hefur ekki áhrif á bragðið.

Ólafur Valsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Matvælasviðs hjá innra markaðssviði ESA í Brussel, segir ESA líta málið mjög alvarlegum augum. Hann væntir þess að stjórnvöld bregðist skjótt við og framfylgi banninu.

Norskir fjölmiðlar hafa fjallað um notkun fjölfosfata í frystum fiski upp á síðkastið. ESA hóf rannsókn á notkun efnisins hér eftir að fiskverkun Karls Sveinssonar á Borgarfirði eystri sagði upp öllu starfsfólki sínu í september. Ástæðan var sú að saltfiskur fyrirtækisins þótti ekki samkeppnishæfur í útflutningi þar sem efninu var ekki sprautað í hann.

Matvælastofnun, sem hefur eftirlit með framfylgni reglna í matvælaiðnaði, gaf út í september að hún vilji bíða með aðgerðir fram yfir áramót. Ólafur segir stofnunina ekki hafa heimild til þess. „Yfirvöld verða að standa við samninga.“ - jab



**SALTFISKUR** Bannað er að sprauta aukaefni í saltfisk við vinnslu. Efnið gerir fiskinn hvítari en ella auk þess að binda vatn í fiskinum svo hann verði þyngri.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## GENGIÐ 03.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,80 | 115,34 |
| Sterlingspund | 179,94 | 180,82 |
| Evra | 152,19 | 153,05 |
| Dönsk króna | 20,416 | 20,536 |
| Norsk króna | 19,010 | 19,122 |
| Sænsk króna | 16,685 | 16,783 |
| Japanskt jen | 1,373 | 1,381 |
| SDR | 176,39 | 177,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,7989

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skilanefnd Kaupþings rannsakar lán upp á hundruð milljarða til skattaskjóla:

# Reikna með að fá lítið aftur

**VIÐSKIPTI** Sérstök eftirlitsnefnd á vegum skilanefndar Kaupþings rannsakar lánveitingar gamla bankans upp á samtals átta hundruð milljarða króna til fyrirtækja víða um heim. Svo virðist sem fyrirtækin hafi ekki verið í rekstri. Þetta jafngildir 20 prósentum af heildarútlánum bankans.

Nefndin heldur utan um þann hluta lánasafns gamla Kaupþings sem samanstendur af lánum og verðbréfum sem ekki eru í formlegri innheimtu eða umsýslu.

Fram kemur í skýrslu skilanefndar til kröfuhafa að talið sé að lítill hluti lánanna muni skila sér til baka, eða tæpir 40 milljarðar króna. Viðbúið er að lagðar verði fram skaðabótakröfur og mál höfðuð í tengslum við lánveitingarnar í einhverjum tilvikum.



**KRÖFUHAFAFUNDUR KAUPÞINGS** Kröfuhafar Kaupþings funduðu í gær. Skilanefnd bankans rannsakar lánveitingar upp á hundruð milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttastofa Stöðvar 2 sagði í gær um nokkur mál að ræða. Í mörgum tilvikum hafi verið lánað til skúffufélaga og skattaskjóla víða um heim.

Á vegum skilanefndar Kaupþings starfar sérstök eftirlitsnefnd sem hefur meðal annars það verkefni að halda utan um þann hluta lánasafns þrotabúsins sem samanstendur af lánum, verðbréfum og viðskiptum sem eru til athugunar eða undir rannsókn og því ekki í formlegri innheimtu eða umsýslu. - jab

Afgangur í Garðabæ:

# Segja fjárhagsstöðuna sterka

**GARÐABÆR Gert er ráð fyrir 165 milljóna króna afgangi af rekstri Garðabæjar á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Útsvar breytist ekki og verður 12,46 prósent sem fyrr.**

**Í frétt á heimasíðu bæjarins segir að fjárhagur bæjarins standi á sterkum fótum og ekki verði skorið niður á milli ára á fjölskyldusviði og heldur ekki í fræðslu-, íþrótta- og æskulýðsmálum. Þá verða langtímaskuldir bæjarins greiddar niður um tæplega 400 millj. á næsta ári. - þj**

Steiktur laukur innkallaður:

# Kjúklingabein fannst í boxi

**NEYTENDUR** Kjúklingabein fannst í einu 100 gramma boxi af steiktum lauk undir vörumerkinu Cronions. Aðskotahluturinn var sendur til greiningar hjá Náttúrufræðistofnun sem komst að þeirri niðurstöðu að sennilega væri um að ræða kjúklingabein.

Varan hefur verið innkölluð af markaði en hún reynist vera í mjög takmarkaðri dreifingu og í litlu magni í matvöruverslunum. Neytendur eru beðnir um að skila inn viðkomandi vöru ef hún reynist vera með lotunúmerið LO:160 22:36 og best fyrir dagsetningu 09-02-11 til Nathan & Olsen hf., innflytjanda vörunnar. - sv

Fatlaðir skora á stjórnvöld:

# Vilja að réttindi sín séu fest í lög

**SAMFÉLAGSMÁL Fulltrúar NPA-miðstöðvarinnar afhentu stjórnvöldum í gær, á alþjóðadegi fatlaðs fólks, áskorun þar sem þess er meðal annars krafist að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur á Íslandi sem fyrst.**

**NPA-miðstöðin er samvinnufélag í eigu fatlaðs fólks sem vinnur að því að styðja fatlað fólk við að útvega og skipuleggja persónulega aðstoð. Meðal annarra krafna í áskoruninni var að þekking fatlaðra sé nýtt í þróun lagaramma. Helgi Hjörvar tók við áskoruninni fyrir hönd stjórnvalda. - þj**

## LEIÐRÉTTING

Ónákvæmt orðalag var í frétt um rafbyssur í blaðinu í gær. Þar sagði að tæplega 300 hefðu látist af þeirra völdum í Bandaríkjunum og Kanada. Réttara er að orða það svo að tæplega 300 dauðsföll hafi tengst notkun þeirra.

# Bandaríkin furðuðu sig á samskiptaleysi Íslendinga

**Í leyniskjölum frá sendiráði Bandaríkjanna, sem ratað hafa til Wikileaks og Fréttablaðið hefur, kemur fram að Bandaríkin höfðu áhyggjur af aðkomu Rússa á Íslandi. Töldu ekki fullreynt með aðstoð vestra.**

**WIKILEAKS** Tal um fjárhagsaðstoð Rússa við Ísland í bankahruninu í októberbyrjun 2008 var tilefni vangaveltna í sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi um hvort Bandaríkjastjórn þyrfti að hafa hér frekari hönd í bagga. Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna hér á landi, taldi ekki fullreynt af hálfu íslenskra stjórnvalda hvort hjálp væri í boði frá Bandaríkjunum.

Yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda 7. október 2008 um að landið sneri sér til Rússlands þar sem „vinaþjóðir“ hafi brugðist hjálparbeiðnum urðu til þess að bandaríska sendiráðið kannaði eftir hvaða leiðum aðstoðar var óskað. Þetta kemur fram í stöðuskýrslu Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sem skrifuð var 8. október 2008 og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Spurst var fyrir um það bæði hjá íslenskum stjórnvöldum og í Bandaríkjunum hvort Íslendingar hafi farið fram á aðstoð eftir öðrum leiðum en í gegn um Seðlabanka Bandaríkjanna.



**CAROL VAN VOORST** þáverandi sendiherra Bandaríkjanna

„Við höfum einungis getað staðfest að fulltrúar Seðlabanka Íslands hafa rætt við bankastjóra Seðlabanka Bandaríkjanna – en ekki síðan í síðustu viku,“ segir í skýrslu sendiherrans.

„Við fáum með engu móti skýrt af hverju Íslendingarnir hafa ekki tekið upp símann til þess að ræða hvers þeir þarfnast og hvað við gætum aðstoðað með, þó staða Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra kunni að hafa eitthvað að gera með tregðu til að opna aðrar samskiptaleiðir. Bandarískir bankamenn hér segja okkur að aðstoðar Bandaríkjanna sé sárlega þörf, að eignir íslensku bankanna séu ekki eitraðar, og að vandamál þeirra sé skammtímafjármögnun sem orðið hafi erfiðari vegna trúverðugleikabrests,“ segir Carol van Voorst.

Sendiherrann bendir á að Bandaríkin eigi hagsmuna að gæta á norðurhjara og öflugt samstarf á sviði öryggismála við Ísland, eftir brottför Bandaríkjahers frá Keflavík, sem bæði lönd hafi unnið hörðum höndum við að viðhalda. Hún greinir frá því að sama dag og skýrslan er rituð hafi sendiráðið hvatt háttsetta embættismenn á skrifstofu íslenska forsætisráðuneytisins til að kanna betur hvaða aðkomu Bandaríkin gætu haft að því að auka traust á Íslandi, aðra en gjaldeyrisskiptin sem Seðlabanki Bandaríkjanna hafði hafnað. „Við efumst um að það yrði Bandaríkjunum, eða NATO, í hag að Íslendingar yrðu skuldbundnir Rússlandi, sama hversu „vinsamlegir“ lánaskilmálar kynnu að vera,“ segir í upplýsingaskýrslu sendiherrans. olikr@frettabladid.is

## Viðurkenndi sig ekki sem vanda

Carol Van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, taldi Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóra, ekki skilja hversu mikill vandi hann sjálfur hafi verið í endurreisnarstarfinu eftir bankahrunið.



**DAVÍÐ ODDSSON**

Van Voorst sendi bandaríska utanríkisráðuneytinu skýrslu um framgöngu Davíðs í Kastljósviðtali í febrúar 2009. Sagði hún Davíð sjá sjálfan sig sem síðustu brjóstvörnina gegn vanhæfum og eyðileggjandi stjórnvöldum. Það væri rétt hjá Davíð að breytingum á lögum um Seðlabankann væri beint gegn honum persónulega. „En það sem hann viðurkennir ekki er að áframhaldandi vera hans í bankanum er orðin alvarleg truflun á sama tíma og efnahagskreppan dýpkar,“ skrifaði sendiherrann.

## Vildu senda Guantanamo fanga til Íslands

Snemma árs 2007, meðan George W. Bush var enn forseti Bandaríkjanna, hafa bandarísk stjórnvöld farið þess á leit við Íslendinga að taka við föngum frá Guantanamo á Kúbu. Þetta kemur fram í leyniskjölum bandarísku utanríkisþjónustunnar, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Íslendingar ófærir um að taka að sér hættulega fanga.

Carol van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, ræddi þetta við Valgerði Sverrisdóttur, þáverandi utanríkisráðherra, og Jörund Valtýsson, ráðgjafa í utanríkisráðuneytinu.

Valgerður er sögð hafa fagnað því, að fangabúðunum á Kúbu verði lokað þegar fram líða stundir. Hins vegar þurfi íslensk stjórnvöld að hugsa málið áður en svar verði gefið.

Endanlegt afsvar berst svo Bandaríkjamönnum þann 29. mars, þar sem Íslendingar segjast hvorki hafa sérfræðikunnáttu né aðstöðu til að taka við föngum frá Guantanmo. Haft er eftir Nikulas Hannigan, ráðgjafa í utanríkisráðuneytinu, að íslensk lög heimili aðeins móttöku flóttamanna í skilningi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**SVALT HÆGVIÐRI** í dag og næstu daga má búast við fremur hægum vindi. Aðeins hvassara verður við SA- og A-ströndina eða 10-15 m/s. Yfirleitt verður nokkuð bjart á landinu, einkum sunnan- og vestan til. Viðrar vel til útivistar um helgina, munið að klæða ykkur vel!




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 3° |
| Berlín | -6° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | -3° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 2° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 6° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -9° |
| París | 2° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is


EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SERÍUM OG JÓLALJÓSUM
25% AFSLÁTTUR jólaljós og seríur*
RISA
AFSLÁTTARHELGI
25% AFSLÁTTUR Útivistar fatnaður*
25% AFSLÁTTUR Leikföng*
Sveppi og Villi
skemmta í Skútuvogi kl. 13:00 laugardag
Jólasveinar skemmta kl. 15:00 laugardag
Allir krakkar fá ókeypis ís
alla helgina í Skútuvogi kl. 12-17
25% AFSLÁTTUR Búsáhöld*
HÚSASMIÐJAN
JÓLABLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á viðkomandi vöru.
HÚSASMIÐJAN

**Fréttaskýring:** Hvað segja Wikilieaks-skjölin um Ísland?

Sendiherra Bandaríkjanna veltir fyrir sér kenningu Vals Ingimundarsonar:

# Sáttatónn Geirs pirraði Björn

Þann 26. maí 2006, hálfum öðrum mánuði eftir að Bandaríkjamenn tilkynntu um brottför hersins, skrifar Carol Van Voorst sendiherra stjórnvöldum í Washington greinargerð um þá kenningu Vals Ingimundarsonar sagnfræðings, að væri Davíð Oddsson enn forsætisráðherra myndu Bandaríkjamenn ekki hafa kallað herinn heim.

„Kenning Ingimundarsonar líkist mjög kenningu sem sonur Oddssonar og pólitískur ráðgjafi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra (Sjálfstæðisflokki), Þorsteinn Davíðsson, setti fram 17. mars í viðræðum við stjórnmálafulltrúa sendiráðsins [POLOFF],“ segir Van Voorst, og bætir því við að Þorsteinn, Björn og „aðrir á hægri væng Sjálfstæðisflokksins“ séu „ævareiðir“ vegna þess að hinn hófsami Geir Haarde hafi orðið formaður Sjálfstæðisflokksins og verði líklega næsti forsætisráðherra. Hún segir að í einkasamtölum láti þeir fara í taugarnar á sér þann sáttatón sem Geir hafi verið með gagnvart Bandaríkjunum eftir að tilkynnt var um brotthvarf hersins.

„Það er mögulegt,“ segir Van Voorst og kemur þar með sína eigin kenningu, „að þeir hafi hvatt Ingimundarson (sem er sonur bandamanns Oddssonar) til að fínpússa það orðspor, sem Oddsson skilur eftir sig, og þrýsta á Haarde um að taka harðari samningaafstöðu.“ - gb

Vildi koma á fundi í Hvíta húsinu en bar við fjárskorti:

# Bað sendiráðið um farareyri


BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, vildi í nóvember í fyrra taka upp viðræður til að styrkja tvíhliða tengsl Bandaríkjanna og Íslands. Þetta kemur fram í skýrslu Sams Watson, sendiráðunauts í bandaríska sendirráðinu.

Watson segir Bjarna hafa viljað fá fund í Hvíta húsinu og hafa lagt til að utanríkismálanefnd Alþingis færi til Bandaríkjanna. „Hann spurði síðan, í ljósi núverandi fjárhagsvandræða Íslands, hvort vera kynni að fjármögnun slíkrar ferðar gæti komið úr bandarískum sjóði,“ segir Watson sem kveðst í skýrslunni ekki viss um ástæður Bjarna fyrir því að ná fundum háttsetra embættismanna í Hvíta húsinu.

Segir hann ástæðuna líklega pólitíska; að Bjarni hafi viljað ná athygli fjölmiðla og að málið yrði vandræðalegt fyrir ríkisstjórnina. - gar




KÆRLEIKSKÚLAN
2010
FJARLÆGÐ eftir Katrínu Sigurðardóttur
SÖLUSTAÐIR
Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Skeifunni og Leifsstöð
Kokka - Laugavegi
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Líf og list - Smáralind
Hafnarborg - Hafnarfirði
Módern - Hlíðarsmára
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Norska húsið - Stykkishólmi
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Allur ágóði sölunnar rennur óskertur til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


# Taldi Íslendinga fáfróða

**Sendiráð Bandaríkjanna fylgdist grannt með viðbröðgum við brotthvarfi hersins. Össur sagði haustið 2009 Bandaríkin hafa gert „bölvuð mistök“.**

Í bandaríska sendiráðinu var grannt fylgst með viðbrögðum Íslendinga við brotthvarfi Bandaríkjahers frá Keflavíkurflugvelli.

Í nokkrum leyniskjölum frá bandaríska sendiráðinu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum og birt verða á vefsíðunni Wikileaks, lýsir Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna hér á landi, vonbrigðum og andstöðu íslenskra ráðamanna með þessa ákvörðun.

„Ef fimm stig sorgarviðbragða eru afneitun, reiði, samningaviðræður, þunglyndi og sátt, þá eru sumir íslenskra gáfumanna nú komnir á reiðistigið,“ skrifar van Voorst þann 20. mars 2006, nokkrum dögum eftir að Bandaríkin tilkynntu ákvörðun sína um brotthvarfið. Nokkrum dögum síðar leggur hún til að Bandaríkjamenn hvetji Íslendinga til að afla sér fræðslu um varnarmál og sætta sig við að þeir þurfi sjálfir að taka ábyrgð á vörnum landsins. „Jafnvel þótt Bandaríkin tryggi áfram varnir þeirra, sem auðugt ríki og aðili að NATO,“ skrifar hún hálfum mánuði eftir að Bandaríkin tilkynntu um brottför hersins, „þá þurfa Íslendingar að taka þátt í kostnaðinum af vörnum sínum og íslenskir embættismenn munu loksins þurfa að gera heimavinnuna sína varðandi öryggismál svo þeir verði upplýstir neytendur.“


**CAROL VAN VOORST** Sagði Björn Bjarnason og fleiri hafa verið illa haldna af „Ég sagði þér það“-veikinni þegar Rússaþotur byrjuðu að fljúga kringum landið á ný.

Ári eftir brotthvarf hersins, haustið 2007, skýrir van Voorst síðan frá því að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og aðrir á Íslandi hafi „verið nánast aðframkomnir af „Ég sagði þér það“-veikinni“ eftir að rússneskar herþotur tóku að gera vart við sig nálægt Íslandi og víðar á Norður-Atlantshafi. Þeir líti svo á að Bandaríkin hafi gert hernaðarleg mistök með því að kalla herinn heim einmitt þegar loftslagsbreytingar með auknum skipaferðum og olíuvinnslu á Norðurslóðum blasi við.

Síðastliðið haust átti þáverandi staðgengill sendiherra, Sam Watson, síðan viðræður við Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, þar sem Össur segir ákvörðun Bandaríkjamanna hafa verið „bölvuð mistök“, jafnvel þótt hann segist skilja rökin að baki þeirri ákvörðun og nauðsyn þess að draga úr kostnaði. Hann sagðist telja að Bandaríkin hefðu átt að hafa „einhvers konar viðveru áfram á Íslandi til að verja hagsmuni sína á norðurslóðum.“ - gb

Stefán Eiríksson tjáir sig:

# Georg olli Birni vonbrigðum


GEORG LÁRUSSON

Stefán Eiríksson fullyrðir snemma árs að Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, hafi valdið Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra vonbrigðum, þótt Björn hafi persónulega valið Georg í embættið árið 2005.

Þetta hefur Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna, eftir Stefáni, sem þá var skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu en er nú lögreglustjóri í Reykjavík, í einu þeirra leyniskjala, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Sendiherrann segist ekki átta sig á því hvers vegna Stefán sé svona hreinskilinn, en hún telur að líklegast hafi hann rétt fyrir sér. - gb

Össur gagnrýnir ESB:

# Skilafrestur útilokar afgreiðslu

**Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagðist í september árið 2009 telja að Evrópusambandið hafi vísvitandi gefið Íslendingum frest til þess að skila inn svörum við spurningalista þess þann 16. nóvember svo öruggt verði að leiðtogaráð sambandsins geti ekki afgreitt aðildarumsókn Íslands á fundi sínum í desember.**

**Þetta hefur Sam Watson, sem var staðgengill sendiherra Bandaríkjanna hér á landi meðan enginn gegndi því embætti, eftir Össuri að loknum viðræðum þeirra.** - gb

Steingrímur J. kom bandaríska sendiráðinu á óvart:

# Reyndist ábyrgur fjármálaráðherra

„Sumum til undrunar er Sigfússon að sanna sig sem alvarlegur og ábyrgur fjármálaráðherra,“ segir í skýrslu Neils Klopfenstein sendiráðunauts í bandaríska sendiráðinu 4. júní 2009. Daginn áður átti Steingrímur J. Sigfússon fund með Klopfenstein og ræddi stöðu ýmissa lykilmála á Íslandi.


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Þótt margir í flokki hans hafi frá byrjun verið tortryggnir í garð lánsins frá AGS hefur ráðherrann við ýmis tækifæri viðurkennt mikilvægi AGS-pakkans. Sigfússon hefur staðist (sennilega gnístandi tönnum) flestar freistingar til að skella skuldinni af núverandi kreppu alfarið á öfgar kapítalismans,“ segir í skýrslunni.

Fram kemur að bandarísku sendiráðsstarfsmennirnir efist um túlkun Steingríms á framgangi viðræðna um Icesave. Breski sendiherrann hafi dregið upp mun dekkri mynd af þeim í viðræðum. Hann segði meðal annars að þeir hefðu uppi barnalegar áætlanir um endurgreiðslu Icesave. - gar

Össur við sendiherra Breta:

# Jóhanna hótaði að segja af sér

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði nokkrum þingmönnum Vinstri grænna í júlí í fyrra að hún væri að missa þolinmæðina og að hún myndi segja af sér innan fárra daga ef þeir styddu ekki samkomulag sem náðst hafði í Icesave-málinu. Þetta kemur fram í skýrslu Neils Klopfenstein, sendiráðunauts í bandaríska sendiráðinu.

Vitnað er til orða sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er sagður hafa látið falla í samtali við breska sendiherrann á Íslandi. Össur er sagður hafa talið að þessir úrslitakostir Jóhönnu til VG ásamt viðaukum við samninginn myndu duga til að bæta við atkvæðum til að ná naumum meirihluta fyrir samkomulaginu á Alþingi. - gar




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000






FRÉTTASKÝRING: Aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna

# Meira verður ekki gert

**Skuldavanda heimilanna verður mætt með niðurfellingu skulda, auknum vaxtabótum og niðurgreiðslu vaxta. Aðgerðirnar kosta yfir 100 milljarða króna.**

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar, lánastofnana og lífeyrissjóða til að mæta vanda skuldsettra heimila ná til þorra heimila með íbúðaskuldir. Um 72 þúsund heimili eru með íbúðaskuldir og er áætlað að aðgerðirnar nái til 60 þúsund heimila.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fagnaði samkomulaginu við undirritun þess í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Hún sagði viðræður um það hafa staðið linnulaust í þrjár vikur en það byggir á vinnu sérfræðingahóps sem settur var á laggirnar fyrir tveimur mánuðum.

Jóhanna sagði samkomulagið hafa félagslegt og þjóðhagslegt gildi og styðja við aukinn hagvöxt.

Aðilar samkomulagsins eru sammála um að með því sé brugðist við skuldavandanum með viðhlítandi hætti og eins og fært sé. Ekki séu efni til að vænta frekari aðgerða.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir heildaráhrif aðgerðanna jákvæð. Við undirritunina gat hann þess að samkomulag við lífeyrissjóðina um framkvæmdir væri hársbreidd frá því að nást.

Þá kom fram að fljótlega mætti vænta aðgerða stjórnvalda og banka gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Er von manna að þær hleypi krafti í atvinnulífið.

Aðgerðirnar sem kynntar voru í gær kosta yfir 100 milljarða króna að meðteknum áhrifum á nýjum lögum um gengislán. 70 milljarðar af þeirri fjárhæð falla á banka og sparisjóði. Bætast þeir við þá rúmu 20 milljarða sem fjármálafyrirtæki hafa þegar afskrifað.

Að sögn Guðjóns Rúnarssonar, framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja, mæta stóru viðskiptabankarnir afskriftunum með því svigrúmi sem varð til við yfirfærslu eigna úr gömlu bönkunum í þá nýju. Aðgerðirnar kalli því ekki á breytingar á kjörum.

Hlutur ríkissjóðs í aðgerðunum nemur um 20 milljörðum króna á næstu tveimur árum. Felst hann í auknum vaxtabótum og framlögum til Íbúðalánasjóðs.



**BROSANDI VIÐ UNDIRSKRIFT** Á myndinni eru Guðjón Rúnarsson, Samtökum fjármálafyrirtækja, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Arnar Sigurmundsson, Landssamtökum lífeyrissjóða. Fjórtán skrifuðu undir yfirlýsinguna í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Aðgerðirnar geta haft mikil áhrif til lækkunar lána

**Í dæmunum er annars vegar miðað við lán upp á 17 milljónir og hins vegar 41 milljón.**

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðalán í dag | 17.000.000 | 41.000.000 |
| Skammtímaskuldir | 3.000.000 | 3.000.000 |
| Heildarskuldir | 20.000.000 | 44.000.000 |
| Verðmæti íbúðar | 16.500.000 | 35.000.000 |
| 100% af verðmæti | 16.500.000 | 35.000.000 |
| 70% af verðmæti | 11.550.000 | 24.500.000 |
| Mismunur | 4.950.000 | 10.500.000 |
| Lán eftir skuldaaðlögun | 11.550.000 | 24.500.000 |
| Vaxta og verðbótalaust 3ja ára biðlán | 4.950.000 | 10.500.00 |
| Niðurfellt | 3.500.000 | 9.000.000 |

Heimild: Arion banki

Lífeyrissjóðirnir leggja tíu til fimmtán milljarða króna til aðgerðanna. Þeim hefur verið borið á brýn að hafa staðið í vegi samkomulags. Ásökunum þar um svarar Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, með því að benda á að lög meini lífeyrissjóðum að fella niður innheimtanlegar kröfur.

Lífeyrissjóðirnir fagna samkomulaginu og telja það stórt skref í átt að bærilegri tilveru fyrir skuldugar fjölskyldur og landsmenn alla. Gat Arnar þess að sjóðirnir þyrftu ekki að skerða réttindi sjóðfélaga vegna samkomulagsins.

Til viðbótar viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna gefur ríkisstjórnin út tvær yfirlýsingar. Önnur er um víxlverkun bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna.Verða þær aftengdar í þrjú ár. Einnig verður frítekjumark ellilífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna hækkað í áföngum á þremur árum.

Hin yfirlýsingin snýr að verðtryggingu og lífeyrismálum. Mun ríkisstjórnin hraða aðgerðum til að draga úr vægi verðtryggingar í efnahagslífinu.

Ekki er endanlega ljóst hver áhrif breytinga á vaxtabótakerfinu verða. Jóhanna Sigurðardóttir kvaðst í gær telja að breytingarnar gætu falið í sér útgjaldalækkun heimila um 200 til 300 þúsund krónur á ári.

Unnið verður að útfærslu á nokkrum liðum viljayfirlýsingarinnar á næstu dögum. Er áformað að undirrita endanlegt samkomulag um aðgerðir 15. desember.



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is

## Lán færð niður að 110% af verðmæti fasteignar

### 1. AÐGERÐIR Í ÞÁGU YFIRVEÐSETTRA HEIMILA

**A. Aðlögun íbúðaskulda að verðmæti veðsettrar eignar og greiðslugetu**

Séu áhvílandi íbúðaskuldir að endurmetnum gengisbundum lánum umtalsvert hærri en nemur verðmæti eignar býðst skuldara að fá eftirstöðvar láns færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar, enda uppfylli hann önnur skilyrði þessa úrræðis.

Lækkun veðskulda getur numið allt að fjórum milljónum hjá einstaklingi og sjö milljónum hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum. Sækja þarf um úrræðið.

Frekari niðurfærsla skulda kemur til álita á grundvelli ítarlegrar könnunar á eignastöðu og ítarlegu mati á greiðslugetu. Skuldir verða ekki færðar niður um meira en fimmtán milljónir hjá einhleypum og 30 milljónir hjá hjónum/sambýlisfólki og einstæðum foreldrum.

**B. Sértæk skuldaaðlögun**

Ef ofangreint úrræði dugar ekki verður beitt sértækri skuldaaðlögun. Miðar hún að því að færa húsnæðislán að greiðslugetu. Byggt er á samkomulagi banka og lífeyrissjóða frá október 2009. Efni þess breytist þó þannig að við skuldaaðlögun sem miðar að því að færa húsnæðislán að greiðslugetu lántaka verði miðað við lán sem svarar til 70% til 100% af verðmæti eignar. Það sem út af stendur verður fært á óverðtryggt vaxtalaust biðlán til þriggja ára.

**C. Sjálfskuldarábyrgðir**

Sjálfskuldarábyrgðir umfram eignastöðu eða greiðslugetu ábyrgðarmanns verða felldar niður.

**D. Lánsveð**

Ekki verður gengið að lánsveði á tímabili sértækrar skuldaaðlögunar.

### 2. VETTVANGUR KRÖFUHAFA

Settur verður á laggirnar vettvangur kröfuhafa til að flýta sem frekast má skuldauppgjöri. Aðild að honum eiga fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður.

### 3. SÉRSTAKT ÁTAK TIL AÐ NÁ TIL HEIMILA Í VANSKILUM

Lánveitendum ber að bregðast skjótt við þegar vanskil koma upp. Munu þeir reyna að ná til allra heimila sem eru í vanskilum og skal því lokið eigi síðar en 1. maí nk.

### 4. VAXTABÆTUR

Ríkisstjórnin mun viðhalda sérstakri hækkun vaxtabóta sem verið hefur við lýði á árunum 2009 og 2010 og breyta kerfi þeirra þannig að þær komi í auknum mæli til móts við heimili með þunga skuldabyrði og lágar tekjur.

### 5. NÝ TEGUND VAXTANIÐURGREIÐSLU

Niðurgreiðslan er almenn og óháð tekjum, en fellur niður þegar hrein eign skuldara er umfram tiltekin mörk. Reiknað er með að útgjöld vegna þessa úrræðis verði allt að 6 milljarðar króna á ári og verði í gildi árin 2011 og 2012.

### 6. NAUÐUNGARSÖLUR

Allar aðgerðir skulu miðast við það að koma sem verða má í veg fyrir að bjóða þurfi upp fasteignir þar sem skuldari á lögheimili. Skulu lánveitendur og sýslumenn setja sér skýrar verklagsreglur um framkvæmd uppboða sem miða að því að gerðarþola verði sýnd nærgætni og virðing.

### 7. HÚSNÆÐISMÁL

Lánveitendur munu vinna með ríki, sveitarfélögum og félagasamtökum við að koma á fót fjölbreyttum húsnæðislausnum.

Lífeyrissjóðir leitist við að greiða götu félagslegra úrræða í húsnæðismálum með kaupum á sérstökum flokki íbúðabréfa sem Íbúðalánasjóður mun bjóða út á lægstu mögulegum vöxtum.

### 8. FRAMLAG TIL HÚSALEIGUBÓTA

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að framlög ríkisins til húsaleigubóta verði ekki skert á næsta ári.















# Jólasprengja

# 40% afsláttur

af **ÖLLU** jólaskrauti og seríum



Gildir aðeins 4. og 5. desember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FRÉTTASKÝRING:** Aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna

# Nú sést uppskrift að lausn vandamálanna

**Kostnaðarauki í boðuðum aðgerðum til að bregðast við skuldavanda heimilanna er mestur í niðurgreiðslu á vaxtakostnaði. Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor segir nú allar leiðir uppi á borðinu og hægt að byggja til framtíðar.**

Horft er til næstu tveggja ára og lausnar á vanda fólks sem núna á í greiðsluvanda í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Þetta segir Þórólfur Matthíasson prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

„Og það finnst mér vera kostur í þessum tillögum," bætir Þórólfur við. „Fólk er í vanda núna og engin þörf á að leggja rosalegar fjárhæðir í að leysa vanda sem ekki raungerist fyrr en eftir einhverhver tíu til tuttugu ár, eins og hefði verið með höfuðstólslækkunum."

Þórólfur lýsir tillögunum sem „blandi í poka" sem ætti að geta nýst stórum hópi fólks. „Og vonandi fæst úr þessu einhver niðurstaða fyrir þá sem eru í greiðsluvanda."

Í tillögunum segir Þórólfur að sé útvíkkuð sértæk skuldaaðlögun sem boðið hafi verið upp á. „Og menn lækka þar prósentuviðmið um tíu prósent og setja inn nákvæmari ákvæði um biðlánin sem gera þetta aðeins meira aðlaðandi fyrir þá sem fara í gegn um það," segir hann.

Einhver kostnaðarauki segir Þórólfur að sé falinn í svokallaðri „hraðferð" í skuldaniðurfærslu einstaklinga og sambýlisfólks, allt að 15 milljónum króna hjá einstaklingum og þrjátíu milljónum hjá hjónum, en þó ekki nema í 110 prósent af verðmæti eignar.



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

„Þarna verður eitthvað afskrifað sem væntanlega hefði annars verið innheimt, en í stórum dráttum er þetta eitthvað sem mér sýnist að lánastofnanir hefðu þurft að taka á sig. Það er samt alltaf mjög erfitt að sjá hvernig dreifingin verður á milli þeirra og væntanlega er það það sem tekist hefur verið á um undanfarna daga. Bankar, lífeyrissjóðir og aðrir eru á svo mismunandi stöðum í veðröðunum."

Helsta viðbótarútgjöldin í boðuðum aðgerðum segir Þórólfur að sé að finna í tillögu um niðurgreiðslu vaxta. „Það eru tvisvar sinnum átta milljarðar króna á næsta og þarnæsta ári og sýnist mér hugmyndin að bankarnir fjármagni sex milljarða af þessum átta hvort árið um sig."

Þórólfur kveðst vonast til þess að með fram komnum tillögum taki fólk að nýta sér þau úrræði sem í boði eru. „Vandinn er mjög margþættur og engin ein lausn sem dugar öllum. En þetta endurspeglar að menn hafa legið yfir þessu og hafa reynt að máta fleiri en eina aðferð."

Með tillögunum segir Þórólfur útlit fyrir að þónokkuð stór hópur fái einhverja úrlausn sinna mála og almenna vaxtaniðurfærslan gangi yfir mjög stóran hóp þó það sé ekki nema næstu tvö árin.

Þórólfur telur að nú sjái þeir sem hvað mest berjast í bökkum hver uppskriftin er að lausnunum og hvers þeir geta vænst. „Það er meiri vissa í þessu, en vandinn hefur verið að fá fólk til að koma inn og byrja að vinna í sínum málum. Fólk hefur búið til einhverja Grýlu úr fjármálastofnunum og öðrum sem unnið hafa í málunum og sagt að ekki þýði að tala við þá, þótt reyndin hafi gjarnan verið önnur. En núna liggur allt á borðinu og borgar sig að ganga frá málunum og fá fast land fyrir framtíðina."

**olikr@frettabladid.is**



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR** Að mati Margrétar Tryggvadóttur, þingflokksformanns Hreyfingarinnar, hefði þurft að setja margfalt hærri upphæð í endurgreiðslu vaxta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Líkar ekki nálgun við lausn skuldavanda heimilanna:

## Ölmusupólitík og aumingjavæðing

„Mér finnst ekki margt nýtt í þessu," segir Margrét Tryggvadóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar, um aðgerðir þær sem kynntar voru vegna skuldavanda heimilanna í gær. „Þessi 110 prósenta leið hefur til þessa verið í boði í öllum starfandi bönkum," bætir hún við.

Margét segist þó telja að endurgreiðslur á vöxtum sé í raun mjög góð leið. „En það er ekki nóg að gera þetta bara í tvö ár og fyrir tiltölulega lágar upphæðir," segir hún og telur að tvö til þrjú hundruð þúsund króna ábati á ári breyti litlu fyrir þá sem illa eru staddir. „Þetta eru þá 15 til 20 þúsund krónur á mánuði og munar ekki mikið um það ef fólk á annað borð nær ekki endum saman," segir hún og bendir á að þá sé miðað við hámarksendurgreiðslur. „Flestir eru að fá kannski átta til tíu þúsund á mánuði."

Margrét bætir við að henni líki heldur ekki sú nálgun sem farin sé í að aðstoða þá sem eru í skuldavanda. „Þetta er svona ölmusupólitík. Það eru allir gerðir að bótaþegum, í staðinn fyrir að viðurkenna að hér hafi orðið hrun og forsendubrestur sem þurfi að leiðrétta og koma á einhverju réttlæti. Þess í stað eru allir aumingjavæddir." Auk þess segir Margrét stóran galla að einungis sé horft til skulda vegna húsnæðis, aðrar skuldir sem undanskildar séu nemi 700 milljörðum króna. „Oft eru það aðrar lausaskuldir sem eru að sliga heimilin."


# Fasteignafélagið Reginn A3 ehf. til sölu

Reginn ehf. dótturfélag Landsbankans hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í fasteignafélaginu Reginn A3 ehf. Félagið á 7 fasteignir sem eru að meginhluta leigðar undir smásölurekstur á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með 24 leigusamninga við 19 leigutaka. Heildarfjöldi útleigðra fermetra er um 7.800.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 350 milljónir króna.

Unnt er að nálgast allar frekari upplýsingar um söluferlið, félagið og önnur gögn, þar með talið trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað fyrir fjárfesta, á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is, frá klukkan 15.00 þann 23. nóvember 2010.

**Frestur til að skila inn bindandi tilboðum rennur út klukkan 16.00 mánudaginn 20. desember 2010.**

*Reginn ehf. er sértækt dótturfyrirtæki Landsbankans sem fer með eignarhald bankans á fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga sem líklegt er að bankinn eigi um einhvern tíma. Stofnun Regins og starfsemi félagsins er einn þáttur í þeim víðtæku ráðstöfunum sem Landsbankinn beitir við fjárhagslega endurskipulagningu atvinnufyrirtækja.*

Reginn

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM44458


## Áhugaverð tillaga sem gæti skipt máli



Tillagan um niðurgreiðslu vaxtakostnaðar er langáhugaverðust þeirra aðgerða sem boðaðar voru í gær til að bregðast við skuldavanda heimilanna. Þetta er mat Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins.

„Hitt er eitthvað sem komið var fram áður að miklu leyti og finnst mér í raun óeðlilegt að tala þar um svo og svo mikinn kostnað í tugum milljarða," segir Sigmundur. „En þessi niðurgreiðsla á vaxtakostnaði er almenn aðgerð sem er áhugaverð og gæti skipt máli. Ég hegg hins vegar eftir því að ríkisstjórnin muni í samstarfi við aðila samkomulagsins leita leiða til þess að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármagni þessi útgjöld. Er þá ekki búið að ganga frá því hvernig þetta verður fjármagnað?" spyr Sigmundur og veltir því fyrir sér hvort ríkissjóður komi á endanum til með að bera þennan kostnað. „Ég hefði viljað sjá meiri upplýsingar um hvernig menn ætla að standa að þessu atriði sem mér finnst áhugaverðast í tillögunum."

## Skilvirkar aðgerðir



Skuldavandaaðgerðir ríkisstjórnarinnar leggjast ágætlega í Alþýðusamband Íslands (ASÍ) að sögn, Gylfa Arnbjörnssonar, forseta sambandsins.

„Í það minnsta er þarna aðgerð sem gagnast æði mörgum og flýtir fyrir meðferð þeirra mála sem við höfum lengi talið þess eðlis að eigi bara að afskrifa, það er að segja þeirra sem skulda langt umfram verðmæti þeirra eigna sem voru keyptar. Að maður tali nú ekki um ef greiðslubyrðin er þannig að fyrirsjáanlegt sé að fólk ráði ekki við hana," segir Gylfi og fagnar því líka að farið sé að tillögum ASÍ um að auka vaxtabætur. „Það er mjög skilvirk aðferð til að hjálpa þeim sem eru í mestum skuldavanda."

Tillögurnar segir Gylfi eiga að geta leitt til þess að mörg heimili fái skjótari úrvinnslu sinna skuldamála um leið og reynt sé að koma fjármunum í gegn um vaxtabótabótakerfið. „Og þetta nær til æði margra heimila."

## Förum að sjá botninn



„Það er jákvætt að komin er niðurstaða í þetta mál og mjög mikilvægt að það myndist hröð úrlausn, bæði á skuldavanda heimila og fyrirtækja," segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), um aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna skuldavanda heimilanna.

„Bæði þurfa heimilin að fá vissu um sína stöðu og þessu tengist síðan endurskipulagning á fjárhag lífvænlegra fyrirtækja. Þannig förum við kannski að sjá botninn á hagsveiflu og kannski viðspyrnu."

Þá segir Hannes að sér sýnist samkomulagið sem kynnt var í gær vera til þess fallið að stjórnir lífeyrissjóðanna geti samþykkt að fara þessa leið.

MEÐ ÞESSUM SÍMUM FYLGIR
1.000 kr. inneign á mánuði í eitt ár
Netið í símanum á 0 kr. í einn mán.*
Enski boltinn í símann á 0 kr. í einn mán.
*Notkun á Íslandi, 100 MB

3G

GLÆSILEGIR KAUPAUKAR
Veldu einn:
Smáhátalari fyrir símann
Taska fyrir símann
Bílstandur
Á meðan birgðir endast




# Snjöllustu jólasímarnir

## LG OPTIMUS
Android sími með íslensku valmyndakerfi. Flýtileiðir á samfélagsvefi, spilar Divx og Xvid, GPS sem styður Google Maps og margt, margt fleira.

| Símalán-útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 39.900 kr. |

## LG OPTIMUS ONE
Flottur Android sími sem fer vel í hendi. Flýtileiðir á samfélagsvefi, spilar Divx og Xvid, Android OS v2.2 og 3,5 mm jack-tengi.

| Símalán-útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 49.900 kr. |

Android símtæki byggjast á opnum hugbúnaði sem tengir símann þinn fyrirhafnarlaust við hvers kyns samskiptasíður, leiki og yfir 100.000 smáforrit á vefnum.

Það er Síminn
siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM44319



**Á BÆN Í BEIRÚT** Þessi stúlka tók þátt í bænahaldi í mosku í Beirút, þar sem miklir þurrkar undanfarið hafa orðið til þess að menn biðja ákaft um rigningu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný verðkönnun ASÍ á hinum ýmsu bökunarvörum í verslunum víða um land:

# Lægsta verðið í Bónus en hæsta í Samkaupum

**NEYTENDUR** Ný verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði á bökunarvörum í verslunum leiddi í ljós að Bónus var oftast með lægsta verðið. Samkaup Úrval var oftast með hæsta verðið. Kostur í Kópavogi neitaði þátttöku.

Könnunin var gerð 1. desember síðastliðinn og var kannað verð á 56 algengum vörum til baksturs. Bónus var með lægsta verðið í 37 tilvikum en í nær 50 prósentum tilfella var um eða undir tveggja krónu verðmunur á Bónus og Krónunni. Samkaup Úrval var með hæsta verðið, í 27 tilvikum, en Nóatún var næstoftast með hæsta verðið, í 20 tilvikum.

Mikill verðmunur reyndist vera á bökunarvörum. Ódýrasta kílóverðið á hveiti var í Bónus, þar sem það kostaði 79 krónur. Dýrast var það í Hagkaup á 134 krónur, en þetta er um 70 prósenta verðmunur. Munur á verði á sykri reyndist líka mikill, en ódýrasti sykurinn er í Bónus á 185 krónur kílóið en dýrastur í Nóatúni og Samkaupum Úrvali, á 243 krónur.

Könnunin var gerð á sama tíma í eftirtöldum verslunum: Bónus Kringlunni, Krónunni Reyðarfirði, Nettó Akureyri, Fjarðarkaupum Hafnarfirði, Samkaupum Úrval Akureyri, Hagkaupi Kringlunni og Nóatúni í Nóatúni. - sv



**MATVÖRUR** Mikill munur reyndist vera á verði einstakra vöruflokka í nýrri könnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


FAAS

**Senn líður að jólum og fagnar FAAS því með árlegum jólafundi sem að þessu sinni verður haldinn í Maríuhúsi við Blesugróf 27 í Reykjavík, þriðjudaginn 7. desember og hefst hann kl. 20.00**

**Dagskrá:**
- Söngkórinn Heklurnar frá Mosfellsbæ syngur
- Sr. Hjörtur Magni Jóhannesson, prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík flytur jólahugvekju
- Guðni Th. Jóhannesson les upp úr ævisögu Gunnars Thoroddsen
- Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Seltjarnarness
- Helga Thorberg les upp úr bók sinni „Loksins sex bomba á sextugs aldri"
- Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta.
- Kaffi og smákökur verða í boði Maríuhúss.

Bestu kveðjur, stjórn FAAS
FAAS - Félag aðstandenda alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma
Hátúni 10 b, 105 Reykjavík







# Hrognin verða að 70 þúsund tonnum

**Ísland er eitt fárra landa sem getur flutt út laxahrogn vegna krafna sem gerðar eru um sjúkdómavarnir. Íslensk hrogn byggja upp laxeldi í Síle eftir hrun. Stofnfiskur flutti í fyrra út 40 milljón hrogn fyrir 600-700 milljónir króna.**

**FISKELDI** Nýr stofn af eldislaxi í Síle sprettur að stórum hluta upp úr hrognum sem fengin eru frá Eldislaxi í Hafnarfirði. Ísland er eitt fárra landa sem geta flutt út hrogn vegna krafna sem gerðar eru um sjúkdómavarnir.

Í fyrra nam útflutningur Stofnfisks í Hafnarfirði um 40 milljónum hrogna. Fram kemur á vef fyrirtækisins að stefnt sé að því að árleg framleiðsla nemi 50 til 70 milljónum hrogna og að 90 prósent framleiðslunnar séu til útflutnings.

Að sögn Jónasar Jónassonar, framkvæmdastjóra Stofnfisks, fást á milli sex og sjö hundruð milljónir króna fyrir 40 milljón hrogn. Úr slíku magni segir Jónas hægt að framleiða 60 til 70 þúsund tonn af fiski.

Jónas segir að iðnaður með eldislax hafi hrunið í Síle árin 2007 og 2008 þegar þar kom upp mjög skæður veirusjúkdómur. „Það sem einkenndi iðnaðinn í Síle var hversu samþjappaður hann var og sjúkdómurinn breiddist mjög hratt út. Menn fóru svo að byggja upp aftur með því að taka inn hrein hrogn og breyta framleiðsluaðferðum og þá jókst áhuginn á okkur," segir hann, en hér hafi viljað svo til að nokkuð hafi verið til af hrognum og Ísland verið laust við sjúkdóminn. „Þannig að við höfum verið að flytja út til þeirra og hjálpa þeim aðeins að byggja þetta upp aftur."

Auk útflutnings til Síle segir Jónas að Stofnfiskur hafi flutt út hrogn á markaði í Evrópu og á vesturströnd Bandaríkjanna. „Og þeir kalla eftir allt ömmu sína þegar að því kemur að leyfa innflutning."



**HJÁ STOFNFISKI** Jónas Jónasson, framkvæmdastjóri Stofnfisks, segir fyrirtækið flytja út um 40 milljón eldislaxahrogn. Ísland er laust við sjúkdóma sem leikið hafa eldi grátt annars staðar og því eitt fárra landa sem flytja mega út hrognin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta er alþjóðamarkaður og menn eru að herða kröfurnar meira og meira.
>
> JÓNAS JÓNASSON FRAMKVÆMDASTJÓRI STOFNFISKS

Stöðugur stígandi hefur verið í útflutningi Stofnfisks síðustu ár og segir Jónas útflutning ársins í ár kominn í svipaða tölu og allt árið í fyrra. Þá gerir Jónas ráð fyrir áframhaldandi vexti í útflutningi hrogna héðan. „Þetta er alþjóðamarkaður og menn eru að herða kröfurnar meira og meira varðandi sjúkdómamál."

Stofnfiskur var stofnaður árið 1991 af Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði fyrir hönd ríkissjóðs, sem átti þrjá fjórðu í fyrirtækinu, og Silfurlaxi, sem átti fjórðungshlut. Á vef Stofnfisks kemur fram að upphaflega hafi mest áherslа verið lögð á kynbætur fyrir hafbeit, síðustu ár hafi mest áhersla verið lögð á sölu hrogna og ráðgjafarþjónustu til laxeldis.

olikr@frettabladid.is

**Stærstu hluthafar í Stofnfiski hf.**

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| HB Grandi hf. | 64,53% |
| Brú Venture Capital | 10,47% |
| Vogun hf. | 7,44% |
| Fjord Seafood ASA | 7,43% |
| Venus hf. | 4,02% |
| Smærri hluthafar (níu talsins) | 6,11% |

Heimild: www.stofnfiskur.is


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


Deilt á sjálfstæðismenn varðandi félagslegt íbúðakerfi Reykjanesbæjar:

# Kallar eftir framtíðarstefnu

**REYKJANESBÆR** Fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Fasteigna Reykjanesbæjar ehf., sem heldur utan um félagslega íbúðakerfið í bænum, hefur kallað eftir skýrri framtíðarsýn sjálfstæðismanna í meirihlutanum varðandi félagið.

Endurskoðandi félagsins hefur síðustu ár bent á að til þess að leysa rekstrarvanda félagsins þurfi annað hvort framlag frá Reykjanesbæ eða að leggja í lántökur.

„Ég vil vita hvert meirihlutinn ætlar sér með félagslega kerfið og þetta félag," segir Hannes Friðriksson, fulltrúi Samfylkingarinnar, í samtali við Fréttablaðið. „Ætla þeir að leggja inn þetta fjárframlag sem er kallað eftir eða fara aðrar leiðir."



HANNES FRIÐRIKSSON



BÖÐVAR JÓNSSON

Böðvar Jónsson, stjórnarformaður Fasteigna Reykjanesbæjar og forseti bæjarstjórnar, segir í samtali við Fréttablaðið að ljóst sé að félagið hafi ekki getað unnið sig sjálft út úr erfiðleikunum.

„Við þurfum að meta hvernig félagið geti orðið rekstrarhæft til framtíðar. Það er sjálfsagt að gera og góð ábending."

Um 230 íbúðir eru í kerfinu, en nýlega var ákveðið að hækka leiguverð í hluta þeirra. Að sögn Böðvars var það til að fylgja vísitölu og viðmiðum Íbúðalánasjóðs. - þj

# Miklu meira úrval og við pökkum frítt inn fyrir þig!







**Furðustrandir**
Verð: ~~4.490,-~~




**Þóra Biskups**
Verð: ~~4.890,-~~




**Svar við bréfi Helgu**
Verð: ~~4.690,-~~




**Eldað með Jóa Fel**
Meistarinn klikkar ekki!




**Flateyjarbréfin**
Verð: ~~3.290,-~~




**Aþena**
Verð: ~~3.490,-~~




**Atvinnumannasaga Loga Geirs.** Verð: ~~4.990,-~~




**Hringaló og Grýla**
Verð: ~~2.890,-~~




**Fjöll á fróni**
Verð: ~~3.990,-~~




**Mér er skemmt**
Verð: ~~4.890,-~~




**Alvara leiksins**
Verð: ~~5.190,-~~




**Guðrún Ögmundsdóttir**
Verð: ~~5.790,-~~

***Verð gilda til og með 8. desember 2010***




Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*


KAUPAUKI!
JÓLASTJARNA Í POTTI FYLGIR ÖLLUM LIFANDI JÓLATRJÁM
UM HELGINA
JÓLAPAPPÍR OG PAKKABÖND
verð frá
179kr
JÓLA
RAZ JÓLAVÖRUR
25%
AFSLÁTTUR
2stk
JÓLASTJÖRNUR
STÓRAR OG FLOTTAR
1499kr


ÖLL
KERTI
25%
AFSLÁTTUR
AÐEINS UM HELGINA
GLEÐI
í Blómavali
Laugardagur í Skútuvogi
Sveppi og Villi
skemmta í Skútuvogi kl. 13:00
Jólasveinar skemmta kl. 15:00
Allir krakkar fá ókeypis ís
alla helgina kl. 12-17
HÚSASMIÐJAN
SILKIBLÓM
RÓSAVÖNDUR
MARGIR LITIR
999
SILKIBLÓM
BLÓMVÖNDUR
899
Kaffi Garður Skútuvogi
Heitt súkkulaði m/rjóma
og tertusneið
490kr
Aðeins
990kr
OKKAR FRÁBÆRA
JÓLAHLAÐBORÐ Skútuvogi
Alla daga kl. 18:00-20:00
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkomulag ríkisstjórnar og fjármálastofnana um aðgerðir fyrir skuldara er skynsamlegt.

## Nóg að gert


SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is




Samkomulag ríkisstjórnarinnar, banka og lífeyrissjóða um aðstoð við skuldug heimili, sem undirritað var í gær, uppfyllir sjálfsagt ekki margar af þeim væntingum, sem búnar hafa verið til undanfarna tvo mánuði á meðan ríkisstjórnin hefur verið í fremur ómarkvissri leit að nýjum lausnum. Samkomulagið er hins vegar skynsamlegt og stuðlar að því að þeir fái aðstoð, sem mest þurfa á henni að halda. Hinir, sem geta staðið í skilum þótt greiðslubyrði þeirra sé þyngri en áður, verða að sætta sig við að fá engan jólapakka út úr þessu langa föndri stjórnvalda.

Þannig munu bankarnir koma til móts við þá sem skulda hlutfallslega mest miðað við virði eigna sinna og veita þeim umtalsverðar afskriftir. Þar með fullnýta þeir það svigrúm til afskrifta, sem þeir fengu er húsnæðislán voru færð úr gömlu bönkunum á lækkuðu verði og sumir þeirra væntanlega gott betur. Bankarnir meta það hins vegar svo, út frá viðskiptalegum sjónarmiðum, að þær skuldir sem þeir afskrifa hefðu hvort sem er aldrei innheimzt. Það sé staða sem rétt sé að horfast í augu við.

Hefðu bankarnir hins vegar verið knúnir til að fara út í almenna, flata skuldaafskrift eins og sumir stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök halda enn fram að hefði átt að ráðast í, hefði það orðið þeim svo dýrt að líklegt má telja að skattgreiðendur hefðu þurft að hlaupa undir bagga með þeim. Lítið réttlæti hefði verið fólgið í slíkri endurdreifingu á tjóninu sem skuldug heimili biðu af falli krónunnar.

Þátttaka lífeyrissjóðanna í dýrum aðgerðum, sem hefðu kostað tugi milljarða umfram það sem nú hefur verið ákveðið, hefði sömuleiðis verið hættuspil og getað komið illa niður á hagsmunum eigenda sjóðanna, launþega í landinu. Það hefði sömuleiðis verið fráleit leið til að dreifa tjóninu upp á nýtt. Talsmenn lífeyrissjóðanna hafa bent á að þeim sé lögum samkvæmt ekki heimilt að afskrifa skuldir, sem á annað borð er hægt að innheimta. Líkt og bankarnir telja þeir sér kleift að afskrifa það, sem vonlaust er talið að innheimtist hvort sem er og hjálpa þannig fjölskyldum sem ella hefðu misst húsnæði sitt.

Það er mikilvægt að ríkisstjórnin hefur nú lýst því skýrt yfir að ekki verði gripið til frekari aðgerða vegna skuldavanda heimila. Þær aðgerðir sem hafa verið ákveðnar eiga að gagnast flestum þeim sem verst eru settir. Nú er vonandi settur endapunktur við það ástand, sem varað hefur alltof lengi, að sumir skuldarar hafa skotið því á frest að gera nokkuð í sínum málum vegna þess að þeir hafa verið að bíða eftir enn betra tilboði frá stjórnvöldum og fjármálastofnunum.

Nú verða heimilin einfaldlega að byrja að vinna sig út úr vandanum á þeim forsendum sem hafa verið ákveðnar. Einhverjum tekst ekki að bjarga og þeim verður að mæta með t.d. aðgerðum í húsnæðismálum. En það er ekki hægt að halda því fram að ekki séu til nothæf úrræði fyrir flesta sem glíma við greiðsluvanda.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871












AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Hvað er málið með stjórnlagaþingið?



ÞORSTEINN PÁLSSON

Meir fór fyrir hvatningu til þátttöku í stjórnlagaþingskosningunum en þekkst hefur eftir lýðveldisstofnun og aldrei síðan þá hefur verið talað um kosningar í jafn miklum upphafningartón. Á hinn bóginn hefur efnisleg umræða um kosningamálefni sjaldan verið jafn rýr. Trúlega skýrir það að hluta dræma þátttöku. Nærri tveir þriðju hlutar kjósenda sýndu ekki áhuga.

Það er afstaða að sitja heima. Aftur á móti er ekki unnt að fullyrða að þeir sem það gerðu séu áhugalausir um stjórnarskrármálefni. Frambjóðendum tókst bara ekki að vekja áhuga þeirra eða svara spurningunni: Hvað er málið?

Á sama veg er ekki unnt að segja að þeir sem kusu hafi einhvern ákveðinn skilning á því hvort eða hvernig breyta eigi stjórnarskránni. Í þeim hópi geta verið jafnmargir efasemdamenn um nauðsyn breytinga eins og í þeim hópi sem heima sat.

Kosningaúrslitin gefa einfaldlega enga vísbendingu um vilja kjósenda í þessum efnum. Það leiðir af því að engar skýrar hugmyndir um breytingar komu fram í kosningaumræðunni.

Þróun stjórnmála hefur verið mjög í þá átt að boðskapur flokkanna er almennari og óskýrari en áður. Það er með ráði gert til að halda öllum dyrum opnum. Fyrir vikið er gjarnan sagt um stjórnmálamenn, þeim til lítilsvirðingar, að sami rassinn sé undir þeim öllum.

Í þessu ljósi kynntu margir frambjóðendur sig sem andstæðu stjórnmálastéttarinnar svonefndrar. Samt var málflutningur þeirra sama marki brenndur og hennar að þessu leyti. Kosningarnar náðu ekki að breyta þessu seinni tíma eðli stjórnmálaumræðunnar og heldur ekki að draga fólk á kjörstað í þeim mæli sem vant er.

## Nýir stjórnmálamenn og þekkt verklag

Þeir sem nú hafa verið valdir til setu á stjórnlagaþingi eru þar með orðnir stjórnmálamenn, í jákvæðri merkingu þess orðs. Sumir munu ugglaust nota þingið sem stökkpall til frekari frama en aðrir ekki. Einhverjir munu reynast bæði dugandi og ráðsnjallir en aðrir sýna þá kosti í minni mæli og sumir jafnvel alls ekki.

Helstu rökin fyrir því að stofnað var til þessa ráðgefandi stjórnlagaþings voru þau að Alþingi hefði brugðist því fyrirheiti frá 1944 að endurskoða stjórnarskrána í heild. Reynslan var talin sýna að stjórnmálastéttin, eins og stjórnlagaþingsmenn kalla alþingismenn, væri óhæf til þess verks.

Í þessu ljósi var athyglisvert að heyra fyrstu hugmyndir nýkjörinna stjórnlagaþingsmanna um verklag. Sá boðskapur var einfaldur: Tíminn er of naumur til að semja stjórnarskrá frá grunni. Því er rétt að ákveða aðeins brýnustu breytingar nú og taka síðan til við heildarendurskoðunina. Þá var lögð á það áhersla að um tillögur þingsins ríkti samstaða.

Þetta eru sömu sjónarmið og ráðið hafa ríkjum á Alþingi frá því lýðveldisstjórnarskráin var sett. Einmitt fyrir þá sök hafa breytingar verið gerðar í áföngum eftir því sem samstaða hefur náðst um einstök viðfangsefni.

Þetta þekkta verklag þarf ekki að útiloka róttækar breytingar ef um þær verður samstaða eins og reynslan sýnir. Jafnframt verða skilaboðin varla skilin á annan veg en stjórnlagaþingsmenn stefni ekki að því að skipta þjóðinni upp í stríðandi fylkingar um þetta stóra mál og engir þeirra líti á sig sem einkahandhafa sannleikans.

## Krafa um samstöðu

Dræm kosningaþátttaka breytir ekki lögbundnu umboði stjórnlagaþingsmanna. Sú staðreynd og mikil dreifing atkvæða gerir það hins vegar að verkum að þingið hefur ekkert umboð fyrirfram til tiltekinna breytinga. Þegar þingið hefur komið sér saman á það einfaldlega eftir að vinna meirihluta þjóðarinnar á sitt band.

Engin ástæða er til að ætla annað en það takist vel. En forsenda þess er að þingið geri sér grein fyrir því að rökræðan við fólkið í landinu er eftir. Á miklu veltur því að tillögur að breyttri stjórnarskrá verði á þann veg að mikill meirihluti þjóðarinnar geti sameinast um þær. Til að tryggja það ætti að ákveða strax í upphafi að samþykki að minnsta kosti þriðjungs kosningabærra manna og meirihluta þeirra sem atkvæði greiða þurfi til svo að tillögurnar nái fram að ganga í þjóðaratkvæði eftir samþykkt Alþingis.

Sú nefnd sem Alþingi kaus til að undirbúa stjórnlagaþingið hefur lýst áformum um að leggja fram tillögur af sinni hálfu. Það eykur líkur á að árangur náist. Vonandi er Alþingi ekki svo óheilagt í augum stjórnlagaþingsmanna að þeir láti tillögur frá fulltrúum þess trufla sig.

Svo sérkennilegt sem það er ætlar ríkisstjórnin ekki að leyfa Alþingi að taka afstöðu til málsins fyrr en árið 2013. Fyrst eftir það getur þjóðin tekið lokaákvörðun. Hún hefur því góðan tíma.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Til hamingju með daginn
Við óskum Orkuveitu Reykjavíkur til hamingju
með 80 ára afmæli hitaveitunnar og nýja
varmastöð á Hellisheiði
LANDSLAG
T.ark
VERKÍS
MANNVIT

# 13 ára fá ekki vinnu í Vinnuskóla Reykjavíkur

Reykjavíkurborg

Fanný Gunnarsdóttir
náms- og starfsráðgjafi Álftamýrarskóla



Í frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 er lagt til að Vinnuskóli Reykjavíkur hætti að bjóða nemendum sem ljúka 8. bekk (13 ára) vinnu og vinnuvikum eldri unglinga fækki.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að það kostar mikið að halda úti Vinnuskóla Reykjavíkur en með vinnuframlagi unglinganna er á stuttum tíma unnt að hreinsa og koma görðum og grænum svæðum borgarinnar í sumarlegan búning. Í stefnu Vinnuskólans stendur að vinna nemenda sé þýðingarmikil, ekki aðeins innan byggðarinnar í borginni heldur einnig við uppgræðslu og vinnu á óbyggðum svæðum innan borgarlandsins.

Nú finnst stjórnendum borgarinnar eðlilegt að ná fram örlitlum hluta af þeim niðurskurði sem Umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar er ætlað að ná fram með því að skera niður fé til Vinnuskólans.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki hafi verið skoðuð sú leið að taka það fé sem ætlað er til skólans og deila því niður á árganga? Hvort skoðað var að stytta vinnuvikuna um einn dag hjá öllum? Var leitað allra leiða til að halda áfram með vinnu fyrir 13 ára krakka? Var skoðuð sú leið að taka upp samstarf við fyrirtæki í Reykjavík hvað varðar elstu krakkana eða þá sem eru að ljúka 10. bekk – eitthvað í ætt við atvinnutengt nám? Má ekki hugsa sér fjölbreyttara samstarf við grenndarsamfélagið með aðkomu einstaklinga og félagasamtaka sem taka þá á einhvern hátt þátt í kostnaði? Má ekki hugsa sér að Vinnuskólinn skipuleggi sambland af launaðri vinnu og sjálfboðastarfi? Með því væri hægt að tryggja viðveru og uppbyggjandi viðfangsefni fyrir unglingana með lægri kostnaði en áður.

Við núverandi aðstæður þarf að hugsa allt upp á nýtt og leita óhefðbundinna leiða. Mér finnst allt betra en að skera af yngstu krakkana. Það er vitað að margt breytist í lífi unglinga sumarið eftir 8. bekk. Að hafa ekkert við að vera dag eftir dag býður hættunni heim. Borgin er að kosta miklu til þegar kemur að ýmsu er tengist forvörnum, líðan og velferð barna og unglinga og ég hræðist að það komi til með að fjölga í hópi þeirra sem þurfa aðstoðar við ef enga vinnu er að fá og aðgerðarleysi blasir við heilt sumar.

> Með vinnuframlagi unglinganna er á stuttum tíma unnt að hreinsa og koma görðum og grænum svæðum borgarinnar í sumarlegan búning.

Mér finnst einsýnt að nú verði foreldrar í auknum mæli að greiða fyrir námskeið hjá íþróttafélögum eða öðrum þeim sem bjóða upp á námskeið fyrir unglinga. Hafa fjölskyldurnar í borginni borð fyrir báru? Því geri ég ráð fyrir því að ÍTR fái aukin fjármagn til að mæta breyttum forsendum.

Í lauslegri könnun sem nemendur mínir gerðu í tengslum við vinnu kom í ljós að Vinnuskóli Reykjavíkur er nú í dag sá vinnustaður sem langflestir unglingar í 9. bekk sækja sína fyrstu vinnureynslu til.

Það er eðlilegt að álykta að þar sem við búum við viðvarandi atvinnuleysi þrengist enn um vinnutilboð til unglinga á grunnskólaaldri og því er mikilvægt að Reykjavíkurborg komi að því að veita unglingum borgarinnar tækifæri til að feta sín fyrstu skref í launaðri vinnu. Að mínu mati er tilgangurinn með Vinnuskóla Reykjavíkur margþættur. Það er eðlilegt að í Vinnuskólanum fái unglingar þjálfun og reynslu við að vinna störf sem hæfa aldri þeirra og þroska, verkstjórn þarf að vera góð og sanngjörn og sú fræðsla sem krakkarnir fá þarf meðal annars að snúa að réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Vinnan og fræðslan þurfa að hafa það markmið að styrkja sjálfsmynd unglinganna, byggja undir jákvæðan lífsstíl og fræða þá um umhverfið og umhverfismál. Auðvitað er á hverjum tíma hollt og nauðsynlegt að skoða starfsemi eins og Vinnuskólans en þá með það að markmiði að gera vinnuna og fræðsluna enn markvissari en ekki skera niður þar sem síst skyldi.

# Samræða eða slagorðakeppni?

Stjórnlagaþing

Salvör Nordal
stjórnlagaþingmaður



> Slík framsetning er ekki til þess fallin að efla skynsamlega umræðu um þau vandasömu verkefni sem stjórnlagaþings bíður. Fjölmiðlar halda þannig óspart áfram að ala á vondri umræðumenningu og klappa upp karp.

Hinu þjóðkjörna stjórnlagaþingi er ætlað að skila tímabærri endurskoðun á stjórnarskránni. Tækifærið er einstakt og breið samstaða þingheims um niðurstöður og tillögur að breytingum er forsenda árangurs.

Um leið og almenn þrá er eftir að heyra og sjá siðmenntað samtal velmeinandi fólks um framfarir og umbætur samfélagsins hafa sumir íslenskir fjölmiðlar, og hagsmunaaðilar reyndar líka, staðið fyrir ítrekuðum skoðanakönnunum meðal frambjóðenda og nú einnig nýkjörinna þingmanna stjórnlagaþings áður en sjálft þingið er komið saman. Núna þjóna slíkar kannanir engum tilgangi nema að búa til fréttir og skerpa ágreining. Spurningar eru ofureinföldun flókinna mála og grundvallarefni þannig leidd fram í opinbera umræðu eins og svörin séu einungis já eða nei og bara tvær hliðar á hverju máli.

Að mínu mati er ekki hægt að svara slíkum grundvallar spurningum með einföldu jái eða nei – eða að segja hvort maður sé mjög hlynntur eða andvígur slíkum tillögum og því gefa svörin enga raunverulega mynd af skoðunum þeirra sem svara.

Til dæmis er spurt hvort viðkomandi sé hlynntur eða andvígur því að þjóðaratkvæðagreiðslu sé beitt í auknum mæli til að ná niðurstöðu um mikilvæg mál. Auðvelt er að segja sig hlynntan slíku ákvæði þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur hafa varla verið haldnar um mikilvæg mál á síðustu áratugum hér á landi, en það segir út af fyrir sig ekkert um það hvaða afstöðu viðkomandi myndi taka til tiltekins ákvæðis um þetta efni. Fyrst er að skilgreina hvaða mál teldust til mikilvægra mála, hver ætti að geta farið fram á þjóðaratkvæði, þ.e. forseti, ákveðinn fjöldi þingmanna eða hluti kjósenda, svo dæmi séu nefnd. Um þetta snýst vandinn ekki síður en það hvort auka eigi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum. Þá hlýtur að skipta máli samspil slíks ákvæðis með öðru í stjórnarskránni.

Með því að spyrja um flókin mál með þessum hætti er verið að einfalda gróflega þær grundvallar spurningar sem stjórnlagaþing þarf að fjalla um og slík framsetning er ekki til þess fallin að efla skynsamlega umræðu um þau vandasömu verkefni sem stjórnlagaþings bíður. Fjölmiðlar halda þannig óspart áfram að ala á vondri umræðumenningu og klappa upp karp.

Með stjórnlagaþingi er eðli máls samkvæmt stefnt til samræðu fulltrúanna um flókin úrlausnarefni.

Til slíkrar samræðu hlýtur hver að ganga af opnum hug, meðvitaður um að á hverju máli eru margar hliðar. Mestu skiptir að í samræðunni setji þingmenn fram sín sjónarmið, hlusti á mótrök og lúti bestri skynsamlegu niðurstöðu. Til að svo megi verða skiptir máli að fjölmiðlar leggi sitt lóð á vogarskálarnar í stað þess að skipa fólki í lið í anda pólitísks hanaslags.

Krafa og þráspurningar um fyrirfram afstöðu til einfaldaðra spurninga um grunnskipan samfélagsins greiða hvorki fyrir frelsi til ígrundunar, skoðanaskipta og samvinnu á þinginu né fyrir upplýstri og nærandi umræðu í íslensku samfélagi um störf þingsins – sem er þó það sem óskir almennings eru um og Ísland skortir svo sárlega á okkar tíma.

# Jákvæðni og bjartsýni á aðventu

Verslun

Kristinn Örn Jóhannesson,
formaður VR,

Margrét Kristmannsdóttir,
formaður SVÞ





Nú í byrjun aðventu er jólaverslun að ná fullum þunga og annasamir tímar framundan hjá verslunarfólki. En þó að þetta sé annasamur tími eru flestir á því að sjaldan sé eins gaman að vinna í verslun og fyrir jólin. Starfsfólkið er vissulega undir miklu álagi, opnunartími óþarflega langur og að sjálfsögðu þarf að gæta þess að hvíldartími sé virtur. En einstakt andrúmsloft og viðskiptavinir í jólaskapi bæta iðulega upp langa vinnudaga.

Góð jólaverslun skiptir gríðarlega miklu fyrir afkomu margra fyrirtækja og þar með getu þeirra til að halda óbreyttum starfsmannafjölda, getu þeirra til að fjölga starfsmönnum og til að greiða mannsæmandi laun. Því allt helst í hendur, afkoma fyrirtækja, afkoma starfsmanna, geta neytenda til að kaupa og svo koll af kolli. Við getum ekki verið hvort án annars. Verslunin á því mikið undir því að neytendur sem hafi kaupgetu versli – en haldi ekki að sér höndum.

Það liggur engu að síður í augum uppi að frá hruninu hafa íslensk heimili tekið á sig mikla kjaraskerðingu. Hins vegar höfum við flest gert illt verra með því að draga upp allt of dökka mynd af ástandinu og virðumst meðvitað eða ómeðvitað gleyma því jákvæða sem hefur gerst. Stjórnmálamenn og ekki síst fjölmiðlar draga oft upp þá mynd að öll heimili og öll fyrirtæki í landinu eigi í vandræðum, að hér sé ekkert að gerast og að hér sé allt að fara til andskotans. Þó að vissulega séu vandamálin mörg sem við Íslendingar glímum við er þessi mynd sem betur fer langt frá raunveruleikanum – þó að á sama tíma sé engan veginn gert lítið úr gríðarlegum vandræðum margra heimila og fyrirtækja. En þegar ítrekað er dregin upp dökk mynd af ástandinu getur það eitt og sér gert ástandið verra. Þannig sagði seðlabankastjóri í byrjun nóvember að efnahagsbati þjóðarinnar væri enn viðkvæmur og hugarfarskreppa gæti haft neikvæð áhrif á efnahagsþróun komandi mánaða.

Við sjálf getum því haft áhrif á stöðuna með hugarfarinu einu saman – bæði til góðs og ills. Það er í þessu ljósi sem við stólum á að opinberir aðilar og fjölmiðlar taki sér tak og dragi upp raunsanna mynd af ástandinu þannig að þjóðinni sé ekki haldið í andlegu þunglyndi og doða. Við þurfum bjartsýni og jákvæðni í umræðuna – að landanum sé blásinn baráttuandi í brjóst og fyllist trú á framtíðina. Hér þurfa allir að leggjast á eitt. Á Íslandi er þrátt fyrir erfiðleika margt jákvætt að gerast og við okkur blasa mörg verkefni – ekki vandamál – sem við munum leysa á endanum.

Fyrir hönd verslunarfólks óskum við landsmönnum ánægjulegrar aðventu og við munum kappkosta að taka á móti ykkur í verslunum landsins með bros á vör og bjartsýni í hjarta.

# Vinna Íslendingar of mikið?

Samfélagsmál

Smári McCarthy og Guðmundur D. Haraldsson
áhugamenn um bætt samfélag





Árið 1980 vann hver vinnandi maður á Íslandi að meðaltali um 1.800 stundir á ári. Árið 2009 var þessi tala óbreytt og hafði haldist óbreytt allan þann tíma; óbreytt í tæp 30 ár. Áratugina frá 1950 hafði vinnan minnkað allnokkuð, en hætti að minnka árið 1980. Ísland er nú í þeirri stöðu að hér vinnur fólk mest af öllum Norðurlandaþjóðunum og meira en íbúar flestra Evrópuríkja.

Ísland er líka í þeirri vafasömu stöðu meðal OECD-landanna að landsframleiðsla er hér mikil á hvern íbúa – en fyrir hverja unna vinnustund er hún í lægri kantinum. Á þessu kunna að vera ýmsar skýringar. Ein af þeim gæti hreinlega legið í því að vinnudagurinn sé of langur, fólk nái ekki að hvílast nóg vegna mikillar vinnu. Þorvaldur Gylfason sýndi í Skírnisgrein frá 2007 fram á línulegt samband milli framleiðslu á klukkutíma og vinnustunda íbúa landsins á ári – því fleiri vinnustundir á ári, þeim mun minni framleiðsla á klukkustund.

Getur hreinlega verið að Íslendingar vinni of mikið? Svo teljum við vera. Fleira en léleg framleiðni á klukkustund og fjöldi vinnustunda styður það. Íbúar margra landa kvarta undan því að þeir séu oft of þreyttir til að sinna heimilisstörfunum þegar þeir koma heim úr vinnu.

Ísland trónir að þessu leyti á toppnum miðað við hinar Norðurlandaþjóðirnar og hér kvarta hlutfallslega fleiri en íbúar margra Evrópulanda undan þessu.

Samkvæmt rannsókn Kolbeins H. Stefánssonar segjast um 40% Íslendinga jafnframt vilja vinna minna og vilja margir (um 40-50%) eyða meiri tíma með fjölskyldu og vinum.

Einhverjir gætu talið að þetta hafi breyst í kjölfar samdráttar í efnahagslífinu. Það má vera, en breytingarnar eru trúlega litlar.

Ástæðan er sú að vinnudagur þeirra sem héldu vinnunni hefur lítið breyst – þeir sem hafa vinnu vinna álíka lengi og áður samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Höfum líka í huga að langir vinnudagar hafa tíðkast hér lengi, samanber að fólk vinnur í dag álíka margar stundir og árið 1980. Langur vinnudagur hefur lifað af margar hagsveiflur.

Framangreint teljum við góð rök fyrir því að gera eigi það sem vélvæðingin átti upprunalega að gera: Stytta vinnudaginn. Já, það er hægt, þrátt fyrir erfiðleika í atvinnulífinu. Verði vinnudagurinn styttur er einsýnt að fleiri muni fá vinnu; sú vinna sem þarf að vinna minnkar ekki, og þarf því að ráða fleiri til að vinna hana. Framleiðni mun líklegast ekki minnka, jafnvel mun hún aukast. Ýmsar erlendar rannsóknir, til dæmis bók Juliet B. Schor, The Overworked American, sýna að langir vinnudagar (eins og tíðkast á Íslandi) stuðla að minnkaðri framleiðni. Með því að stytta vinnutímann eykst framleiðnin.

> Landsframleiðsla er hér mikil á hvern íbúa – en fyrir hverja unna vinnustund er hún í lægri kantinum.

Stytting vinnudagsins í sex stundir er raunhæft markmið. Með því móti myndi atvinnuleysi minnka, álag og ofþreyta sömuleiðis, en framleiðnin myndi haldast svipuð. Stéttarfélögin, sem hafa lítt látið í sér heyra undanfarin ár, þurfa að berjast öll sem eitt fyrir styttingu vinnudagsins. Ástandið í samfélaginu er einmitt kjörið tækifæri til að breyta fyrirkomulagi vinnunnar. En í kjarasamningum þarf að semja um styttri vinnudag og búa svo um að vinnudagurinn styttist hjá þeim sem svo vilja. Viljinn er klárlega fyrir hendi.

Er þetta hægt strax? Já, en full áhrif munu koma í ljós eftir nokkurn tíma. Hafa aðrar þjóðir gert þetta? Já – t.d. er ekki langt síðan almennur vinnudagur í Þýskalandi var styttur. Almennur vinnudagur í Bandaríkjunum hefur einnig nokkrum sinnum verið styttur. Stytting vinnudagsins er ekki nýtt fyrirbæri, slíkt hefur margoft verið gert. Slíkar ráðstafanir eru mögulegar og virka; sagan sýnir það.

Höldum áfram þar sem frá var horfið 1980 og minnkum vinnuna. Lífið er til að lifa, ekki bara vinna.

# Jólin koma!



ENGLABÖRNIN

Kringlunni sími 552 2201

Falleg *Jóla* föt á stelpur og stráka...


Jólin í Dorma!
Við erum með fleira en dýnur og gorma...
Serta®
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™
Jólatilboð
Serta
Serta Daysleeper
Stærð cm. Jólatilboð
100x200 122.900,-
120x200 154.800,-
140x200 166.900,-
160x200 199.800,-
180x200 207.900,-
Þrennutilboð
frábær jólagjöf !
Sæng
+
Koddi
+
Sængurver
= 9.900,-
Allur pakkinn - vattfylling
eða
= 19.900,
Allur pakkinn - dúnfylling

# Jólatilboð !




Memory Foam
heilsuinniskór.

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!
Sendum frítt út á land!






3.900,-
1 par

6.980,-
2 pör

9.990,-
3 pör

MJÚKUR OG ÞÆGILEGUR



3.900,-
Dúnkoddi

ELLEFU LITIR



499,-
Handklæði 50x100 cm

ÞÆGILEGUR



69.900,-
Hægindastóll í tau

MIKIÐ ÚRVAL



2.900,-
Sængurverasett

MEÐ RÚMFATAGEYMSLU



69.900,-
Svefnsófi m. rúmfatageymslu



20% afsláttur
Stillanleg heilsurúm

Christmas Eve
ilmur mánaðarins
á 25% afslætti

YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*

Hver er þinn jólailmur?

Yfir 40 ilmtegundir




HVÍTUR GÆSADÚNN



13.900,-
Dúnsæng

OPIÐ
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Vefverslunin
komin í gang
www.dorma.is

# Dagur sjálfboðaliða – Vörpum ljósi á þriðja geirann

Sjálfboðaliðar

Guðrún Agnarsdóttir
formaður Almannaheilla



Fimmti desember er dagur sjálfboðaliðans. Næsta ár, 2011, verður evrópskt ár sjálfboðaliðans. Þessa verður minnst víða þar sem verðmætt og mikilvægt hlutverk og framlag sjálfboðaliða og samtaka þeirra til samfélagsins er metið og í hávegum haft.

Löng hefð er fyrir sjálfboðaliðastarfi hjá nágrannaþjóðum okkar, bæði austan hafs og vestan, sem hefur með fjölbreyttum hætti styrkt samfélagið og velferðarmál af ýmsu tagi og létt þannig á hlutverki hins opinbera. Það sama má segja hér á landi þar sem rannsóknir hafa sýnt að um 40% landsmanna sinna sjálfboðaliðastarfi. Hafa nágrannaþjóðir okkar metið þetta mikla framlag með því að létta af sjálfboðaliðasamtökum og frjálsum félagasamtökum skattaálögum til að auðvelda störf þeirra og svigrúm. Þessi samtök sem starfa án fjárhagslegrar hagnaðarvonar hafa oft verið skilgreind sem þriðji geirinn og er þá miðað við opinbera geirann annars vegar og einkageirann hins vegar.

Þessu hefur verið öðruvísi varið hér á landi þar sem frjáls félagasamtök og almannaheillasamtök njóta ekki slíkrar skattalegrar meðferðar. Starfs- og rekstrarumhverfi þriðja geirans er ekki lagalega skilgreint ef borið er saman við opinbera og einkageirann.

Almannaheill, samtök þriðja geirans voru stofnuð 26. júní 2008 og standa nú að þeim 19 aðildarfélög fjölbreyttra og mjög fjölmennra félagasamtaka. Þessi samtök hafa um langt skeið lagt mjög verðmætan skerf til íslensks samfélags með sjálfboðaliða- og hugsjónastarfi. Samtökin voru stofnuð með þrjú aðalmarkmið í huga. Í fyrsta lagi að

a) Skattalögum verði breytt á þann hátt að almannaheillafélög og sjálfseignarstofnanir verði undanþegin erfðafjárskatti og að einstaklingum og lögaðilum verði heimilað að draga gjafir til félaga og samtaka sem starfa í almannaþágu frá tekjuskattsstofni. Ennfremur verði slíkum félögum og samtökum heimilað að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af aðföngum vegna starfseminnar.

b) Sett verði heildarlög um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, réttindi þeirra og skyldur.

c) Ímynd félaga sem starfa í almannaþágu verði efld til muna meðal almennings.

Fyrir atbeina Almannaheilla var skipuð nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem nú hefur skilað skýrslu um mat á mikilvægi þess að setja heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana. Brýnt er að sú skýrsla komi sem fyrst til umræðu og umfjöllunar. Nýlega var opnað Fræðasetur þriðja geirans við Háskóla Íslands. Meginhlutverk þess er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Að setrinu standa Félagsráðgjafardeild og Stjórnmálafræðideild í samvinnu við Almannaheill–Samtök þriðja geirans. Setrið verður staðsett í Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor og Dr.Steinunn Hrafnsdóttir, dósent veita setrinu forstöðu. Verkefnisstjóri þess er Gestur Páll Reynisson. Fræðasetrið mun verða mikilvægur bakhjarl fyrir starfsemi samtaka þriðja geirans.

Almannaheill hafa sett sér siðareglur og verið virk í umræðu og málþingum um málefni þriðja geirans. Þau hafa nýlega ráðið sér starfsmann og hyggjast verða enn virkari í því að vekja skilning og áhuga almennings og stjórnvalda á mikilvægu starfi almannaheillasamtaka í þágu samfélags okkar á ári sjálfboðaliðans 2011.

> Rannsóknir hafa sýnt að um 40% landsmanna sinna sjálfboðaliðastarfi.

# Brotin sál

Geðheilsa

Lára Kristín Brynjólfsdóttir



Í þessu truflaða efnahagsástandi sem herjar yfir Íslendinga hafa margar sálir týnt viðverustað sínum hér á jörðu niðri. Töpuð barátta við geðræna sjúkdóma er nánast daglegur viðburður. Enginn skilur sjálfselsku þeirra, sem reyna svo dramatískar aðferðir til að komast í hina hinstu hvílu. Algerlega án skilnings hvað gengið hefur á áður en slíkri aðferð var beitt. Sjálfsvíg eru fordæmd í nútíma samfélagi. Aðstoð ætti að vera til staðar svo þessari aðferð þurfi ekki að beita. Sú er ekki raunin, brotnu einstaklingarnir verða hvað mest fyrir mótlæti og afleiðingum kreppunnar. Fjölskylda og vinir virðast koma fram í hópum eftir að aðstandandi kveður heiminn en voru hvergi sjáanlegir á meðan baráttan var svo hörð.

Í öll mín 26 ár í þessu lífi hef ég aldrei hitt eins vel uppbyggða og notalega einstaklinga og þá sem þurfa hvað mest á kerfinu að halda. Æðruleysi, skilningur og umhyggja skín úr augum þessara brotnu einstaklinga sem og þreyta og valdleysi á eigin líðan. Það er erfitt að hafa ekki hlutlæg einkenni; marblett, sár eða kúlu sem við getum sýnt til að fá skilninginn sem svo mikil þörf er á.

Erfitt er að leita að þeirri aðstoð sem nauðsynleg er. Oft vegna feluleikja til þess að halda nafni og ímynd, um leið og sjúkdómseinkenni fara að aukast verður heimurinn öðruvísi en áður. Oft er erfitt að muna hvað var venjulegt, ef gleymska um hið raunverulega fer að bæra á sér, hvernig er þá hægt að ná markmiðum um fyrra ástand og bata án hjálpar? Væntumþykja fyrir vanlíðaninni er slík að erfitt er að skilja við hana.

Opnunartími göngudeildar geðdeildar hefur rýrnað um helming, deildum hefur fækkað og almennri aðstoð við þá sjúku hefur farið hrakandi svo um munar. Sálbrotinn einstaklingur veit hreinlega ekki hvert leita skal eftir takmörkuðu aðstoðinni sem er í boði. Tilfellum hefur fjölgað af sálum sem gátu ekki lifað undir þeim þrýstingi sem slíkur sjúkdómur hefur í för með sér. Vinir, vandamenn og almennir borgarar hafa oft á tíðum takmarkaðan skilning á þessum brotna einstaklingi sem er þeim þó svo náinn.

Við hin sjúku höfum líka takmarkaða þolinmæði, við búum ekki svo vel að geta hundsað okkar frávik, við getum ekki tekið okkur pásu og sniðgengið okkar ástand. Mér þykir hlægilegt en þó framar öllu grátlegt hvernig ætlast er til af okkur að við tökum frí frá veikindum okkar á sumartíma. Deildir sem eru ætíð fullar loka og rúmum fækkar um meira en helming. Einstaklingur hefur fimm klukkustundir á dag til að nálgast þá aðstoð sem hann telur sig þurfa.

Það eru fordómar fyrir geðrænum vandamálum. Hræðsla er mikil við þessar sjúku sálir og þarfir þeirra. Oft eru þeir sjúku ekki síður með fordóma og fyrirlíta sjálfa sig fyrir að verða öðruvísi. Bráðamóttaka, lögregla og sjúkraflutningamenn sýna mjög mismunandi hegðun. Sumir hafa þó þann eiginleika að geta gefið brotinni sál þann stuðning og andlega gjöf sem hún þarf á að halda á neyðarstund. En það er því miður mun sjaldgæfara en við höldum. Ætlast er til af okkur að við séum eðlileg, sýnum rétta hegðun. Þó fáum við ekki að vera með. Við erum alltaf hálf utanveltu. Alein ef svo má að orði komast. Þeir einstaklingar sem gefast upp, gefast ekki bara upp á eigin sjúkdómi og vanlíðan heldur einnig á því stóra skarði sem félagsleg tengsl gefa. Það er aldrei litið á okkur sömu augum fyrir og eftir andleg veikindi.

> Brotnu einstaklingarnir verða hvað mest fyrir mótlæti og afleiðingum kreppunnar

Hugsið um þær brotnu sálir sem kvatt hafa þennan heim. Hugsið um vanlíðanina og mótlætið sem sá einstaklingur hefur mögulega mætt á sinni ferð um lífið. Hugsið um þessa hrottafengnu aðferð sem einstaklingur er tilbúinn að leggja á sig til þess að komast frá þessum heimi í þann næsta. Við fæðumst ekki í þennan heim með þrá um að vera frábrugðin, okkur finnst hræðilegt að geta ekki verið eins og hinir. Veikindi verða partur af persónuleika, og persónuleikanum verður ekki auðveldlega breytt. Horfðu upp til brotinnar sálar. Það er sterkur einstaklingur á bak við hana.

Mjög sárt þykir mér þó að hugsa til þeirra einstaklinga sem lifðu ekki sumarið af. Svo margir hafa fallið fyrir eigin hendi í þessu þjóðfélagsástandi. Þjóðfélagið er svo upptekið af því að ná endum saman að mannleg umhyggja gleymist. Ég las um það á síðu Hugarafls að kertafleyting hafði verið fyrir þá sem tapað hafa baráttu sinni við geðsjúkdóm. Aldrei las ég um það í fréttum, þó var haldin fjölmenn hátíð um baráttu við fordóma. Við megum ekki vera svona blind á þetta ástand. Við verðum að gera eitthvað í þessu. Af hverju öll þessi þögn? Af hverju kemur ölvun í fréttunum? Af hverju kemur ekki frétt um þann einstakling sem kvaddi lífið á hrottafenginn hátt og krafist svara um það hvar aðstoðin var fyrir hann. Ég held að margir af þeim sem vinna innan veggja spítala megi VAKNA UPP. Það er vel hægt að hjálpa. En það er svo erfitt að nálgast aðstoðina í þessum bága fjárhag þar sem peningar skipta meira máli orðið en líf.





## Hefur blundað í þér að fara í nám?

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður upp á fjarnám í Menntastoðum á vorönn 2011. Námið er unnið í samstarfi símenntunarmiðstöðva víðsvegar um landið og gerir því öllum landsmönnum kleift að taka meirihluta námsins í sinni heimabyggð.

Menntastoðir er grunnnám á framhaldsskólastigi. Kennd eru eftirtalin fög; stærðfræði, íslenska, enska, danska, námstækni og tölvu- og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið námið til eininga. Keilir metur námið sem fullnægjandi undirbúning undir framhaldsnám í Háskólabrú.

Námið er 10 mánaða langt og byggir á einni helgarlotu í mánuði þar sem nemendur mæta í tíma til MSS en sækja annars kennslu í gegnum netið.

Námið hefst föstudaginn 7. janúar og lýkur með útskrift í janúar 2012 og geta nemendur innritað sig þá beint í fjarnám í Háskólabrú Keilis sem hefst í janúar 2012.

Námið kostar 110.000 kr.

Skráning fer fram á www.keilir.net

Allar nánari upplýsingar má nálgast inni á www.mss.is eða hafa samband við Hjörleif Þór Hannesson hjá MSS í síma 421 7500.

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM
Sími 421 7500 • www.mss.is

mss

Víkurfréttir


## AF NETINU

### Heyrnarlausir og RÚV

Halda stjórnendur RÚV virkilega að heyrnarlaust fólk bíði andaktugt við sjónvarpstækin á hverju kvöldi í þeirri von (og trú) að það eigi eftir að skilja eitthvað af innihaldi þáttarins? Mundu stjórnendur RÚV horfa á kínverska sjónvarpið kvöld eftir kvöld í þeirri von að það verði íslenskur texti við eina frétt á ári eða svo? Þeir hljóta bara að trúa því, því hvers vegna ætti þeim annars að detta í hug að texta eitt innslag af 200. Eða halda þeir að grey heyrnleysingjarnir séu svo spenntir fyrir innslagi sem höfðar til þeirra að þeir séu innbyrðis búnir að senda hverjum öðrum skilaboð daginn sem Kastljós ákveður að texta innslagið.“

blog.eyjan.is/johannhlidar

**Jóhann Hlíðar Harðarson**

### Undarlegar aðferðir

Þegar kreppir að og skorið er niður í ríkisútgjöldum grípa stofnanir ríkisins til undarlegra aðferða. Lekið er upplýsingum til fjölmiðla um að viðkomandi stofnanir þurfi að skera niður hjá þeim sem síst skyldi. Nú síðast segir Sjúkratryggingastofnun ætla að skera niður hjá langveikum börnum. Ráðherrar eiga í vök að verjast og eru í fullri vinnu við að bera til baka svona fréttir. Það er auðvitað verið að þrýsta á ráðuneytin að skera ekki niður hjá viðkomandi stofnun.

blog.eyjan.is/bjorn

**Björn S. Lárusson**






# Svipmikið fólk

Í ljósmyndabókinni **Andlit** eftir Jónatan Grétarsson birtist hjartsláttur samtímans í svipsterkum andlitum 150 íslenskra listamanna.

**„...sterkar myndir af svipmiklu fólki".**
*Bergsteinn Sigurðsson, Fréttablaðið.*

**„...úthugsuð og þaulunnin myndverk"**.
*Jón Kaldal, Fréttatíminn.*

**salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík**

Salka

# Tveggja landa sýn – Ísland og Malaví

Þróunarmál



Stefán Jón Hafstein
umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví

Merkilegar upplýsingar koma fram í nýrri þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna um „Lífskjaravísitölu mannkyns" (e. Human development index). Ekki er hægt að sýna fram á beint samhengi milli hagvaxtar og velsældar almennings. Þau lönd sem þokast hraðast upp listann eru ekki endilega mikil hagvaxtarlönd. En þau eiga það sameiginlegt að leggja mikla áherslu á menntun og heilsu. Og jafnvel þótt hagvöxtur aukist víða um lönd má sjá í skýrslu SÞ að ójöfnuður í heiminum gerir það líka; ekki njóta allir þótt takist að hífa upp þjóðaframleiðslu. Og að fleiru er að hyggja: Vitað er að það land sem hefur mestan hagvöxt, Kína, borgar fyrir þann vöxt með gríðarlegum umhverfisspjöllum, þótt þau séu ekki mæld í þessari velferðarvísitölu.

Lífskjaravísitala SÞ er nú 20 ára. Hún var á sínum tíma kynnt til sögunnar því menn þóttust vita að efnahagslegur vöxtur sannaði ekki allt um velferð fólks. „Þjóðartekjur á mann" segja ekki hvernig þær nýtast. Því vildu menn búa til vísitölu sem byggði á velferðarþáttum auk efnahagsþátta, svo sem menntun og lífslíkum. Nú er búið að bæta við jöfnuði og jafnrétti kynjanna til að finna enn áreiðanlegri mælikvarða á þróun samfélaga.

### Íslenska samhengið

Ísland „hrynur" úr fyrsta sæti (2007) í sautjánda sæti í ár. Árið 2005 vorum við í tíunda sæti. Við erum nú í nágrenni við Finna og Belga, fyrir ofan Dani, en Norðmenn tróna efstir eins og oft áður.

Sjálfsagt vegur þarna mest kaupmáttarhrunið eftir 2008, því lífslíkur og menntunarstig hafa sáralítið breyst, og hvað sem fólk segir er Ísland mjög ofarlega á lista í jafnréttismálum. Mörgum gæti óað við þessu mikla falli. En það má líka skoða jákvæðu hlið málsins: Þrátt fyrir eitt mesta efnahagsáfall sem þróað ríki hefur orðið fyrir (sem hlutfall af þjóðarframleiðslu), þá er viðspyrnan mikil. Hún felst í háu menntunarstigi (sem þó gæti verið betra) og heilsugæslu. Við höfum því borið gæfu til að fjárfesta rétt og eigum þarna „varasjóð" þegar peningahyggjan springur á limminu. Ísland er þrátt fyrir allt á topp 20 listanum, af þeim 160 ríkjum sem þarna eru. Og góðir möguleikar að rétta sig af.

### Á hinum endanum?

Núverandi heimaland mitt, Malaví, er á listanum yfir þau 20 ríki sem erfiðast eiga. Fólksfjölgun er gríðarleg og sóknarþungi landsmanna í þverrandi auðlindir reiknast sem afrán upp á 5,8% af landsframleiðslu árlega. Landið fékk almennt grunnskólakerfi fyrir aðeins 16 árum, og er því áratugum á eftir öðrum Afríkuríkjum. Nú vantar 30.000 skólastofur og jafn marga kennara til að fullnægja þörf. Þótt Malaví hafi færst upp um sjö sæti á velferðarvísitölunni milli ára eru 72% landsmanna talin lifa á minna en 150 krónum á dag. Árangur landsins felst í því að nú eru „aðeins" 39% landsmanna á því stigi sem skilgreinist sem „sár fátækt", en talan var 53% fyrir nokkrum árum. Landið þróast því nokkuð áleiðis. En hér vantar viðspyrnu. Menntunarstig er ákaflega lágt (50% barna ljúka ekki grunnskólaprófi, aðeins 16% árganga fara gegnum framhaldsskóla). Getan til að taka við meiri þróunaraðstoð eða skapa nýja atvinnuvegi er því ákaflega takmörkuð.

> Jafnvel þótt hagvöxtur aukist víða um lönd má sjá í skýrslu SÞ að ójöfnuður í heiminum gerir það líka; ekki njóta allir þótt takist að hífa upp þjóðaframleiðslu

### Samanburður enda á milli

Þegar borið er saman ástandið á sitt hvorum enda lífskjarakvarðans má því sjá tvö smáríki: Ísland og Malaví, þar sem annað ríkir „hrapar" um 17 sæti á nokkrum árum en býr samt við mikla velsæld, en hitt ríkið fetar sig upp um hænufet en glímir eigi að síður við nánast óviðráðanlegar aðstæður. Munurinn á Malaví og Íslandi er vissulega mikill vegna þess að við eigum miklar náttúruauðlindir en Malavar fáar.

En við búum líka að menntun og velferðarkerfi sem gerir okkur mögulegt að bregðast við vanda og vinna okkur út úr honum – ef við sjálf berum gæfu til þess. Malavar þurfa utanaðkomandi aðstoð, og hana mikla: Þróunaraðstoð til Malaví nemur nú 32 Bandaríkjadölum á hvert mannsbarn árlega (3.700 kr.) og þriðjungur ríkisútgjalda er styrkjafé.

### Efnahagskreppan og þróunaraðstoð

Þess sjást glögg merki víða um heim að þróunaraðstoð minnkar vegna heimskreppunnar. Skilningur ríkir á því að Ísland hafi dregið saman framlög, en þess er vænst að það sé aðeins tímabundið því ekki var úr háum söðli að detta. Þegar við vorum númer eitt á lífskjarakvarðanum voru hlutfallsleg framlög okkar til þróunarmála langt á eftir þeim sem næstir voru á listanum. Stjórn íhaldsmanna og frjálslyndra í Bretlandi er reyndar undantekning frá reglunni í ár, þar er þróunarfé aukið á hrikalegum niðurskurðartímum.

Áskorun í þróunarmálum verður bersýnilega sú að ná meiri árangri fyrir minna fé. Hér þarf skýrari verkaskiptinu milli ríkja, samræmdar aðgerðir þróunarsamvinnustofnana í löndum eins og Malaví, og miklu skarpari forgangsröð ríkisstjórna. Hér í Malaví kom nýlega út stöðuskýrsla SÞ sem einmitt undirstrikar þetta. Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Malaví er hluti af þessu samræmingar- og skipulagsferli sem nú stendur og stefnubreyting ÞSSÍ í landinu undanfarin tvö ár er í samræmi við stöðumat annarra þróunarsamvinnustofnana um bættan árangur og meiri skilvirkni. Áherslur okkar í heilsu- og menntamálum eru einnig í samræmi við lykiláherslur í stöðuskýrslu SÞ. Eigi Malaví að þokast upp listann verði að bæta innviði samfélagsins og getu heimamanna sjálfra til að takast á við vandann. Númer 17 getur vel hjálpað númer 153.




# Jörðin er flöt

Bækur



Pétur Björgvin Þorsteinsson
djákni í Glerárkirkju

Til eru bækur sem mann langar til að lesa og bækur sem karlmenn þurfa að lesa. En spurningin er hvað við, karlarnir, viljum. Upplifun mín af sjálfum mér sem karlmanni og samkynja félögum mínum er á stundum slík að ég held að við gætum sómt okkur vel í hópi þeirra sem rembdust eins og rjúpan við staurinn hér um árið og vildu ekki taka neinum rökum um annað en að jörðin væri flöt. Öðru hvoru læðist sú hugsun í koll mér að margur karlinn vilji áfram vera í þeim hópi og gott ef ég verð ekki var við einstaka konur sem reyna að bætast í hópinn. En ég vil reyna að brjótast upp úr því djúpa hjólfari sem karlremba árþúsundanna situr enn föst í. Þó þykir mér sem það gangi hægt – það að koma sjálfum mér upp úr þessu hjólfari.

> Ég vil reyna að brjótast upp úr því djúpa hjólfari sem karlremba árþúsundanna situr enn föst í. Þó þykir mér sem það gangi hægt

Sum skref eru hins vegar betur til þess fallin að átta mig á því öngstræti sem þetta hjólfar leiðir í og hjálpa mér að uppgötva hvar og hvenær ég styð hið karllæga samfélag og hvernig ég get stuðlað að samfélagi sem byggir á jafnrétti kynjanna. Eitt slíkt skref reyndist lestur bókar sem kom nýverið út hjá Háskólaútgáfunni og ber titilinn Ofbeldi, margbreytileg birtingarmynd. Bókin inniheldur helstu niðurstöður úr fjórum íslenskum rannsóknum sem gerðar voru nýverið og taka allar á ofbeldi gegn konum. Hér er á ferðinni bók sem nýst getur körlum og konum sem vilja bæta fagleg og persónuleg viðhorf sín í garð þess samfélags friðar sem við viljum byggja upp. Um leið verður lesandanum ljóst hversu alvarlegt vandamál ofbeldi á heimilum, í nánum samböndum og í garð kvenna er.

Mér þykir nefnilega sem við karlarnir séum ekki að átta okkur á alvarleikanum. Stöku sinnum þegar ég var yngri var ég staddur á sveitaböllum þar sem svo vildi til að tveir karlar tókust á í forinni fyrir utan félagsheimilið. Misvel gekk að ganga á milli kappanna og oft endaði slagurinn þannig að einn eða fleiri fengu hressilega á kjaftinn áður en tókst að stöðva slagsmálin. Köppunum var komið heim, þeir settir aftur í Svörtu Maríu eða á annan hátt fundinn staður til að jafna sig. Og gjarnan heyrðust setningar eins og: „Þeir verða búnir að jafna sig eftir góðan svefn." Ég trúði þessari setningu þá. Og vandinn er að ég trúi þessari setningu allt of oft ennþá. Það sem verra er, mig grunar að ég og margir aðrir karlar höldum að hægt sé að yfirfæra hana á hvers konar ofbeldi, líka á það ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimilisins.

Þau sem hafa tekið sér tíma til að hlusta á konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum eða innan veggja heimilisins, sem og þau sem hafa gefið sér tíma til að kynna sér niðurstöður rannsókna eins og þeirra sem fjallað er um í umræddri bók, vita hins vegar að þetta er ekki rétt. Áhrif ofbeldis á andlega líðan og heilsufar kvenna hverfa ekki og þaðan af síður á einni nóttu. Afleiðingarnar geta jafnvel varað alla ævi þó svo að konan sem fyrir ofbeldinu varð nái að slíta sig snemma úr hinu ofbeldiskennda sambandi. Takk Brynja, Erla Kolbrún, Kolbrún og Sía fyrir framtakið að koma rannsóknum ykkar á framfæri í þessari bók. Og takk þið öll sem ætlið að verða ykkur úti um bókina og lesa hana spjaldanna á milli. Breytum hugarfarinu, breytum samfélaginu, stöndum saman.

# Aðför að hjúkrun og öryggi sjúklinga

Ríkisfjármál



Elsa B. Friðfinnsdóttir
form. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Heilbrigðisráðherra er um þessar mundir að kynna breytingar á hagræðingaráformum í heilbrigðisþjónustu. Þær tillögur sem nú eru kynntar eru sagðar lagðar fram með hliðsjón af þeim athugasemdum sem stjórnendur, sveitarstjórnir og hagsmunasamtök gerðu við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011. Látið er að því liggja að verið sé að milda hagræðingarkröfurnar og draga úr þeirri miklu skerðingu á þjónustu sem fjárlagafrumvarpið bar með sér. En er það svo?

Í frumvarpi til fjárlaga voru greiðslur fyrir hvert sjúkrarými víðast færðar niður úr 64.000 krónum á sólarhring í tæp 39.000. Í hinum breyttu tillögum er aldeilis bætt um betur. Nú er lagt til að greiðsla fyrir hvert almennt sjúkrarými verði kr. 23.621 á sólarhring og er þeirri greiðslu ætlað að standa undir umönnunar- og hjúkrunarþætti á sjúkrasviðunum. Enn er því þrengt að. Þessi greiðsla miðast við meðal daggjald fyrir hjúkrunarrými að viðbættu 15% álagi. Auk þessa bætist við óskilgreint álag vegna smæðar einingа og fjölda útstöðva. Öllum sem þekkja til reksturs sjúkrahúsa má vera ljóst að þessar greiðslur eru allt of lágar. Forstöðumenn hjúkrunarheimila hafa misserum saman talið daggjöld fyrir hjúkrunarrými allt of lág. Þó íbúar hjúkrunarheimila þurfi nú mun sérhæfðari og meiri hjúkrun en var fyrir nokkrum árum er ljóst að þeir sem nýta sjúkrarými heilbrigðisstofnana þurfa almennt enn meiri og sérhæfðari hjúkrunarþjónustu en veitt er á hjúkrunarheimilum.

> Fylgikvillum meðferða mun fjölga og legutími mun lengjast.

Afleiðingar þessarar skerðingar, ef af verður, verða alvarlegar. Faglærðum starfsmönnum verður fækkað til að lækka launakostnað, gæði þjónustunnar minnka, öryggi sjúklinga verður ógnað og kostnaður eykst þegar til lengri tíma og á heildina er litið. Fylgikvillum meðferða mun fjölga og legutími mun lengjast. Fjöldi erlendra rannsókna virtra fræðimanna hafa sýnt að beint samband er á milli samsetningar þess mannafla sem veitir heilbrigðisþjónustu og þess hvernig sjúklingum reiðir af.

Auk þeirra alvarlegu og neikvæðu áhrifa sem tillaga þessi mun hafa á gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, nái hún fram að ganga, mun hún hafa veruleg áhrif á möguleika fagmenntaðs fólks til búsetu á landsbyggðinni.

AF NETINU

### Afskrifa sokkinn kostnað og ekki krónu meir

Guðjón Rúnarsson hjá Samtökum fjármálafyrirtækja sagði þó að „kostnaður“ fjármálafyrirtækjanna væri um 90 ma. kr., Jóhanna sagðist áætla að 2/3 félli á bankana og 1/3 á Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóðina og Arnar Sigurmundsson áætlaði að hlutur lífeyrissjóðanna væri 1/3 af 1/3 eða á bilinu 10-15 ma. kr. Miðað við að 2/3 = 90 ma. kr., þá er 1/3 = 45 ma. kr. og heildarkostnaður 135 ma. kr. Hlutur Íbúðalánasjóðs er áætlaður 30 ma. kr. og lífeyrissjóðanna 15 ma. kr. Þar höfum við það. [...]
Ég vil fagna þessu útspili stjórnvalda, en lýsa samt yfir ótta mínum um að verið sé að skilja ákveðna hópa eftir við ókleifan hamarinn. Niðurstaðan er að farið er í að afskrifa sokkinn kostnað, en þó ekki allan, og ekki krónu umfram það. Svo er það náttúrulega hópurinn sem lifir undir fátæktarmörkum og getur ekki framfleytt sér hvað þá greitt húsnæðiskostnað.

marinogn.blog.is
**Marínó G. Njálsson**

### Stuðlað að næsta hruni

Allt gengur í haginn hjá þjóðinni. Allur jöfnuður við útlönd er hagstæður, vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður, þáttajöfnuður. Svo tugum milljarða skiptir í hverjum mánuði. Ríkisstjórnin notar tækifærið til að efna til nýs hruns. Hún endurnýjar tök bankabófanna í helztu áhrifastöðum stóru bankanna. Og hún framlengir ríkisábyrgð á innistæðum í bönkunum. Hvort tveggja leiðir óhjákvæmilega til áhættusækni og fjárhættuspils siðblindra bankabófa. Fælni stjórnarinnar við að taka fast á helzta geranda hrunsins einkennir stefnu hennar. Stjórnin leiðir okkur upp úr hruni ársins 2008 yfir í næsta hrun.

jonas.is
**Jónas Kristjánsson**

### Óhjákvæmilegu gjaldþroti frestað um 12-18 mánuði

Ógilding Hæstaréttar á gengistryggðum lánasamningum gaf skuldurum 120-150 milljarða króna. Ríkisstjórnin segist koma færandi hendi með 100 milljarða og inn í þeirri tölu eru sannanlega töpuð útlán. Þegar moldviðri lúðrasveita vinstriflokkanna sjatnar mun koma á daginn að það eina sem ríkisstjórn Jóhönnu Sig. hefur gert með þessari leiksýningu er að fresta óhjákvæmilegu gjaldþroti ofurskuldugra um 12-18 mánuði.

pallvil.blog.is
**Páll Vilhjálmsson**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar
EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!
Meira sjálfstraust
Paul McGee
30% afsláttur
2.220KR. 3.190*KR.
ÖLDIN OKKAR 1996 2000
30% afsláttur
4.180KR. 5.990*KR.
TAKK ÚTRÁSARVÍKINGAR
30% afsláttur
3.140KR. 4.499*KR.
SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL
BRASILÍUFANGINN
30% afsláttur
3.840KR. 5.499*KR.
Ertu Guð, afi?
2.580KR. 3.690*KR.
30% afsláttur
Þokan
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
30% afsláttur
2.780KR. 3.990*KR.
Jólastund með Dóru
32% afsláttur
1.780KR. 2.590*KR.
Guðrún Helgadóttir
Lítil saga um latan unga
30% afsláttur
2.440KR. 3.490*KR.
YRSA
Drottning Danmerkur
30% afsláttur
2.980KR. 4.790*KR.
BRAGI ÓLAFSSON
30% afsláttur
3.980KR. 5.690*KR.
VEIÐIMENN NORÐURSINS
RAGNAR AXELSSON
30% afsláttur
9.080KR. 12.900*KR.
HVER ER ÉG?
30% afsláttur
4.880KR. 6.990*KR.
VAXI-n
20% afsláttur
3.980KR. 4.990*KR.
Einfalt með KOKKALANDSLIÐINU
30% afsláttur
3.140KR. 4.490*KR.
ÞORGRÍMUR ÁRITAR Í DAG
Kringlunni kl.15
Smáralind kl. 17
*Upprunalegt verð
Gildir til 6. desember á meðan birgðir endast.
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær


ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
Á BETRA VERÐI
ANDREW DAVIDSON
STEINDREKINN
30% afsláttur
3.340KR.
4.790*KR.
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
32% afsláttur
2.390KR.
3.490*KR.
ARNALDUR INDRIÐASON
FURÐUSTRANDIR
32% afsláttur
3.890KR.
5.690*KR.
LÍFSLEIKNI
Gillz
30% afsláttur
2.780KR.
3.990*KR.
ÞÓRA BISKUPS
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
30% afsláttur
3.980KR.
5.690*KR.
DANTE
GLEÐILEIKURINN GUÐDÓMLEGI
30% afsláttur
4.180KR.
5.990*KR.
Mörg eru ljónsins eyru
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
30% afsláttur
3.980KR.
5.690*KR.
GILLZ OG ELLÝ
ÁRITA Í DAG
Smáralind kl.16-17
ELLÝ OG SIGRÍÐUR
ÁRITA Í DAG
Kringlunni kl.14-15
Sigríður Klingenberg
Orð eru álög
30% afsláttur
2.780KR.
3.990*KR.
ELLÝ ÁRMANNS
Ástin & stjörnumerkin
30% afsláttur
2.780KR.
3.990*KR.
ÚTKALL
PABBI, HREYFLARNIR LOGA
35% afsláttur
3.890KR.
5.990*KR.
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
Gunnar Thoroddsen
Ævisaga
Guðni Th. Jóhannesson
30% afsláttur
4.880KR.
6.990*KR.
ÁRNI MATT
Frá bankahruni til byltingar
ÞORHALLUR JÓSEPSSON OG ÁRNI M. MATHIESEN
30% afsláttur
4.480KR.
6.490*KR.
ALVARA LEIKSINS
30% afsláttur
4.180KR.
5.990*KR.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Íhaldshreðkan og pönkarinn

**Hjónin Bragi Ólafsson rithöfundur og Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur eru bæði með bók í jólabókaflóðinu í ár. Síðastliðinn miðvikudag kom í ljós að báðar bækurnar verða auðkenndar með gylltum miða á aðventunni þegar þær voru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.** ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** **ræddi við hjónin um vinnu, eftirlætis aldirnar, og fleira til.**

Bakgrunnur Braga Ólafssonar rithöfundar og Sigrúnar Pálsdóttur sagnfræðings er um margt mjög ólíkur og þau segjast ekki viss um að kynni hefðu tekist með þeim á ákveðnu tímabili í lífi þeirra þótt þau hefðu hist fyrr.

Bragi gaf út fyrstu bók sína árið 1986, sama ár og Sykurmolarnir ruddu sér braut, og á því 25 ára útgáfuafmæli á næsta ári. Um þær mundir var Sigrún Pálsdóttir að skrá sig í sagnfræði í Háskóla Íslands en hún útskrifaðist sem doktor í sagnfræði frá Oxfordháskóla á Englandi árið 2001. Í doktorsritgerðinni tók hún fyrir breska hugmynda- og hugarfarssögu með vísun í þátt íslenskrar menningar við mótun hennar en í dag er Sigrún í fullri vinnu við ritstjórn Sögu, tímarits Sögufélagsins. Þau segja það í raun blessun að hafa ekki kynnst fyrr en þau gerðu, sem var fyrir þrettán árum. Þau eru þó bæði úr Reykjavík og voru bæði í Menntaskólanum við Hamrahlíð, en þó ekki samtíða.

**Hittust í lyftu**

Sigrún og Bragi hittust fyrst þegar þau lokuðust saman í lyftu á Laugaveginum. Þau voru að vísu ekki ein, því þriðja hjólið var Hallgrímur Helgason rithöfundur. „Kannski má kalla hann guðföður þessa sambands,“ segir Bragi brosandi.

Sigrún: „Á einhverjum tímapunkti hefðum við aldrei kynnst. Við hefðum ef til vill náð saman á Melarokki 1982 þar sem ég stóð fyrir framan sviðið á hermannaklossum og hlustaði af aðdáun á Purrk Pillnikk en ég er ekki viss um að Bragi hefði undir nokkrum kringumstæðum litið við íhaldshreðkunni með silkislæðuna um hálsinn, eins og ég var kölluð, í menntaskóla nokkrum árum síðar. Ætli ég hafi ekki farið krókaleið í sjálfsleitinni í gegnum tíðina.“

Bragi: „Auk þess vex maður og þroskast saman. Við börðum eitthvað niður í hvort öðru og opnuðum svo fyrir annað. Sumt náum við hins vegar aldrei að sameina. Þegar ég kem upp á miðhæðina, þar sem við hittumst í hádeginu eftir að hafa setið við skriftir, ég í kjallaranum og hún á loftinu, hlusta ég gjarnan á tónlist, og þá mjög hátt. Sigrún á það til að lækka þegar hún kemur niður. Ég fæ samt að ráða hvaða tónlist er keypt á heimilið. Ætli Sigrún ráði ekki flestu öðru, ég fæ ekki einu sinni að ráða útliti bókanna minna! Hún hefur hannað kápurnar á allar þær bækur sem ég hef gefið út frá árinu 1999.“



**ÓLÍKUR BAKGRUNNUR** Sigrún Pálsdóttir og Bragi Ólafsson hafa verið saman í 13 ár en þau eru ekki viss um að þau hefðu náð saman áður, enda með mjög ólíkan bakgrunn. Þau segjast hafa þroskast og vaxið saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég fæ samt að ráða hvaða tónlist er keypt á heimilið. Ætli Sigrún ráði ekki flestu öðru, ég fæ ekki einu sinni að ráða útliti bókanna minna!

**Ævisaga og skáldaga**

Bók Sigrúnar, Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar, er byggð á bréfum Þóru Pétursdóttur Thoroddsen og segir frá ævi og örlögum Þóru, sem var dóttir Péturs Péturssonar biskups og eiginkona Þorvaldar Thoroddsen náttúrufræðings. Bók Braga ber öllu lengri titil, Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson, gjarnan kölluð „Handritið“ til styttingar um þessar mundir. Jón Magnússon er faðir Sturlu Jóns, aðalpersónu Sendiherrans sem kom út árið 2006.

**Sigrún besti ritstjórinn**

Bragi segist hafa misst út úr sér að hann hafi hugsað bækurnar sem fjórar, og jafnvel komi því tvær í viðbót þar sem þessir þræðir tengjast. Hann viti þó ekki hvort það verði eftir tvö eða tíu ár. Sigrún er að gefa út sína fyrstu bók og þau standa því í sömu önnum sem rithöfundar þessa dagana. Auk þess er Sigrún í fullu starfi við að skila prófförk af Sögu í prentun.

Sigrún: „Jú, við höfum lesið mikið yfir fyrir hvort annað og það kemur sér vel að hafa einhvern sem er svo náinn manni í því. Þannig fær maður frekar að heyra hlutina hreint út.

Bragi: „Sigrún er besti ritstjóri sem ég gæti haft. Hún bendir hiklaust á hvað má vera með og hvað ekki og ég hef lært að taka mark á því, þótt auðvitað séu undantekningar. Í þessari bók eru til dæmis einhver atriði sem hún leit hornauga.“

Persónur bókanna eru staddar hvor á sinni öldinni. Þóra er fædd um miðja 19. öld og persónur Braga vappa um á 20. öldinni. Eruð þið sjálf stödd hvor á sinni öldinni?

Þóra: „Ég hef aldrei verið mikil 20. aldar kona. Mér finnst stundum eins og allt það merkilegasta hafi gerst á 19. öldinni en menn halda náttúrulega með „sínum“ öldum. Ég þekki eiginlega ekkert annað en að hugsa út frá 19. öldinni, mitt sjónarhorn er litað af þeirri söguskoðun og ég horfi alltaf einhvern veginn á samtíðina úr fortíðinni. Og mig langaði að opna þessa öld fyrir breiðum og nýjum lesendahópi með því að fjalla um þennan kvennaheim 19. aldar.“

Bragi: „Ég stend einhvern veginn með báðar lappirnar í 20. öldinni og efast um að ég gæti sett mig inn í þá nítjándu þótt mér finnist það sterk upplifun að hverfa þangað um stund. Ætli það sé ekki vegna þess að mín mesta bókmenntalega upplifun tengist 20. öldinni. Ef ég gef mér einhvern stimpil er ég tuttugustu aldar maður. Hins vegar er það svo, að þrátt fyrir að mínar persónur hafi ekki eitt sinn verið raunverulegar eins og Þóra var, upplifi ég þær, eftir þessa fimm ára sambúð með þeim, sem jafnraunverulegar og Þóra var. Mér finnst skáldskapurinn vera eitthvað sem í raun „gerðist“.“

Þóra: „Reyndar er ég að fara að yfirgefa 19. öldina um sinn og ætla að skrifa ævisögu Sigrúnar Briem læknis sem var fædd árið 1911. Hún lést 33 ára, þegar Goðafossi var sökkt. ásamt þremur börnum sínum. Ég erfði bréfasafn hennar þar sem hún var ömmusystir mín, þótt ég hafi ekki ríka tilfinningu fyrir tengslunum vegna tímamismunarins. Þetta er ögrandi verkefni, dramatísk og stutt ævi, og mun minni heimildir en ég hafði með Þóru. Auk þess get ég ekki ímyndað mér ólíkari persónur.“

**Þóra væri sátt**

Hvernig líst ykkur á persónur hvor annars, tengist þið þeim?

Sigrún: „Mér hefur, eins og öðrum lesendum, stundum langað til að hrista persónur Braga til eða stoppa þær í því sem þær eru að gera. Svo er þessi stöðuga áfengisdrykkja alveg að fara með mig í bókunum. Aftur á móti upplifi ég persónur í texta aldrei sem raunverulegar. Ég hugsaði til dæmis ekki oft um Þóru sem manneskju af holdi og blóði því mér finnst best að hugsa um þann eina veruleika sem ég næ utan um og það er texti bréfanna. Ljósmyndirnar af fjölskyldu Þóru minntu mig þó á að það var eitthvað raunverulegt handan heimildanna.“

Bragi: „Ég er búinn að lesa Þóru nokkrum sinnum yfir í handriti. Þótt það sé mikill léttleiki yfir henni er líf hennar í raun tragískt. Ég upplifi Þóru mjög sterkt, ekki síst eftir að við fórum að heimsækja leiðið hennar í Kaupmannahöfn. Upplifunin var líka enn sterkari því okkur gekk svo illa að finna leiðið.“

Sigrún: „Já, það fannst mér reyndar mjög skrítið. Og mér datt sjálfri aldrei í hug að fara að leiði hennar, það vildi bara þannig til að mér var sagt frá leiðinu um það leyti sem ég var að fara til Kaupmannahafnar og þess vegna dreif ég mig. Samband manns við svona sögupersónu er annars flókið og í raun veit ég eiginlega ekki hvað mér finnst um hana annað en að hún var skemmtilegur karakter og merkilegur sögumaður. Það eina sem vakti fyrir mér þegar ég byrjaði að rannsaka bréfin var að veita öllu eftirtekt sem kom mér á óvart og gerði mig hissa. Bókin er niðurstaða af lestri bréfanna og hún hefur komið mörgum á óvart og kannski valdið einhverjum vonbrigðum. En ef þú spyrðir mig hvað Þóru fyndist þá er ég sannfærð um að hún væri sátt.“

**Nálægð og fjarlægð**

Eru Þóra, Örn og Jón á vappi í kringum ykkur á heimilinu?

Bragi: „Ég veit ekki hvort persónurnar séu á vappi hér í þessu húsi. Persónurnar sem ég er að vinna með núna og er búinn að missa út úr mér að muni halda áfram í tveimur bókum í viðbót, sem ég gef þó engin loforð fyrir, eru þó lifandi fyrir mér og á meðan þræðir þeirra kitla mig úr fyrri bókunum finnst mér spennandi að fylgjast með þeim. Á meðan persónurnar hafa eitthvað að segja mér, eða eiga einhverju ólokið, finnst mér þetta skemmtilegt. En svo getur líka gerst að ég hætti að hugsa um þetta í einhvern tíma og skrifi þessar bækur eftir tíu ár.“

Sigrún: „Nei, Þóra er ekki á vappi hérna en maður er tengdur þessum söguheimi – horninu þar sem biskupsbústaðurinn var, þar sem gamla Reykjavíkurapótek er nú. Þetta er sögusvið sem er bæði nálægt manni og fjarlægt, framandi og kunnuglegt í senn og það gerir þennan heim heillandi.

**Minning um jólasnjó**

Hlakkið þið til þegar þið setjist niður á aðfangadagskvöld, upplestrum lokið og flóðið í rénun?

Sigrún: „Jú, ég held það. Það er gaman en rosalega skrítið að vera í þessu og ég hef aldrei gert þetta áður, að koma inn í alls konar hópa og lesa. Þetta á kannski ekkert voða vel við mig en maður verður að standa með sinni bók og berja niður innipúkann og mannafæluna sem maður er.“

Bragi: „Við höfum verið að fara saman út á land – Ísafjörð, Austurland og á fleiri staði. Stundum er maður svolítið vonlítill, þegar fáir koma að hlusta. En svo skilar það sér einhvern veginn alltaf. Bara auglýsingin um upplesturinn hefur eitthvað að segja.“

Sigrún: „Mánuðurinn fram undan er svo tilhlökkunarefni, íslensk aðventa er mín eftirlætisárstíð.“

Bragi: „En það mætti vera meiri snjór á jólunum, ég held það hafi mikið að segja í því að mér er farið að finnast meiri jólastemning úti í vetrarkaldri Evrópu en hér heima. Jólasnjór í Reykjavík er eitthvað sem er bara til í minningunni.“



Meiri jól, meiri jól, meiri jól
Komdu við í verslunum Vodafone og nældu þér í farsíma á frábæru verði. Hið stórskemmtilega spil, Partý Alias, fylgir völdum símatilboðum.
Partý ALIAS
0 kr. út
4.166 kr. á mán. í 12 mán. Partý Alias spilið*, mánaðaráskrift af Tónlist.is og Best of Bang Gang fylgir
Almennt verð: 49.990 kr.
LG Optimus One
0 kr. út
2.499 kr. á mán. í 12 mán. Partý Alias spilið fylgir*.
Almennt verð: 29.990 kr.
Nokia X3
0 kr. út
2.083 kr. á mán. í 12 mán. Partý Alias spilið fylgir*.
Almennt verð: 24.990 kr.
Vodafone 845
*Gildir á meðan birgðir endast.
power to you
vodafone.is





**HERTAR REGLUR** Þó að verið sé að merkja eða auglýsa vöru sem almennt þykir holl þurfa allar heilsufullyrðingar að vera á lista Evrópusambandsins yfir leyfðar fullyrðingar. Þar er eitt af skilyrðunum að þær byggi á viðurkenndum rannsóknarniðurstöðum. Auglýsingar og merkingar mega heldur ekki vísa í breytingar á líkamsstarfsemi með texta, myndefni eða táknum eins og til dæmis hjartalaga matarskálum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fullyrðingar sem standast ekki lög

Fullyrðingar um að tilteknar matvörur séu hollar, hafi ákveðna virkni eða lækningamátt er víða að finna. Þær eru margar ólöglegar en dæmi eru um að menn komist upp með þær í lengri tíma með tilheyrandi gróða. *Vera Einarsdóttir* kynnti sér málið.

Heilsufullyrðingar tengdar næringu og matvælum er víðs vegar að finna á íslenskum markaði. Ætla mætti að þær hefðu allar hlotið náð fyrir augum eftirlitsaðila en því fer fjarri og talsvert er um ólöglegar fullyrðingar sem ekki eiga við rök að styðjast. Sumt virðist saklaust og eflaust fer það framhjá mörgum að um ólöglegar merkingar og fullyrðingar er að ræða en dæmin eru mörg.

„Fullyrðing um að brún hrísgrjón frá Uncle Ben‘s séu góð fyrir hjartað er til að mynda ekki leyfileg og ekki er leyfilegt að auglýsa morgunkorn í hjartalaga skál enda gefur það sams konar virkni til kynna. Þá er ekki leyfilegt að gefa til kynna að fólk geti skroppið saman um margar fatastærðir með því að borða tiltekinn mat,“ segir Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

### Ný reglugerð tók gildi í apríl

Evrópusambandið gaf út reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli í desember 2006 og tók hún gildi 1. júlí árið 2007. „Þar með voru fyrstu samræmdu reglurnar um notkun fullyrðinga í aðildarlöndunum settar,“ segir Ingibjörg. Reglugerðin kveður á um að allar þær heilsu- og næringarfullyrðingar sem séu notaðar í merkingum, kynningum eða auglýsingum þurfi að vera til á samræmdum lista Evrópusambandsins. Reglugerðin tók gildi á Íslandi 28. apríl síðastliðinn en framleiðendur og innflytjendur hafa tólf mánaða frest til að uppfylla ákvæði hennar og rennur hann út 28. apríl á næsta ári.

### Fáar fullyrðingar leyfðar

Enn sem komið er eru örfáar fullyrðingar leyfðar á lista Evrópusambandsins. Þær skiptast í þrjá flokka; í fullyrðingar sem snúa að börnum, fullyrðingar sem snúa að sjúkdómum og almennar heilsufullyrðingar. Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur hins vegar í kringum 44 þúsund heilsufullyrðingar til umfjöllunar og gefur Evrópusambandinu álit sem það síðan notar til hliðsjónar við gerð listans. „Við erum að bíða eftir því að listinn í heild sinni verði tilbúinn til að geta innleitt reglugerðina til fulls en fram að því er hálfgert millibilsástand,“ segir Helga Pálsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, en stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í landinu. „Mér sýnist þó á öllu að þetta ætli að verða mjög strangt og flestu er hafnað.“

„Samkvæmt reglugerðinni verða næringar- og heilsufullyrðingar meðal annars að vera skýrar og nákvæmar og byggja á vísindalega viðurkenndum heimildum. Þær mega ekki vera rangar, tvíræðar eða villandi, hvetja til óhóflegrar neyslu matvæla, gefa í skyn að nægilegt magn næringarefna fáist ekki úr rétt samsettri fæðu og vísa til breytingar í líkamsstarfsemi með texta, myndefni, teikningum eða táknum. Þegar heilsufullyrðing fæst samþykkt og er sett á vöru þarf enn fremur að taka fram mikilvægi fjölbreyttrar fæðu og heilbrigðs lífernis, það magn matvæla og lífsmynstur sem þarf til að fá fram þau jákvæðu áhrif sem fullyrt er um og upplýsingar um einstaklinga sem ættu að forðast matvælin,“ útskýrir Ingibjörg. „Ef við lítum í kringum okkur er ljóst að víða er pottur brotinn í þessum efnum,“ bætir hún við.

### Eftirlit

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa eftirlit með framleiðendum hvert í sínu umdæmi í umboði Matvælastofnunar. Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, segir að eftirlitið hafi afskipti af fjölmörgum aðilum á hverju ári. „Í því millibilsástandi sem ríkir þar til frestur til að uppfylla ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins rennur út styðjumst við við fimmtu grein reglugerðar um merkingar matvæla frá árinu 2005, sem meðal annars kveður á um að merking skuli ekki vera blekkjandi og að ekki megi eigna matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja eða vinna á sjúkdómum manna eða hafa lækningarmátt. Eins er unnið eftir 11. grein matvælalaga frá árinu 1995,“ segir Óskar. Hún kveður meðal annars á um að óheimilt sé að dreifa matvælum þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar eðli eða áhrif. „Ef við verðum þess áskynja að verið sé að brjóta þessi lög grípum við til aðgerða. Við þurfum hins vegar líka að taka mið af stjórnsýslulögum og beita alltaf vægustu mögulegu úrræðum til að ná árangri. Ef vara ógnar ekki beinlínis heilsu fólks fá fyrirtækin frest til að lagfæra merkingarnar en sé því ekki fylgt eftir er gripið til frekari aðgerða og dreifing vörunnar stöðvuð.“



**VONGÓÐ** Ingibjörg vonar að ný reglugerð Evrópusambandsins verði til góðs.

### Framleiðendur sem ganga of langt

Nýlegt dæmi um slíkar aðgerðir eru gegn fyrirtækinu My Secret sem framleiðir engiferdrykk sem var lengi vel sagður virka vel á alls kyns kvilla; gigt, astma, mígreni, tíðaverk, flensu, húðvandamál og bólgur svo dæmi séu nefnd. Framleiðandinn var skráður í umdæmi Heilbrigðiseftirlitsins í Hafnarfirði og Kópavogi, sem fór fram á úrbætur. Þegar þeim var ekki sinnt var dreifingin stöðvuð, sem varð til þess að framleiðandinn lét merkja vörurnar upp á nýtt. „Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði síðan athugasemd við engiferdrykk í Bónus þar sem heilsufullyrðingar voru settar fram og hefur merkingunum verið breytt,“ segir Óskar.

Ingibjörg ritaði nokkuð harðorða grein í Morgunblaðið 20. október síðastliðinn þar sem hún fjallaði meðal annars um umrædda engiferdrykki og ísbúð sem auglýsti jógúrtís sem var sagður lækka kólesteról. Þá minntist hún á aðra ísbúð sem auglýsti mjólkurhristing sem væri góður fyrir sjónina. Hún óskaði eftir svörum frá Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlitinu á því hver bæri ábyrgð á því að reglugerð Evrópusambandsins væri framfylgt. Hún segir ánægjulegt að gripið hafi verið í taumana. „Það er verið að vinna í þessu af fullum krafti og virðist bæði áhugi og vilji til staðar.“

Blaðamaður fór hins vegar á stúfana og gat ekki betur séð en að bláberjamjólkurhristingur sem var auglýstur í Ísbúð Garðabæjar á Garðatorgi ætti bæði að vera góður fyrir heilann og sjónina og þá hangir My Secret-skilti með fjölmörgum heilsufullyrðingum ennþá uppi fyrir ofan sérstakan My Secret-kæli í Hagkaup í Garðabæ. Ingibjörg bindur vonir við að þegar frestur til að uppfylla skilyrði reglugerðar Evrópubandalagsins renni út fái slíkar fullyrðingar ekki að viðgangast. „Það er bara verst hvað menn komast stundum upp með að græða lengi áður en gripið er inn í.“

## FÁAR HEILSUFULLYRÐINGAR FÁ SAMÞYKKI EVRÓPUSAMBANDSINS

### Leyft og hafnað

Á lista Evrópusambandsins eru fjórar fullyrðingar leyfðar á lista yfir heilsufullyrðingar sem snúa að sjúkdómum. Þrjár fjalla um plöntuefni sem hefur verið sýnt fram á að geti lækkað kólesteról í ákveðnu magni og ein um tyggigúmmí sem er sætt með 100 prósent xylitoli. Ef við tökum síðastnefndu fullyrðinguna sem dæmi má setja það á umbúðir, merkingar og í auglýsingar að sýnt hafi verið fram á að 100 prósent xylitol dragi úr tannskemmdum. Hins vegar þarf þá einnig að taka það fram að til að ná tilætluðum árangri þurfi að neyta 2-3 g af tyggigúmmíi með 100 prósent xylitoli að minnsta kosti þrisvar sinnum á dag eftir máltíðir.




Á listanum yfir bannaðar heilsufullyrðingar sem snúa að börnum hefur 29 fullyrðingum enn sem komið er verið hafnað. Ein snýr að mjólk og osti. Fullyrðingin sem óskað var eftir að fengist samþykkt var sú að mjólkurvörur stuðluðu að tannheilbrigði barna. Fullyrðingunni var meðal annars hafnað vegna þess að ekki hefur tekist að sýna fram á beint orsakasamband á milli þess að borða mjólkurvörur og fullyrðingarinnar sem um ræðir.

### Hæpið að segja kókosolíu hollari

Kókosolía er dæmi um vöru sem er víða auglýst sem mikil heilsubót og er jafnvel sögð grennandi. Alfons Ramel, næringarfræðingur hjá Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands, segir þetta ekki alls kostar rétt. „Í fyrsta lagi er ekki rétt að kalla kókosfitu olíu enda er hún ekki í fljótandi formi. Samsetning hennar er reyndar aðeins mismunandi en yfirleitt er þetta mjög hörð fita.“




Alfons segir fitutegundir hafa mismunandi samsetningu sem hafi áhrif á það hvort fitan sé hörð eða mjúk. „Rannsóknir benda til þess að fitusýrur sem eru stuttar eða miðlungslangar hafi öðruvísi efnaskipti og sumt bendir til að þær séu grennandi. Í kókosolíu er hlutfall fitusýra af þessari gerð um tíu prósent. Út frá því er fullyrt að hún sé hollari. Í henni eru hins vegar um nítíu prósent af venjulegum fitusýrum og er fullyrðingin því hæpin, auk þess sem gera þyrfti viðurkennda rannsókn til að mega halda slíku fram. Fullyrðingin þyrfti auk þess að vera á lista Evrópusambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar.“

## ÓLÖGMÆTAR FULLYRÐINGAR



**Merkingum breytt**
Fyrirtækið My Secret hefur þurft að merkja drykkina sína upp á nýtt en framan af voru þeir sagðir hafa góð áhrif á ýmsa kvilla.



**Stangast á við reglugerð ESB**
Í ísbúðinni í Garðabæ er fullyrt að bláberjamjólkurhristingur sem þar fæst sé góður fyrir heilann og sjónina.



**Gamalgrónar fullyrðingar**
Fullyrðingar á maltflöskum eru í raun bannaðar. Egill Skallagrímsson hefur frest til 28. apríl 2011 til að merkja flöskurnar upp á nýtt. Á flöskunni stendur: Nærandi og styrkjandi. Gefur hraustlegt og gott útlit. Bætir meltinguna.

# Hafðu *samband* við okkur til að sjá hvar þú *stendur.*

Ríkisstjórnin skrifaði í gær undir viljayfirlýsingu ásamt lífeyrissjóðum og lánastofnunum um aðgerðir vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna. *Hvað þýðir það fyrir þig?*

- Starfsfólk Arion banka hvetur viðskiptavini sína til þess að kynna sér þær lausnir sem nú standa til boða.

- Ef þú hefur nú þegar nýtt þér þær lausnir sem við buðum upp á en telur þig eiga meiri rétt, þá skaltu hafa samband. Þú átt alltaf rétt á því að fara þá leið sem kemur þér betur.

Til að koma til móts við viðskiptavini okkar í greiðsluvanda höfum við opnað ráðgjafarþjónustu í skuldamálum einstaklinga. Þar eru helstu sérfræðingar okkar í sértækri skuldaaðlögun.

Arion banki hefur lagt mikla áherslu á að vera leiðandi í lausnum fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Nú þegar hefur starfsfólk Arion banka aðstoðað um 14.000 viðskiptavini. Á næstu mánuðum munum við hringja í þá viðskiptavini sem eiga í verulegum greiðsluvanda.

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í þjónustuver okkar í síma 444 7000 eða hafðu samband við Ráðgjafarþjónustu Arion banka við Garðatorg 5 í Garðabæ.



Okkar markmið er að allir sem við getum hjálpað hafi fengið lausn sinna mála innan nokkurra mánuða.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 52655 12/10

netto
*gleðjumst saman um jólin*




ÁFRAM AFRÍKA
PÁLL STEFÁNSSON
**4.794kr**




ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**3.829kr**




STELPUROKK
BRYNDÍS JÓNA MAGNÚSDÓTTIR
**2.394kr**




STELPUR
KRISTÍN OG ÞÓRA TÓMASDÆTUR
**2.994kr**






MAÐURINN SEM…
HJORTH ROSENFELDT
**3.806kr**




SVÍVIRÐA
LOTTE & SÖREN
**3.578kr**




AÞENA
MARGRÉT ÖRÓLFSDÓTTIR
**2.746kr**




SNJÓBLINDA
RAGNAR JÓNASSON
**3.642kr**

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær




ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR
PÉTUR GUÐJÓNSSON
1.973kr




GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR
HALLA GUNARSDÓTTIR
4.024kr







PARTÝALIAS
ORÐSKÝRINGASPIL
5.998kr




ÁRNI MATT
ÞÓRHALLUR JÓSEPSSON
4.219kr




HRINGNUM LOKAÐ
MICHAEL RIDPATH
3.414kr




FYRIRGEFNING
LILJA SIGURÐARDÓTTIR
3.522kr




EINFALT MEÐ
KOKKALANDSLIÐINU
2.919kr




Í RÍKI ÓTTANS
MAGNÚS BJARNFREÐSSON
2.912kr




ÞAÐ REDDAST
INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR
3.887kr

GILDIR 3. – 5. DES.



**ENDURUNNIÐ ÁL** Fyrir hvert tonn af áli sem framleitt er á Íslandi liggja 1,2 til þrjú tonn af rauðri leðju eftir einhvers staðar í heiminum. Þar hafa líka verið notuð 60 til 140 kíló af vítissóda og tvö til tíu tonn af vatni. Rauða leðjan komst í fréttirnar þegar hún flæddi yfir nokkur þorp í Ungverjalandi. Álverið á Reyðarfirði getur framleitt um 350 þúsund tonn af áli á ári. Á þessu ári verða til 400 þúsund til milljón tonn af rauðri leðju, bara vegna framleiðslu á Reyðarfirði. Endurunnið ál er jafngott og nýtt, og því fylgir engin mengun af þessari stærðargráðu. Eitt tonn af áli í endurvinnslu útheimtir auk þess aðeins fimm prósent af orkunni sem þarf í frumvinnslu sama magns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Langar í ódýra geit í jólagjöf

Orsakir umhverfisvandamála eru flókið samspil margra þátta. *Svavar Hávarðsson* og *Jónas Unnarsson* komust að því að það getur skipt máli að kynna sér söguna á bak við kornflögur jafnt sem gull. Og að það skiptir máli að hunang geymist í margar aldir.

Þeir eru sjálfsagt ekki margir sem hafa sett fallega geit eða góðan brunn á jólagjafalistann sinn þetta árið. Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur er þó einn þeirra. Hann hefur um árabil rekið fyrirtækið Environice í Borgarnesi sem veitir ráðgjöf um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Þar er haft að leiðarljósi að umhverfismál snúast ekki einvörðungu um tæknilegar lausnir, heldur ekki síður um hugarfar og aðra mannlega þætti.

Nú þegar neyslubrjálæði jólamánaðarins stigmagnast er ekki úr vegi að hafa hugfast að þær ákvarðanir sem við tökum á næstunni hafa víðtækari áhrif en margur heldur.

## Búðarferð á hjólbörum

Stefán er öflugur bloggari og, eins og hjá fleirum slíkum, er hægt að komast nálægt manninum við lesturinn. Hann segist til dæmis vera spéhræddur mjög og rökstyður það með dæmisögu. Hann viðurkennir nefnilega að heimilisbíllinn verði fyrir valinu þegar til standi að kaupa meira inn til heimilisins en þægilegt er að bera, þrátt fyrir að fjarlægðin frá heimili að næstu verslun sé aðeins fimm mínútna gangur. Þetta hljóti að vera mótsögn þar sem hann hefur það að atvinnu að veita umhverfisráðgjöf.

„Það vill svo vel til að ég á ágætar hjólbörur hérna úti í garði, sem ég gæti auðveldlega tekið með mér þennan spotta í búðina. Og í hjólbörunum gæti ég auðveldlega flutt heim svo sem 20-50 kíló af vörum. Eftir að hafa skoðað hug minn vel verð ég bara að viðurkenna að mér finnst of hallærislegt að fara með hjólbörur í búðina. Ekkert annað en spéhræðslan fær mig til að velja bílinn frekar,“ skrifar Stefán. „Eftir að hafa komist að þessari fremur skammarlegu niðurstöðu velti ég því fyrir mér hvort ég sé einn um þessa spéhræðslu, eða hvort einhverjir fleiri séu svo veikir fyrir að þeir láti óttann við viðhorf annarra koma í veg fyrir umhverfisvænni hegðun? Hvað haldið þið?“ Lærdómurinn af þessari færslu er kannski að það er nauðsynlegt að hugsa út fyrir rammann?

## Greiðum atkvæði dag hvern

„Í hvert sinn sem við kaupum eitthvað eða kaupum ekki eitthvað, höfum við áhrif á umhverfi, heilsu og samfélag, ekki bara okkar eigin heldur líka umhverfi, heilsu og samfélag margra annarra. Í hvert sinn sem við kaupum eitthvað eða kaupum ekki eitthvað, greiðum við atkvæði, annað hvort með eða móti betri heimi. Svo virðist sem umhverfisvitundin, sem býr í hugum okkar flestra, verði oftast eftir heima þegar við förum út úr dyrunum,“ segir Stefán. Þarna vitnar hann til þess að margir virðast hugsa um umhverfi sitt inni á heimilinu sem birtist með ýmsum hætti. Hins vegar virðast þeir hinir sömu hafa misst umhverfisvitundina þegar í verslun er komið.

„Fólk virðist hugsa um umhverfið þegar það þvær og þurrkar fötin sín, en þegar til dæmis í fataverslun er komið er eins og allar umhverfis- og heilsupælingar hafi gufað upp. Tökum bómullarflík sem dæmi. Hráefnið er kannski upprunnið úr einhverjum héruðum í Indlandi, eða kannski frá Benín þar sem eiturefni á bómullarökrum verða tugum manns að aldurtila á hverju ári. Sérhver hlutur á sér sögu. Umhverfisáhrif hlutarins felast ef til vill aðeins að litlu leyti í notkun hans og því hvort hann fer í endurvinnslu eftir notkun eður ei. Úrgangsstigið er bara síðasti kafli sögunnar, sambærilegur banalegu í ævi venjulegs manns. Væri ævisagan ekki snautleg ef hún væri bara um banaleguna. Ég hef lengi velt því fyrir mér hvernig er hægt að hafa áhrif á hegðun fólks til að gera hana umhverfisvænni. Það er nefnilega ekki nóg að fólk temji sér umhverfisvæn viðhorf ef það endurspeglast ekki í athöfnum þess.”

## Hakk er ekki bara hakk

Stefán hefur reynt það á eigin skinni að erfitt er að fá upplýsingar um vörur í íslenskum matvöruverslunum. Það er bagalegt þar sem hvert okkar þarf að taka ákvarðanir í milljónatali yfir árið við dagleg innkaup.

„Ef manni er ekki sama hvernig varan í búðinni er fengin eða hvernig hún verður til, þá á maður að spyrja. Það getur vel verið að enga aðra vöru sé að fá en maður á að skilja þessa hugsun eftir í búðinni. Því ef nógu oft er spurt þá er líklegra að svar fáist. Ég hef sjálfur gert tilraun í verslun þar sem hreindýrakjöt fékkst fyrir jól. Mér lék forvitni á að vita hvort kjötið væri íslenskt, en þetta ár hafði verið flutt inn kjöt frá Grænlandi. Spurning mín var frá hvaða landi hreindýrakjötið væri. Svarið var: Ég held að það sé frá Borgarnes kjötvörur. Þegar spurningin var endurtekin en áréttað að hún snerist um upprunaland dýrsins, var svarið: Ég held að þeir fái það frá Franskt íslenskt eldhús. En þó að svarið sé gagnslaust þá á maður samt að spyrja. Ef innkaupastjórinn heyrir aldrei af spurningum eins og þessum þá breytist ekkert.“

### Jólagjafir á ferðalagi




*Með smithættu er hér vísað til hættunnar á að með innfluttum trjám berist lífverur sem ekki eru fyrir hérlendis og eru líklegar til að skaða íslenska náttúru eða hagkerfi. Þannig er t.d. talið að sitkalús hafi fyrst borist hingað til lands með innfluttum jólatrjám.

Stefán bendir á að verðlag hafi alltaf mest áhrif á val tiltekinnar matvöru. Hins vegar er það ekki einhlítt að verð og hagkvæmni fari alltaf saman. Ódýrari vörur eru oft endingarminni og lágt verð getur haft sínar skýringar. „Það er gott að hafa það hugfast að ræktunaraðferðin skiptir máli, notkun áburðar og eiturefna. Eins hver uppruni vörunnar er. Almennt gildir að því nær sem varan er framleidd því betra frá umhverfislegu - og félaglegu sjónarmiði. Hverjar eru til dæmis vinnuaðstæður fólksins sem ræktaði vöruna? Þrælahald lifir góðu lífi í nútímanum og því má ekki gleyma.“

Í nýlegum fyrirlestri Stefáns á vegum Náttúrustofu Vesturlands gerði hann morgunverð okkar að umtalsefni. Það er rétt. Margir hugleiða það ekki í morgunsárið að kornflögurnar hafa markað sín spor á leiðinni til okkar. Sama á við ef skinkan er dönsk og osturinn frá frændum vorum Dönum. Ferðalag þessarar algengu matvöru telur þúsundir kílómetra, en hægt er að stytta þá leið um 99 prósent ef valið er íslenskt. Eru þá samfélagsleg áhrif og atvinna sett út fyrir svigann.

## Sóunin gríðarleg

Stefán bendir á að sóun matvæla á heimsvísu er gríðarleg. Bretar hafa reiknað út að 8,3 milljónir tonna af matvælum fari forgörðum þar á ári hverju. Sé sóun Bandaríkjamanna reiknuð inn í dæmið kemur út stjarnfræðilega há tala og hægt að setja ýmsa mælikvarða á hvað það þýðir. „Kannski segir það okkur mest að matvælin sem þessar tvær þjóðir sóa á hverju ári duga til að brauðfæða alla jarðarbúa í þrjú ár. Vandamálið við að gefa fólki að borða er ekki fæðuskortur heldur kerfislægt vandamál.“

Matvælum er hent í gríðarlegu magni fyrir margra hluta sakir. Gríðarlegu magni er til dæmis hent vegna vankunnáttu eða ótta fólks við dagsetningar, það er að segja merkingar um síðasta söludag/neysludag sem gefa það til kynna að maturinn sé runninn út á tíma og þess vegna ónýtur. „Almenningur beitir ekki heilbrigðri skynsemi. Auðvitað er miklu betra að treysta eigin augum og nefi til að meta hvort matur sé neysluhæfur. Ég held að allir kannist við dæmi um mat sem er hent hugsunarlaust vegna þessara merkinga. Sumir henda jafnvel afgöngum af veislumat, sem er mikil synd. Í hvert sinn sem við tökum ákvörðun sem þessar þarf að ganga frekar á náttúruna með aukinni framleiðslu. En það er kannski það sem iðnaðurinn vill.“

Má hér skjóta inn í að hunang er gjarnan merkt með áletruninni „best fyrir“ eins og allt annað. Það breytir því þó ekki að hunang geymist í nokkrar aldir. En hver tekur tveggja ára gamla hunangsdós og notar vöruna með góðri samvisku?

## Gleðileg jól, ástin mín!

„Það er ekki alltaf skemmtilegt að þurfa benda á það augljósa“, segir Stefán. „Sá sem gefur fallegan gullhring þessi jólin er örugglega ekki upptekinn af þeirri staðreynd að gullvinnslan fyrir þennan fallega og persónulega skartgrip skildi eftir sig allt að tuttugu tonnum af námuúrgangi. Gullvinnsla er meðal þeirra atvinnugreina heimsins sem menga mest, framhjá því verður ekki horft.“

Við gerum vel við okkur í mat og drykk á jólunum. Við viljum líka gleðja okkar nánustu með fallegri gjöf. Þetta tvennt er okkur ofarlega

FRAMHALD Á SÍÐU 36

# Hágæða ofnar á áður óþekktu verði

**MÚRBÚÐARVERÐ**




**VOTTUÐ GÆÐAVARA**

## Panelofn 50x120 cm

# 12.390

### EURO panelofnar

| | |
|---|---|
| 50x60cm Hvítur PK-11 | 4.490,- |
| 50x80cm Hvítur PK-11 | 4.890,- |
| 50x100cm Hvítur PK-11 | 6.190,- |
| 50x120cm Hvítur PK-11 | 7.490,- |
| 60x60cm Hvítur PK-11 | 4.690,- |
| 60x80cm Hvítur PK-11 | 5.990,- |
| 60x100cm Hvítur PK-11 | 7.590,- |
| 60x120cm Hvítur PK-11 | 9.190,- |
| 50x60cm Hvítur PKP-21 | 6.490,- |
| 50x80cm Hvítur PKP-21 | 7.990,- |
| 50x120cm Hvítur PKP-21 | 12.390,- |
| 50x160cm Hvítur PKP-21 | 15.690,- |

Enn fleiri stærðir fánlegar



## EURO handklæðaofn 50x80 cm Oval Króm

# 13.490

### EURO handklæðaofnar

| | |
|---|---|
| 40x70cm Beinn Hvítur | 5.890,- |
| 50x80cm Beinn Hvítur | 7.290,- |
| 50x120cm Beinn Hvítur | 10.290,- |
| 60x140cm Beinn Hvítur | 12.290,- |
| 40x70cm Beinn Króm | 11.190,- |
| 50x80cm Beinn Króm | 12.390,- |
| 50x120cm Beinn Króm | 17.590,- |
| 60x140cm Beinn Króm | 17.890,- |
| 50x80cm Oval Hvítur | 7.490,- |
| 50x120cm Oval Hvítur | 10.590,- |
| 60x140cm Oval Hvítur | 12.590,- |
| 50x80cm Oval Króm | 13.490,- |
| 50x120cm Oval Króm | 17.990,- |
| 60x140cm Oval Króm | 18.190,- |



AGI-167-1B
**NAPOLI hitastýrt sturtusett**

## 29.900



AGI-167-1B
**Sturtuhorn 80x80 cm með botni og vatnslás**

## 27.900

AGI-5003-90
**90x90 cm með botni og vatnslás**

## 28.900



FK-KK33033
**MARTINELLI Handklæðahengi**

## 2.195



FK-KK33035A
**MARTINELLI WC-rúlluhaldari**

## 1.995




VIT-5302L003-0001
**VITRA S50 handlaug 60 cm**

## 4.790



AGI-160
**NAPOLI hitastýrð blöndunar-tæki f. baðkar**

## 13.995



AGI-5032-1-80
**Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli**

## 48.900

AGI-5032-1-90
**90x90x195cm**

## 52.900



**NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu með stút niður**

AGI-167-1

## 11.900

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Reykjanesbæ** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík - Flúðum - Vestmannaeyjum***

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**




FRAMHALD AF SÍÐU 34

í huga í desember, en til að gera þetta að veruleika þurfum við að leita vöruna uppi og taka ákvörðun um hvernig hún fellur að okkar smekk. Þegar við borgum greiðum við atkvæði með eða á móti náttúrunni, ef sterkt er tekið til orða.

„Í mörgum tilfellum hefur maður val. Tækifærin eru fjölmörg, þó hér á Íslandi sé val á gjafavöru skilyrðum háð,“ segir Stefán. „Það eru framleidd falleg leikföng hér á landi, ef menn vilja leggja sig eftir því að finna þau. En það er einfaldara að finna lausnir við að velja gjafir fyrir fullorðna. Dóttir mín hringdi frá Svíþjóð á dögunum og spurði hvað ég vildi fá í jólagjöf. Ég nefndi þrennt. Pólóbol, brunn eða geit.“

Þegar gengið er á Stefán hverju þetta sæti útskýrir hann að nefnd dóttir hans gaf honum brunn í fyrra og hann langar í annan. „Það er hægt að kaupa gjafabréf frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna [UNICEF] fyrir einum brunni. Upphæðin, sem er mjög viðráðanleg, dugir til þess að sjá fjölda fólks fyrir hreinu vatni, sem annars þekkir ekki þau lífsgæði. Lífsgæði sem við teljum svo sjálfsögð að við hugsum ekki um þau frá degi til dags. Sama á við um geitina. Hún getur byggt undir heila fjölskyldu og skilið á milli lífs og dauða.“

### Hjálpin er nærri

Allar vörur hafa áhrif á umhverfið, samfélagið og efnahag. Þess vegna skiptir hver einasta ákvörðun um innkaup okkar máli. Umhverfismerki eru einföld tæki til að hjálpa okkur við að velja þær vörur sem sameina best gæði og hófleg umhverfisáhrif.

„Þetta á ekki síður við ef okkur er ekki sama um fólkið sem framleiddi vöruna. Sala á réttlætismerktum varningi á heimsvísu jókst um rúm 40 prósent milli áranna 2005 og 2006. Á síðasta ári keyptu evrópskir neytendur slíkar vörur fyrir hátt í 200 milljarða íslenskra króna. Þessi viðskipti áttu beinan þátt í að bæta lífsskilyrði 1,5 milljóna framleiðenda og verkamanna víða um heim. Ekki spillir fyrir að um leið er verið að koma undir sig fótunum á eigin forsendum.“

### Eymd annarra

Segja að kjarni málsins sé falinn í bómullarbolnum þínum, kæri lesandi. Hann kom ekki til af sjálfu sér heldur á sér sögu eins og allt annað. „Aðbúnaður verkafólks við ræktun og úrvinnslu á bómull er víða hræðilegur. Þar er fólk látið úða akrana með eiturefnum sem löngu er búið að banna á Vesturlöndum og þar sem börn og fullorðnir sulla daglangt í eitri og sýru til að bómullin fái réttan lit og rétta áferð fyrir vandláta Vesturlandabúa. Hlífðarbúnaður er enginn, vinnutíminn óhóflegur og launin hér um bil ekki nein. Og krabbameinstilfellum á svæðinu fjölgar svo ört að ekki hefst undan að byggja ný krabbameinssjúkrahús. Og svo er framleiðslan keypt af vestrænum fyrirtækjum með sínar siðareglur. Velferð okkar er að allt of stórum hluta byggð á eymd annarra - og auðvitað eigum við ekki að láta sem ekkert sé. Allt sem við þurfum er vitundarvakning; að viðurkenna þá staðreynd að við berum ábyrgð og gleyma því ekki næst þegar við leggjum leið okkar í verslun,“ segir Stefán að lokum.

## Vistspor valinna landa




Vistsporið er að meðaltali 2,7 ha/mann í heiminum öllum, en líffræðileg geta jarðarinnar er áætluð 1,8 ha/mann. Þetta þýðir í raun að við notum 2,7/1,8 = 1,5 jarðir eins og staðan er í dag.

Samkvæmt útreikningum Global Footprint Network voru jarðarbúar búnir að nota upp afrakstur ársins 21. ágúst síðastliðinn og hafa síðan þá verið að ganga á höfuðstólinn.

Eins og ráða má af skýringarmyndinni kæmumst við af með eina jörð ef allir lifðu eins og íbúar Gvatemala. Ef allir hefðu það hins vegar eins og Norðmenn þyrftum við þrjár jarðir.

Global Footprint Network reiknar ekki út vistspor Íslendinga, sem er þó á stærð við vistspor þeirra landa sem við berum okkur saman við eða stærra.

## Þetta borðar hver Bandaríkjamaður á ári




## Sóun matvæla á ævi 75 ára gamals Bandaríkjamanns




- Áætlað að hérlendis sé árlega hent matvælum fyrir um 3,4 milljarða króna
- Þetta eru líklega 6-8% af öllum matvælum sem keypt eru
- Hugsanlega er þetta vanáætlað!

| | |
|---|---|
| Kornvara: | 1,8 tonn |
| Ávextir/Grænmeti: | 3,4 tonn |
| Kjöt og fiskur: | 1,1 tonn |
| Mjólkurvörur: | 2,3 tonn |
| Sykurvörur: | 1,5 tonn |
| Feitivörur: | 1,1 tonn |
| Alls: | 11,2 tonn |

## Stuttermabolur á sér sögu

### RÆKTUN



- 20 milljón tonna framleiðsla á ári.
- Bændur nota 10% af ársnotkun á skordýra- og illgresiseitri.
- Hættuleg efni fyrir börn/ margir vinnumenn á ökrum deyja af eitrun.
- Mikill skaði í vistkerfinu.
- Eitur hefur fundist í grunnvatni 7 ríkja í BNA.

### FRAMLEIÐSLA



- Við flutning til verksmiðju, við spuna þráðar og vefnað þarf orku.
- Orkan kemur mest frá jarðefnaeldsneyti.
- Í fatalit er kopar, sink og aðrir þungmálmar sem menga vatn.
- Fatameðhöndlun krefst efna sem eru afurðir kola, olíu. Eins krabbameinsvaldandi efna.
- Flestir fataframleiðendur nýta vinnuafl þar sem réttindi eru hundsuð.

### VERSLUN



- Flutningur frá verksmiðju til verslunar krefst orku (sjá ofan).
- Á bak við hvern bol er ferðalag upp á þúsundir kílómetra.

### NOTKUN



- Stærstur hluti umhverfisáhrifa fellur til við notkun.
- Mestu umhverfisáhrifin koma frá þvottahúsinu.
- Þvottaefni og pakkningar.
- Flutningur þvottaefna og framleiðsla þeirra er mjög mengandi

### FÖRGUN/ ENDURVINNSLA



- Förgun útheimtir orku.
- Endurvinnsla felst í að koma flíkinni í notkun hjá öðrum.
- Einnig við að nota efni bolsins til annarra nota.

PIPAR\TBWA • SÍA • 103102 • Ljósmyndir: RTH



# Við óskum Orkuveitu Reykjavíkur til hamingju með opnun varmastöðvar og nýja hitaveitu frá Hellisheiðarvirkjun



SUÐURVERK hf

STÁL & SUÐA

ÍSTAK



# Full búð af góðum...

Þú færð ótrúlega mikið af fallegum og flottum jólagjöfum fyrir alla,
stóra sem smáa í Intersport.



22.990

**MCKINLEY BELU W SKI JACKET**
Skíðajakki úr EXODUS útivistarefni sem er vindhelt,
með 5.000 mm vatnsheldni og góða öndunareiginleika.
Litir: Túrkis/svartur, hvítur/svartur. Dömustærðir.




24.990

**MCKINLEY EARL M SKI JACKET**
Skíðajakki úr teygjanlegu EXODUS sofshell-efni
með góðri öndun. Herrastærðir.



11.990

**TECHNO PRO SAFINE**
Skíðahjálmur. Dömustærðir.



6.990

**MCKINEY BASIC LAYER ONE**
Nærfatasett, síðermabolur og síðar nærbuxur.
Dömustærðir.



1.690

**MCKINLEY KNIT WINDBLOCKER**
Húfa með eyrnabandi úr flís.
Litir: Svört, blá, bleik.



990

**MCKINLEY FLEECE TUBE**
Flísbuff. Litir: Bleikt, svart.




15.990

**CÉBÉ SPYNER FLEX**
Skíðahjálmur. Litir: Svartur, svartur m. bleiku,
hvítur, blár. Dömu- og herrastærðir.



6.990

**CÉBÉ OTG**
Skíðagleraugu. Hægt að nota yfir venjuleg gleraugu.




1.290

**MCKINLEY SKISOCK**
Skíðasokkar. 56% ull, 24% akrýl, 18%
polyamid, 2% elastan. Barna og fullorðinsstærðir.

EXPO • www.expo.is

## 5 VERSLANIR – ALLTAF GOTT VERÐ

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
**LINDIR** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 **SELFOSSI** SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
**SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18
Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum.



# ... gjöfum fyrir jólin!

Gefðu góða gjöf sem gleður og veitir hlýju og yl í vetur.
Intersport óskar þér og þínum gleðilegra jóla!




**ALTITUDE ANVILLE JACKET**
Skíðajakki úr durAtec Extreme útivistarefni. Límdir saumar og 10.000 mm vatnsheldni. Mjög góðir öndunareiginleikar. Dömustærðir.




**ALTITUDE SPIN SOFTSHELL PANT**
Skíðabuxur úr teygjanlegu durAtec softshell-efni með 8.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Dömustærðir.




**MCKINLEY SENTO GLOVE**
Skíðahanskar.




**MCKINLEY GLEN M SKI PANT**
Skíðabuxur úr EXODUS útivistarefni sem er vindhelt, með 10.000 mm vatnsheldni og góða öndun. Herrastærðir.




**MCKINLEY JACKIE SKI JACKET**
Skíðajakki úr EXODUS útivistarefni sem er vindhelt, með 10.000 mm vatnsheldni og góða öndunareiginleika. Litir: Hvítur, svartur. Dömustærðir.




**MCKINLEY BOOT BAG**
Skíðaskótaska.




**ALTITUDE WARWICK SOFTSHELL JACKET**
Skíðajakki úr vindheldu og teygjanlegu durAtec softshell-efni með 8.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Herrastærðir.




**ALTITUDE JAMES 1/2 ZIP**
Peysa undir skíða- og snjóbrettajakka, innsta lag. Hlýtt og teygjanlegt efni með góðri öndun. Rauð og túrkisblá í dömustærðum. Rauð og svört í herrastærðum.




**ALTITUDE JAMES PANT**
Buxur undir skíða- eða snjóbrettabuxur. Hlýtt og teygjanlegt efni með góðum öndunareiginleikum. Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT

# Ástarsaga á nýrri plötu

**Valgerður Guðnadóttir** söng sig inn í hjörtu þjóðarinnar í hlutverki Maríu í Söngvaseið. Nú hefur hún gefið út sína fyrstu sólóplötu, Draumskóg, sem hún segir stórt skref og persónulegt. *Sigríður B. Tómasdóttir* hitti Valgerði á kaffihúsi árla morguns á fullveldisdaginn.



VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR Dreymir um að búa í fjölskylduhúsi eins og hún ólst upp í. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valgerður Guðnadóttir er þaulvön sviðsljósinu, hún var þekkt þegar hún var enn í Verzlunarskólanum og var valin til að syngja aðalkvenhlutverkið í West Side Story Í Þjóðleikhúsinu. Þrátt fyrir mikla reynslu segir Valgerður það öðruvísi og einstaka tilfinningu að fá fyrstu sólóplötuna í hendurnar.

„Maður verður næstum því feiminn, þetta er svo persónulegt og stórt skref," segir Valgerður, sem er afar ánægð með afraksturinn. „Hún er eiginlega sett upp eins og ástarsaga, lögin völdust þannig inn. Upphaflega langaði mig að gera plötu sem væri meira samsull af lögum sem mér þykir gaman að syngja, ég er til dæmis mjög hrifin af stríðsáratónlist og kvikmyndatónlist. En svo þrengdum við sjónarhornið og aðaláherslan varð á lög frá sjöunda og áttunda áratugnum fyrir utan eitt, Draumaprinsinn. Ég valdi lögin aðallega sjálf en þeir Þorvaldur Bjarni, Vignir Snær og Eiður Arnarson hjá Senu komu líka að lagavalinu," segir Valgerður.

Lögin eru í útsetningum fyrir strengi og gítar, textarnir á erlendu lögunum hafa verið íslenskaðir og fékk Valgerður meðal annars bróður sinn í verkið. „Hann er mikill tónlistarnörd og lunkinn textasmiður og gerði þetta mjög vel. Hann starfar reyndar sem læknir þannig að hann er aðeins utan við sitt svið í textasmíðinni," segir Valgerður.

**Samrýnd fjölskylda**

Fjölskyldan kemur með óbeinum hætti við sögu á plötunni á annan hátt. Valgerður segir lögin mörg hafa verið í uppáhaldi hjá móður sinni, Kristínu Sigmundsdóttur, sem lést fyrir nokkrum árum. „Mamma var alltaf að syngja, hún var með bjarta rödd og fallega sem hljómaði um húsið. Hún smitaði mig þannig af áhuga á tónlist og reyndar líka kvikmyndum og leikurum. Hún sagði mér oft frá leikurum og bíómyndum, þeirra heimur var oft eins og ævintýraheimur til að stíga inn í," segir Valgerður, sem enn hefur gaman af því að fara á bíó eins og hún orðar það.

„Vinkonur mínar segja stundum við mig að ég sé forn í fasi og talsmáta, enginn annar undir sextugu segist fara á bíó heldur í bíó. En það kemur kannski til af því að foreldrar mínir voru orðnir frekar gamlir þegar ég fæddist, mamma 44 og pabbi, Guðni Ingimundarson, fimmtugur. Það var bara hlustað á Rás eitt þegar ég var lítil og svo var kaffiilmur í eldhúsinu og oftast einhver heima," segir Valgerður og ljómar við minninguna um fjölskylduhúsið sem var á horni Langholtsvegar og Álfheima. Þar ólst hún upp í næsta nágrenni við Laugardalinn, sem var alls ólíkur því sem hann er í dag.

„Laugardalurinn var eins og sveit þegar ég var krakki, sveitabæir og hestar í girðingu. Það var dásamlegt að vakna á sumrin, heyra í pabba slá grasið og hlaupa beint út í garð. Á efri hæðinni bjuggu svo afi og amma í föðurætt. Þetta var ekta fjölskylduhús," segir Valgerður dreymin og bætir við að hana langi að endurtaka leikinn, búa í húsi sem rúmi sig, manninn, dæturnar þrjár og tengdamóður. „Við erum að velta þessu fyrir okkur en það mætti vera án drauganna sem voru á sveimi á Langholtsveginum," segir hún og upplýsir að afi hennar, amma og pabbi hafi öll séð meira en venjulegt fólk, verið það sem kallast skyggn, mamma hennar hafi til dæmis séð fyrir sjóslys er hún var lítil.

**Fór í söngnám í London**

Valgerður er yngst sex systkina sem fædd eru á bilinu frá 1953 til 1976. Hún segir systkinin öll listræn þó að hún hafi ein fetað þá braut og samrýnd eru þau. „Við erum eiginlega eins og klan þegar við komum öll saman, öll með börn, sum barnabörn. Þegar við komum saman er það ekki eins og venjulegar veislur heldur ættarmót. Við stöndum þétt saman og enn frekar eftir að við misstum foreldra okkar," segir Valgerður. „Mamma fékk Alzheimer þegar ég var unglingur en það ágerðist mjög þegar ég var í söngnámi í London. Hún dó fyrir þremur árum en pabbi árið 2003."

Móðir Valgerðar var Vestfirðingur í aðra ættina en norsk í hina. Í henni blundaði ferðaþrá og hún hvatti Valgerði óspart til að ferðast og fylgja hjartanu í starfsvali. „Ég held að hún hefði orðið mjög ánægð með leiðina sem ég valdi mér," segir Valgerður, sem hefur búið bæði í London og Montpellier í Frakklandi. „Ég fór í söngnám í Guildhall í London að loknum söngskólanum hér heima. Ég eignaðist dóttur úti með þáverandi sambýlismanni mínum en gat ekki hugsað mér annað en að drífa mig heim með hana því mamma og pabbi voru bæði orðin veik og svo fannst mér dálítið erfitt að vera með ungbarn í London."

Þegar heim kom árið 2002 segist Valgerður hafa verið hálf týnd. „Ég vissi eiginlega ekki hvað ég ætti af mér að gera, þegar maður hefur verið í burtu þá gleymist maður dálítið. En svo hringdi vinur minn í mig og bauð mér í prufu fyrir Sumaróperuna, þar söng ég svo í þrjú ár. Smám saman komst ég á skrið og var komin á ágætis ról þegar ég og tvær systur mínar og Rögnvaldur kærastinn minn ákváðum að láta gamlan draum rætast og fara til Frakklands til að læra frönsku. Fólki fannst við spes að rífa okkur upp, þær fengu leyfi í sinni vinnu.

**Systurnar til Frakklands**

Sú næstelsta af okkur fjórum, Soffía, átti uppkomið barn, Kristín tók með sér eina fimm ára og ég var með dóttur mína með hléum, hún var líka hér í leikskóla," segir Valgerður og rifjar brosandi upp minningar frá ógleymanlegum vetri. „Þetta gekk mjög illa í fyrstu, við kunnum mjög lítið í frönsku og gekk illa að finna íbúð. Svo kynntumst við hótelstýru sem rak skelfilega fyndið hótel sem eitt sinn hafði verið hóruhús og leit svolítið þannig út ennþá. Hún hjálpaði okkur að finna íbúð og varð svona góð vinkona okkar.

> Mig langaði aðeins til að kúpla mig frá söngnum sem vinum mínum og þeim sem hafa vit í hausnum fannst alveg fáránlegt

Svo ferðuðumst við um, drukkum í okkur Frakkland og franska menningu og lærðum frönsku, vorum reyndar orðnar alveg ágætar í henni undir lokin."

Frakklandsveturinn varð hálfgert frí frá söngnum, segir Valgerður. „Mig langaði aðeins til að kúpla mig frá söngnum, sem vinum mínum og þeim sem hafa vit í hausnum fannst alveg fáránlegt, að stinga af þegar fer að ganga vel. Þannig að nú verð ég svolítið að passa mig að fara ekki að æða af stað til útlanda," segir Valgerður og hlær.

Verkefnin fóru reyndar fljótt að berast eftir heimkomuna og svo eignaðist Valgerður tvö börn með Rögnvaldi sambýlismanni sínum með tveggja ára millibili. „Það má eiginlega segja að ég hafi verið ólétt eða með lítið barn á tímabilinu 2005 til 2008. Ég fór í frönsku og gekk vel en svo kom Söngvaseiður og eftir að ég hreppti hlutverkið var mjög mikið að gera. Ég æfði náttúrlega með tveimur krakkahópum, sem voru alveg yndislegir, en þetta var hörkuvinna." Valgerður vissi að hún væri rétta manneskjan í hlutverkið og var ekkert feimin við að sannfæra Þórhall Sigurðsson leikstjóra um það. Og hann hefur ekki séð eftir valinu því hún hlaut Grímuverðlaunin fyrir vikið.

**Á góðu skriði**

„Þetta er algjört draumahlutverk en krefjandi, ég var mjög mikið á sviðinu. Þetta var strembið en óskaplega skemmtilegt og ég fann strax að hlutverkið átti vel við mig."

Valgerður heillast af söngleikjum, lærði klassískan söng en hlutirnir hafa æxlast þannig að hún hefur haldið meira út á braut dægurtónlistar en hún kannski hélt í fyrstu.

„En ég myndi svo sem ekki geta sungið eistneska Ave Maríu, eins og ég er að fara að gera með Söngsveitinni Fílharmóníu á næstunni, ef ég hefði ekki lært klassískan söng," segir Valgerður brosandi. Hún hefur líka ýmislegt á prjónunum á næstunni. „Ég kenni söng ásamt Jóhönnu Þórhallsdóttur hjá Söngskóla Sigurðar Demetz í stórskemmtilegri deild sem heitir Þvert á stíl. Svo er ég að fara að syngja á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar og það er eitt og annað í bígerð. Mig langar til að fylgja plötunni eftir með fleiri tónleikum. Eftir áramótin kemur út önnur plata þar sem ég syng dúetta eftir Jóhann Helgason ásamt Edgari Smára, svo eitthvað sé nefnt. Ég er á góðu skriði og þá lætur maður hlutina gerast," segir Valgerður að lokum.

## UPPÁHALDSLÖG Á ÁBREIÐUPLÖTU




**Valgerður um lögin á plötunni:**

**1. Við arineld** „Heyrði útgáfu Erlu Stefánsdóttur sem gerði lagið frægt 1968 og kolféll fyrir fallegu melódíunni hans Magnúsar Eiríks."

**2. Ský á himni** „Alltaf verið hrifin af Spilverki þjóðanna og gaman að syngja það með nýjum íslenskum texta eftir Valgeir Guðjónsson."

**3. Maðurinn** (The Man with the Child in His Eyes) „Kate Bush er mikið uppáhald og ekki verra að syngja textann hans Guðna bróður."

**4. Draumaprinsinn** „Skemmtilegt að nálgast þetta snilldarlag með gítar og strengjum."

**5. Meir (More)** „Hlustaði á Ellý Vilhjálms syngja þetta í útvarpinu í eldhúsinu heima sem barn og hreifst af."

**6. Ljóð um ástina** „Annað Spilverkslag sem smellpassaði inn í konseptið og klæddi röddina mína."

**7. Orfeus og Evridís** „Þetta lag er að mínu mati eitt af fallegustu lögum Megasar."

**8. Ástarsaga** (Love Story) „Frægt kvikmyndalag sem fékk marga til að fella tár í denn og mér finnst ákaflega fallegt."

**9. Dimmar rósir** „Elskaði þetta lag þegar ég var unglingur og fannst spennandi að syngja það í frábærri strengjaútsetningu Þorvaldar Bjarna."

**10. Bláu augun þín** „Gamalt uppáhald hjá mér og eitt af allra fallegustu lögum Gunnars Þórðarsonar."

**11. Dreymdu lítinn draum um mig (Dream a Little Dream of Me)** „Fékk Guðna bróður til að semja íslenskan texta við þetta fræga lag þegar ég var sautján ára og dreymdi alltaf um að syngja það inn á plötu."



ÚRVAL BÓKA, TÓNLIST OG DVD
ALLT AÐ 55 % AFSLÁTTUR
Furðustrandir
Arnaldur Indriðason
55 %
2.590 kr.
Verð áður 5.690 kr.
Algjör Sveppi
Og dularfulla hótelherbergið
55 %
1.930 kr.
Verð áður 4.290 kr.
Baggalútur
Næstu jól
55 %
1.350 kr.
Verð áður 2.990 kr.
Eldað um veröld víða
Gordon Ramsay
Ókeypis smakk úr bókinni kl.14 í dag
55 %
2.690 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Árni Matt
Þórhallur Jósepsson
30 %
4.490 kr.
Verð áður 6.490 kr.
Íslenzkir þjóðhættir
Jónas Jónasson
Tilboð
Kaupir 2 færð 1 frítt
Rikka og töfrahringurinn á Indlandi
Hendrikka Waage
55 %
1.350 kr.
Verð áður 2.990 kr.
Þokan
Þorgrímur Þráinsson
55 %
1.790 kr.
Verð áður 3.990 kr.
Hljómfagra Ísland
Acoustic Iceland
30 %
1.990 kr.
Verð áður 2.990 kr.
Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir
30 %
4.190 kr.
Verð áður 5.890 kr.
Ein báran stök
Ólafur Haukur Símonarson
30 %
3.980 kr.
Verð áður 5.680 kr.
Svar við bréfi Helgu
Bergsteinn Birgisson
30 %
3.690 kr.
Verð áður 5.290 kr.
Birta bröt og bleik
Belinda Theriault
30 %
1.950 kr.
Verð áður 2.790 kr.
Zen og listin að viðhalda vélhjólum
Robert M. Pirzig
Kynning á bókinni kl.16 í dag
30 %
3.890 kr.
Verð áður 5.490 kr.
L7
Eyrún Ósk Jónsdóttir og Helgi Sverrisson
30 %
2.450 kr.
Verð áður 3.490 kr.
Hringaló og grýla
Steinar Berg og Brian Pilkington
Kynning kl.14 á sunnudag, Brian Pilkington teiknar með börnunum
30 %
2.290 kr.
Verð áður 3.290 kr.
* Tilboðsverð gilda til og með 5. desember 2010 eða á meðan birgðir endast
Opið til
22:00
öll kvöld
BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

# Flestir vilja ráðherra út af þingi

**Þó að margir kannist við flesta af þeim 25 frambjóðendum sem náðu kjöri á stjórnlagaþing um síðustu helgi vita ekki allir hverjar þeirra skoðanir eru á málum sem þingið er líklegt til að fjalla um. *Brjánn Jónasson* lagði nokkrar spurningar fyrir þingmennina.**

Í sumum af þeim málum sem líklegt er að stjórnlagaþing muni ræða má sjá ákveðnar línur í svörum þingmannanna 25 við spurningum Fréttablaðsins. Í öðrum málaflokkum virðast skoðanir skiptar.

Þingmennirnir voru spurðir 11 spurninga um mál sem hafa verið í umræðunni. Því til viðbótar fengu þingmennirnir tækifæri til að skrifa stuttan texta til að lýsa þeim málefnum sem þeir hyggjast beita sér fyrir á stjórnlagaþinginu.

Rétt er að hafa í huga að þau sjónarmið sem endurspeglast í svörum þinganna segja ekkert um endanlega niðurstöðu þingsins. Þá geta sjónarmið þeirra þróast í umræðum á þinginu.

Að því sögðu virðist sú skoðun nokkuð algild meðal þingmannanna 25 að kveða þurfi með skýrari hætti á um sjálfstæði dómstóla í stjórnarskránni. Alls sögðust nítján þingmenn af 25 mjög hlynntir því og enginn þeirra sagðist því andvígur.

Flestir virtust einnig sammála um að koma þar inn ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum. Alls sagðist 21 þingmaður mjög hlynntur slíku en aðeins einn sagðist því frekar andvígur.

Yfirgnæfandi meirihluti stjórnlagaþingmannanna vill að þjóðaratkvæðagreiðslum verði beitt í auknum mæli í mikilvægum málum. Aðeins tveir úr þeim hópi sem tók afstöðu til spurningarinnar voru því andvígir að jafna atkvæðavægi landsmanna í kosningum til Alþingis.

Séu þær skoðanir þingmannanna sem endurspeglast í svörum þeirra einhver vísbending um það sem líklegt er að komi út úr vinnu þingsins má telja líklegt að ráðherrar þurfi í framtíðinni að víkja sæti á Alþingi þegar þeir taka við ráðherradómi. Aðeins tveir af þingmönnunum sögðust þeirrar skoðunar að ráðherrar ættu að sitja áfram á þingi.

Önnur mál eru greinilega umdeildari meðal þingmannanna. Dæmi um það er afstaða þingmannanna til þjóðkirkjunnar, og kosningar framkvæmdavaldsins í beinni kosningu. Einnig eru skiptar skoðanir um mögulegar takmarkanir á setutíma forseta Íslands.



**ÚRSLITIN KYNNT** Niðurstöður kosninga til stjórnlagaþings voru kynntar í Laugardalshöll á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjá framhald á síðu 44

## Samantekin svör þeirra sem tóku afstöðu til spurninganna hér að neðan




## Ertu hlynnt(ur) því eða andvíg(ur) ...

**Skýringar**
- A Mjög hlynnt(ur)
- B Frekar hlynnt(ur)
- C Hlutlaus
- D Frekar mótfallin(n)
- E Mjög mótfallin(n)
- F Vil ekki svara / Tek ekki afstöðu

| | ...að atkvæðavægi landsmanna í kosningum til Alþingis verði jafnað? | ...að þjóðaratkvæðagreiðslum verði beitt í auknum mæli til að fá niðurstöðu í mikilvægum málum? | ...að ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum verði sett í stjórnarskrá? | ...að kveðið sé með skýrari hætti á um sjálfstæði dómstóla í stjórnarskrá? | ...að ráðherrar haldi sæti sínu á Alþingi? | ...að setutími forseta Íslands verði takmarkaður? | ...að málskotsréttur forseta verði afnuminn? | ...að kveðið verði á um efnahagsleg og félagsleg réttindi á borð við rétt til lágmarksframfærslu í auknum mæli í stjórnarskránni? | ...að í stjórnarskrá verði ákvæði sem heimilar framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana? | ...að ákvæði um þjóðkirkjuna verði í stjórnarskrá? | ...að framkvæmdavaldið verði kosið í beinni kosningu? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Andrés Magnússon | B | A | A | A | E | C | B | B | F | C | A |
| Ari Teitsson | B | B | A | B | B | F | E | F | F | B | D |
| Arnfríður Guðmundsdóttir | F | B | A | A | D | B | E | A | D | A | D |
| Ástrós Gunnlaugsdóttir | B | B | A | C | E | F | C | A | C | D | F |
| Dögg Harðardóttir | D | B | A | A | E | B | E | F | E | B | D |
| Eiríkur Bergmann | A | B | A | B | D | B | B | C | B | D | B |
| Erlingur Sigurðarson | A | A | A | A | E | D | D | B | F | D | F |
| Freyja Haraldsdóttir | A | A | A | A | D | C | D | A | B | D | F |
| Gísli Tryggvason | A | B | B | A | E | B | D | B | A | D | D |
| Guðmundur Gunnarsson | B | F | A | A | D | A | F | F | B | B | B |
| Illugi Jökulsson | A | A | A | A | D | B | C | A | A | E | C |
| Inga Lind Karlsdóttir | A | D | F | A | B | A | F | D | D | C | D |
| Katrín Fjeldsted | A | A | A | B | D | B | D | F | F | F | F |
| Katrín Oddsdóttir | A | A | A | A | E | B | D | A | C | E | C |
| Lýður Árnason | D | A | A | A | E | B | E | D | E | C | C |
| Ómar Ragnarsson | B | A | A | A | E | A | E | B | C | D | B |
| Pawel Bartoszek | A | C | D | B | D | C | D | E | C | D | B |
| Pétur Gunnlaugsson | A | A | A | A | D | E | E | F | E | F | B |
| Salvör Nordal | B | B | A | A | C | B | C | B | A | B | D |
| Silja Bára Ómarsdóttir | A | A | A | A | C | C | B | C | C | E | D |
| Vilhjálmur Þorsteinsson | A | B | A | A | E | C | B | B | A | E | A |
| Þorkell Helgason | F | F | F | F | F | F | F | F | F | F | F |
| Þorvaldur Gylfason | A | A | A | A | E | A | E | B | A | B | A |
| Þórhildur Þorleifsdóttir | A | A | A | A | E | A | A | F | B | F | E |
| Örn Bárður Jónsson | A | B | A | A | D | B | E | B | B | B | B |

netto
*gleðjumst saman um jólin*

# *Tvær góðar í pakkann*



**Hver er afmælisdagur þinn?**
Í stjörnuspekibókinni „Hver er ég?", eftir Gunnlaug Guðmundsson, er nákvæm persónulýsing fyrir þig og þína.

Í töflum aftast í bókinni finnur þú fæðingarárið þitt og afmælisdag. Þar eru númer á fimm köflum sem innihalda nákvæma persónulýsingu (bls.157-238).




HVER ER ÉG?
GUNNLAUGUR GUÐMUNDSSON
**4.893 kr**






**Flugferð upp á líf og dauða og ógnin undir Eyjafjöllum**

Frásögn af því sem ekki hefur áður komið fram um Eyjafjallajökulsgosið. Magnaðar lýsingar - líðan foreldranna, barnanna og dýranna. Flóttinn undan flóðum og öskuskýið ógurlega – fléttað á ótrúlega spennandi hátt við sögulegasta farþegaflug samtímans sem var árið 1982 – þegar 747 þota var um það bil að hrapa í hafið með 263 farþega um borð, eftir að hafa verið flogið inn í öskuský. Flugið var stærsta ástæða flugbannsins.

ÚTKALL
ÓTTAR SVEINSSON
**3.990 kr**

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

Verið velkomin í Nettó

**GILDIR 4. – 5. DES.**

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

## ANDRÉS MAGNÚSSON



Um mörg þjóðþrifamál virðist vera breið sátt, bæði meðal þjóðfundarins og fulltrúa stjórnlagaþings. Mig langar að nefna tvö atriði sem ekki hafa ennþá náð inn í umræðuna:
**1.** Það er til lítils að hafa þrískipt þing-, framkvæmda- og dómsvald ef einn hagsmunaaðili getur keypt upp öll áróðurstækin. Stóreignarmenn eru einn hagsmunahópur, þeir geta ekki átt alla fjölmiðlana, borgað prófkjör, styrkt stjórnmálaflokka, keypt þjónustu almannatengslafyrirtækja o.s.frv.
**2.** Það vantar ennþá allar upplýsingar um hversu stórt og alvarlegt Hrunið var. Ef það tekur heila kynslóð eða meira að byggja upp landið aftur þá verður þetta stjórnarskrá skrifuð í skugga Hruns, með tilvísun í það, hugsanlega afturvirk ákvæði.

## ARI TEITSSON



Hver fullvalda þjóð hlýtur að setja sér markmið sem horfa til nútíðar og framtíðar. Stjórnarskráin er grundvöllur laga og réttar í þjóðfélaginu og meginrammi þeirra leikreglna sem leiða að markmiðunum. Nýafstaðinn þjóðfundur hefur skerpt markmið þjóðarinnar. Sú skylda hvílir á stjórnlagaþingi að ræða þau og ná samkomulagi um hvernig þeim verði best náð með breyttri stjórnarskrá sem sé auðlesin og aðgengileg. Meðal meginviðfangsefna verða: lýðræði, dreifing valds, jafnrétti á sem flestum sviðum og eignarhald, nýting og varðveisla auðlindanna. Í ljósi atburða undanfarinna daga og vikna hlýtur að koma til skoðunar hvernig stjórnarskráin tryggir best jafnræði þegnanna við alla stjórnsýslu og val á umboðsmönnum sínum.

## ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR



Ég tel mikilvægast af öllu að það sé tryggt að stjórnarskráin gæti hagsmuna allra landsmanna, óháð kyni, aldri, búsetu, kynþætti, kynhneigð, trúarskoðun eða hverju öðru sem greinir okkur að. Við þurfum að standa vörð um auðlindirnar og tryggja að þær séu eign okkar allra. Það þarf sömuleiðis að tryggja að allir þegnar samfélagsins búi við öryggi og njóti allrar nauðsynlegrar þjónustu. Mikilvægt er að tryggja rétt allra til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Markmið stjórnarskrárinnar á að mínu mati að vera öflugt velferðarsamfélag sem byggir á virðingu fyrir einstaklingum og gildi margbreytileikans.

## ÁSTRÓS GUNNLAUGSDÓTTIR



Að mínu mati er tímabært að veita yngri kynslóðum tækifæri til að koma að mótun nýs samfélags, nýrrar undirstöðu á Íslandi. Það er mín skoðun að þær kynslóðir sem munu erfa landið og taka þátt í að byggja það upp, eigi að hafa sinn fulltrúa við mótun endurnýjaðrar stjórnarskrár. Á meðal umræðupunkta minna má nefna bætt réttindi almennings gagnvart stjórnvöldum, takmörkun á lengd þingsetu á Alþingi, skarpari þrískiptingu valdsins, beint lýðræði með þjóðaratkvæðagreiðslum um einstök mál, þjóðareign náttúruauðlinda og að orðið lýðræði verði inntak stjórnarskrárinnar.

## DÖGG HARÐARDÓTTIR



Í lögum um stjórnlagaþing eru átta atriði sem stjórnlagaþingi er falið að fjalla um. Ég tel mikilvægt að stjórnlagaþingið haldi sig við þá umfjöllun eigi því að takast að ljúka vinnu sinni á settum tíma. Ég treysti þeim hópi sem valinn hefur verið til að vinna markvisst og faglega og mun beita mér fyrir því.

## EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON



Á stjórnlagaþingi gefst einstakt tækifæri til að endurskoða frá grunni hina danskættuðu stjórnarskrá og leggja nýjan sáttagrunn undir íslenskt samfélag. Ég mun mæta til þings með opinn hug en myndi vilja ræða það að skilja betur á milli löggjafar- og framkvæmdavalds auk þess að brjóta upp stjórnmálakerfið með því að opna fyrir persónukjör í þingkosningum. Ég myndi einnig vilja beita þjóðaratkvæðagreiðslum í auknum mæli og afnema kjördæmaskiptinguna. Að auki væri spennandi að útbúa alhliða réttindaskrá fyrir borgarana til viðbótar við hefðbundin mannréttindaákvæði, til hliðar við stjórnarskrána, og jafnvel að lækka kosningaaldurinn í 16 ár.

## ERLINGUR SIGURÐARSON



Úrslit kosninganna sýna, að það yrði mjög misráðið að gera landið að einu (höfuðborgar)kjördæmi, og „persónukjör“ megnar ekki að vinna upp ágalla sem gera meirihluta það auðvelt að taka í kosningum lítið sem ekkert tillit til þess að minnihlutinn (hér landsbyggðin) fái sína fulltrúa kjörna í eðlilegu hlutfalli. Sú staðreynd að á þinginu eru aðeins þrír fulltrúar búsettir a landsbyggðinni, leggur þeim þá skyldu á herðar að lausn finnist á því að jafna atkvæðisréttinn en gefa jafnframt færi á nánara sambandi alþingismanna og kjósenda. Lausnin hlýtur að liggja í að kosið verði í senn í fleiri kjördæmum og um leið af landslista.

## FREYJA HARALDSDÓTTIR



Ég vil sjá að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands inniberi afdráttarlaus mannréttindaákvæði öllum til handa sem banna mismunun og tryggja rétt til frelsis, borgaralegra réttinda og fullrar samfélagsþátttöku. Í þessu tilliti vil ég beita mér sérstaklega fyrir því að bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki sé tiltekið nákvæmlega í stjórnarskránni, líkt og öðrum minnihlutahópum, og að mannréttindi allra barna verði fyllilega tryggð og vernduð. Þetta tel ég forsendu þess að allir geti uppfyllt sínar samfélagslegu skyldur. Samfélag verður að mínu mati aldrei heilt nema með þátttöku allra. Því tel ég sterkari lagastoð og mannréttindavernd vera hagsmunamál fyrir Ísland allt.

## GÍSLI TRYGGVASON



Auk þess að hlusta á viðhorf annarra bauð ég fram 20 ára reynslu mína af stjórnlagafræði í því skyni að jafna völd – m.a. með því að koma á stjórnlagadómstóli, auknu jafnræði við samráð handhafa opinbers valds við hagsmunaaðila og jafnari skiptingu valds milli miðstjórnar og staðbundinna fulltrúa. Ég tel afar mikilvægt að niðurstöður stjórnlagaþings verði fyrst bornar undir þjóðina – til samþykktar eða synjunar – áður en Alþingi fær þær til afgreiðslu. Þá legg ég áherslu á að ekki verði deilt um stöðu þjóðkirkjunnar eða samband við Evrópu á stjórnlagaþingi heldur verði þeim málum ráðið til lykta í þjóðaratkvæði.

## GUÐMUNDUR GUNNARSSON



Mannréttindakaflann þarf að endurskoða og setja fremstan. Valdið sé hjá fólkinu og það geti leitt mál sín til lykta eftir leiðum sem það sjálft virðir. Aðskilja löggjafar- og framkvæmdarvald og hindra að of mikið vald safnist á fáar hendur. Fækka á þingmönnum í 33, ráðherrar sitji ekki á þingi. Breyta stjórnarháttum og hefta hyglingu sérhagsmuna. Vald forsetans þarf að skýra og tryggja og rétt hans til að mynda utanþingsstjórn, takist ekki að mynda starfhæfa stjórn. Tilskilinn hluti kjósenda ásamt forseta geti vísað lagafrumvörpum til þjóðaratkvæðis. Setja ýtarleg ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar yfir auðlindum. Endurskoða þarf ákvæði um náttúruna og vernd hennar.

## ILLUGI JÖKULSSON



Eins og þið gerið ykkur grein fyrir er í sumum tilfellum lítið að marka svona stuttar og skorinorðar yfirlýsingar um skoðanir manns. Ég held ekki til stjórnlagaþingsins undir merkjum eindreginna skoðana, heldur til að ræða málin við aðra þingmenn – og vonandi við þjóðina líka. Ég læt þessar skoðanir þó vaða. Öðru hef ég ekki við að bæta að sinni, nema ég endurtek það sem ég hef þegar sagt mörgum sinnum: Mitt sérstaka áhugamál er að stjórnarskráin verði vel skrifað, innblásið plagg sem verði þjóðinni sjálfri skiljanlegt. Hún birti siðferðisgrunn samfélagsins, en ekki einungis stjórnskipunarreglur handa lagarefum að bítast um.

## INGA LIND KARLSDÓTTIR



Eitt mikilvægasta verkefni stjórnlagaþingsins verður að skoða hvernig efla megi Alþingi og þá ekki síst hvernig auka megi vægi minnihlutans á Alþingi. Einnig þarf að endurskoða forsetakafla stjórnarskrárinnar með það fyrir augum að hann verði skýrari og einfaldari. Fleiri atriði verða vitaskuld til skoðunar en við verðum að gæta þess að ofhlaða ekki stjórnarskrána með hugmyndum úr óskalistum sem ekki eiga heima í grundvallarlögum þjóðarinnar. Ég legg áherslu á að breytingar þær sem gerðar verða feli ekki í sér umbyltingu eða geri stjórnarskrána okkar umdeilda. Hún á líka að vera þannig úr garði gerð að hún sé skiljanleg hverjum manni.

## KATRÍN FJELDSTED



Mér finnst vera aðalatriði að stjórnlagaþing komist að sameiginlegri niðurstöðu sem send verði Alþingi. Eðlileg krafa um framhaldið er að um niðurstöðuna óbreytta verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla.

## KATRÍN ODDSDÓTTIR



Umhverfisvernd, útvíkkun mannréttinda, takmörkun opinbers valds og skýrari stjórnskipun eru málaflokkar sem eru mér ofarlega í huga. Mig langar þó ekki að einblína á ákveðna málaflokka heldur frekar að starfa í sameiningu með öðrum fulltrúum þingsins að gerð stjórnarskrár sem í senn verður endurnýjaður grundvallarsáttmáli þjóðarinnar, vörn gegn valdníðslu og þjóðfélagsleg framtíðarsýn okkar Íslendinga.

## LÝÐUR ÁRNASON



Málskotsréttur forseta og almennings. Aðgreining valds. Persónukjör. Auðlindir í þjóðareign. Mannréttindi allra hópa. Viðurlög við stjórnarskrárbrotum. Fullmótuð stjórnarskrá á þingtímanum sem strax verður borin undir þjóðaratkvæði.

## ÓMAR RAGNARSSON



Aukið og beinna lýðræði. Jöfnun á vægi þriggja þátta ríkisvaldsins. Ákvæði um frelsi og hagsmuni komandi kynslóða (sjálfbær þróun). Auðlindir í þjóðareign. Íhugað jafnt vægi atkvæða sem gengur ekki á rétt einstakra landshluta, t.d. með landið sem eitt kjördæmi en jafnframt 9-12 þingmenn sem komi úr einmenningskjördæmum. Vil íhuga eitt embætti forseta sem þjóðhöfðingja og oddvita ríkisstjórnar kjörinn beint af þjóðinni, þó með þingræði, sem fáist með samspili málskotsréttar og þjóðaratkvæðagreiðslna. Skerpa á ákvæðum um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana. Mikilvægt að breið samstaða ríki um tillögur þingsins. Betri sé samstaða um breytingar með mismunandi útfærslum en að naumur meirihluti ráði.

## PAWEL BARTOSZEK



Lágmarksplan er að stjórnarskráin endurspegli íslenska stjórnskipan. Ákjósanlegt væri að jafna atkvæðavægi og efla þrískiptingu ríkisvaldsins. Ég mun þó ekki síst líta á mitt hlutverk að koma í veg fyrir að stjórnarskráin fyllist af innantómum yfirlýsingum sem gleðja alla en gagnast engum.

## PÉTUR GUNNLAUGSSON



Aðal áhersluatriði mitt er að festa í lög ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur um einstök mál að kröfu kjósenda. Mannréttindaákvæðin eru nokkuð góð eins og þau eru, en það er ekki nóg að menn hafi mannréttindi í stjórnarskrá, menn verða að geta beitt þeim mannréttindum. Það þarf að tryggja að allir Íslendingar geti varið sína mannréttindahagsmuni. Það er það sem skiptir máli. Ég vil að þjóðin fái að kjósa um hvort lúterska kirkjan verði áfram þjóðkirkja, en ég vil ekki aðskilja ríki og trú.

## SALVÖR NORDAL



Í mínum huga skiptir mestu að stjórnlagaþingið fjalli um þrískiptingu valdsins með áherslu á temprun valdsins, hlutverk forseta og aukið eftirlit Alþingis með framkvæmdavaldinu. Þá verður einnig mikilvægt að fjalla um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna, auðlindir og utanríkismál. Ég mæti ekki til þessarar vinnu með fyrirframgefinn óskalista heldur með það að leiðarljósi að stjórnlagaþingið nái sátt um tímabæra endurskoðun á mikilvægum þáttum stjórnarskrárinnar. Í slíkri vinnu þurfa ákveðin siðferðileg gildi eins og ábyrgð og jafnræði að liggja til grundvallar. Þá bind ég vonir við að meðal þingmanna eigi sér stað skynsamleg og yfirveguð umræða óháð hefðbundnum íslenskum flokkadráttum.

## SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR



Ég mun leggja áherslu á að mannréttindi og mannleg reisn liggi til grundvallar stjórnarskránni og vil tryggja skýrt ákvæði um vernd samfélagslegra minnihlutahópa. Ég vil skoða hvort hægt sé að stofna mannréttindabálk, að norskri fyrirmynd, þar sem hægt er að innleiða alþjóðlega mannréttindasáttmála með stöðu stjórnarskrár. Þá vil ég að kveðið verði á um lýðræðislegt stjórnarfar, herleysi landsins og aðkomu þings að meiriháttar ákvörðunum í utanríkismálum. Ábyrg nýting náttúruauðlinda í þágu þjóðar en með tilliti til mannkyns og umhverfis verður líka eitt af mínum áherslumálum. Málskotsréttur minnihluta þingmanna, skil milli framkvæmda- og dómsvalds og jafnt vægi atkvæða eru helstu innanríkismálin.

## VILHJÁLMUR ÞORSTEINSSON



Ráðherra þarf að velja á grundvelli hæfni og reynslu. Helst á að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu en blandaðar þingræðisleiðir koma einnig til álita. Sjálfstæðara Alþingi á að taka að sér stefnumótun og aðhald með framkvæmdarvaldi. Stjórnsýslan þarf að verða opnari og gagnsærri. Styrkja þarf stöðu Umboðsmanns Alþingis, í átt að stjórnsýsludómstól. Kjósa á til þings í einu kjördæmi með blönduðu lista- og persónukjöri að ástralskri fyrirmynd. Eignarrétt þjóðarinnar á auðlindum á að staðfesta og jafnvel stofna Auðlindasjóð til hliðar við ríkissjóð. Tryggja á jafnræði trúfélaga og lífsskoðana. Texti stjórnarskrárinnar á að vera skipulegur og skýr, staðfesta að valdið komi frá þjóðinni og tiltaka grunngildi og grundvallarmannréttindi.

## ÞORKELL HELGASON



Ég vil umfram allt vinna að vandaðri stjórnarskrá sem á breiðan hljómgrunn á stjórnlagaþinginu en ekki síður með þjóðinni allri. Ég vil hlusta á aðra þingfulltrúa áður en ég tek afstöðu út og suður. Þess vegna er ég tregur að svara spurningum eins og Fréttablaðið leggur fram. Stjórnarskrá verður ekki samin með krossaprófi.

## ÞORVALDUR GYLFASON



Þörf er á skarpari þrískiptingu valds til að girða fyrir ofríki framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldi og dómsvaldi. Einnig þarf að styrkja málskotsrétt forsetans, svo að hann geti vísað til þjóðaratkvæðis bæði frumvörpum, sem þingið samþykkir, og frumvörpum, sem þingið hafnar. Tilskilinn hluti kjósenda eða þingmanna þarf einnig að geta vísað lagafrumvörpum til þjóðaratkvæðis. Ný ákvæði þarf til að draga úr veldi stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka og til að tryggja eignarrétt þjóðarinnar yfir auðlindum og aðgang að upplýsingum. Kveða þarf á um hámarksfjölda þingmanna og ráðherra. Nýr stjórnlagadómstóll þarf að fjalla um brot á stjórnarskránni.

## ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR



Ítarlegri mannréttindakafla fremst í stjórnarskránni og tilgreina þar rétt öryrkja og samkynhneigðra og sérstök ákvæði sem tryggja hag og áhrif kvenna til jafns við karla. Tryggja öryggi kvenna og skoða í ljósi mannöryggis (human security. Endurskoða embætti forseta Íslands í þá veru að engin völd fylgi því. Málskotsréttur til þjóðar og þings með skynsamlegum takmörkunum. Tryggja sjálfstæði löggjafarvalds og dómstóla gagnvart framkvæmdarvaldi og stjórnarskrárbinda lýðræði. Auðlindir verði sameign íslensku þjóðarinnar og nýting þeirra sjálfbær. Styrkja stöðu náttúruverndar. Jafna atkvæðisrétt og auka beint lýðræði, þó ekki óheft persónukjör.

## ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON



Krossapróf sem þetta gefur vissulega vísbendingu um skoðanir en er þó allt of takmarkað. Ég hef lagt áherslu á breytingar varðandi auðlindir í þjóðareign, breytingar á kjördæmaskipan og jöfnun atkvæða. Komi 62. gr. til umræðu á þinginu vil ég ræða þann möguleika að bætt verði við greinina ákvæði um að ríkið geti styrkt og stutt önnur trúfélög sem það vill gera samning við að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ótrúlega mikils misskilnings virðist gæta meðal fjölda fólks hvað varðar tengsl ríkis og kirkju. Ég hef lýst mig reiðubúinn til að ræða fjárhagslegan aðskilnað en vandinn í því sambandi er meiri hjá ríki en kirkju. Lög sem Alþingi setti um stjórnlagaþing gera ráð fyrir 8 megin verkefnum en samband ríkis og kirkju er ekki þar á meðal.

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

**TOSHIBA FARTÖLVA** 15,6"

Toshiba Satellite L650-19P
- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- 512MB ATI Radeon HD 5145 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**

**acer FARTÖLVA** 10,1"

Acer Aspire One D260
- 1.66GHz Intel Atom N455
- 1GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- 10,1" TFT WSVGA skjár
- Vefmyndavél
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Allt að 8 tíma rafhlöðuending
- Windows 7 Starter

**69.990**

FULLT VERÐ KR. 74.990

**MÚSAR MOTTA**

CoolerMaster FPS Tactics DC
Þetta er músamotta fyrir harða leikjaspilara. Þegar smáatriðin skipta sköpum..

**2.990**

**INTENSO MP3 SPILARI**

Intenso MusicWaver 2GB
2GB MP3 spilari með diktafóni, tónjafnara, OLED skjá, útvarpi með minni, USB 2.0, hleðslurafhlöðu með allt að 12 tíma afspilun. Spilar MP3, WMA og ASF.

**7.990**

**Logitech LASERMÚS**

Logitech M510
Þráðlaus lasermús með forritanlegri stjórnun, skrun takka með hliðar möguleika og zoom. Logitech Unifying sendir sem virkar með öðrum Unifying vörum.

**9.990**

**WD 500GB FLAKKARI**

WD Elements 500GB
Utanáliggjandi 500GB 2.5" harðdiskur. Notar straum úr tölvunni. Passar vel í vasa.

AÐEINS 200g

**16.990**

**LEIKJATÓL** CORSAIR

Corsair HS1
Ein bestu og þægilegustu leikjaheyrnartól sem í boði eru. Frábærir dómar gagnrýnenda. Svo þægileg að að þú finnur ekki fyrir þeim á höfðinu!

**29.990**

**msi SKJÁKORT**

MSI GeForce N450GTS-M2D1GD5-OC
1024MB skjákort með GDDR5 minni, 2x DVI, HDCP support, PCI Express 2.0, Dual link DVI, HDMI ofl.

**25.990**

**HD FLAKKARI**

ICY BOX MP3011
Margmiðlunarspilari fyrir innb. 3,5" disk. Spilar HD H.264 og Dolby Digital True HD. Nettengjanlegur. 2 USB, HDMI, Optical tengi, SD kortalesari o.fl. Vefútvarp, BitTorrent o.fl. Viftulaus.

**29.990**

**1.5 TB FLAKKARI** WD

WD Elements 1.5TB
1.5 TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**16.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990

**LED SKJÁR** 21.5" PHILIPS 2 msec svartími

Philips 226CL2SB
21,5" W-LED breiðskjár með 1920x1080p upplausn, 20,000,000:1 dýnamískri skerpu og 2ms svartíma.

**39.990**

**LCD SKJÁR** 18,5" PHILIPS

Philips 192E2SB
LCD breiðskjár, 1366 x 768 punkta upplausn, 500.000:1 skerpa, 5ms svartími, VGA, DVI tengi ofl.

**27.990**

**SJÓNVARPSSENDIR** slingbox

Slingbox SOLO
Tengist við afruglarann eða sjónvarpið þitt og sendir útsendinguna í tölvur, farsíma og önnur tæki yfir netið".

**16.990**

FULLT VERÐ KR. 19.990

**MARGMIÐLUNARTÖLVA** 18,5" PHILIPS LED FLATSKJÁR

Ace AMD 2
- CoolerMaster Elite 310 turnkassi
- AMD AM3 Sempron 140 2.7GHz
- 2GB Dual DDR3 1333MHz minni
- 500GB WD Blue SATA 2 diskur
- DVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB skjár
- ATI Radeon HD3000 skjástýring
- Logitech S120 hátalarar
- Realtek High Def 7.1 True Blue-Ray hljóðkort
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Logitech B110 Optical mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

**99.990**

**iPad ER LENT**

FÆST Í NOKKRUM ÚTGÁFUM

Verð frá:

**93.990**

Opið í Nóatúninu alla helgina, sjá opnunartíma í desember á tl.is

# TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré úr Normannsþin

## Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd og Selfossi

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré úr Normannsþin sem hafa verið vinsælustu jólatré landsmanna um áratuga skeið.

**Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.**

Verð frá
**5.690**
125-150 cm.

Vnr. 41140110-16
**Lifandi jólatré**
Lifandi jólatré, Normannsþinur.

| | |
|---|---|
| 125-150 cm | **5.690 kr.** |
| 150-175 cm | **6.690 kr.** |
| 175-200 cm | **7.890 kr.** |
| 200-250 cm | **9.490 kr.** |

## Jólaleikur BYKO



**Aðalvinningur 300.000 kr.**

INNEIGNIN GILDIR Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM:

BYKO · ELKO · INTERSPORT · HÚSGAGNAHÖLLIN · KRÓNAN

Taktu þátt í næstu BYKO verslun! Sjá nánar á www.BYKO.is






# afslá
# jólaser

## Jólagleði í verslunu

### BYKO Breidd

**Laugardagur og sunnudagur**

**Kl. 12-12:40**
Ingó Veðurguð og Gummi bróðir hans syngja saman jólalög í bland við lögin sem allir þekkja með Veðurguðunum. Þú mátt því ekki missa af bræðrunum söngglöðu frá Selfossi!

**Kl. 14:00-15:00**
Jólaskemmtilegt með Ebeneser og Margréti harmonikkuleikara. Skröggur verður í einstaklega góðu jólaskapi því hann ætlar að gefa viðskiptavinum BYKO afslætti á spennandi vörum þegar minnst varir! Síðan lofaði hann að syngja og skemmta stórum sem smáum.

**Kl. 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

**Kl. 13:00-16:00**
Björn Jóhannsson landslagsarkitekt kynnir nýútkomna bók sína. Við hjá BYKO óskum honum til hamingju með hana!





# 25%

# ttur af öllum
# íum og jólaskrauti

BYKO

NBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GE



Ingó Veðurguð með Gumma
bróður og Ebeneser Skröggur
með Margréti á harmonikku
halda uppi jólastuðinu alla helgina!

## m BYKO!



### BYKO Kauptún

**Laugardagur og sunnudagur**

**Kl. 13-13:40**
Ingó Veðurguð og Gummi bróðir hans syngja saman jólalög í bland við lögin sem allir þekkja með Veðurguðunum. Þú mátt því ekki missa af bræðrunum sönggleðu frá Selfossi!

**Kl. 15:30-16:30**
Jólaskemmtilegt með Ebeneser og Margréti harmonikkuleikara. Skröggur verður í einstaklega góðu jólaskapi því hann ætlar að gefa viðskiptavinum BYKO afslætti á spennandi vörum þegar minnst varir! Síðan lofaði hann að syngja og skemmta stórum sem smáum.

**Kl. 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!



### BYKO Grandi

**Laugardagur og sunnudagur**

**Kl. 14:00-14:40**
Ingó Veðurguð og Gummi bróðir hans syngja saman jólalög í bland við lögin sem allir þekkja með Veðurguðunum. Þú mátt því ekki missa af bræðrunum sönggleðu frá Selfossi!

**Kl. 12:30-13:30**
Jólaskemmtilegt með Ebeneser og Margréti harmonikkuleikara. Skröggur verður í einstaklega góðu jólaskapi því hann ætlar að gefa viðskiptavinum BYKO afslætti á spennandi vörum þegar minnst varir! Síðan lofaði hann að syngja og skemmta stórum sem smáum.

**Kl. 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!





LENGRI OPNUNARTÍMAR Í BREIDD, KAUPTÚNI OG GRANDA UM HELGINA! LAUGARDAG: 10-18, SUNNUDAG: 11-18



**DULÚÐ** Það ríkir dulúð yfir sumum atriðanna.



**BELGÍA** Atriði Sylvie Willms frá Belgíu og hestanna hennar er mjög vinsælt.

# Mörg hundruð þúsund á hestasýningu

**Arndís Halla Ásgeirsdóttir** söngkona gerir víðreist um Evrópu næstu mánuði með hestasýningunni Apassionata. ***Jóhanna S. Sigþórsdóttir*** komst að því að Arndís syngur eigin lög og texta á meðan hestar og menn leika listir sínar.

Þetta er alveg rosalega gaman,“ segir Arndís Halla Ásgeirsdóttir, sem segja má með sanni að sé díva hinnar viðamiklu hestasýningar Apassionata, sem hófst fyrr í mánuðinum og mun fara víða um Evrópu á næstu mánuðum. Arndís Halla ber titilinn „The Voice of Apassionata,“ eða „Rödd sýningarinnar,“ og syngur eigin lög og texta meðan menn og hestar leika listir sínar á gólfinu. Og það sem meira er, Arndís Halla syngur eingöngu a íslensku.

„Við verðum meira og minna úti um alla Evrópu á næstu mánuðum,“ sagði hún þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar. Þá var hún stödd í Zürich, þar sem sýna átti þá helgina.

Apassionata-sýningin var fyrst sett upp fyrir átta árum. Hún er þó mjög breytileg milli ára, þar sem ný atriði koma inn en eldri eru felld út. Íslenski hesturinn fer með stórt hlutverk í henni þetta árið.

„Í gegnum árin hef ég reynt hvað ég get að kynna Ísland eins og hægt er,“ segir Arndís Halla, sem býr í Berlín. „Því syng ég textana við lögin mín á íslensku nema sérstaklega sé beðið um annað. Þá reyni ég að koma inn íslenskum áhrifum í laglínu, hljóma eða taktskipti þannig að það sé alltaf einhver íslenskur blær á tónlistinni.“

Arndís Halla lærði söng í Berlín. Hún ætlaði að vera þar í skamman tíma en… „…svo fékk ég bara svo mikið að gera að ég festist eiginlega hér. Ég hef því einkum starfað erlendis, en fékk þó fyrir tveimur eða þremur árum hlutverk í Óperunni heima.“

## SÝNING SEM FER VÍÐA




Hestasýningin Apassionata fer víða á næstu mánuðum. Eins og kortið sýnir eru flestir áfangastaðir í Þýskalandi en nágrannalöndin eru þó einnig sótt heim.

Spurð um tónlistina sem hún samdi fyrir sýninguna nú kveðst hún hafa verið að þróa nýjan stíl.

„Ef ég ætti að lýsa honum þá er hann svolítið í ætt við kvikmyndatónlist en einnig með íslenskum blæ. Þá syng ég með tækni sem er „venjuleg“ innan gæsalappa, en blönduð með óperutækni. Fyrst í sýningunni syng ég frekar slétta tóna og bakraddirnar eru óperuraddir, sem fléttast saman. Ég kalla þetta álfaraddir, því þetta hljómar eins og úr fjarlægð og svolítið eins og úr öðrum heimi.“

Texta sína kveðst Arndís Halla leggja áherslu á hafa ljóðræna og vandaða. Hún reyni að hafa klassískt form á þeim, rím og áherslur á réttum stöðum. Stundum víki hún raunar frá því formi, en það fari eftir tónlistinni.

„Það er einkum fjölskyldufólk á öllum aldri sem sækir þessar sýningar,“ segir Arndís Halla. „Þær eru vel sóttar og við sýnum fyrir um það bil 600 þúsund manns á leikárinu.“

Spurð hvernig farið sé að því að flytja svona stóra sýningu milli staða útskýrir Arndís Halla að hún sé ferjuð með mörgum risastórum flutningabílum. Flytja þurfi heilmikinn tæknibúnað og um fjörutíu hross. Þá vinni um 120 manns við sýninguna, sem farið verður með milli borga í Evrópu þar til í júní í sumar, en þá lýkur leikárinu.



**ARNDÍS HALLA ÁSGEIRSDÓTTIR** Syngur í sýningunni fyrir og eftir hlé og svo einnig þegar menn og hestar koma fram í lok hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/EMIL ÞÓR



**UMFANGSMIKIL SÝNING** Um 120 manns og fjörutíu hross taka þátt í Apassionata.



**ÍSLENSKI HESTURINN** Er áberandi í sýningunni þetta árið.



**KÓSAKKAREIÐIN** Franskur knapi sýnir kósakkareið þar sem hann skríður undir kviðinn á hestinum á fullri ferð.

# Gaman í Eymundsson um helgina!






## Nanna kynnir bækur sínar

**Laugardaginn 04. desember**
Eymundsson Kringlunni kl. 15.00

**Sunnudaginn 05. desember**
Eymundsson Smáralind kl. 15.00

Nanna Rögnvaldardóttir kynnir ***Smárétti Nönnu*** og gefur gestum smakk og góð ráð. Nanna þýddi og staðfærði einnig ***Þú getur eldað,*** matreiðslubók fyrir ungt fólk.

**3.990,-**

**3.190,-**




**1.100,-**

## Dísa ljósálfur kemur í heimsókn

**Laugardaginn 04. desember**
Eymundsson Smáralind kl. 13.00
Eymundsson Austurstræti kl. 15.00

Uppáhálds ljósálfur barnanna, hún ***Dísa,*** tekur sér frí frá leikhúsinu og heimsækir börn í Eymundsson um helgina. Fyrstu 60 sem kaupa bókina fá afsláttarmiða á leiksýninguna um Dísu ljósálf í Austurbæ.




**2.290,-**

## Hringaló og Grýla kynnt!

**Laugardaginn 04. desember**
Eymundsson Kringlunni kl. 14.00
Eymundsson Smáralind kl. 15.00

**Sunnudaginn 05. desember**
Eymundsson Skólavörðustíg kl. 15.00

Steinar Berg les úr bókinni og áritar og Brian Pilkington teiknar fyrir börnin.



*Verð gilda til og með 8. desember 2010.*

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Nýtt NATO í breyttum heimi

Nýr grunnstefna Atlantshafsbandalagsins var samþykkt á leiðtogafundi **NATO** sem haldinn var í Lissabon 19. og 20. nóvember síðastliðinn. ***Tryggvi Hjaltason*** öryggis- og greiningarfræðingur fylgdist með fundinum og sat ráðstefnu fræðimanna sem skýrðu stöðu og stefnu NATO um þessar mundir og gildi þess fyrir aðildarríkin og allar þjóðir heims.

NATO er eina virka varnarbandalagið í heiminum í dag. Hlutverk NATO er þó ekki einungis hernaðarlegs eðlis heldur er NATO einnig pólitískt bandalag ríkja sem hafa sameiginleg gildi. Með aðild að NATO skuldbinda ríki sig til að stjórna í anda laga og réttar, virða mannréttindi og að herafli lúti lýðræðislegri stjórn. Yfirlýst markmið NATO er að vinna að friði og stöðugleika í samskiptum þjóða.

### Staða Evrópu að breytast

Í ræðu sem Fred Kemp, forseti Atlantic Council í Bandaríkjunum, flutti taldi hann að ekki hefðu orðið jafnmiklar breytingar og nú á valdahlutföllum og efnahagslegum áhrifum í heiminum í um 200 ár. Hin þunga skuldabyrði vestrænna ríkja vekti spurningar um forystu þeirra og völd sem hefðu verið óumdeild í 500 ár. Efnahagsþrengingar hefðu óhjákvæmilega áhrif á hernaðarlegan mátt og yfirburði.

Grunnstefna NATO hefur verið óbreytt frá árinu 1999. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa evrópsk NATO-ríki ekkert aukið framlög sín til varnarmála og meira að segja lækkað þau að meðaltali um 2 prósent á ári. Á sama tíma hafa framlög til varnarmála í heiminum aukist um 43 prósent og hefur nær allur þessi vöxtur orðið í Asíu, Mið-Austurlöndunum og Bandaríkjunum.

Ef þessi þróun heldur áfram munu Evrópuþjóðir missa hernaðarlega stöðu sína í heiminum, sem hefur óhjákvæmilega áhrif á völd þeirra og áhrif í alþjóðasamskiptum. Um þessar mundir byggjast varnir NATO og Evrópu að miklu leyti á Bandaríkjamönnum. Árið 1999 voru Bandaríkjamenn ábyrgir fyrir um 49 prósentum af varnarmálaútgjöldum innan bandalagsins, nú er þetta hlutfall um 73 prósent. Æðsti maður NATO, Daninn Anders Fogh Rasmussen, sagði að á næstu árum yrði mikilvægt fyrir NATO-ríki að taka höndum saman í því skyni að auka skilvirkni og mátt bandalagsins og á sama tíma yrði „fita skorin niður og vöðvar byggðir upp“, rekstur bandalagsins yrði einfaldlega að vera hagkvæmur.

Jamie Shea, næstráðandi í þeirri deild NATO sem metur framtíðarógnir, benti á að þrátt fyrir öflugt samstarf Evrópuríkja í varnarmálum á vettvangi NATO væri gífurlega mikil sóun og tvíverknaður í hergagnaframleiðslu og rekstri Evrópuherja. Sem dæmi mætti nefna að í Evrópu er 21 flota-skipasmíðastöð og 81 hergagnaverksmiðja. Aðeins brot af þessum fjölda væri að finna í Bandaríkjunum og þrátt fyrir það réðu Bandaríkjamenn yfir öflugari her og skilvirkari en Evrópuríkin samanlagt.

Taldi hann einsýnt að vildu Evrópuríkin treysta stöðu sína á hernaðarsviðinu í samanburði við ríki í Asíu yrðu þau meðal annars að gæta meiri hagkvæmni og efla samhæfingu sín á milli. Hin nýja grunnstefna NATO miðaði að því.

## ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ Í TÖLUM



**HERMENN NATO Í AFGANISTAN** Stærsta aðgerð Atlantshafsbandalagsins til þessa er í Afganistan.




### NATO 3.0

Sú staðreynd að NATO ætlar að auka samstarf við Rússa og styrkja sameiginlegar varnir bandalagsins með eldflaugavörnum kemur til með að breyta eðli bandalagsins. Enginn gerir sér þó neinar grillur hér, samband Rússa við NATO mun ekki gerbreytast á einni nóttu, sérstaklega með tilliti til þess að ríki eins og Úkraína og Georgía eru að öllum líkindum á leið inn í bandalagið, en loft er lævi blandið milli þessara ríkja. Þá líta mörg önnur Austur-Evrópuríki Rússland enn tortryggnum augum. En skrefið sem nú hefur verið stigið til að efla samvinnu Rússa og NATO er stórt og mikilvægt.

NATO er og verður áfram svæðisbundið bandalag eða svokallað „regional alliance“ í þeim skilningi að það stendur enn aðeins Evrópuríkjum til boða að ganga í bandalagið og aðildarríki þess eru einungis vestræn lýðræðisríki. Þrátt fyrir að vera svæðisbundið bandalag heldur NATO úti svokölluðu „Euro-Partnership“ samstarfi við 22 ríki utan bandalagsins sem er meðal annars ætlað að styrkja tengsl bandalagsins út á við.

Eins og oft kom fram í Lissabon má segja að breytingarnar sem eiga sér núna stað séu svo umfangsmiklar að það megi tala um nýja og endurbætta útgáfu af bandalaginu. Anders Fogh Rasmussen greip til tölvutengdrar samlíkingar þegar hann lýsti því hvernig NATO hefði þróast. Fyrsta NATO eða NATO útgáfa 1.0 hefði starfað frá stofnun bandalagsins árið 1949 og fram að lokum kalda stríðsins, NATO 2.0 hefði starfað frá 1991-2011 og NATO 3.0 tæki nú við.

NATO heldur í dag úti svokölluðu ISAF-liði í Afganistan, sem er stærsta aðgerð bandalagsins. Til aðgerðanna var gripið eftir hryðjuverkaárásina á Bandaríkin 11. september 2001 en það var í fyrsta sinn sem 5. grein NATO-sáttmálans var beitt, þar sem segir: „Árás á eitt aðildarríki er árás á öll.“ Undir merkjum NATO var brugðist við af þunga og í Lissabon kom fram að NATO mundi ekki veigra sér við að vernda aðildarríki sín af afli að nýju, yrði ráðist á þau. NATO er því mjög öflugt og virkt varnarbandalag og þar af leiðandi verðmætt fyrir aðildarríkin.

### Skýrar línur hurfu

Þegar NATO var stofnað voru ógnir er steðjuðu að aðildarríkjum þess skýrar og afmarkaðar. Við lok kalda stríðsins hurfu þessar skýru línur og á næstu tíu árum varð að svara erfiðum spurningum eins og hvort enn væri þörf á bandalagi eins og NATO og hvert hlutverk þess ætti að vera. Nýja grunnstefnan svarar þessum spurningum og markar tilverurétt NATO til framtíðar af mun meira sjálfsöryggi en fyrri stefna gerði.

Þær hættur er steðja að aðildarríkjum NATO um þessar mundir eru af margvíslegum toga og eru meðal annars að miklu leyti borgaralegar. NATO er að breytast, starfsemin er opnari en áður. Þegar framkvæmdastjórinn, Anders Fogh Rasmussen, kynnti nýju grunnstefnuna benti hann á að hér eftir myndi NATO einbeita sér að nýjum hættum sem væru bæði borgaralegs og hernaðarlegs eðlis eins og til dæmis gegn tölvuárásum og sjóránum, en á síðasta ári voru 400 skráðar sjóræningjaárásir í heiminum.

Þá eru vaxandi áhyggjur af öflum sem vilja aðildarríkjum og þegnum þess illt án þess að starfsvettvangur þeirra sé bundinn við landamæri eða heimasvæði. Þetta eru til dæmis hryðjuverkasamtök og skipulögð alþjóðleg glæpasamtök en línurnar á milli þessara hópa hafa sífellt orðið óskýrari undanfarin ár sé litið til þjálfunar, fjármögnunar, flutninga, upplýsingaskipta og samstarfs gegn yfirvöldum. Þá kemur fram í 15. lið nýju grunnstefnunnar að NATO komi til með að þurfa í auknum mæli að taka tillit til og bregðast við framvindu á sviði umhverfismála, auðlindanýtingar og orkumálefna.

19. liður í nýju stefnunni fjallar til dæmis um mikilvægi þess að stuðla að orkuöryggi aðildarríkja með vísan til öryggis flutningasvæða, leiðslukerfa og svo framvegis. Eldflauga- og kjarnorkuvæðing ríkja sem eru óvinveitt vestrænum ríkjum er áhyggjuefni og þar eru Norður-Kórea og Íran nefnd til sögunnar sem hafa lagt sig fram um þessa hervæðingu af miklum krafti undanfarin ár.

Þegar höfundur spurði Fogh Rasmussen hvernig hann sæi fyrir sér aðkomu NATO að norðurskautsmálum eða „high north“ eins og það var orðað komu svör framkvæmdastjórans höfundi á óvart en svar hans var á þessa leið: „NATO will probably not deal with the High North.... I do not envisage an active NATO role in the High North“ sem útleggst „NATO mun að öllum líkindum ekki eiga við hánorðursvæðið... ég sé ekki fram á virkt hlutverk NATO í norðrinu“. Framkvæmdastjórinn benti á að norðurskautið væri viðkvæmt og mikilvægt að ýta ekki undir spennu, vel yrði þó fylgst með þróunum þar.

### Hlutverk NATO fyrir Ísland

NATO hefur orðið ein öflugasta samþættingarstofnun Evrópu, hvort sem það var upphaflega ætlunin eða ekki. NATO hefur lagað Austur-Evrópuríki að bandalaginu og þar með eflt samskipti og samstarf innan álfunnar. Núna stígur NATO næsta skrefið og ætlar að tengja Rússa betur inn í Evrópu og vestrænt samstarf. Verðmæti NATO fyrir aðildarríki er töluvert í hefðbundnum skilningi.

Bandalagið styrkir ekki aðeins tengsl og samstarf aðildarríkja heldur er NATO eins og Walter Gaskin hershöfðingi benti á einstaklega vel til þess fallið að veita íbúum aðildarríkjanna vernd. Aðild að NATO er að öllum líkindum besta land- og öryggisvörn sem hægt er að fá um þessar mundir og er ljóst að margar þjóðir utan NATO líta til bandalagsins með öfundaraugum.

Samkvæmt hinni nýju grunnstefnu verður lögð áhersla á það innan NATO að tryggja öryggi með borgaralegum úrræðum samhliða hefðbundnu varnarhlutverki. Þetta skiptir tengsl Íslendinga við NATO máli, þjóð án eigin herafla. Sem aðildarríki mun Ísland njóta góðs af frumkvöðlastarfi sem bandalagið kemur til með að fást við í auknum mæli eins og til varnar tölvukerfum þjóða auk sérþekkingar og sérhæfingar innan NATO á sviðum: upplýsingaskipta, hryðjuverkavarna, eldflaugavarna, eftirlitskerfa og svona mætti áfram telja.

Höfundi fannst merkilegt hve mörg yfirlýst markmið NATO og stefnumálframtíðarinnar virðast falla að íslenskum áherslumálum. Málaflokkum eins og auknu vægi kvenna, mannréttindum, bættum samskiptum, lýðræði og borgaralegum öryggisþáttum hefur öllum verið gert hátt eða hærra undir höfði í stefnu bandalagsins. Þessari þróun geta Íslendingar fagnað og hafa íslensk stjórnvöld nú þegar lýst velþóknun sinni á henni.




**Jóladagskrá í Esjustofu**

**Opið frá kl. 13.00 - 16.00 allar helgar fram að jólum.**

Jólaleikur Esjustofu og Póstsins - Nú geta öll börn skrifað jólasveininum bréf og komið með í Jólapóstkassa Esjustofu á opnunartíma.

Jólahlaðborð og salarleiga fyrir hópa. Upplifðu skemmtilega jólastemmningu og njóttu góðra veitinga í Esjustofu.

Nánar á www.esjustofa.is og s: 565-3200


Tæknibær
Tölvur og íhlutir síðan 1986
Hringdu
með Skype og MSN
Vefmyndavél
með hljóðnema
kr. 1.790
Heyrnartól
með hljóðnema
kr. 1.900
Þráðlaus
Skype sími
kr. 9.990
Hljóðnemi
á borðstandi
kr. 1.700
Asus Eee N475 netbook fartölva
1015PED-PU17-BK
Framleiðandi: Asus
Harður diskur: 250 GB
Vinnsluminni: 1 GB
Skjástærð: 10,1 tomma
Örgjörvi: Intel Atom N475
Stýrikerfi: Windows 7 Starter
Netkort: Þráðlaust 802.11n og Bluetooth
Kortalesari: MMC, SD og SDHC
Myndavél: Innbyggð vefmyndavél
Endingartími rafhlöðu: Allt að 13 klst
kr. 74.900
USB hubbar
Frá kr. 1.900
Teikniborð
Genius teikniborð í miklu úrvali
Frá kr. 7.900
Sjónvarpsflakkari
Argosy 1 TB
Gerð HV335T
Nettengjanlegur, spilar m.a. MKV og H.264
Útgangar: HDMI og Composite
Upplausn: Allt að 1080p
Kortalesari: Les SD, MMC, MS, CF og USB
kr. 29.990
USB klippikort
König USB VG5
Klippikortið tengist við USB tengi á tölvunni
og S-Video eða Composite tengi á t.d.
VHS myndbandstæki eða upptökuvél.
Tækinu fylgir forrit sem gerir þér kleift
að taka upp myndefni og vista á stafrænu formi.
kr. 7.990
USB skjákort
DVI og VGA
Bættu við skjám
án þess að bæta
neinu inn í
tölvuna!
kr. 12.900
DisplayPort
Breytistykki, Mini-DP í DVI
Tengdu MacBook
vélina við
næsta flatskjá
fyrirhafnarlaust!
kr. 3.800
Harður diskur
Samsung 1 TB
32 MB biðminni
SAMSUNG
kr. 9.900
CNet svissar
á frábæru verði
5 porta
kr. 1.990
kr. 2.990
8 porta
16 porta
kr. 7.990
Turntilboð #3
Hraðvirki Intel turninn
Turnkassi: Apex Supercase
Móðurborð: JetWay JX Blue H55
Örgjörvi: Intel i3-530 2,93 GHz
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Skjákort: Intel HD Graphics m/HDMI
Harður diskur: 500 GB SATA2
kr. 74.900
Genius LuxMate T810
Frábær lausn fyrir stofugræjurnar
Þráðlaust
lyklaborð, mús og fjarstýring
í einu setti
kr. 15.900
Mikið úrval af hátölurum
50 watta Hi-Fi viðarhátalarabox í stofuna
Stillingar fyrir hljóðstyrk, bassa og hátíðnitóna
Innstunga fyrir heyrnartól
Tilvaldir fyrir PC tölvur, sjónvörp,
DVD spilara eða leikjatölvur
50 RMS wött
kr. 15.900
Myndavél
Genius G-Shot 900
2,4" skjár
9 megapixlar
8x aðdráttur
Myndbandsupptaka
kr. 12.900
1 TB flakkari
Silfurlitur álflakkari frá iMicro
kr. 14.900
Skipholt 50c · Sími: 582 6000 · www.tb.is




**Panasonic SCPT480**
Nett 1000w heimabíókerfi með DVD, iPod/iPhone vöggu, 1080p uppskölun, Progressive scan, 12bit/108MHz Video DAC, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, Optical SCART, HDMI ofl.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 84.990




**Panasonic SCPT90**
Fjölkerfa 330w heimabíókerfi með DVD, 1080p uppskölun, Progressive scan, 12bit/108MHz Video DAC, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, SCART, HDMI, hljóði inn (AUX/TV) ofl.

**TILBOÐ 44.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990

# GRÆJURNAR




## UNITED

**United 22DD92HD**
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




## UNITED

**United 26DD92HD**
26" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, Nicam Stereó, 3x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 89.990




## Panasonic

**Panasonic TXL32C20**
32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




## TOSHIBA

**Toshiba 40RV733**
40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision II og Resolution+, Ambient Light Sensor, háskerpu stafr. móttakara HDTV DVB-T/C, DCDi Faroudja uppskölun, Wi-Fi Ready, USB 2.0, 2x Scart, 4x HDMI, VGA, DNLA tengi ofl.

**VERÐ 149.990**
FRÁBÆRT VERÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42X20**
42" HD Ready Plasma SJÓNVARP með 1024x768p uppl., Vreal 5, 24p, 100Hz, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamísk skerpa, Progressive Scan, Sub-Pixel Control, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Colour, háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), kortalesara, 2x Scart (með RGB), 3x HDMI (1.3) ofl.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 164.990




## Panasonic

**Panasonic TXP46S20**
46" Full HD 1080p Plasma SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro4, High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, 2.000.000:1 skerpu, 24p Playback Plus/ Playback 0.001msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, stafrænum háskerpu HDTV DVB-T móttakara (MPEG4), kortalesara, 2x Scart, 3 HDMI ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




## Panasonic

**Panasonic TXP50S20**
50" 100Hz Plasma SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback, 2.000.000:1 skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, C.A.T.S háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara, 2x Scart, 3x HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS tengi ofl.

**TILBOÐ 289.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990




## Panasonic

**Panasonic TXP46G20**
46" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990



# MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON



**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**


tasco
Tasco 168RB
FERÐASJÓNAUKI með 10x stækkun og 25mm glerjum.
TILBOÐ 3.990
FULLT VERÐ kr. 4.990
tasco
Tasco LRF400
Öflugur FJARLÆGÐARMÆLIR fyrir golf og veiðimenn. Mælinákvæmni er ±90 sm á 732 metrum. Veðurvarinn með 4x stækkun og 2 stillingum. Slekkur á sjálfum sér. Taska með beltisfestingu fylgir. 280 gr.
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 34.990
INTENSO
Intenso PHOTOPROMOTER8
Stafrænn 8" MYNDARAMMI. Spilar myndir beint af USB 2.0 eða kortum. Klukka, fjarstýring, standur ofl. Skyggnusýningar.
VERÐ 16.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips SPF1208
Stafrænn 8" MYNDARAMMI með 512MB minni og 500:1 skerpu. Spilar myndir beint af USB 2.0 eða SD og SDHC kortum. Klukka, fjarstýring, standur ofl. Skyggnusýningar.
VERÐ 22.990
FRÁBÆRT VERÐ
FÁST HJÁ OKKUR
OLYMPUS
Olympus FE4050
Örþunn stafræn MYNDAVÉL með 12.2 millj. punkta uppl., 4x WIDE Optical Zoom, 4.9 - 19.6 mm linsu, 2.7" TFT LCD skjá, hágæða hristivörn, AVI Motion hreyfimyndatöku, WAV hljóði, 92MB minni, kortarauf, USB 2.0, HDMI, Type D tengi ofl.
VERÐ 18.990
FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic
Panasonic DMCF4
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, Linsa 5.0 - 20.0mm (35mm Samb. 28-112mm), 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku (1280x720), 50MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990
Panasonic
Panasonic DMCFP1
MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, AF Tracking, Sonic Speed Auto-Focus, Intelligent Scene Selection, MEGA O.I.S hristivörn í LUMIX DC VARIO linsu (f6.3 - 25.5mm), 4x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 100-1600, 25 Scene Programmes, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 40MB minni og rauf fyrir SD/SDHC kort, 300 mynda rafhlöðu ofl.
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 34.990
CASIO
Casio EXZ350
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 5.0, Auto BESTSHOT, Anti-Shake DSP hristivörn, Make-up Mode, Dynamic Photo function, Face Detection function, 2.7" Super Clear LCD skjár, 3x Optical og 4x Digital Zoom, F3.2 4.9 - 16.6mm linsa, hreyfimyndataka, YouTube CM, 16.9MB innra minni, kortarauf ofl.
TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
OLYMPUS
Olympus SP800UZ
Stafræn MYNDAVÉL með 14 millj. punkta uppl., 30x Optical og 150x Digital Zoom, 4.9 - 147 mm linsu, 3" 16:9 TFT LCD skjá, 2GB minni, hágæða hristivörn, hraðmyndatöku, HD hreyfimyndatöku, USB 2.0, HDMI, Type D tengi ofl.
VERÐ 59.990
FRÁBÆRT VERÐ
EISA AWARD Best Product 2010-2011
TRAVEL COMPACT CAMERA
Panasonic Lumix DMC-TZ10
Panasonic
Panasonic DMCTZ10
Stafræn MYNDAVÉL með 12.1milljón punkta uppl., LEICA DC Vario Elmarit linsu, 12x Optical og 4x Digital Zoom linsu með MEGA O.I.S. hristivörn, Advanced iA, Intelligent Resolution (I.R), Auto Focus Tracking, 3" LCD skjá, HD hreyfimyndataka AVCHD Lite, GPS staðsetningu ofl. Allt að 300 mynda hleðslurafhlaða.
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 89.990
8GB KORT FYLGIR!
Panasonic
Panasonic DMCG10
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, Micro 4/3 útskiptanlegar linsur, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, HD hreyfimyndatöku, AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, 3" skjá, Live View Finder, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnema, hátalara, allt að 400 mynda rafhlöðu, mini HDMI og USB 2.0.
TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990
Nikon
Nikon School námskeið og hreinsun á myndflögu 1 sinni á ári í 3 ár fylgir!
Nikon D700018105VR
Stafræn D-SLR MYNDAVÉL með 16.2 milljón punkta upplausn, CMOS-myndflögu á DX-sniði, EXPEED 2, ISO 100-6400 (fer í 25.600), 3" LCD skjá (920.000), Multi-CAM 4800DX, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd (1920x1080), ítarlegri lagfæringavalmynd (Guide mode), hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl. Tekur 2x SD/HC/XC minniskort.
VERÐ 269.990
FRÁBÆRT VERÐ
Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# Ævintýramaður lítur um öxl

Bókin **Það reddast** er um Svein Sigurbjarnarson bílstjóra á Eskifirði sem gengur undir nafninu Svenni og er þekktur fyrir áræði og hreysti. Við grípum á nokkrum stöðum niður í kaflann Á Köldukvíslarjökli. Hann segir frá jöklarannsóknarleiðangri með vísindamönnum sem unnu að þykktarmælingu jökulsins árið 1982 fyrir Landsvirkjun. Svenni er á beltabíl sínum Tanna.



**Á JÖKLI** Matmaðurinn Svenni tínir upp í sig úr súrutunnunni.

MYND/HELGI BJÖRNSSON

Arngrímur Hermannsson segir frá:

„Frá Sigöldu fórum við með snjóbíla og vélsleða inn í Jökulheima og upp á Vatnajökul. Þetta voru miklir þungaflutningar fyrir snjóbílana og mjökuðust þeir mjög hægt yfir. Enn og aftur vorum við Ástvaldur Guðmundsson í því að finna bestu leiðina og flýta sem mest fyrir. Þar sem veður hélst gott allan daginn, nóttina og næsta dag var stöðugt haldið áfram með stuttum matarhléum. Þegar við erum u.þ.b. hálfnuð upp á Tungnárjökul finnst mér biðin eftir Tanna vera orðin heldur löng svo ég sný við og sé þá fljótlega svartan reykinn frá honum en sé jafnframt að hann er alls ekki á réttri stefnu. Ég bruna því í áttina til hans og þegar nær dregur tek ég eftir því að Tanni er búinn að fara þrjá stóra hringi á jöklinum en Svenni er steinsofandi undir stýri á fullri ferð. Nú voru góð ráð dýr. Ekki var hægt að kalla í hann vegna hávaðans. Tanni dró á eftir sér stóran sleða með þrjátíu stykkjum af tvö hundruð lítra tunnum. Nú var þetta orðið eins og í villta vestrinu. Ég renni vélsleðanum upp að tunnusleðanum og fikra mig áfram að beislinu. Þar næ ég að opna hurðina að aftanverðu og komast inn í Tanna sem sigldi enn fulla ferð. Ég klifra fram í bílinn og hristi Svenna duglega. Þá lyftir hann höfðinu lítillega, setur hægri höndina ofan í trékassa milli framsætanna, sem alltaf var fullur af nesti, og sagði: „Ertu orðinn svangur, drengurinn minn?““

**Svenni heldur áfram**

„....ég vissi að drifið var bilað og var búinn að leggja drög að því að fá varahluti en þeir voru ekki komnir þegar leiðangurinn lagði af stað á jökul. Svo gerði vitlaust veður í heila viku og við sátum og spiluðum bridds á tveimur borðum frá átta á morgnana og langt fram á kvöld. Þetta hlýtur að hafa verið dýrasta briddsveit sem Landsvirkjun hefur haldið úti. En þegar loksins rofaði til var auðvitað allt komið á kaf. Ég ætlaði náttúrlega bara að keyra upp úr gryfjunni og mundi ekki eftir varnarorðum Harðar Hafliðasonar. Hann hafði einmitt varað mig við því rúmum tíu árum fyrr að maður ætti alltaf að moka snjóbíla lausa og krafla úr beltunum, annars bryti maður eitthvað. Og auðvitað gekk það eftir að drifið brotnaði. Varahlutirnir voru þá komnir til Reykjavíkur og ég gekk í að fá þá leysta út. Arngrímur Hermannsson þekkti einhvern sem átti flugvél og var til í að koma með varahlutina ef við borguðum bensínið. Þetta er allt sett í gang og flugvélin kemur og kastar niður pakka með varahlutum og verkfærum. Það tók tvo daga að gera við drifið og þá var komið vitlaust veður aftur. En svona gengur þetta stundum.

Dvölin á Köldukvíslarjökli varð fimm vikur og þar af vorum við veðurteppt í þrjár vikur en það var alveg eðlilegt. Þarna vorum við komnir með nýja lórana í báða bílana en Tanni og bíll Landsvirkjunar, sem þarna var með í för, voru fyrstu snjóbílarnir á Íslandi sem fengu lórantæki. Það gekk alveg prýðilega að keyra eftir þeim og gerði ekkert til þó að mælinetið hlykkjaðist aðeins því að það olli ekki vandræðum við túlkun gagnanna.

**Ævintýri á jökli**

Svo kom að því að halda heim á leið og við þræluðum öllu okkar dóti inn í bílana. Í Jökulheimum bilaði Landsvirkjunarbíllinn og var skilinn eftir og þá þurftum við að troða öllu, bæði fólki og farangri, inn í Tanna. Eldhúsið og svefnskálinn voru skilin eftir í Jökulheimum. Við héldum svo bara áfram en þegar við komum suður á Tungnáröræfi lentum við á svokallaðri tvístæðu. Þá hefur þiðnað þannig að það er vatn ofan á ísnum og svo hefur fryst aftur þannig að það er í rauninni eins og tvöfalt einangrunargler með vatni á milli. Þarna var komið fram á vor og farið að þiðna og við sukkum niður á milli íslaganna. Það vatnaði bara rétt aðeins upp á gólfið og ég man að Marteinn Sverrisson spurði hvort ekki væri rétt að fólkið færi út á meðan ég væri að brölta upp úr þessu. Ég sagðist halda að þetta væri alveg að koma og það reyndist rétt. Þegar við sluppum upp fórum við að athuga með gögnin úr túrnum. Þau voru öll á filmum og kassettum og ef þau hefðu glatast hefðu þessar fimm vikur á jökli verið til einskis. Við settum nú gögnin efst á dótið í bílnum og héldum svo áfram og tókum nýja stefnu. Þarna voru vanir menn sem ákváðu hvaða leið við færum og við tókum stefnu þvert í melöldu. Það var alveg greinilegt að við fórum yfir vatn því allt var svo slétt og fínt og þegar við erum komin út á mitt vatn fer Tanni að síga að aftan og það endar með því að hann fer upp fyrir rúðu á afturhurð og stendur eiginlega upp á endann. Þá sagði Matti með sinni léttu kímni: „Nú er þó kominn tími til að fara út.“ Við byrjuðum á því að bjarga gögnunum upp á skörina og fórum svo í það að reyna að ná Tanna upp. Við vorum með forláta talíu sem átti að geta dregið okkur upp úr sprungu en dugði ekki þarna í vatninu. Talstöðin var uppi í toppi frammi í og hún virkaði vel svo við báðum um að fá sendan veghefil sem var niðri í Hrauneyjum. Svo bjuggum við um okkur í tjöldum á sandinum þarna skammt frá. En það varð víst ekki öllum svefnsamt þessa nótt.

Morguninn eftir kemur hefillinn og fyrst var reynt að nota hann til að ryðja skarð í ísinn þannig að hægt væri að draga Tanna í land. Vatnið var hins vegar of djúpt og tók orðið í viftuspaða og þá varð ekki lengra komist. Ísinn var svo þykkur og seigur að það var engin leið að brjóta hann. Nú voru góð ráð dýr en þá dettur einum í hug að mögulega megi sprengja ísinn upp og búa þannig til rennu á fast land. Enn var rafmagn á Tanna og talstöðin virk svo við köllum til byggða og biðjum um dínamít og hvellhettur. Svo er farið að gera tilraunir. Fyrst stungum við dínamíti undir neðri ísstæðuna u.þ.b. tveimur metrum fyrir framan bílinn. Við sprenginguna komu þrjár litlar vatnssúlur fyrir framan bílinn og það var allt og sumt. Þá fórum við u.þ.b. fjóra metra fram fyrir bílinn og settum þrjár túpur sitt hvorum megin niður í mitt vatn eða svo. Við þá sprengingu kom smágúll á ísinn en ekkert meira. Við hengdum kaðal úr vegheflinum í Tanna og höfðum hann þaninn, þannig að ef eitthvað losnaði um ísinn drægi hefillinn snjóbílinn til sín.

> Svo gerðist það sem við óttuðumst að bíllinn braut undan sér ís og sökk að aftan og hékk bara á tönninni að framan.



**Í PÁSKAFERÐ Á VATNAJÖKLI 1987** Svenni heggur úr jökulstálinu undir bílnum.

............

Það stóðst á endum að hefillinn náði að draga Tanna þann spöl sem eftir var. En hann var ansi lerkaður eftir þetta. Hliðarrúðurnar höfðu dottið inn, ein þeirra var brotin og báðar framrúðurnar líka. Eftir þetta setti ég lúgu á þakið á Tanna, neyðarlúgu sem hægt var að opna með einu handtaki. Þannig var hægt að fara upp um þakið þótt ekki væri hægt að opna hurðirnar. Þessi lúga var mikið notuð því farþegar í skemmtiferðum klifruðu gjarnan upp um hana og sátu á þakinu á björtum sólardögum.“

**Helgi Björnsson segir frá**

„Þegar við héldum til byggða vorum vorleysingar hafnar á Tungnáröræfum og við höfðum áhyggjur af að lenda í krapa og að ís væri varasamur á fjölmörgum lónum þar sem vatn hafði safnast í dældir. Þess vegna reyndum við að þræða leið milli kolla og forðast rennislétta kafla. Þetta var alls ekki auðvelt þar sem erfitt var að greina hvernig landið lá. Svo gerðist það sem við óttuðumst að bíllinn braut undan sér ís og sökk að aftan og hékk bara á tönninni að framan. Svenni var snöggur að henda upp hurðinni svo bíllinn gat hangið á henni líka. Hann henti öllum búnaðinum út og okkur held ég líka. Síðan fór hann bara í föðurland og tók að kafa niður eftir hinu og þessu sem var komið á kaf, rafgeymum og fleiru. Við þurftum auðvitað að geta látið vita af okkur. Svo vorum við þarna meðan hann náði bílnum upp og urðum að sofa undir beru lofti.

Svenni er mjög áræðinn og ég var stundum hræddur með honum, ekki síst á Hofsjökli en frá því segir síðar.“

## ÞAÐ REDDAST




Söguhetja þessarar bókar er Sveinn Sigurbjarnarson sem fæddist árið 1945 og ólst upp á Hafursá á Völlum á Fljótsdalshéraði. Hann er orðinn nokkurs konar þjóðsagnapersóna í lifandi lífi þar sem hann gefst aldrei upp þótt á móti blási og öll sund virðist lokuð. Hér rifjar hann upp minningabrot með aðstoð nokkurra samferðamanna.

Inga Rósa Þórðardóttir, grunnskólakennari og leiðsögumaður, skráir söguna og bókaútgáfan Hólar gefur hana út.





**BRAS Á TUNGNÁRÖRÆFUM** Ökumaðurinn æðrulaus en bíllinn á bólakafi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



**4995**
HANGANDI LJÓS



**18.495**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**12.495**
LJÓSAKRÓNA, 6 ARMA, GYLLT OG STÁL



**9995**
5 LJÓSA
**7990**
3 LJÓSA



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



**19.995**
5 LJÓSA
**12.995**
3 LJÓSA



**19.995**
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**7495**
5 LJÓSA
**5995**
3 LJÓSA



**5995**
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



**7495**
5 LJÓSA
**4995**
3 LJÓSA



**9995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**5995**
3 LJÓSA



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Að marka stefnu eða fylgja henni

**Graham Avery segir að staða Íslands innan ESB yrði hlutfallslega betri en annarra þjóða, en landið hafi nánast engin áhrif innan EES. ESB hafi verið búið til svo stórar þjóðir gætu ekki valtað yfir smærri þjóðir og enginn ætli að stela auðlindum Íslands frekar en annarra ríkja. Honum kemur á óvart að bændur vilji ekki kynna sér kosti aðildar. *Klemens Ólafur Þrastarson* hitti Avery.**



Að mínu viti þýðir fullveldi að stjórnvöld hafi áhrif á ákvarðanir sem varða þjóð sína.

**AVERY** Aðdráttarafl Íslands í augum ESB er ekkert geysilegt, segir heiðursframkvæmdastjórinn. Enginn hafi áhuga á því að hrifsa til sín auðlindirnar. Innan ESB hafi landið tækifæri til að marka alþjóðlega stefnu í stað þess að taka við henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bretinn Graham Avery hélt fyrir skömmu fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar, sem hét The View from Brussels, eða Sjónarhorn Brussel. Hann er heiðursframkvæmdastjóri ESB og ráðgjafi European Policy Centre í Brussel. Hann var í forsvari fyrir breska landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið í viðræðum Breta um inngöngu í sambandið. Avery hefur farið með samskipti við EES-löndin fyrir hönd ESB og tekið þátt í nær öllum stækkunarviðræðum ESB, svo sem við Noreg. Hann býður til sætis á Mímisbar og segist vera mikill aðdáandi Íslands og Noregs, en hann lítur svo á að þessi lönd hafi hingað til valið að taka við ákvörðunum frá Brussel, frekar en að taka ákvarðanir þar.

Avery hefur skrifað greinar um Evrópusamstarf Íslands og sagt að það sé mikilvægt fyrir Íslendinga að íhuga ekki bara efnahagslega kosti og galla aðildar heldur ekki síður pólitíska. Hann var beðinn að skýra þetta nánar og hafa til hliðsjónar umræðuna meðal íslenskra stjórnmálamanna, sem sumir telja ESB heimsvaldasinnað fyrirbæri. Hvað er til dæmis til í því að ESB vilji ginna Íslendinga til að selja sér auðlindir og pota sér á Norðurslóðir?

„Þetta er afar mikilvægt val sem þið standið frammi fyrir og snýst ekki bara um þetta tæknilega sem er rætt um í aðildarviðræðum. Það er mikilvægt að hafa umræðuna víðtæka og vel upplýsta, það er til dæmis miklu meira sem felst í aðild en sjávarútvegshagsmunir.

Stækkun ESB, úr sex ríkjum og í 27 er ekki afleiðing einhverrar heimsvaldastefnu, heldur afleiðing aðdráttarafls Evrópusambandsins. Ef ég má vera heiðarlegur þá var enginn sendur frá Brussel til að biðja Ísland, eða nokkurt annað ríki, um að sækja um aðild. Við eigum í nógum vandræðum með núverandi aðildarríki! [Hlær.]

Hugmyndin um að fólk í Brussel vilji ná yfirráðum á Íslandi er einfaldlega ósönn. Það ákveður þetta enginn nema þið. Enginn gengur í Evrópusambandið nema það sé honum í hag og enginn ætti að halda áfram innan þess nema það sé honum í hag. Því ættuð þið að greina hagsmuni ykkar, pólitíska og efnahagslega.

Þegar Bretar gengu inn, var hin ráðandi hvöt ekki efnahagsleg: Bretar hafa alltaf borgað meira til ESB en þeir hafa fengið í staðinn. Raunverulega ástæðan fyrir inngöngu Breta var pólitísk. Bretar líta svo á að sextíu milljóna þjóð sé lítil þjóð, það kann virðast undarlegt, fyrir þjóð sem er jafn fámenn og Ísland, að við sjáum þetta svona. En við lítum svo á að eina leiðin til að rödd okkar heyrðist í heiminum væri í félagi við aðra. Um hvernig þetta félag eigi að vera deilum við reyndar um, því efahyggjumenn um Evrópusamstarfið í Bretlandi bjóða okkur skýran valkost, sem er aukið samstarf við Bandaríkin.

En ef þið Íslendingar gangið í sambandið, stolt þjóð sem er annt um sjálfstæði sitt, þá er það stórt skref og mikilvægt. Ég hef verið spurður hvort Ísland, þjóð í öllum þessum vandræðum, geti átt framtíð sem sjálfstætt ríki og ég segi já. Það er dagljóst að ESB er kerfi sjálfstæðra þjóðríkja, sem eru viðurkennd og virt.“

### Hagsmunir smáríkja

Heiðursframkvæmdastjórinn segir eitt einkenni Evrópusambandsins vera það að það líti sérstaklega til lítilla þjóða. Þær fái meira í sinn hlut en þær stærri, til dæmis innan ráðherraráðs og Evrópuþings:

„Það yrði betur komið fram við Íslendinga en nokkra aðra þjóð í sambandinu því þið yrðuð fámennasta þjóðin. Einn Íslendingur hefði fimmtán sinnum meira vægi á Evrópuþinginu en þýskur borgari.

Hvers vegna gerir ESB þetta? Undirstöðuregla kerfisins er einskonar öfugt hlutfallsviðmið, þannig að hinir smáu hafa hlutfallslega meira vald en þeir stóru. Þetta er trygging smáríkja fyrir því að hinir stóru valti ekki yfir smáþjóðir. ESB var búið til í því skyni að koma í veg fyrir þetta. Stríðin í Evrópu á tuttugustu öld hófust vegna þess að stórþjóðir vildu valta yfir smáþjóðir. ESB var búið til í því skyni að koma í veg fyrir þetta.

Sem bandalag er Evrópusambandið nokkuð flókið og stundum er erfitt að skilja hvernig kerfið í Brussel virkar.

En eitt er ég viss um og það er að svarið við spurningunni „hver er foringi Evrópusambandsins?“ er *enginn*. Þetta er flókið kerfi sem leitar jafnvægis milli hagsmuna stórra, meðalstórra og lítilla ríkja. Í einu orði er ESB-kerfið ekki forræðiskerfi hins sterka og það er dýrmætur hluti töfranna sem gera það aðlaðandi.“

### EES, auðlindir og Norðurslóðir

Núverandi aðildarríki ESB eru velviljuð Íslandi, ekki andsnúin því, segir Avery. Svo lítil þjóð ógni ekki þróun sambandsins, ólíkt til dæmis Tyrklandi, en inngang svo stórs lands hefði afgerandi breytingar í för með sér, en Íslands ekki. Aðdráttarafl Íslands sé þó ekki gífurlegt.

„Þótt þið séuð ekki eins rík og þið voruð, þá eruð þið ennþá ansi vel stæð og við kunnum vel við lítil rík ríki sem leggja meira af mörkum en þau þiggja. Þá hafið þið verið í EES í sextán ár og í Schengen og hafið sýnt að þið standið ykkur vel innan EES-kerfisins. Að því leyti eruð þið ólík hinum umsóknarríkjunum á Balkanskaga. Það eru því jákvæð sjónarmið uppi gagnvart Íslandi sem aðildarríki.

En ég skal vera hreinskilinn. Aðdráttarafl Íslands er ekkert ægilegt, það hefði til dæmis ekki mikla efnahagslega þýðingu að það gengi í ESB. Auðvitað eigið þið auðlindir en það er enginn með þá tálsýn að ESB fái yfirráð yfir þeim. Ég get lofað þér því að núverandi aðildarríki eru passasöm um sínar auðlindir líka! Það er því ekki til umræðu að neinn fari að taka yfir auðlindir aðildarríkja.

Þá er landfræðileg staða ykkar vissulega góð og ESB hefur áhuga á því að bæta stöðu sína á Norðurslóðum. Til lengri tíma séð verður þetta æ mikilvægara svæði. En ég held ekki að neinn vilji fara að segja Íslandi hvað það eigi að gera á Norðurslóðum. Þvert á móti er munurinn á því að vera aðildarríki eða ekki sá að þegar þú ert fyrir utan, eins og í EES, eru stefnuþegi en þegar þú ert inni ertu stefnumarkandi, með rödd og atkvæði. Í auðlinda- og umhverfismálum er mjög litið til þekkingar og reynslu Íslendinga.“

### Alþjóðavæðingin og framtíðin

Avery segir það hafa verið góða ákvörðun, þegar Íslendingar hættu að byggja allt samfélagið á því sem næst einni atvinnugrein, þótt landið hafi ef til vill farið of hratt í sakirnar, eftir á að hyggja.

„Því framtíðin byggist ekki helst á náttúruauðlindum og framleiðslu hrávöru heldur sköpun – því að vera snjall. Þið getið gert það ein en þá verðið þið í litlum báti í sjónum. Þegar hann fer af stað þá hittir hann fyrir stærri skip sem heita Kína, Rússland og Bandaríkin. Ég held að það væri miklu betra fyrir ykkur að bindast bátunum í Evrópu föstum böndum. Þið eigið ákveðin gildi sameiginleg með Evrópusambandslöndum. Þið eigið eflaust fleiri sameiginlega hagsmuni með ESB en öðrum ríkjum líka. Þið Íslendingar eruð ekki undanþegnir alþjóðavæðingunni og þurfið að takast á við hana á 21. öldinni.“

### Fullveldið og áhrif innan EES

Ísland tekur við fjölda laga á ári hverju frá ESB í gegnum EES, um 300 lagagerðir í ár. Þjóðin hefur lítið sem ekkert um þetta að segja. Um leið óttast hún að glata fullveldi sínu við að ganga í Evrópusambandið. Hvernig lítur Avery á þessa klemmu?

„Það er satt að í EES hafa Noregur, Ísland og Liechtenstein næstum engin áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru. Ég segi næstum engin áhrif því ef þið væruð fyrir utan EES, væru þau enn minni! Að vera í EES er vissulega þægilegt. Þið fáið aðgang að sameiginlega markaðnum en þið borgið fyrir það.

Í EES takið þið við ákvörðunum en takið þær ekki sjálf. Og hér verður umræðan um fullveldi mikilvæg: Að mínu viti þýðir fullveldi að stjórnvöld hafi áhrif á ákvarðanir sem varða þjóð sína. Aðild að ESB þýðir að þið hefðuð meiri áhrif en þið hafið núna. Sjálfstæði og fullveldi er ekki sami hluturinn. Það er hægt að deila og auka fullveldið um leið og haldið er í sjálfstæðið og það held ég er það sem ESB veitir litlum ríkjum.“

## UM ANDSTÖÐUNA INNANLANDS

*Hér er ríkisstjórn sem er að semja við ESB en er um leið ósammála um samninginn sem stefnt er að. Ráðherrar innan hennar berjast jafnvel gegn þessu markmiði…*

„Þið eruð með samsteypustjórn eins og við Bretar. Flokkarnir í ríkisstjórninni okkar eru ósammála um Evrópu líka þótt þeir virðist ætla að fara frekar vel með það. Þeir eru ósammála sín á milli en þegar þeir fara til Brussel fylgja þeir sameiginlegri línu ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki betur en að þetta sé íslenska aðferðin líka. Það talið einni röddu við Evrópu. Mér skilst að innan flestra flokka hér séu raddir með og á móti Evrópusamstarfi. Þetta þekkjum við líka frá Bretlandi og það flækir hlutina. En þótt stjórn ykkar sé ósamstiga heima við þá líta Evrópumenn samt sem áður á íslensk stjórnvöld sem alvöru viðsemjanda.“

> Evrópumenn [líta] samt sem áður á íslensk stjórnvöld sem alvöru viðsemjanda.

*Staða samningaviðræðnanna er sú að nú stendur yfir rýniferli þar sem safnað er saman upplýsingum víðs vegar úr þjóðfélaginu til að undirbúa viðræðurnar. Hér taka allir tilkallaðir þátt í þessu nema hagsmunsamtök bænda. Samninganefnd Íslands telur þetta geta skaðað samningsstöðuna og þar af leiðandi þjóðarhagsmuni. Er þetta algengt í aðildarviðræðum?*

„Ég starfaði fyrri hluta ferils míns í landbúnaðarmálum og ég skil bændur því ágætlega en það kemur mér á óvart að íslenskir bændur séu ekki áhugameiri en þetta um ESB. Mér sýnist að aðild að ESB sé ekki nein alvöru ógnun við bændur. Hins vegar getur verið ýmiss konar akkur í aðild. Evrópskir sjóðir bjóða upp á áhugaverða möguleika í landbúnaði.

Enginn í Brussel hefur nokkurn áhuga á að draga úr landbúnaði á Íslandi, sem engum ógnar samkeppnislega í Evrópu. Landbúnaðarstefnan er að auki í endurskoðun eins og fiskveiðistefnan. Þessar endurskoðanir hafa allar verið í eina átt: til frekari uppbyggingar eða þróunar í dreifbýli.

> Ég man ekki eftir neinu tilfelli þar sem bændur hafa ekki haft áhuga á því að kynna sér þetta.

Ég held að þetta sé áhugavert fyrir Ísland og hver veit, sem aðildarríki þá gæti meginlandið jafnvel lært eitthvað af ykkur. Til dæmis hvernig þið farið að því að stunda landbúnað á afskekktum svæðum við svona óhagstæð skilyrði.

En ég man ekki eftir neinu tilfelli þar sem bændur hafa ekki haft áhuga á að kynna sér þetta. Oft voru þeir hikandi eða jafnvel tortryggnir, enda er það í eðli manns að vantreysta breytingum. En stundum eru breytingar til góða.“

# Välj.

Eða **veldu** eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður.
Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

Berlín
München
Hamborg
Varsjá
Zürich
Mílanó
Vilníus

Ósló
Kaupmannahöfn
Stokkhólmur
Helsinki
Gautaborg
Stafangur
Þrándheimur

Bergen
London
París
Frankfurt
Peking
Tokyo
Bangkok

**Ávallt með SAS**
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

ICELANDAIR

SAS
Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

**flysas.is**

# Bestu og verstu plötuumslögin

Hver eru bestu og verstu íslensku plötuumslögin í ár? Að áragamalli venju bað Fréttablaðið valinkunnið andans fólk um að kíkja á úrvalið og fella sinn dóm. Fjölmörg umslög voru nefnd til sögunnar og sum hver í báðum flokkum, en niðurstaðan liggur fyrir.

## Besta umslagið

1

### APPARAT ORGAN QUARTET – PÓLÝFÓNÍA

**Nýja platan frá Apparat Organ Quartet, sú fyrsta í heil átta ár, þykir skarta besta umslagi ársins og vinnur meira að segja með fáheyrðum yfirburðum í þeirri keppni. Hönnuðurinn Sigurður Eggertsson ber ábyrgð á herlegheitunum sem hreinn meirihluti álitsgjafa Fréttablaðsins var svona ánægður með.**

*„Þegar þú lætur bíða eftir þér í átta ár, þá er eins gott að þú komir vel klæddur í partýið. Apparat veit þetta og fékk einn fremsta myndskreyti Íslands, Sigga Eggertsson, til að sérsníða á sig sparifötin. Og það svínvirkar.“*
- Björgvin Friðgeirsson

*„Stórhönnuðurinn Sigurður Eggertsson skreytti umslag plötunnar ásamt því að hanna sautján litrík skjaldarmerki að auki. Útkoman er veglegar og flottar umbúðir.“*
- Hildur Maral Hamíðsdóttir

*„Alger popppungur. Heitasti skíturinn.“*
- Addi Knútsson

*„Litríkt og skemmtilegt.“*
- Freyr Bjarnason




*„Siggi Eggertsson neglir hér algerlega hvernig einstakt en fallegt plötuumslag á að líta út. Ég hef alltaf verið hrifinn af litríkum og persónulegum stíl hans og hann svíkur ekki hér frekar en fyrri daginn.“*
- Arnór Bogason

### ANNAÐ SÆTI




### SIGURÐUR GUÐMUNDSSON OG MEMFISMAFÍAN – NÚ STENDUR MIKIÐ TIL

*„Jólaplötur eru vandaverk þegar kemur að umslögum, og ekkert er jafn vandmeðfarið og falsað retró. En þetta umslag ýtir á alla réttu „Anno-1955-takkana“ og umslagið er svo vel heppnað að sem best gæti maður trúað að um raunverulega gamla grafík væri að ræða. Einstaklega fallegt jólaumslag.“*
- Jón Agnar Ólason

*„Nákvæm og stílhrein myndbirting innihaldsins.“*
- Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

*„50's stílísering sem gengur upp í hvívetna. Góður fílingur í þessu.“*
- Sveinbjörn Pálsson

### ÞRIÐJA SÆTI




### HJALTALÍN OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS – ALPANON

*„New York skvísan og ofurhönnuðurinn Regina María Rourke heldur áfram á þeirri braut sem hún lagði upp með á Terminal með Hjaltalín. Skemmtilegur leikur með tvær einfaldar ljósmyndir og form og sker sig vel úr frá plötuflórunni.“*
-Jóhannes Kjartansson

*„Kallast fallega á við síðustu kápu Hjaltalín, mysterísk og grípandi.“*
-Sveinbjörn Pálsson

## Versta umslagið

### STEINN KÁRASON – STEINN ÚR DJÚPINU

**Umslag fyrstu plötu Steins Kárasonar vekur takmarkaða lukku hjá álitsgjöfum Fréttablaðsins, sem telja það hið versta í ár.**




*„Uhhhh…Hann var nýbúinn að týna vinstri skónum sínum þegar hann fann þetta sverð. Nei, hann fann steininn í djúpinu og þurfti bara að fara úr öðrum skónum til þess að ná honum. Eða bíddu, hann heitir Steinn og var að koma upp úr djúpinu og er búinn að klæða sig í allt nema vinstri skóinn.“*
- Eva Hrönn Guðnadóttir

*„„Á ég að vera í skónum með gítarinn, eða berfættur með sverð? Get ekki ákveðið mig svo ég geri bara bæði. Allt í lagi?“ Nei, því fer víðsfjarri.“*
- Jón Agnar Ólason

*„Var hann að koma úr djúpinu með gítar og sverð? Er þetta kannski Excalibur?“*
- Arnór Bogason

*„Hvað er þetta sverð að gera þarna?“*
- Kolbrún Björt Sigfúsdóttir




### ANNAÐ SÆTI

### ÚTIDÚR - THIS MESS

*„Óþarflega óspennandi umslag utan miklu líflegra umslags, þetta lítur út*

*„Þetta er eins og bráðabirgðaredding saman í tölvunni algjörlega án þess ings tónlist plötunnar.“*

*„Titill gripsins ber nafn með rentu og innar sem minnir helst á framhlið ga er í algjöru ósamræmi við annars hr*




### ÞRIÐJA SÆTI

### SILFUR - EKKERT VE

*„Í fyrsta lagi hefur maður séð allt of öðru lagi hætti það að vera sniðugt ert vesen, kannski að það sé tilvitnu*

*„Brjálæðislega næntís plötukápa, en teiknara væri búið að innkalla merk*

### UMDEILDASTA UMSLAGIÐ

### BLAZ ROCA - VELKOMIN TIL KÓPACABANA

**Skiptar skoðanir eru meðal álitsgjafa Fréttablaðsins um ágæti umslags sólóplötu Erps Blaz Roca Eyvindarsonar, en jafn mörgum fannst það flott og þeim sem fannst það ljótt.**




*„Gert á 5 mínútum í mesta lagi.“* - Tryggvi Hilmarsson

*„Í fyrstu hugsaði ég: nei hvur andskotinn, er Blaz með allt niðrum sig? En svo kannaði ég málið betur og komst að þeirri niðurstöðu að þetta er einstaklega vel heppnað umslag. Þarna er allt uppi á borðinu. Það er svaka Kópavogs stigagangs fnykur af þessu öllu. Ótrúlega vel afgreitt og sérstaklega smekklegt á bakhliðinni þar sem lagatitlunum er raðað inn í dyrabjölluhnappa. Fólk fattar þetta umslag betur þegar það skoðar allan pakkann.“*
- Andri Freyr Viðarsson

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

desember 2010



## Einelti algengt á internetinu

Fanndís Birna Logadóttir var fulltrúi Íslands á ráðstefnunni Safer Internet Forum í Lúxemborg.

SÍÐA 10.



## Hitað upp fyrir jólin

Skemmtanir í boði fyrir fjölskylduna á aðventunni.

SÍÐA 8.




AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-16

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




Antony, Kiljan, Ragna Vala og Melkorka Thelma halda upp á afmæli þeirrar síðastnefndu í hádeginu á aðfangadag en krakkaafmæli verður helgina áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjölskyldan stækkaði á jólum

Margir fleiri hafa upplifað fæðingar á jólunum en Jósef og María og þeir sem koma í heiminn þá deila afmælinu sínu með sjálfum frelsaranum Jesú Kristi.

Þau Ragna Vala Kjartansdóttir og Antony Oldani ásamt syni þeirra Kiljan fengu heimsins bestu jólagjöf þegar Melkorka Thelma fæddist 24. desember árið 2005.

„Daman átti að fæðast um miðjan desembermánuð og ég vonaði allan tímann að hún yrði komin fyrir 24. Svo veiktist ég á Þorláksmessu, fór á spítalann um áttaleytið um kvöldið og fæðingin var afstaðin 40 mínútum eftir miðnætti. Auðvitað vorum við foreldrarnir alsælir og dagsetningin varð aukaatriði.“ Þannig lýsir Ragna Vala Kjartansdóttir því hvernig henni var innanbrjósts við fæðingu dótturinnar Melkorku Thelmu. Hún bjó með manni sínum og þriggja ára syninum Kiljan í Varese á Ítalíu á þessum tíma en fjölskyldan flutti til Íslands fyrir rúmum tveimur árum og settist að í Garðabæ. Þá byrjaði Kiljan í sex ára bekk og Melkorka Thelma í leikskóla.

Haldið er upp á afmæli Melkorku Thelmu í hádeginu á aðfangadag fyrir fjölskylduna og nú verður í fyrsta skipti krakkaafmæli helgina áður.

Ragna Vala lýsir því hvernig jólahaldi var háttað hjá fjölskyld-

FRAMHALD Á SÍÐU 6


KitchenAid® JÓLATILBOÐ



Hrærivélarnar fást í mörgum litum! Verð frá kr. 79.990



KitchenAid® FOR THE WAY IT'S MADE.®

Öllum KitchenAid® hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Sólveig Gísladóttir skrifar



# Babú hætta á ferð

Foreldrar þurfa að vera á stöðugu varðbergi gagnvart hættum í umhverfinu. Ekki þó aðeins þeim sem geta orðið börnunum skeinuhættar eins og bílar á hraðferð, illa girtir byggingagrunnar og lúmskar tjarnir. Nei, líka þeim sem geta komið þeim sjálfum í bobba, sérstaklega þegar þeir eru á hraðferð.

Sem móðir tveggja og hálf árs stúlku þarf ég að vera stanslaust á tánum til að lenda ekki í seinlegum uppákomum sem krefst þolinmæði og útsjónarsemi að komast út úr. Tökum nokkur dæmi:

Þegar við mæðgurnar vöknum á morgnana er nauðsynlegt að við komum strax við á klósettinu áður en stelpan sleppur fram í stofu. Ef ekki, getur reynst þrautin þyngri að spóla til baka og fá hana til að bursta tennur og fara á klóið. Tíu mínútna seinkun þar.

Þegar við erum að taka okkur til verð ég að forðast að nefna leikskólann. Því þótt henni þyki ekki leiðinlegt í leikskólanum finnst henni ömurlegt að fara þangað. Ef mér verður á að nefna leikskólann getur það þýtt mótþróa í öllu sem á eftir fylgir. Korter hér.

Kisur eru stórhættulegar, ég forðast þær, sérstaklega ef við erum seinar fyrir. Aðdráttarafl þeirra er slíkt að það getur kostað í fyrsta lagi langa töf og í öðru lagi miklar fortölur að koma barninu inn í bíl. Það sem virkar best að segja er: „Nú ætlar kisa að fara heim að sofa.“ Ég hef stundum reynt að stugga við kisunum svo lítið beri á. Verst hvað kettirnir í hverfinu virðast mannblendnir. Fimm mínútur hér.

Ef allt leggst á eitt er ljóst að við verðum allt of seinar bæði í leikskóla og vinnu. Því er til mikils að vinna að vera á tánum á morgnana.

Seinni part dags skiptir ekki eins miklu máli að komast hratt áfram. Þó eru nokkrar hættur sem best er að vara sig á: Kringlan er til dæmis bannstaður.



Barnið mitt kann svo sem að haga sér nokkuð skikkanlega í verslunum en versta martröð foreldra hlýtur að vera hinar ýmsu hringekjur og barnaleiktæki sem dreift er um alla verslunarmiðstöðina. Slík tæki koma frá hinum vonda enda þykir stúlkunni sjálfsagt að stoppa við hvert og eitt þeirra til að prófa og njóta. Annað stórvarasamt er veggurinn með hárskrautinu í verslunum, nammibarinn og hinir ýmsu sjálfsalar. Við foreldrarnir erum líklega allt of oft á hraðferð og ættum að reyna að hægja aðeins á og leyfa börnunum stundum að njóta þeirrar skemmtunar sem okkur þykir tímasóun.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Anton Brink Pennar: Hrefna Sigurjónsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*



**Ríkur maður** Þórir segir yndislegt að fá barnabörnin í ellinni. Samverustundir fjölskyldunnar séu dýrmætar. Hér er hann ásamt sonardóttur sinni Elvu Qi Kristinsdóttur, átján mánaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Samveran er svo dýrmæt

Bókin Tóta tíkarspeni eftir **Þóri S. Guðbergsson** hefur verið endurútgefin. Hún kom fyrst út árið 1978 en Þórir vann bókina í samvinnu við syni sína. Hann segir samveru foreldra og barna vera mjög dýrmæta.

Flestar af mínum barnabókum urðu til þegar ég var kennari en ég vann þá líka mörg sumur sem leiðtogi í sumarbúðum drengja í Vatnaskógi. Þar þurfti ég að vera tilbúinn á hverjum degi með sögur sem ég spann á staðnum,“ segir Þórir S. Guðbergsson, kennari, félagsráðgjafi og rithöfundur, en eftir hann liggur fjöldi unglinga- og barnabóka auk þýðinga.

Bókin Tóta tíkarspeni eftir Þóri kom fyrst út árið 1978. Hún hefur nú verið endurútgefin en Þórir vann hana í samvinnu við syni sína, Hlyn Örn og Kristin Rúnar, þá ellefu og þrettán ára. Þórir segir samvinnu feðganna hafa styrkt böndin milli þeirra. „Hlynur Örn var aðalteiknarinn. Hann var nýgreindur með sykursýki og fárveikur þarna en það er ekki að sjá á myndunum. Við unnum allt í sameiningu og það kostaði stundum svita og tár. En það styrkti okkur alla sameiginlega og ég hafði virkilega unun af því að vinna með þeim.“

Á erfiðum tímum eins og íslenskt samfélag gengur nú í gegnum segir Þórir hætt við að börn verði útundan. Fólk verði að gefa sér tíma með þeim. „Máli skiptir að eiga samleið með sínum börnum. Það er helsta aðalástæða þess að bókin um Tótu kemur út aftur á þessum tímum rótleysis. Sagan kemur inn á mörg atriði; í byrjun líður Tótu illa og fer að stríða. Hún reynir að tala við fullorðna fólkið en það hefur enginn tíma. Hún fer þá ein út í skóg og fer að tala tréð sem hefur nógan tíma og líður betur eftir það. Boðskapurinn er hvernig mannleg samskipti gefa öllum aðilum mikið.“

Þórir segir lestrarstundir með börnum dýrmætar. Sjálfur á hann fjögur börn og las fyrir þau frá fæðingu. „Við töluðum við þau í vöggunni, sungum eða lásum. Það spannst svo upp í sögu og lestrarstundir. Ég sé eftir því hvað ég skrifaði litið niður af því sem þau sögðu og spurðu. Nú á ég líka þrjú barnabörn sem er yndislegt að fá svona í ellinni.“ *- rat*




## BARNVÆNT

**Undraveröld Disney** Vel er tekið á móti fjölskyldum á veitingastaðnum Nítjándu í Turninum í Kópavogi, en þar var fyrir skemmstu opnað skemmtilegt leikherbergi innréttað í anda ævintýraheims Disney. Meðan foreldrarnir hafa það gott á veitingastaðnum geta börnin dundað sér í leikherberginu við að kubba, lesa blöð og bækur og notið þess að horfa á myndir úr smiðju Disney í afslöppuðu og fallegu umhverfi. Öryggi barna var haft til hliðsjónar við hönnun herbergisins og um helgar eru í því starfsmenn sem hafa auga með ungu gestunum.



Disney-herbergið er hluti af þeirri fjölskylduvænu stefnu sem Nítjánda veitingastaður leggur upp með. Þá er einnig gaman að segja frá hinu sérsniðna Disney-hlaðborði sem boðið eru upp á á kvöldverðarstaðnum, með réttum úr Stóru Disney matreiðslubókinni, svo sem Guffa-lasagna, Bjarnabófapylsur og pasta að hætti Lísu í Undralandi. Nánar á www.veisluturninn.is.


ego dekor
HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-
Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-
HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-
COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-
COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-
CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-
KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 205cm
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-
Stóll
TILBOÐSVERÐ: 86.400,-
BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-
ALEX
leðurstóll
Verð: 16.900,-
TRENT
leðurstóll
Verð: 12.800,-
MONET
stóll
Verð: 19.900,-
OLIVER
stóll
Verð: 18.900,-
TROY
stóll
Verð: 16.800,-
DAVOS
stóll
Verð: 24.500,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

# afþreying
*leikum og lesum…*



**TÆKNI-LEGO** ÍTR og Mímir standa fyrir Tækni-LEGO námskeiðum í skólum. Jóhann Breiðfjörð heldur utan um námskeiðin þar sem þátttakendur læra að nota mótora, tannhjól og fleira og fá aðstoð við að skapa sín eigin módel. Sjá www.nyskopun.com.

## Staðreyndir um LEGO

- Upphaf LEGO má rekja aftur til ársins 1932 þegar Ole Kirk Christiansen, danskur smiður, hóf að smíða leikföng úr viði í kreppunni.
- Nafnið LEGO er komið frá danska orðatiltækinu leg godt, sem þýðir, leikið fallega.
- Fyrstu legókubbarnir litu dagsins ljós árið 1947.
- Christiansen byggði hugmyndina að legókubbunum á breskum kubbum eftir Hilary Fisher Page.
- Fyrstu legókarlarnir komu á markað 1978. Til að byrja með voru engar hendur eða fætur á fígúrunum.
- Á hverju ári eru framleiddar 19 milljarðar af legókubbum. Þannig eru framleiddir 36 þúsund kubbar á hverri mínútu.
- Legókubbar sem framleiddir eru á einu ári gætu náð fimm sinnum í kringum jörðina væri þeim raðað í röð.
- Um 306 milljónir gúmmídekkja eru framleiddar af LEGO á hverju ári.
- Hæsti legóturn heims er 28,7 metrar á hæð og byggður úr 465 þúsund kubbum.
- Lengsta legóbyggingin er 80,8 fermetrar, byggð úr 1,2 milljonum kubba.



**Heimsmet** Hæsti turninn úr legókubbum er nærri 30 metrar.

## Mótar listaverk úr litríkum legókubbum

Nathan Sawaya er bandarískur listamaður sem býr til stórar þrívíðar styttur úr hvunndagslegum hlutum og legókubbum.

Sawaya er lögfræðimenntaður og starfaði um tíma sem slíkur. Hann vakti fyrst athygli árið 2004 þegar hann vann keppnina um „Lego Master Model Builder“. Hann starfaði fyrir Lego í sex mánuði áður en hann opnaði sitt eigið listastúdíó í New York.

Hann hélt sína fyrstu sýningu vorið 2007 sem hann kallaði „The Art of the Brick“.

Sawaya hefur frá árinu 2000 byggt ótrúlegustu furðuverk úr legókubbum. Til dæmis 2,1 m langa eftirmynd af Brooklyn-brúnni, risaeðlu í raunstærð, 1,8 metra háan Han Solo og skúlptúra af Alfred Hitchcock og Lindsay Lohan.







**Frumurnar** Auðunn Hafdal, Ingibjörg Valgeirsdóttir, Eiríkur Hansson, Sigrún Salka Hermannsdóttir, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Inga Kristín Kristjánsdóttir, Stefán Reynir Jónsson. Hildur Ósk Hansdóttir, Ingibjörg Lúcía Ragnarsdóttir, Hafdís Lára Sigurðardóttir og Eyjalín Harpa Eyjólfsdóttir. Á hægri mynd sést vélmennið sem þurfti að leysa vissar þrautir. MYND/SÖLVI LOGASON

# Frægðarför **Frumnanna**

Átta stúlkur og tveir strákar úr sjöunda bekk Grunnskóla Hornafjarðar unnu sér inn keppnisrétt í Evrópukeppni FIRST LEGO League sem fram fer í Hollandi júní 2011. Þetta er í þriðja sinn sem lið Grunnskóla Hornafjarðar sigrar í keppninni hér heima.

Frumurnar, lið Grunnskóla Hornafjarðar, vann hina árlegu FIRST LEGO League keppni sem haldin var í nóvember. Eiríkur Hansson kennari er þjálfari þeirra.

„Þetta er mjög fjölþætt keppni. Hún er haldin einu sinni á ári um allan heim en hér heima heldur Háskóli Íslands utan um undankeppnina,“ útskýrir Eiríkur sem hefur þjálfað lið Hornafjarðar þau sex skipti sem keppnin hefur farið fram. „Á hverju ári er nýtt þema og við fáum uppgefna þrautabraut. Krakkarnir verða síðan að hanna, smíða og forrita vélmenni úr legókubbum sem leysir þrautirnar í brautinni,“ segir Eiríkur.

Þema ársins í ár var Body Forward, eða líkaminn lifi. Urðu liðin að vinna rannsóknarverkefni því tengdu en Frumurnar ákváðu að finna nýja lausn fyrir brunasár. „Þau hönnuðu nýja tegund af kælipoka sem þau kölluðu Kælibindi. Það er kælipoki með festingum sem tollir betur á og er þægilegri,“ segir Eiríkur stoltur og bætir við að keppnin sé fjórþætt. Fyrir utan smíðina á vélmenni og rannsóknarverkefnið verða liðin að halda dagbók og æfa skemmtiatriði.

Af þeim sex skiptum sem keppnin hefur verið haldin hér á landi, hafa Hornfirðingar unnið í þrjú skipti. Þar sem liðsmenn eru aldrei þeir sömu hvert ár liggur beinast við að álíta að Eiríkur sé drifkrafturinn að baki þeim. En hvaðan kemur hans legóáhugi? „Þetta er meðfæddur galli held ég,“ svarar Eiríkur glettinn. „Mér fannst þessi keppni bara áhugaverð og þótti gaman að geta gert eitthvað nýtt og áhugavert með krökkunum,“ segir Eiríkur sem hefur starfað sem smíðakennari í mörg ár og hefur áhuga á öllu sem viðkemur tækni og rafmagni.



Hann segir samfélagið á Höfn taka keppninni af áhuga og velvild. „Svo er keppnin kynnt vel fyrir yngri krökkunum þannig að þegar þeir koma í sjöunda bekk komast færri að en vilja.“

Eiríkur er inntur eftir þeirri staðreynd að stúlkur eru í meirihluta liðsins í ár, en átta af tíu í hópnum eru stelpur. „Þær sýndu þessu bara meiri áhuga í þetta sinn,“ segir hann og áréttar að stelpur séu ekki síðri í tæknilegu hliðinni en strákar.

En hvað hefur sigur í keppninni í för með sér? „Við fengum það í verðlaun að fá að taka þátt í Evrópumótinu sem fer fram í Delft í Hollandi í júní,“ segir Eiríkur sem hefur farið tvisvar áður út með lið. „Þetta er mikil upplifun enda sextíu tíu manna lið sem kynna verkefni sín. Svona ferð er ekki síst lærdómsrík fyrir krakkana sem kynnast þarna fólki frá ólíkum menningarheimum. Í Danmörku árið 2008 kepptum við til dæmis við heilt stúlknalið í búrkum,“ segir Eiríkur og bætir við að krakkarnir séu mjög spenntir fyrir ferðinni og séu þegar byrjaðir að safna fyrir farinu. *- sg*








**Heill heimur af Legó** Legoland í Billund í Danmörku er elsti Legolandgarðurinn í heimi, en til eru þrjú önnur Legolönd. Í Englandi, Þýskalandi og í Kaliforníu.

Legoland í Danmörku opnaði árið 1968. Garðurinn er við hlið upprunalegu Legóverksmiðjunnar og rétt hjá flugvellinum í Billund. 1,6 milljón gesta koma í garðinn á ári. Garðurinn er því stærsti ferðamannastaður Danmerkur utan Kaupmannahafnar. Legolandi er skipt í níu heima, allt frá Duplolandi og Ævintýralandi, til Sjóræningjalands og Víkingalands. Jólin eru líka sérstök í Legolandi. Þá má sjá jólatré úr legókubbum, jólalög hljóma og börnin geta skoðað verkstæði jólasveinsins og fylgst með hjálparsveinum hans.



*Jólagóðgæti frá Jóa Fel*

# Jólastund að hætti Jóa Fel

## í Holtagörðum, laugardaginn 4. desember

Í dag ætlum við að gera okkur glaðan dag og bjóða gestum og gangandi að smakka nýbakaðar jólasmákökur og rjúkandi heitt Illy-kaffi.

DAGSKRÁ FRÁ KL. 10 - 17

---

Jólastemmning með lifandi tónlist

Jói Fel kennir réttu handtökin við að búa til ekta kransakökur

Illy-gæðakaffi frá Ítalíu - kaffikynning

Jói Fel áritar nýútkomna bók sína *Eldað með Jóa Fel*

Kynning á nýbökuðu jólagóðgæti frá Jóa Fel

Opið frá kl. 7 - 17

ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR




JÓI FEL ÁRITAR BÓKINA
-*ELDAÐ MEÐ JÓA FEL*
Í HOLTAGÖRÐUM Í DAG

Jói Fel

Odense

illy

BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

# afmæli

gleðjumst og þökkum fyrir



**GOTT Á FÆÐINGARDEILDINA** Það er um að gera að hafa með sér nóg af góðri tónlist meðferðis á fæðingardeildina þegar stóra stundin nálgast. Eins þarf að gæta þess að velja lög sem fólk þreytist seint á, enda geta sum orðið ansi fljótt þreytandi.



**ELDRI** börn vel... því móti... styrkt og...

FRAMHALD AF FORSÍÐU



**Alveg að verða fimm ára** Melkorka Thelma í herberginu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

unni 2005. „Antony var viðstaddur fæðinguna og Kiljan var í pössun. Við mæðgur vorum fjóra daga á spítalanum og ég og kona sem lá með mér á stofu höfðum jólastund þann 25. Maðurinn hennar færði okkur góðgæti og nágrannakona mín kom með greniskreytingu. Svo héldum við Antony og Kiljan okkar jól þegar við mæðgur komum heim. Á Norður-Ítalíu er jólatréð sett upp 8. desember og jólastemningin fylgdi svo alltaf sendingunni að heiman.“

Að sjálfsögðu verða jólin 2005 Rögnu Völu ávallt minnisstæð. „Dóttirin var yndisleg jólagjöf og ég held alltaf sambandi við konuna sem var með mér á stofu. Strákurinn hennar heitir Philippo og það er gaman að sjá þau Melkorku leika sér saman.“ *- gun*


JÓL ÁN AUKAKÍLÓA
- Frábær árangur -

CC Flax

Frábært við fyrirtíðarspennu fyrir konur á öllum aldri og öllum einkennum breytingaskeiðs



Mulin hörfræ – Lignans
Trönuberjafræ
Kalk úr sjávarþörungum

CC Flax gefur frábæran árangur við tifinningasveiflum, pirringi, hita- og svitakófi, svefntruflunum, fitusöfnun og húðþurrki. Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Kemur í veg fyrir bjúg og vökvasöfnun, styrkir nýru og hindrar sýkingu í þvagfærum.* Fjölbreyttar trefjar og ríkt af Omega-3.

**Heilbrigðari og grennri konur**
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð






1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum og heilsubúðum www.celsus.is


# Jólasveinninn kom á...

Jóna María Ólafsdóttir verður tíu ára á aðfangadag. Hún hlakkar mikið til stóra dagsins enda fær... vandamenn í heimsókn, og svo auðvitað helling af pökkum. Svo er aldrei að vita nema jólasvein...

Afmæli Jónu Maríu Ólafsdóttur ber upp á sjálfan aðfangadag en þá verður hún tíu ára. Blaðamaður brá sér í heimsókn til afmælisbarnsins tilvonandi og foreldra hennar, Gunnhildar Kristinsdóttur og Ólafs Geirs Sverrissonar, og forvitnaðist aðeins um þessa stóru stund sem er í vændum.

Hvernig finnst þér að eiga afmæli svona á sjálfan aðfangadag? „Það er gaman, út af því að þá fæ ég fullt af pökkum,“ svarar Jóna María glaðhlakkaleg.

Gunnhildur skýtur því þá að Jóna María fái reyndar ekki alla pakkana á einu bretti, því einni viku fyrir jól sé haldið sérstaklega upp á afmælið svo það hverfi ekki í skuggann af aðfangadegi. „Þá er fjölskyldu og vinum boðið í heimsókn og hluti gjafanna opnaður. Restina fær hún svo að opna á aðfangadag ásamt jólapökkunum og finnst hún því vera að allan daginn,“ segir hún og getur þess að sú hefð hafi skapast kringum fyrsta afmælið.

Spurð hvort Jóna María muni eftir einhverjum skemmtilegum afmælisgjöfum, er sú stutta ekki lengi að hugsa sig um. „Já, einu sinni fékk ég kassa fyrir Pet Shop dýrin mín.“

Háaldraður blaðamaður klórar sér í hausnum. Pet Shop dýr, hvað er nú það? „Þetta eru leikföng, svona dýr sem eru mjög vinsæl hjá krökkum í dag,“ útskýrir Gunnhildur og brosir.

En skyldi Jónu Maríu langa í eitthvað sérstakt í afmælisgjöf núna í ár. „Já, Top Model-dót,“ segir hún og flýtir sér að bæta við til útskýringar þegar hún sér uppgjafarsvipinn á blaðamanni: „Svona dúkkulísur, sem maður teiknar á fötin sjálfur.“

Það eru þó ekki gjafir sem Jóna María hlakkar mest til að fá, heldur heimsókn frá jólasveininum sem er orðinn árviss viðburður á heimilinu. „Á síðasta ári kom hann á golfbíl og áður á fjórhjóli. Hann er mjög skemmtilegur, syngur afmælissönginn og spilar á gítarinn hans pabba.“ Blaðamaður brosir í laumi og þakkar fjölskyldunni fyrir ánægjulegt spjall. *- rve*



# Tók á móti lítilli vink...

Helga Sigurðardóttir ljósmóðir varð þeirrar gæfu aðnjótandi að taka á móti dóttur vinahjóna sinna á Þorláksmessu fyrir nokkrum árum og nýtur þess að sjá hana vaxa úr grasi.

Helga Sigurðardóttir ljósmóðir hefur starfað í Hreiðrinu á Landspítalanum við Hringbraut um nokkurra ára skeið og tekið á móti hátt í hundrað börnum. Helga kveðst eiga ýmsar skemmtilegar minningar úr starfinu og ein þeirra tengist Þorláksmessukvöldi fyrir nokkrum árum.

„Ég var þá kölluð út til að taka á móti barni, en vinkona mín átti von á sér um jólin og ég hafði samþykkt að taka á móti. Þetta var alveg dásamleg stund, við vorum þarna ég og önnur ljósmóðir á heimili foreldranna, Stefaníu Guðmundsdóttur og Eggerts Bjarna Thorlacius. Þetta gekk allt svo vel og eðlilega fyrir sig og þarna tók ég á móti lítilli vinkonu minni í heiminn, henni Sigrúnu Helgu,“ rifjar Helga upp og getur þess að eftir fæðingu hafi hún farið beinustu leið út í næstu barnafataverslun og keypt fallegan jólakjól á þá litlu. „Ég bara rétt náði því áður en búðirnar lokuðu.“



**Dýrmæt stund** Helga Sigurðardóttir segir að því fylgi ákveðinn hátíðleiki beri... fæðingu upp kringum jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Ísfólkið, íbúð og kaffihús** í Spönginni, hefur blandað sérstakan jólaís á aðventunni. Þá bætist starfsfólkinu liðsstyrkur en Stúfur og Skyrgámur munu afgreiða í versluninni allar helgar og sprella með börnunum.



**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




Brúnn herra trefill
og ullarfóðraðir brúnir leðurhanskar
**Jólatilboð 4.350 kr.**



Blár trefill og fallegir bláir leðurhanskar í stíl
**Jólatilboð 3.900 kr.**
Margir litir í boði



Margir litir í boði
Ekta kanínutrefill og fallegir hvítir leðurhanskar í stíl. 3 litir í boði svart, brúnt og hvítt. Verð 7.950 kr.
**Jólatilboð 5.955 kr.**



Mikið úrval af dömu og herra seðlaveskjum úr leðri.
**Verð frá 3.900 kr.**

Smart Boutique
Laugavegur 55 Sími 551-1040

Opið mán.–fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10–16
**Sendum í póstkröfu um allt land.**
*Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.*



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS


**Viðar Eggertsson ætlar að verja helginni við lestur, labb, hlustun og straujun.**

# Ekki hannyrðamaður en mjög góður straujari

„Ég ætla að háma í mig bestu molana úr fimm konfektkössum á laugardaginn," segir Viðar Eggertsson, stjórnandi Útvarpsleikhússins, spurður hvernig hann ætli að verja helginni. „Þá á ég við að ég ætla að lesa uppáhaldskaflana mína úr bókunum fimm sem tilnefndar eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta," bætir hann við þegar blaðamaður hváir. Viðar var í nefndinni sem valdi bækurnar sem tilnefninguna hlutu. Er hann ekki búinn að fá nóg af lestri í bili? „Mér finnst svo gaman að lesa aftur það sem er gott, þess vegna ætla ég að smjatta á bestu köflunum og virkilega njóta þeirra. Mér finnst það nefnilega ómissandi hluti af aðventunni að njóta góðs texta eftir afbragðshöfunda."

Eiginmaður Viðars er Sveinn Kjartansson, kokkur í Fylgifiskum, verður hann ekki með eitthvert lostæti á borðum um helgina? „Ég ætla að vona það," segir Viðar. „Það er að vísu mikið að gera hjá honum á aðventunni, þau eru vinsæl í Fylgifiskum þannig að hann verður upptekinn í

;HELGIN | 2



Aðventan er til þess að njóta lestrar, tónlistar, leikhúss og samskipta við vinina, að mati Viðars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Íslenski jólasveinadúkurinn

Íslensku jólasveinarnir 13 á dúknum ásamt Grýlu, Leppalúða og jólakettinum

Sendum frítt á næsta pósthús
Kíktu í vefverslun, www.lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

**Ölgerðin** opnar dyrnar fyrir gestum og gangandi í dag milli 13 og 15. Margt spennandi verður í boði. Krakkar geta blandað sinn eigin safa eða gosdrykk, hægt verður að fylgjast með framleiðslu á Egils appelsíni og síðan geta gestir skoðað Borg Brugghús og smakkað á nýjustu bjórunum.



vera

TILBOÐ

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOLUM OG PEYSUM

FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

olsen sandwich_

vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020

## Jólin í Hlöðunni

SVEITAMARKAÐUR HLÖÐUNNAR Í VOGUM Á VATNSLEYSUSTRÖND VERÐUR HALDINN Í DAG FRÁ KLUKKAN 12 TIL 17.

Íbúar Voga og Vatnsleysustrandar buðu grönnum sínum að njóta haustuppskerunnar með sér á sveitamarkaði í september síðastliðnum. Að þessu sinni verður sveitamarkaðurinn með jólalegu yfirbragði en meðal þess sem verður á boðstólum eru jólalegar sultur, kæfa, rúgbrauð og smákökur. Einnig verða til sölu húfur, dúkkurúmföt, jólakransar og kerti ásamt öðru handverki. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og jólaglögg á sanngjörnu verði. Markaðurinn er haldinn í hlöðu sem stendur við bæinn Minni-Voga, Egilsgötu 8 í Vogum, og hefst hann stundvíslega kl. 12 laugardaginn 4. desember.



Framhald af forsíðu

vinnunni allan daginn á meðan ég hakka í mig konfektið, en ég vona að ég fái eitthvað gott á laugardagskvöldið. Svo væri ég alveg til í að skreppa á sýningu í Borgarleikhúsinu eftir matinn og sjá Jesú litla, sem ég á alltaf eftir að sjá. Ég held það sé alveg tilvalið að fara á aðventunni og sjá þessa sýningu með þessum frábæru trúðum."

Viðar á líka hundinn Drakúla, þarf ekki að sinna honum um helgina? „Jú, jú, jú. Hann Drakúla litli sér um það að maður fái hreyfingu. Honum finnst gaman að fara í langar gönguferðir og er eiginlega búinn að merkja sér allan Fossvogsdalinn og þykist eiga hann alveg skuldlausan, en þarf reglulega að fara og endurnýja merkingarnar. Hann er reyndar óskaplega þægur og stilltur og auðveldur í ferðum þannig að ég þarf ekkert að vera á neinum hlaupum með honum, en hann sér alfarið um líkamsrækt mína."

Hvað er svo á dagskránni á sunnudaginn? „Á sunnudaginn klukkan tvö ætla ég að hlusta á tvö leikrit eftir Svein Einarsson í Útvarpsleikhúsinu og á meðan ætla ég að strauja tólf skyrtur. Mér finnst svo óskaplega gott að strauja á meðan ég hlusta á útvarpsleikrit. Útvarpið er nefnilega öðruvísi en sjónvarp sem tekur alla athyglina, það er hægt að gera eitthvað í höndunum á meðan maður hlustar. Og ég er ekki mikill hannyrðamaður en alveg afskaplega góður í að strauja."

Annað sem Viðar stefnir að á aðventunni er að hitta gamla vini yfir kakóbolla á kaffihúsi og fara á sem allra flesta tónleika. „Aðventan er til þess að njóta lestrar, tónlistar, leikhúss og samskipta við vinina. Og ef þú hittir gamlan vin sem þú hefur ekki séð lengi yfir kakóbolla á aðventunni, þá get ég lofað þér því að þú verður eins og sambandið hafi aldrei rofnað."



„Ómissandi hluti af aðventunni er að njóta góðs texta eftir afbragðshöfunda," segir Viðar, sem ætlar að verja laugardeginum í að lesa aftur bestu kaflana úr bókunum fimm sem tilnefndar eru í flokki fagurbókmennta til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. MYND/SIG. JÖKULL



Jólarósir Snuðru og Tuðru eru byggðar á bókum Iðunnar Steinsdóttur.

# Snuðra og Tuðra í Tjarnarbíói

**Jólarósir Snuðru og Tuðru verða sýndar að nýju í Tjarnarbíói á morgun klukkan 16.**

Leiksýningin Jólarósir Snuðru og Tuðru sem er byggð á sögu eftir Iðunni Steinsdóttur var fyrst á dagskrá hjá Möguleikhúsinu fyrir jólin 2001 og var sýnd í þrjú ár við miklar vinsældir. Sýningin er nú tekin upp að nýju með nýjum leikurum og verður fyrsta sýningin í Tjarnarbíói klukkan 16 á morgun.

Leikstjóri upprunalegu sýningarinnar var Bjarni Ingvarsson, en umsjón með þessari enduruppsetningu hefur Pétur Eggerz, sem einnig skrifaði leikgerðina. Búninga hannaði Katrín Þorvaldsdóttir og tónlist er eftir Vilhjálm Guðjónsson. Leikarar eru Magnea Björk Valdimarsdóttir og Aino Freyja Järvelä.

Sýningin er miðuð við áhorfendur á aldrinum tveggja til tíu ára og miðaverð kr. 1.500 og miðapantanir hjá miðasölu Tjarnarbíós, s. 527-2102, midasala@tjarnarbio.is og á midi.is.

- fsb










FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.
vísir.is

## 1-2 milljónir



Nú er gullvagninn til sölu. Mini arg. 1990 ekinn 65 þús.Verð 1050.000- kr Frekari upplýsingar í síma 694-1020

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Vantar þig ódýrann bíl?**
Til sölu Huyndai Sonata árg. ,99. Góður bíll. V. 300 þús. Uppl. í s. 691 7190.

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

## Jeppar



Land Cruiser ,99 árg. 35" beinsk. ek. 257þ. Mikið endurnýjaður og topp viðhald. 1.500þ. stgr. S. 863 6356.



**NULL**
FORD EXPEDITION EDDIE BAUER ,98 Einn með öllum lúxus.Verð 1.190 þús. skipti skoðuð, s. 615-2500

## Sendibílar

Renault Traffic ,91, háþekja. Ekinn 100þ. Ath skipti. Uppl. í s. 499 2072.

## Húsbílar




## Fjórhjól



**Can Am**
Eigum til gott úrval af nýjum og notuðum Can-Am fjórhjólum Sölumenn taka vel á móti þér í Ellingsen www.ellingsen .is S:580 8500.




Eigum til að á lagi reimar í flestar gerðir vélsleða og fjórhjóla. Einnig mikið úrval af aukahlutum. www.msport.is. Opið frá kl 17:30 - 20:00

## Kerrur



Til sölu ný kerra 1,15 x 2,50 uppl. í s: 865 3041 / 692 6044.

## Vinnuvélar




Til sölu 3.ára Ingersoll verktaka loftpressa með rafstöð. Aðeins notuð 60 vinnustundir. Hefur verið geymd innan dyra frá upphafið. Uppl í s. 863 1424

Nú er tækifæri O.K. Payloader 6,5 t ek.1800 tíma opnanleg skófla, brettagaflar og snjótönn. Vinna getur hugsanlega fylgt verð 3,8 millj + vsk uppl: 8925590



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar



7,2 m, Buck 20 hö. vél. Koden dýp, STK o.fl. Vagn V, 1,6 eða tilb. S. 690 8478.

## Hjólbarðar




Erum með mikið úrval af notuðum dekkjum. Einnig ný dekk á góðum verðum. VAKA Sími: 567 6700.

Subaru árg 06' óska eftir 1 x 17" álfelgu uppl: 8208770

**Jeppadekk**
Óslitin negld snjódekk á 5gata álfelgum Stærð 235/70/16" Verðhugmynd 125Þ S. 862 6222/892 4900.

Vetradekk óskast 205/65R18 eða 275/65R20 Uppl. s. 695 1918

Til sölu 3 stk. 255/55 18". Upplýsingar í síma 6150021

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Hringbraut.is Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

**Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

## Sendibílaþjónusta




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Sendibílaþjónusta

Alhliða flutningar: Búslóðir Húsgögn Píanó Raftæki Hljóðfæri Sorp. Erum alltaf við símann 561 3333

## Hreingerningar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Á allt til að þrífa. S. 696 8173.

Tek að mér hreingerningar í heimahúsum. Uppl. í s. 821 6384.

**jólaþrif jólaþrif**
Kem og geri allsherjar þrif, veggi og fleira eftir óskum. 100% trúnaður S. 659 6158.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja



Gref fyrir dreni og skolpi. Fjarlægi efni og kem með nýtt. Er einnig með steinsögun. Góð og vönduð vinnubrögð. Getum bætt við okkur verkefnum. S. 863 1291.







Setjum upp jólaseríur og annað skraut fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga og stofnanir. Útvegum allt sem til þarf og hjálpum til með hugmyndir. Sé eldra skraut til staðar setjum við það upp. Garðar best ehf, sími 698 9334, heimasíða: gardarbest.is, netfang: gardarbest@gardarbest.is, facebook: Garðar best

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarar**
Alhliða málingarþjónusta, afar hagstæð verð í boði. Einungis fagmenn. S. 697 8356.

**Málarameistari**
Úlfar Ragnarsson málarameistari. Tilboð eða tímavinna. Vönduð vinnubrögð. S. 616 2270

Málingarþjónusta getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. A1 Málun S. 660 1787.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is
















**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

Smiðir framkvæma innri og ytri verkum,smáum og stórum. S:7725875,7722766

**Handriðaplast**
Efni og ásetning. 27 ára góð reynsla. Uppl. í síma 8408282 , www.pyrite.is

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Til sölu

**Sendiráðsbíll til sölu**

**BMW 525 D x-Drive árg. 2009**



Ekinn 14 þ.km., Sjálfskiptur, Vetrardekk, Bluetooth, Leðursæti o.s.frv.

ÓSKAÐ er tilboða sem er að lágmarki. 7.990.000 kr.st.gr.

Lokað verður fyrir tilboð kl. 12.00 föstudaginn 10.12.10.

Uppl. í Þýska sendiráðinu í síma 530 1100 eða mail: info@reykjavik.diplo.de

Tilboð þurfa að berast til þýska sendiráðsins, Laufásvegi 31, í lokuðu umslagi.

Capacent Ráðningar

# FJÁRMÁLASTJÓRI

**Öflugt og traust ráðgjafafyrirtæki óskar eftir að ráða fjármálastjóra.**

**Verkssvið**
- Ábyrgð á allri fjármála- og rekstrarstjórn fyrirtækisins
- Yfirumsjón með bókhaldi, gerð ársreiknings og fjárhagslegri skýrslugerð
- Yfirumsjón með kostnaðareftirliti og eftirfylgni
- Samskipti við banka, fjármálastofnanir og endurskoðendur fyrirtækisins
- Öll fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni með þeim
- Ábyrgð á launavinnslu
- Umsjón með rekstri upplýsingakerfis
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

**Í boði er**
- Vinna í lifandi umhverfi hjá skemmtilegu fyrirtæki
- Krefjandi tækifæri fyrir öflugan aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða fjármála
- Reynsla af fjármálastjórnun og rekstri
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Góð þekking á Navision Financials
- Haldgóð tungumálakunnátta, enska og Norðurlandamál
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Greiningarhæfni
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Jákvætt viðmót

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. janúar nk.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

Hlutverk Háskólans í Reykjavík (HR) er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Nemendur eru um 3000 við skólann og starfsmenn eru yfir 500, þar af um 270 fastráðnir í fullu starfi. HR rekur einnig Opna háskólann þar sem um 500 námskeið eru haldin á ári. Bæði íslenskir og erlendir fræðimenn koma að kennslu og rannsóknum innan HR auk sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi.

HR einbeitir sér einkum að kennslu og rannsóknum á sviðum tækni, viðskipta og laga. Lögð er áhersla á nýsköpun og tengsl við atvinnulíf í landinu. Öll starfsemi HR er staðsett í nýbyggingu skólans við Nauthólsvík. Húsnæðið er um 30.000 fermetrar að stærð með aðstöðu í fremstu röð hér á landi til kennslu og rannsókna. Áhersla er lögð á góða vinnuaðstöðu og þjónustu við nemendur.

# Framkvæmdastjóri mannauðs og þjónustu við Háskólann í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir kraftmiklum og drífandi framkvæmdastjóra fyrir uppbyggingu á innra starfi skólans með áherslu á mannauðsmál, þjónustu, stuðning við akademískt starf og þróun leiða til að efla starfsemi háskólans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á mótun og framkvæmd stefnu í mannauðsmálum, þjónustu og öðrum tengdum þáttum. Hann situr í framkvæmdastjórn og vinnur með rektor, forsetum deilda, framkvæmdastjórum og forstöðumönnum að öllum þáttum mannauðsmála, þjónustu og innra starfs.

**Helstu starfsþættir:**
- Byggja upp og bera ábyrgð á ferlum og stoðkerfum sem lúta að akademísku starfi, þar með talið ráðningum, framgangi, frammistöðumati, gæðamati, o.fl.
- Vinna með rektor, deildarforsetum og öðrum starfsmönnum að stefnumótun, mannauðsmálum, stoðþjónustu fyrir akademíska starfsemi og þróun innra starfs
- Hafa yfirumsjón með rekstri kennslusviðs, þjónustusviðs, stúdentaþjónustu, bókasafns, rannsóknarsviðs og annarrar stoðþjónustu við akademískt starf

**Hæfnisviðmið:**
- Framhaldsmenntun á háskólastigi og góð þekking á háskólastarfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni, skipulögð vinnubrögð og hugmyndaauðgi

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2011.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Yggdrasill

# Innkaupa- og sölustjóri

Yggdrasill er framsækið og ört vaxandi innflutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í lífrænum og náttúrulegum mat-, snyrti- og hreinlætisvörum.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með reynslu og þekkingu á innkaupum og vörustjórnun. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf, sem snertir alla þætti virðiskeðjunnar þar sem sjálfstæði, góð samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar fá að njóta sín.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Stýring á vöruflæði
- Stefnumótun og áætlanagerð tengd innkaupum og sölu
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini og birgja
- Mótun lykilferla

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, menntun á sviði vörustjórnunar æskileg
- Góð þekking og reynsla af innkaupum og sölustjórnun
- Góð tölvukunnátta, frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á rituðu máli á íslensku og ensku
- Áhugi á heilsusamlegum lífstíl

Umsóknarfrestur er til **12. desember 2010**. Umsóknir sendist á netfangið sigrun@yggdrasill.is

Primera Air

We are a dynamic airline proudly offering high quality, profitable services to the leisure market.

# TRAINING COORDINATOR

The Training Coordinator works in the Crew Resources Department in Kópavogur, Iceland.

**Main duties**

- Daily administration of all training activities including Simulator sessions, Ground training and Line flight instructions.
- Provide information to all Instructors and Trainees on scheduled training and activities.
- Coordinate training facilities, travel and accommodation for trainees.
- Liaise with crew records that training records are kept up-to-date.
- Report training completion in accordance with procedure.
- Ensure that all training activities are done in an efficient and cost effective manner.

**Personal skills**

You might be the person we are looking for if you consider yourself open minded with very good communication skills. You have to be good in problem solving and creative in finding solutions. Our company would benefit most by finding an individual who is hard working, flexible and has reliable cost awareness.

**Additionally we require knowledge and experience in the following:**

- Similar experience from previous job.
- A thorough knowledge of the RM Crewing System (Sabre).
- Good knowledge of EU-OPS, especially chapter N, O and Q.
- Good computer skills, MS-Office programs.
- Be fluent in English.

To apply, please visit our website www.primeraair.com and fill out an online application form. The application deadline is **12th of December 2010**. Should you have additional questions, feel free to contact us. We look forward to receiving your application.



Primera Air

Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | primeraair.com

# Viðskiptastjóri í markaðsrannsóknum

Rannsóknarfyrirtækið Maskína leitar að öflugum viðskiptastjóra í markaðs- og viðhorfsrannsóknum. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á rannsóknum og mun taka virkan þátt í uppbyggingu fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun.
- Mjög góð þekking á markaðs- og viðshorfsrannsóknum.
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.

Í boði eru góð laun, krefjandi verkefni og sjálfstæði í starfi. Trúnaði er heitið við alla umsækjendur. Umsóknum skal skilað fyrir **15. desember** með rafpósti á **maskina@maskina.is** eða í bréfpósti á Maskína, Skólavörðustíg 1a, 101 Reykjavík.
**Allar nánari upplýsingar veita Þóra Ásgeirsdóttir í síma 896 4427 og Þorlákur Karlsson í síma 825 6420.**

Maskína hóf starfsemi sl. haust á sviði markaðs- og viðhorfsrannsókna og leggur áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum gæðarannsóknir. Gildi Maskínu eru fagmennska, persónuleg þjónusta og ánægjuleg vinna.

maskína

maskína | skólavörðustíg 1a, 101 reykjavík | maskina@maskina.is, www.maskina.is

Auglýsingasími
512 50 50

Allt sem þú þarft...

# Fjármálastjóri

Öflugt og traust alþjóðlegt fyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim og höfuðstöðvar á Íslandi óskar að ráða fjármálastjóra. Áhugavert tækifæri fyrir kraftmikinn fjármálastjóra sem mun vinna með öflugu alþjóðlegu teymi stjórnenda. Starfið krefst ferðalaga.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Fjárstýring samstæðunnar
- Yfirumsjón með bókhaldi, kostnaðareftirliti, áhættustjórnun og greiningu
- Undirbúningur fyrir endurskoðun og ábyrgð á innra eftirliti
- Umsjón með lánamálum fyrirtækisins og samskipti við bankastofnanir
- Áætlanagerð, samræming fjárhagsáætlana, samantekt áætlana og frávikagreining
- Vinnsla og framsetning upplýsinga um fjármálastöðu og rekstraruppgjör
- Tryggingar, gjaldeyrisstýring og ýmis umbótaverkefni

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi eða sambærilegt
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun
- Árangursrík stjórnunarreynsla og framúrskarandi samskiptafærni
- Víðtæk alþjóðleg fjármálaþekking
- Góð þekking á helstu fjárhagsupplýsingakerfum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi enskukunnátta (tala og skrifa) er skilyrði

**Upplýsingar veita:**
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk.**

**Umsókn og ferilskrá skal vera á ensku.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Sölumaður óskast



**Sölumaður verslunar**
Verslun Bílabúðar Benna óskar eftir sölumanni með góða þekkingu á bílum og varahlutum í bíla. Starfið felur í sér heimsóknir til viðskiptavina verslunarinnar. Leitað er eftir samviskusömum einstaklingi með ríka þjónustulund og frumkvæði til góðra verka.

Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið benni@benni.is fyrir mánudaginn 13. desember.

Bílabúð Benna ehf. er 35 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Verslunin flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða.

Bílabúð Benna
- Sérfræðingar í bílum -

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000
www.benni.is - benni@benni.is

# Félagsmálastjóri á Ströndum og Reykhólahreppi

Sveitarfélögin Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Reykhólahreppur auglýsa nýtt og spennandi starf sameiginlegs félagsmálastjóra laust til umsóknar. Sveitarfélögin bjóða upp á heillandi mannlíf, einstaka náttúrufegurð og fjölbreytt starfsumhverfi. Um er að ræða 70% starf með möguleikum á viðbótarverkefnum hjá sveitarfélögunum.

**Helsta starfssvið félagsmálastjóra:**
- Almenn fagleg félagsleg ráðgjöf
- Yfirumsjón með málefnum fatlaðra
- Móttaka og úrvinnsla á umsóknum um fjárhagsaðstoð
- Mannaforráð og skipulag félagslegrar heimaþjónustu
- Forvarnir, fræðsla og samskipti við íbúa í sveitarfélögunum
- Önnur málefni félagsþjónustu sem upp koma á svæðinu

**Hæfniskröfur**
- Félagsráðgjöf, þroskaþjálfun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Reynsla af starfi við félagsþjónustu, málefni fatlaðra eða sambærilegum störfum mikilvæg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, forystu- og skipulags-hæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áræðni og dug til að vera leiðandi í uppbyggingu og þróun á félagsþjónustu á svæðinu. Félagsmálastjóri vinnur náið með nýrri sameiginlegri velferðarnefnd sveitarfélaganna fjögurra. Starfið krefst ferðalaga um svæðið og þarf félagsmálastjóri að hafa bílpróf og bíl til umráða. Staðsetning meginsstarfsstöðvar félagsþjónustunnar verður ákveðin í samráði við nýjan félagsmálastjóra.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað til: Skrifstofu Strandabyggðar, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík. S: 451-3510. Netfang: holmavik@holmavik.is

**Umsóknarfrestur er til 12. desember 2010.**

VIRÐING
VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

# Lögfræðingur

*Virðing hf. er löggilt verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnana-fjárfesta. Félagið starfar í því skyni að veita viðskiptavinum sínum virðisaukandi þjónustu og aðstoða þá við uppbyggingu og auka fjárhagslegan styrk þeirra. Virðing hf. var stofnað í árslok 1999 og er í dag í eigu lífeyrissjóða, tengdum félögum og nokkurra einstaklinga. Frekari upplýsingar um Virðingu hf. má finna á heimasíðu fyrirtækisins* ***www.virding.is***

**Virðing hf. óskar eftir lögfræðingi til starfa. Um er að ræða nýtt starf hjá fyrirtækinu.**

**Starfssvið**
Ábyrgð og umsjón með lögfræðilegum verkefnum fyrirtækisins; þ.m.t. regluvarsla, samningagerð, lögfræðilegar úttektir, ýmis sérverkefni og samskipti við hagsmunaaðila á fjármálamarkaði. Lögð er áhersla á virka þátttöku í uppbyggingu og þróun fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði.
- Árangursríkur starfsferill og starfsreynsla sem nýtist í starfinu er skilyrði.
- Haldgóð starfsreynsla á sviði fjármála og viðskipta er sérstaklega áhugaverð.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Góðir samskiptahæfileikar og samningatækni.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember n.k. Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsóknir með ferilskrá óskast fylltar út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi. Umsækjandi þarf að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé í lagi.

intellecta

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

Grafika 10

# Framkvæmdastjóri - bankastjóri

*Nýi bankinn mun starfa undir heitinu Sparibankinn og byggja á hugmynda-fræðinni um stýringu útgjalda og uppbyggingu sparnaðar og eigna. Leiðarljós Sparibankans verður að leiðbeina og aðstoða viðskiptavini - einstaklinga og fyrirtæki - við að ná fjárhagslegum markmiðum sínum. Samfélagslegt hlutverk Sparibankans verður að móta framtíð viðskipta-bankastarfsemi á Íslandi með nýrri sýn, nýjum leiðum og nýjum lausnum. Sparibankinn verður miklu meira en bara banki.*

**Sparifélagið hf. auglýsir eftir framkvæmdastjóra/bankastjóra.**

**Sparifélagið hf. undirbýr umsókn um viðskiptabankaleyfi til Fjármálaeftirlitsins. Að fengnu leyfi fyrir rekstri viðskipta-banka mun starf framkvæmdastjóra Sparifélagsins breytast í starf bankastjóra.**

**Meginverkefni**
- Leiða uppbyggingu nýrrar starfsemi
- Stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri
- Skilgreina leiðir að settum markmiðum
- Sjá um stefnumótun og stuðla að framgangi hennar
- Hafa yfirumsjón með útlánum
- Miðla upplýsingum til bankaráðs og starfsmanna
- Sjá um samskipti við FME og aðra opinbera aðila

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og skilningur á þeirri hugmynda-fræði sem starfað verður eftir
- Reynsla í rekstri viðskiptabanka eða útibús
- Háskólapróf sem nýtist við rekstur viðskiptabanka
- Löggilding í verðbréfamiðlun er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember n.k. Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi.

intellecta

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*www.intellecta.is*

Grafika 10

AUÐKENNI

Auðkenni er framsækið fyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Markmið Auðkennis er að tryggja öryggi og skapa traust í rafrænum viðskiptum. Auðkenni vinnur að uppbyggingu rafrænna skilríkja til almennra nota á Íslandi.

# Tæknistjóri

Auðkenni leitar að tæknistjóra sem getur uppfyllt margvíslegar og margbreytilegar kröfur hjá vaxandi fyrirtæki og tekið þátt í mótun þess til framtíðar.

**Helstu verkefni:**

- Almenn kerfisstjórn, tækniieg þróun og rekstur tölvukerfa Auðkennis.
- Ábyrgð á þróun og uppbyggingu dreifilyklakerfis Auðkennis.
- Tækniieg aðstoð við þjónustuveitendur sem hyggjast nýta rafræn skilríki, hvort sem er í tengslum við auðkenningu eða rafræna undirritun á skjölum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun.
- MCSA-próf, MCSE-próf eða sambærileg prófgráða.
- Þekking á tæknilegum eiginleikum rafrænna skilríkja og dreifilyklakerfis.
- Þekking og reynsla af rekstri Windows netþjóna, Exchange, IIS, SQL og Sharepoint.
- Reynsla af forritun.
- Þekking á UNIX og Oracle gagnagrunnum er kostur.

Auðkenni leggur áherslu á að starfsmenn tileinki sér nýjungar og vinni að framþróun í starfi með stöðugum endurbótum. Mikilvægt er að tæknistjórinn geti unnið vel í hópi og tileinkað sér vinnubrögð sem byggja á samvinnu og frumkvæði.

**Nánari upplýsingar um starfið veita Logi Ragnarsson (logi@audkenni.is) og Elfur Logadóttir (elfur@audkenni.is) í síma 580 6400.**
**Áhugasamir eru hvattir til að senda umsókn ásamt ferilskrá á logi@audkenni.is eigi síðar en 14. desember 2010.**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

## Umsjónarmaður sjálfboðaliða Hjálparsíma Rauða krossins 1717

Reykjavíkurdeild RKÍ auglýsir eftir umsjónarmanni sjálfboðaliða Hjálparsíma RKÍ.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leikni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og öflun sjálfboðaliða
- Símsvörun
- Almenn skrifstofustörf

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf um áramótin.**

Nánari upplýsingar gefur Karen Theodórsdóttir verkefnastjóri Hjálparsímans í gegnum tölvupóst; karen@redcross.is
Umsóknum skal skila á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. hæð, 105 Reykjavík eða á ofangreint netfang fyrir 12. desember nk.




Fíton/SÍA

**...til að vinna á stærstu lögmannsstofu landsins?**
LOGOS leitar að öflugu starfsfólki, lögfræðingum og aðstoðarfólki, til að slást í hópinn í höfuðstöðvum okkar í Reykjavík. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjast þekkingar, áhuga, einbeitingar og metnaðar.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR LÖGFRÆÐINGA
Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði og mjög góð íslensku- og enskukunnátta eru áskilin. Brennandi áhugi á lögfræði, sjálfstæði í vinnubrögðum, nákvæmni og metnaður til að gera vel auk vilja og getu til að takast á við krefjandi verkefni.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR AÐSTOÐARFÓLKS
Leitum að kraftmiklu, úrræðagóðu og drífandi fólki með háskólapróf og góða tölvukunnáttu. Góð íslensku- og enskukunnátta áskilin.

Vinsamlegast sendið umsóknir á rafrænu formi á umsoknir@logos.is.
Einnig er hægt að senda umsóknir til **LOGOS, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík**, merktar „Starfsmannaumsjón“. **Umsóknarfrestur er til 17. desember.**

Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Ísland
+354 5 400 300
+354 5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1 JD
England
+44 (0) 207 920 3020
+44 (0) 207 920 3099

Lautrupsgade 7, 4th floor
2100 Copenhagen
Denmark
+ 45 70 229 224
+ 45 70 274 279

logos@logos.is
www.logos.is

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð vinnur jafnframt að rannsóknum og tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.**

**Impra er annað kjarnasviða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Impra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.**

Evrópumiðstöð - Enterprise Europe Network:

# Verkefnastjóri

***Evrópumiðstöð Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** leitar að áhugasömum og skipulögðum starfsmanni sem getur tekist á við fjölbreytt og krefjandi störf við þjónustu og verkefnastjórn á sviði Evrópusamstarfs.

***Enterprise Europe Network*** (*www.een.is*) hefur það að meginmarkmiði að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskóla á Íslandi við að komast í samstarf við erlenda aðila og styðja þar með að tækni- og þekkingaryfirfærslu á milli landa.

**Starfssvið**
- Framkvæmd og ábyrgð á verkþáttum Enterprise Europe Network
- Handleiðsla og upplýsingaþjónusta við viðskiptavini Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
- Þátttaka í og öflun annarra verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tækni, viðskipta, verkefnastjórnunar eða sambærilegt
- Færni í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæð og ögud vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður
- Góð þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Færni í ensku
- Hæfni til að taka þátt í hópastarfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Upplýsingar gefur ***Kristín Halldórsdóttir***, forstöðumaður Enterprise Europe Network í ***síma 522 9232***. Einnig má senda fyrirspurnir á ***kristinh@nmi.is***.

Umsóknarfrestur er til og með ***17. desember*** og ráðið í stöðuna sem fyrst upp úr áramótum. Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið ***kristinh@nmi.is***.

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs

Keldnaholti, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● Fax 522 9111 ● www.nmi.is



# Erum við að leita að þér?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði og hjá okkur starfa um 350 starfsmenn, flestir á framleiðslu- og gæðasviðum.

## Störf í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Unnið er á þrískiptum vöktum.

**Ef þú ert…**

- hress og jákvæð/ur
- stundvís
- samviskusöm/samur og getur tileinkað þér nákvæm vinnubrögð
- verklagin/n
- með grunnþekkingu í ensku
- góð/ur í að vinna í hópi

**…þá bjóðum við**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **12. desember nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði.

Starf stofnunarinnar mótast af alþjóðlegum kröfum og tekur breytingum í samræmi við öra alþjóðlega þróun. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

Hjá PFS starfa 24 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

# Staða hópstjóra öryggis- og viðbragðsteymis vegna netöryggismála er laus til umsóknar.

Í framhaldi af samþykkt Ríkisstjórnar Íslands í nóvember 2010, um stofnun öryggis- og viðbragðsteymis vegna netöryggismála, auglýsir Póst- og fjarskiptastofnun eftir hópstjóra til að móta verklag fyrir viðbragðsteymið ásamt innleiðingu þess hjá stofnuninni. Hlutverk viðbragðsteymisins er að greina, miðla upplýsingum og koma á samstarfi við hagsmunaaðila hér á landi og erlendis.

### Starfssvið

- Mótun verklags og innleiðing vinnuferla
- Greining á spilliforritum og viðbrögð við öryggisatvikum
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Koma á samvinnu við netöryggishópa hagsmunaaðila innanlands og stuðla að stofnun slíkra þar sem þörf er á
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi öryggismál
- Leiða atvika-, veikleika- og búnaðargreiningu, ásamt því að dreifa upplýsingum um atvik og berskjölduð tölvu- og fjarskiptakerfi
- Aðstoð við uppbyggingu þekkingar í meðhöndlun öryggisatvika hjá innlendum netöryggishópum

### Menntun og reynsla

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða öðrum raungreinum.
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði hugbúnaðargerðar ásamt þekkingu á fjarskiptamarkaðnum er æskileg.

### Aðrar hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi. Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð, ríkulega samskiptafærni ásamt getu til ákvarðanatöku við flóknar og krefjandi aðstæður. Umsækjendur þurfa jafnframt að búa yfir skilningi á internet-tækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif ásamt getu til að miðla tæknilegum upplýsingum um annarra. Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði töluð og rituð, er áskilin. Um er að ræða krefjandi starf í síbreytilegu og spennandi umhverfi þar sem gerðar eru miklar fagkröfur.

**Umsóknarfrestur** er til og með **19. desember nk.** Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu PFS, **www.pfs.is**
Umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt viðeigandi prófgögnum í viðhengi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að umsókn gildi í sex mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Þorleifur Jónasson**, forstöðumaður tæknideildar, í síma **510 1505**, **thorleifur@pfs.is**

ÍSLENSKA SIA.IS POS 52630 12/10

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn á Ísafirði | Reykjavík | 201012/017 |
| Móttöku- og miðasölustjóri | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201012/016 |
| Ræstitæknar og ræstingarstjóri | Tollstjóri | Reykjavík | 201012/015 |
| Fulltrúi í afgreiðsludeild | Tollstjóri | Reykjavík | 201012/014 |
| Leikskólakennari | Landspítali, Rjóður | Kópavogur | 201012/013 |
| Hópstjóri | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201012/012 |
| Kerfisfulltrúi | LÍN | Reykjavík | 201012/011 |
| Kennarar | Framhaldssk. A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201012/010 |
| Stuðningsfulltrúi, félagsliði | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 201012/009 |
| Stuðningsfulltrúi, félagsliði | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 201012/008 |
| Deildarstjóri | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201012/007 |
| Afgreiðslufulltrúi | Fjármálaráðuneytið | Reykjavík | 201012/006 |
| Verkefnast. á sviði Evrópusamst. | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Reykjavík | 201012/005 |
| Efnafræðingur | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201012/004 |
| Forstöðumaður | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201012/003 |
| Sérfr. í bæklunarlækningum | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201012/002 |
| Verkefnisstjóri á Suðurnesjum | Félags- og tryggingamálar. | Suðurnes | 201012/001 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúa í fullt starf

Um er að ræða sölu- og kynningastarf

Fyrirtækið gefur út fjöldann allan af ýmis konar ritum tengdum ferðaþjónustu, sjá heimasíðuna www.sagaz.is
Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd laun.

Umsóknir skulu sendar á netfangið umsokn@sagaz.is

SAGAZ PUBLISHING HOUSE

# WAREHOUSE



Við erum að leita að duglegum einstaklingi í fullt starf í verslun okkar.

**Umsóknarfrestur er til 10. des.**

Óskum eftir umsækjendum 20 ára og eldri.

Ferilskrá sendist á **kboland@hbu.is**

**Hæfniskröfur**
- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði í starfi

# Mannauður

Landsbankinn

Landsbankinn óskar að ráða tvo sérfræðinga í Mannauðshóp sinn.

## Sérfræðingur í mannauðsmálum

Leitað er að sérfræðingi með alhliða þekkingu á mannauðsmálum sem verður virkur þátttakandi í öllum verkefnum mannauðsteymis. Helstu verkefni snúa að ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna, ráðningum, eftirfylgni vinnustaðagreininga, þróun frammistöðumælinga og samtala, þróun mannauðsmælikvarða og fræðslumál.

### Hæfniskröfur:
- A.m.k. 3ja ára reynsla í sambærilegu starfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Samskiptahæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar veitir:

Baldur G. Jónsson mannauðsstjóri í síma 410 7902.

Umsókn fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is merkt „Sérfræðingur í mannauðsmálum".

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk.

## Sérfræðingur í launadeild

### Helstu verkefni:
- Almenn launavinnsla
- Upplýsingavinnsla úr launakerfi
- Þróun mælikvarða
- Skýrsluvinnsla
- Upplýsingagjöf vegna kjara og réttinda

### Hæfniskröfur:
- Reynsla af launavinnslu æskileg
- Þekking á H-launa kerfinu er kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mjög góð tölvufærni

### Nánari upplýsingar veitir:

Guðrún Þórðardóttir, Mannauði í síma 410 7903.

Umsókn fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is merkt „Sérfræðingur í launadeild" .

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Fræðslusvið Hafnarfjarðar
# Skólastjóri grunnskóla

**Staða skólastjóra Hraunvallaskóla er laus til umsóknar.**

**Í Hraunvallaskóla er sérstök áhersla lögð á samvinnu leik- og grunnskóla en þar eru nemendur á báðum skólastigum og tveir skólastjórar.**

Í skólanum er starfað samkvæmt hugmyndafræði hins opna skóla, einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum kennsluháttum. Þá er mikil áhersla lögð á samvinnu, teymisvinnu, skapandi hugsun og starfsgleði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða kennslufræði
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé reiðubúinn að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Hafi reynslu og/eða menntun til að leiða skóla-starfið í átt að einstaklingsmiðuðu námi og opnum skóla

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.
Upplýsingar um starfið veitir Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslusviðs í síma 585 5800, netfang magnusb@hafnarfjordur.is
Umsóknir berist Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður fyrir **31. desember 2010.**
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. apríl 2011 eða eftir nánara samkomulagi.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna. Laun og kjör eru samkvæmt samningum KÍ og launanefndar sveitarfélaga.

Sviðsstjóri fræðslusviðs

## Vinsæll Veitingastaður í hjarta Reykjavíkur

Óskar eftir yfirkokki/kokki í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst, vera stundvís, heiðarlegur með góða stjórnunarhæfileika og geta unnið vel undir álagi. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar gefur Kolbrún í síma 861 4844 eða kolbrunarna@simnet.is

---

# Spennandi störf á Ströndum:

## Leikskólastjóri og tómstundafulltrúi

**Leikskólastjóri í leikskólanum Lækjarbrekku**
Leikskólinn Lækjarbrekka á Hólmavík auglýsir eftir leikskólastjóra. Í skólanum eru um 30 börn í tveimur deildum og þar dvelja börn frá 1 árs aldri. Einkunnarorð skólans eru:

***Gleði - Virðing - Vinátta***

**Meginhluverk leikskólastjóra**
Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi. Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, fjármálum og rekstri skólans. Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans í samstarfi við sveitarstjórn.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Menntun, hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á börnum og samskiptum við þau
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður í starfi

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2010.**

## Nýtt starf tómstundafulltrúa

Sveitarfélagið Strandabyggð óskar eftir umsóknum um nýtt starf tómstundafulltrúa í sveitarfélaginu. Um er að ræða 75-100% starf eftir samkomulagi.

Tómstundafulltrúi mun sinna fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum sem tengjast menningarmálum, tómstunda- og íþróttastarfi í sveitarfélaginu og hafa yfirumsjón með þeim málaflokkum.

Mikilvægur hluti af verksviði tómstundafulltrúa er að veita Félagsmiðstöðinni OZON á Hólmavík forstöðu, vinna að stefnumörkun fyrir starfsemina og bera ábyrgð á fjármunum félagsmiðstöðvarinnar.

Hugmynda-, undirbúnings- og skipulagsvinna verður viðamikill þáttur í starfi tómstundafulltrúa. Hann á að vinna að því að efla félagslíf og tómstundastarf ólíkra aldurshópa í sveitarfélaginu og annast samskipti við félagasamtök og stofnanir. Tómstundafulltrúi mun einnig sinna viðburðastjórnun við atburði og uppákomur á vegum sveitarfélagsins eftir því sem við á og taka þátt í stýrihóp sveitarfélagsins um forvarnir. Þá er tómstundafulltrúa ætlað að vinna að fjármögnun verkefna og undirbúa skapandi starf vinnuskóla og sjálfboðaliðasamtaka í sveitarfélaginu.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, forystu- og skipulagshæfileikar.
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi.

**Umsóknarfrestur er til 10. desember 2010.**

---

Umsóknum ásamt ferilskrám skal skilað til:

Skrifstofu Strandabyggðar, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík.

Sími: 451-3510. Netfang: holmavik@holmavik.is

Hólmavík er í 234 km fjarlægð frá Reykjavík og tilheyrir sveitarfélaginu Strandabyggð þar sem rúmlega 500 manns búa í nánum tengslum við náttúruna. Þar er góð þjónusta, öflugur grunn- og tónlistarskóli, fjölbreytt menningarstarf og góð íþrótta- og útivistaraðstaða í einstaklega fallegu umhverfi. Nánar á www.strandabyggd.is

---

réttur
lögfræðiþjónusta & málflutningur

**Réttur/Aðalsteinsson & Partners veitir faglega og vandaða ráðgjöf á flestum sviðum lögfræðinnar. Lögmenn stofunnar aðstoða bæði innlend og erlend fyrirtæki, einstaklinga, félög, félagasamtök, stofnanir og sveitarfélög.**

**Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu málflutningsstofunnar, www.rettur.is.**



# Lögfræðingur/lögmaður

## Réttur fjölgar starfsmönnum

**Verkefni lögfræðings/lögmanns verða m.a:**

* Lögfræðileg ráðgjöf, samningagerð og málflutningur.
* Önnur þau lögfræðilegu verkefni er falla til hverju sinni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

* Embættispróf í lögfræði og/eða réttindi til málflutnings.
* Haldgóð lögfræðiþekking.
* Samskiptahæfni og hæfni til að starfa í krefjandi starfsumhverfi.
* Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð.
* Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur** er til og með 14. desember nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinsamlega athugið að upplýsingar um starfið verða eingöngu veittar hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Guðný Harðardóttir**, gudny@stra.is, veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár ásamt viðeigandi gögnum öðrum til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst til **STRÁ MRI** og tilkynni þátttöku.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

---

MANNVIT

# Starfsfólk óskast

## Viltu vinna við krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi?

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða tölvunarfræðing eða hugbúnaðarverkfræðing á hugbúnaðarsvið og verk- eða tæknifræðing á stjórnkerfasvið.

**Stjórnkerfasvið:**
- Hönnun og ráðgjöf við verkefni á sviði orku og iðnaðar.
- Hönnun og ráðgjöf á sviði stjórnkerfa.
- Hugbúnaðarþróun fyrir stjórnkerfi.

**Hugbúnaðarsvið**
- Forritun, aðallega í Microsoft umhverfi.
- Forritun á móti gagnagrunnum og gagnagrunnsforritun.
- Samhæfing gagnagrunna og upplýsingakerfa á sviði orku og iðnaðar.



**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræðimenntun fyrir stjórnkerfasvið.
- Tölvunarfræði-, hugbúnaðarverkfræði- eða verkfræðimenntun með áherslu á forritun fyrir hugbúnaðarsvið .
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að starfa í hóp.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum.

**Við bjóðum upp á:**
- Góðan starfsanda.
- Krefjandi verkefni.
- Starfsþjálfun.
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. desember nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is

**Nánari upplýsingar veitir**
Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.

**Mannvit** verkfræðistofa er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öfluga starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en víðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**

Mannvit hf. I Grensásvegi 1 I 108 Reykjavík I s: 422 3000 / f: 422 3001 I www.mannvit.is

ALLSAINTS

Við erum að leita að duglegum einstaklingi í fullt starf og hlutastarf í verslun okkar.

Umsóknarfrestur er til 10. des. Óskum eftir umsækjendum 20 ára og eldri.

Ferilskrá sendist á kboland@hbu.is

**Hæfniskröfur:**

» Reynsla í þjónustu
» Áhugi á tísku
» Lipurð í mannlegum samskiptum
» Skipulagshæfni
» Frumkvæði í starfi

All Saints | Kringlan

---

Mata hf. • Sundagörðum 10 • 104 Reykjavík

## Mata hf óskar að ráða til starfa aðstoðarlagerstjóra.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu af manna-forráðum og hafi góða stjórnunarhæfileika.

**Starfssvið:**

- Staðgengill lagerstjóra
- Almenn lagerstörf
- Lyftarapróf kostur

**Við leitum að** metnaðarfullum einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er skipulagður og sveigjanlegur og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

Mata er rótgróin heildsala sem sérhæfir sig í dreifingu á ávöxtum og grænmeti.

Áhugasamir sendið inn skriflegar umsóknir á netfangið steinar@mata.is

---

## Lektor
### við námsbraut í tölvunarfræði

**Við námsbraut í tölvunarfræði í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild er laust til umsóknar starf lektors.**

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Ráðið verður í starfið til fimm ára með möguleika á ótímabundinni ráðningu að þeim tíma liðnum, sbr. 3. mgr. 31. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

**Umsóknarfrestur er til 20. desember nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Pétur Pálsson, prófessor og deildarforseti, í síma 525 4952, opp@hi.is, eða Kristján Jónasson, prófessor og námsbrautarstjóri, í síma 525 4735, jonasson@hi.is.

Sjá nánar á www.starfatorg.is og www.hi.is/skolinn/laus_storf

Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

PIPAR\TBWA • SÍA • 103117

HÁSKÓLI ÍSLANDS

---

## ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**

***Rammasamningur um kaup á fersku grænmeti og ávöxtum fyrir svið og stofnanir Reykjavíkurborgar, EES útboð nr. 12529.***

Útboðsgögn, á geisladiski, verða seld á kr. 3.000. í upplýsinga-þjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá þriðjudeginum 7. desember 2010 .
Opnun tilboða: 24. janúar 2011, kl 10.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur. 12529
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

## *Félagsfundur*

***Verður haldinn þriðjudaginn***
***7. desember kl. 17.00***
***í félagsheimili FBM Hverfisgötu 21***

***Dagskrá:***

- ***Undirbúningur vegna kjarasamninga***
- ***Staðan í atvinnumálum***
- ***Önnur mál.***

***Félagsmenn eru hvattir til að mæta***

*Félag bókagerðarmanna*
*HVERFISGÖTU 21 SÍMI 552 8755*
*www.fbm.is fbm@fbm.is*

---

Spkef sparisjóður byggir á gamalli hefð en horfir til framtíðar, til hagsbóta fyrir það samfélag sem hann starfar í. Hjá sparisjóðnum starfar öflugur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

SPARISJÓÐURINN

## Lögfræðingur

Spkef sparisjóður auglýsir eftir lögfræðingi.

### Starfssvið:

Regluvarsla skv. lögum um verðbréfaviðskipti.
Eftirlit með peningaþvætti skv. lögum um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
Eftirlit með gjaldeyrisreglum Seðlabanka Íslands.
Önnur lögfræðileg málefni, s.s. ráðgjöf og skjalagerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Meistarapróf í lögfræði.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum á fjármálamarkaði.
Góðir samskiptahæfileikar.
Faglegur metnaður.
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
Lögfræðingur heyrir beint undir sparisjóðsstjóra í skipuriti.

## Sérfræðingur í áhættustýringu

Áhættustýring heyrir undir sparisjóðsstjóra en sérfræðingur í áhættustýringu vinnur náið með forstöðumönnum sparisjóðsins að áhættustýringu.

**Helstu verkefni:**

Innleiðing og eftirlit með áhættumælikvörðum tengdum áhættustefnu
Mótun aðferða og umsjón með útreikningum á innra mati á eiginfjárþörf
Skýrslugerð til stjórnenda og endurskoðunarnefnd
Almenn verkefni tengd eiginfjárgreiningu og áhættustýringu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Háskólamenntun í verkfræði, hagfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði
Reynsla af greiningarvinnu og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
Reynsla af gagnagrunnsnotkun og forritun
Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í hópi
Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna sjálfstætt

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Bæði sérfræðingur í áhættustýringu og lögfræðingur hafa aðsetur í Keflavík.

**Upplýsingar veita:**

Katrín S. Óladóttir (katrin@hagvangur.is) og Rannveig J. Haraldsdóttir, (rannveig@hagvangur.is).

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er 18. desember n.k.

HAGVANGUR

## Tilkynningar

FJARSKI

### Fjarskiptabúnaður og þjónusta Fjarska á almennum markaði

Fjarski ehf. óskar eftir tilboðum í fjarskiptastaði og fjarskiptabúnað ásamt yfirtöku á tilheyrandi fjarskiptaþjónustu. Eignirnar eru í fullum rekstri og verða seldar í einu lagi, með þeirri þjónustu sem þeim fylgir.
Fjarski ehf. er fjarskiptafélag sem er í eigu Landsvirkjunar. Vegna skipulagsbreytinga sem fyrirhugaðar eru á starfsemi félagsins er óskað eftir tilboðum í umræddar eignir. Söluferlið er í tveimur þrepum þar sem í fyrri áfanga er óskað eftir óbindandi tilboðum byggðum á gögnum sölulýsingar. Í seinni áfanga söluferilsins verður þeim tilboðsgjöfum sem uppfylla skilyrði og eru með hagstæðustu tilboðin að mati Fjarska boðið að skila inn bindandi tilboði.

Gögn er varða söluna verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn skilagjaldi að upphæð kr. 50.000 fyrir hvert eintak, frá og með mánudeginum 6. desember 2010.
Óbindandi tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en 30. desember 2010.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Skipun Æskulýðsráðs

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leitar hér með eftir tilnefningum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka sbr. reglugerð nr. 1088/2007 um skipan fulltrúa í Æskulýðsráð. Tilnefna skal konu og karl til setu í Æskulýðsráði til tveggja ára. Í tilnefningunni skal koma fram vilji tilnefndra einstaklinga til að taka að sér setu í Æskulýðsráði. Með tilnefningu skal fylgja yfirlit yfir reynslu og þekkingu tilnefndra á starfi æskulýðsfélaga eða æskulýðssamtaka og yfirlýsing um að viðkomandi uppfylli ákvæði 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Tilnefningar þurfa að berast mennta-og menningarmálaráðuneyti Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, bréflega í síðasta lagi föstudaginn 17. desember 2010.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti,*
*2. desember 2010.*
*menntamálaráðuneyti.is*

VEGAGERÐIN

### Axarvegur (939), Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn

### Opin hús vegna mats á umhverfisáhrifum

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um lagningu nýrra vega á Fljótsdalshéraði og í Djúpavogshreppi. Um er að ræða lagningu nýs Axarvegar og breytingar á Hringvegi í Skriðdal og um Beru-fjarðarbotn. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 19. nóvember 2010 til 7. janúar 2011 á skrifstofum Fljótsdalshéraðs og Djupavogshrepps og á bókasafni Héraðsbúa á Egilsstöðum. Einnig í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu **Vegagerðarinnar: www. vegagerdin.is**

Allir hafa rétt á að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **7. janúar 2011** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin mun standa fyrir opnum húsum þar sem framkvæmdin og mat á umhverfisáhrifum hennar verða kynnt á veggspjöldum og tekið verður við ábendingum og athugasemdum.

**Opin hús verða á:**
**Hótel Framtíð á Djúpavogi þriðjudaginn**
**7. desember kl. 17.00-19.00**

**Hótel Héraði á Egilsstöðum miðvikudaginn**
**8. desember kl. 17.00-19.00.**

Allir eru velkomnir.



*Bulandet Fiskeindustri er staðsett í Bulandet, sem er lítil eyja á vesturströnd Noregs, í klukkustundar fjarlægð frá meginlandinu (Nálægt Stongfjorden).*
*Á eyjunni eru bæði leikskóli og grunnskóli í göngufæri auk matvöruverslunnar og annara smáfyrirtækja t.d. hárgreiðslustofu og nuddara. Veðurfar líkt og á Íslandi, falleg náttúra og huggulegt fólk.*
*Nánari upplýsingar um Bulandet auk mynda á www.bulandet-grendalag.org*

### Vélstjóri óskast í Noregi

Sjálfstæður og úrlausnargóður vélstjóri óskast til starfa við fiskvinnsluna Bulandet Fiskeindustri AS í Noregi. Umsækjandi þarf að hafa reynslu í viðgerðum á verkunnarvélum, gjarnan af Baader gerð og þarf að geta hugað að bæði því vélræna og rafræna sem að kemur vélunum. Umsækjandi verður einnig að geta viðhaldið kælio og frystivélum auk annars sem huga þarf að í fiskvinnslu.
Laun verða umsamin.

*Áhugasamir hafið samband við Per Arild Tysse,*
*sími: +4791743634 / +4757733030*
*mail: per.arild.tysse@bufi.no*

Sveitarfélagið ÁLFTANES

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti á fundi sínum 30. nóvember 2010 að auglýsa, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með s.br. tillögu að breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi.

Deiliskipulagsbreytingin er breyting á og kemur í stað gildandi deiliskipulags sem samþykkt var í sveitarstjórn 13.06.2007 með s.br. Breytingin felst í eftirfarandi:

D. Fallið er frá áformum um flutning núv. símstöðvar úr horni leikskólalóðar í sameiginlegan byggingarreit með spennistöð við sundlaugarbyggingu. Byggingarreiturinn er því þrengdur um spennistöð sem þegar hefur verið byggð. Lóðarstærð leikskóla er leiðrétt sem því nemur.

E. Skilgreindur er byggingarreitur fyrir sölu- og þjónustuskála við aðkomu að íþróttavöllum og sundlaug.

F. Tveir strandblakvellir eru settir inn á skipulagið við skátaheimili.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi, Íþróttamiðstöð Álftaness og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.alftanes.is, frá og með 6. des. 2010 til 17. jan. 2011.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 17. jan 2011. Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skipulags- og byggingarfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanes. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Álftanesi 4. des. 2010,

Bjarni S. Einarsson
bæjartæknifræðingur

### Leikskólakennari eða einstaklingur með aðra uppeldismenntun óskast á leikskólann Sælukot.

Sælukot er einkarekinn leikskóli rekinn af jógahreyfingunni Ananda marga. Uppeldisstefna leikskólans kallast Neóhúmanismi sem byggist á jóga og leggur áherslu á ást og virðingu gagnvart öllu. Á leikskólanum er boðið upp á grænmetisfæði og börnunum kennd hugleiðsla og jógaæfingar.

**Kröfur sem umsækjandi þarf að uppfylla:**
- Leikskólakennarabréf
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum æskileg.
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Laun eru borguð svk. kjarasamningum. Nánari upplýsingar gefur Dídí í síma 562 8533. Hægt er að senda umsókn í pósti eða á netf. saelukot@gmail.com. Meðmæli óskast með umsókn. Leikskólinn Sælukot Þorragötu 1, 101 Reykjavík.

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is



## Sölumaður

Verslunartækni óskar eftir að ráða starfsmann í söludeild.

## Kæliviðgerðarmaður

Verslunartækni óskar eftir að ráða starfsmann í kælitækjaviðgerðir í Þjónustudeild.

Umsóknir og upplýsingar á sht@verslun.is

Verslunartækni er leiðandi í innréttingum og kælum fyrir verslanir Einnig sérhæfum við okkur í tækjum fyrir matvinnslu og veitingastaði. Bjóðum upp á nánast allar þær vörum sem þarf til að opna eða breyta verslun eða veitingastað. Bjóðum uppá fyrsta flokks vörumerki sem mörg hafa áratuga reynslu hér á landi í hinum ýmsu verslunum svo sem matvöruverslunum, bílavarahlutaverslunum, apótekum og ýmsum sérvöruverslunum ofl. ofl.

3559_VT_03.12.10

www.verslun.is

20 ÁRA REYNSLA 1990-2010

Kópavogsbær
Skipulags- og umhverfissvið

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

### Rjúpnahæð - vesturhluti. Breytt skipulag.

**A. Breytt aðalskipulag. Mál nr. 1010192**
Í samræmi við 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsist hér með tillaga Skipulags- og umhverfissviðs Kópavogs að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Tillagan nær til vesturhluta Rjúpnahæðar sem er um 16 ha að stærð og er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 dags. 19. október 2010. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið af lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar í suður, opnu sem liggur að lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar í vestur, skógræktarsvæði í Smalaholti og Rjúpnahæð í norður og opnu svæði meðfram fyrirhugaðri byggð við Austurkór og Auðnukór í austur. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað á svæðinu úr 120 íbúðum í liðlega 162 íbúðir í sérbýli og fjölbýli. Þéttleiki byggðarinnar eykst úr 9 íbúðum á ha í um 11. Íbúum fjölgar á svæðinu og verða á svæðinu fullbyggðu um 500 miðað við 3 í íbúð. Tillagan er í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Nánar vísast til kynningargagna.

**B. Tillaga að breyttu deiliskipulagi. Mál nr. 1010193**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsist hér með tillaga Skipulags- og umhverfissviðs Kópavogs að breyttu deiliskipulagi Rjúpnahæðar vesturhluta. Tillagan nær til vesturhluta Rjúpnahæðar sem er um 16 ha að stærð og sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 19. október 2010. Nánar tiltekið afmarkast skipulagssvæðið af lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar í suður, opnu sem liggur að lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar í vestur, skógræktarsvæði í Smalaholti og Rjúpnahæð í norður og opnu svæði meðfram fyrirhugaðri byggð við Austurkór og Auðnukór í austur. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað um 23 íbúðir á svæðinu. Þéttleiki byggðarinnar eykst úr 9 íbúðum á ha í um 11. Íbúum fjölgar á svæðinu og verða á svæðinu fullbyggðu um 500 miðað við 3 í íbúð. Reiknað er með um 55 íbúðum í einbýli; 22 íbúðum í parhúsum; 66 íbúðum í tveggja og þriggja hæða fjölbýlishúsum og 19 íbúðum í raðhúsum. Byggingarreitir breytast. Húsanúmer breytast. Lóðin Austurkór 46 áður Austkór 38 færist um 3 metra til austurs inn á bæjarland. Lóðin að Austurkór 79 stækkar og færast lóðarmörk til suðurs um 6 metra. Gert er ráð fyrir byggingarreit í suðaustur hluta deiliskipulagssvæðisins fyrir 18 metra hátt fjarskiptamastur. Tillagan er í samræmi við breytingu á Aðaskipulagi Kópavogs 2000-2012 sem er kynnt samhliða þessari deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsskilmálar dags. 19. október 2010 fylgja tillögunni. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Skipulags- og umhverfissviði Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá 7. desember 2010 til 11. janúar 2011. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Skipulags- og umhverfissviði eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 25. janúar 2011. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir ofangreindum tillögum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

# Ræstingar

TOLLSTJÓRI

## Tollstjóri auglýsir lausar stöður ræstitækna og ræstingarstjóra.

Hjá tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.




Ræstingarstjóri stýrir teymi ræstitækna sem sér um daglega ræstingu á húsnæði embættisins. Um er að ræða störf á dagvinnutíma

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Eflingar. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 560-0300.

Umsóknarfrestur er til 18. desember nk. Umsókn merkt „ræsting" ásamt ferilskrá skal skila til mannauðssviðs embættisins að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is

### Helstu verkefni:

- Þrif á húsnæði embættisins.
- Umsjón með fundarsölum embættisins.
- Umsjón með eldhúskrókum embættisins.
- Umsjón með ræstingarvörum.
- Ræstingarstjóri heldur utan um og skipuleggur verkaskiptingu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af ræstingarstörfum.
- Verklagni, verksvit og fagleg vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni, áreiðanleiki og traust vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



# Einbýli óskast!

Er með kaupanda af einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu í skiptum fyrir tæplega 80 fm íbúð í Reyjavík og/eða 220 fm gott einbýlishús á Selfossi. Milligjöf staðgreidd.

Magnús Ninni Reykdal
S:694-9999
maggi@remax.is
Snorri Sigurfinnsson, lögg.fasteignasali



FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

## TIL LEIGU – Skógarhlíð 12 – Reykjavík.



Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem er 700 fm. en er skipt niður í ca. 100 til 300 fm. einingar sem hægt er að skipta niður. **Einnig er jarðhæðin, ca. 700 fm., til leigu sem einnig er hægt að skipta niður.**

## TIL LEIGU – Borgartún 31 – Reykjavík.



Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða 3. hæðina alls 250 fm. sem og 2. hæðina sem er einnig 250 fm. og auðvelt er að skipta niður. Húsið er allt mjög góðu ástandi bæði að innan sem utan. **Nánari upplýsingar veita Gunnar í síma 693-7310 eða Hilmar í síma 896-8750.**



DOMUSNOVA Fasteignasala

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is

## Mánalind, 201 Kópavogur

**Verð 59.000.000 Fasteignamat 49.400.000 Stærð 243.3 fm þar af 26.4 fm bílskúr**



Bóas Rangar Bóasson
Sölustjóri
Sími 699 6165
boas@domusnova.is



Axel Axelsson
Löggiltur fasteignasali







Fallegt parhús mjög vel staðsett innst í botnlangagötu við Mánalind í Kópavogi. Húsið er allt hið glæsilegasta, 4 rúmgóð svefnherbergi eru í húsinu sem er á tveimur hæðum, sá möguleiki er fyrir hendi að bæta við fimmta svefnherberginu. Á efri hæð hússins er eitt svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, borðstofa og stofa. Úr stofunni er gengið út á svalir. Á neðri hæð hússins eru 3 svefnherbergi, stórt baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús, sjónvarpshol og geymsla. Gengið er út í garð frá neðri hæðinni.



# 2 Subway staðir á Benidorm til sölu






Til sölu saman eða í sitt í hvoru lagi tveir fullbúnir Subway staðir í fullum rekstri á besta stað á Benidorm.
Annars staðurinn verið í rekstri í 6 ár en hinn í 2 ár.
Mjög góðar veltutölur og góð framlegð.
Möguleiki að skoða skipti á fasteign á Íslandi.
Hér er mjög áhugaverður kostur fyrir duglega einstaklinga eða samhenta fjölskyldu sem vilja breyta til í lífinu og fara í eigin rekstur á Spáni.
Frekari upplýsingar veittar hjá:
Kristinn 8200762 eða Bjarni 662 1147 –
subwaybenidorm@gmail.com



# Auglýsingasími

512 50 50




Allt sem þú þarft...




## Ýmislegt



**Jólagjöfin í ár!**
Þráðlaus öryggismyndavél, tekur mynd af innbrotsþjófum og sendir beint í gsm síma. tilvalin í sumarhús, heimili o.fl staði. mjög fullkomin vel sem eingin kemst framhjá. Hægt að setja inn allt að 10 símanúmer inná kerfið. Verð 29.900.- Nánari upplýsingar í síma 867 2076, Gunnar www.bilaskannar.is

**!!! MARKAÐUR !!!**
**Opið í dag og sunnudag**
**Frá klukkan 12 - 17**
**Smiðjuvegur 2 Kópavogi**

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Perfekt whole body massage with two or four hands 693 7597

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu borðstofu borð + 4 stólar, skatthol og hornhilla, stofu skápur og 2 eldh. stólar, fer ódýrt. S. 553 8048

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl. S. 897 5484/3327.

## Fatnaður



Til sölu skósíður minkapels. Stærð M-L. Mjög gott verð. Upplýsingar í síma 8665336

## Dýrahald



Westie hvolpar til sölu, kátir og skemmtilegir fjölskylduhundar sem fara ekki úr hárum. Rakki og tík. Uppl. í s. 897 2256.



Silky terrier hvolpar til sölu. Upplýsingar í síma 694 9736.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

Miniature Pinscher hvolpar til sölu. Ættbók frá HRFI. Foreldrar eru hnéskelja og augnskoðaðir. Uppl. í 6996296

Labrador Retriever hreinræktaðir, ættb. færðir HRFÍ. Sprautaðir, tilb. til afh. S. 695 9597 / 482 4010 eftir kl 17.

Jólagjöf fjölskyldunnar, Til sölu 2 rakkar og 1 tík af ungverskur vizslum HRIF örmektir og til afhendingar núna uppl í sima 7725350

## Ýmislegt

Nýjar Eikar hurðir, 7 stk. 90 cm. Fjórar vinstri og þrjár hægri. Ásamt körmum. V. 250 þús. Uppl. í s. 894 0120.

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

TPM

**Vantar þig æfingarhúsnæði!**
Hringdu í síma 824 3001 eða 824 3002 hellirinn@tonaslod.is www.tonaslod.is

70fm húsnæði til leigu á Ártúnshöfða. ásamt 12fm millilofti. Stórar innkeyrsludyr, útiaðstaða. S. 568 1075 899 1075. eftir kl.18:00.

Erum með frábæra aðstöðu fyrir: nuddara, snyrtifræðing, fótaðgerðarfræðing, naglafræðing.. Rúmgott herbergi á frábærum stað í 101. Gott verð! Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 696-5685.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Eigum örfá pláss laus í Garðab. fyrir tjaldvagna / fellihýsi í vetur hagstætt verð og örrygisgæsla á svæðinu uppl: 661 3131 / 897 2000.

## Gisting




# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir




## Húsnæði í boði

**Herbergi til leigu við Sólvallargötu**
**Allt til alls á staðnum. Þú flytur bara inn með fötin þín.**
**Upplýsingar í síma 897 1016.**

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Stæði í bílkjallara. Dýrahald ekki leyft.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

Til leigu 2 herb. íbúð á 3ju hæð í lyftublokk við Skúlagötu. 110 þús per mán. Uppl. í síma 8677849 eða 8918514

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Room for rent, separate kitchen and bathroom, price 55 þ. Langholtsvegi 137. Uppl. í s. 896 1039.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 861 2229.

Herbergi í Hlíðum Rvk. Pottþétt reglusemi! Laust strax. Leiga 38. Ása 8628159.

Herbergi við Kringluna og Lund í Svíþjóð öll aðstaða. Uppl. í s. 499 2072.

## Húsnæði óskast

**Looking for a house in Gardabær!**
**Danish family, living in Gardabær, looking for a house to rent in Gardabær, (minimum 5 bedrooms.) Rent period: with 3 month notice (latest June 2011) to June 2012.**
**Please contact on 6618870**

Óska eftir 3-4ja herb. íbúð í Norðlingaholti til leigu sem fyrst. Uppl. í síma 864 9209.

2-3 herb. íbúð óskast uppúr áramótum. Miðsvæðis. Uppl. á ibud2011@gmail.com

5 herb. íbúð óskast á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Langtímaleiga. s. 860 8557.

25 og 22. ára systur með eitt 4. ára barn óska eftir helst 4. herb íbúð í Rvk. Eigi síðar en 1. jan má vera fyrr. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Guðrún S. 847 3558 & Heiðdís S. 690 8436.

## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir allt að 10 manns. Helgarleiga á 75þ. Aukanótt 18þ. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði



Gámahús til sölu eða leigu. 6 gámaeiningar samtals 133 m². Forstofa, salerni, matsalur, gangur og 4 herbergi. Borð, stólar, innréttingar og 5 vatnshitarar fylgja með. Upplýsingar í síma 6901762 eða bjorn@skrauta.is

## Fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Hringbraut 27, neðri hæð**




Falleg neðri hæð í suðurbæ Hafnarfjarðar. Íbúðin er 83 fm með geymslu. Eignin skiptist þannig: Forstofa, hol. eldhús með borðkróki, 2 svefnherbergi, stofa og baðherbergi. Íbúðin er smekkleg og nýtist öll mjög vel. Falleg eign sem vert er skoða. V. 18,9 millj. **Opið hús í dag laugardag milli 14-16**
Atli og Svala bjóða ykkur velkomin.
**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir starfskrafti í öryggisgæslu á akureyri og í höfuðborinni, umsóknir sendar í gsc@gsc.is hreint sakavottorð skilyrði aldur yfir 20 ára.

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á tvískiptar vaktir frá 07-13 og 13-18:30 Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri, hafa hreint sakavottorð og íslenskumælandi.**
**Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is**

Áreiðanlegur ökumaður óskast til að sækja farþega á flugvöllinn öðru hvoru nokkrum sinnum í mánuði ýmist eldsnemma á morgnana eða um miðjan dag Sé 25 ára eða eldri með flekklausan ökuferil Upplýsingar sendist á city22a@gmail.com

Emami auglýsir eftir verslunastjóra og starfsfólki vegna opnunar nýrrar verslunnar. Fullt starf og hlutastarf. emami@emami.is; s:511-1881

## Atvinna óskast

Er húsa og húsgagnasmíðameistari með yfir 30 ára reynslu í byggingar og tréiðnaði. Tek að mér verkefni hvar sem er á landinu. Steinþór Jóhannsson, s. 773 4595.

23 ára strákur í atvinnuleit á höfuðborgarsvæðinu jákvæður og duglegur. 659-3522

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Glímir þú við ástar- og kynlísfíkn sex and love addicts anonymous www.slaa.is

## Einkamál




**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…

**SYSTKINI** Mikilvægt er að búa eldri
undir komu nýbura á heimilið. Með
er jákvæð hegðun eldri systkina
líkur á afbrýðisemi minnka.

# golfbíl

hún þá fullt af góðu fólki, vini og
ninn kíki í heimsókn.



**Samheldin fjölskylda** Jóna María ásamt foreldrum sínum, Gunnhildi Kristinsdóttur og Ólafi Geir Sverrissyni, og bróður sínum, Kristni Degi, fjögurra ára. Jóna María verður tíu ára á aðfangadag og er alveg með á hreinu hvað hana langar helst í afmælisgjöf.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# konu

Helga viðurkennir að fæðingin hafi sett jólaskipulagið hjá sér örlítið úr skorðum þar sem hún hafi tekið á móti barninu utan síns vinnutíma. Þrátt fyrir örlítið álag hafi það verið vel þess virði og nú sé gaman að fylgjast með þeirri stuttu, litlu vinkonunni, vaxa úr grasi en hún verður þriggja ára á næstu Þorláksmessu.

Sjálf á Helga tvö börn, synina Arngrím Orra, sjö ára, og Ólaf Bjarka, tveggja ára, Bragasyni. Þeirra vegna segist hún reyna að vera í fríi um jólin, að minnsta kosti á sjálfan aðfangadag. „Á móti vinn ég þá dagana áður en aðfangadagur rennur upp og svo aftur milli jóla og nýárs,“ útskýrir hún en getur þess að synirnir myndu sýna því fullan skilning ef nauðsyn krefði að hún ynni á aðfangadag. „Þeir eru vanir því að ég sé stundum í burtu, vita að börn fæðast allt árið um kring og að mamma verður ávallt að vera viðbúin.“

Spurð hvort stemningin sé öðruvísi í Hreiðrinu kringum jól og áramót, kannast Helga ekki við það. „Það er alltaf vel tekið á móti verðandi foreldrum og aðstandendum en auðvitað fylgir viss hátíðleiki þessum árstíma, einkum þegar fjölskyldan kemur með jólagjafir og mat beri fæðinguna upp á aðfanga- eða gamlársdag. Annars er þetta alltaf dýrmæt stund.“ *- rve*






# skemmtun

*njótum og nemum...*

**BETLEHEM** Á morgun er annar í aðventu og venju samkvæmt er þá kveikt á öðru kerti í aðventukransinum. Það nefnist Betlehemskertið og beinir athyglinni að fæðingarstað Jesú.



## Hnotubrjótur og Sígaunaljóð

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru ómissandi hluti aðventunnar hjá mörgum fjölskyldum. Það er orðin árviss hefð að ungur og efnilegur einleikari stígi á stokk með hljómsveitinni og dansar úr Hnotubrjótnum koma öllum í hátíðarskap. Þá má ekki gleyma Jólaforleiknum sívinsæla þar sem mörg eftirlætis jólalög hljóma hvert á fætur öðru.

Að þessu sinni var Hlér Kristjánsson, ungur fiðluleikari frá Akureyri, valinn úr hópi efnilegra tónlistarnema. Hann leikur Sígaunaljóð Sarasates, þar sem meðal annars er að finna lagið sívinsæla Til eru fræ. Hera Björk syngur síðan vinsæl jólalög og einnig koma fram nemendur úr Listdansskóla Íslands og Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson og sögumaður Halldóra Geirharðsdóttir í gervi trúðsins Barböru.

Að þessu sinni verða þrennir tónleikar 17. og 18. desember og miðaverð er 1.700 krónur. *- fsb*



**Hnotubrjóturinn** Mynd úr sýningu Konunglega sænska ballettsins á Hnotubrjótnum.



**Sögur af sveinunum þeim** Jólasveinar segja börnum sögur á Þjóðminjasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Grýla, sveinar og Pollapönk

Jóladagskrá Þjóðminjasafnsins hefst með fjölskyldudagskrá á morgun klukkan 14. Grýla, Leppalúði og Jólakötturinn munu kíkja í heimsókn og Pollapönkararnir spila fyrir krakkana. Þá verður opnuð sýningin Sérkenni sveinanna, en þar má sjá jólahús með gripum sem tengjast jólasveinunum. Gripina má snerta og geta þeir hjálpað börnum að skilja nöfn jólasveinanna betur. Í forsal á 3. hæð safnsins er jafnframt hægt að skoða gömul jólatré frá ýmsum tímum.

Þetta er þó aðeins upphafið á hinni líflegu jóladagskrá Þjóðminjasafnsins. Jólasveinarnir munu koma í safnið daglega frá og með 12. desember líkt og undanfarin ár. Jóladagskrá Þjóðminjasafnsins hefur áunnið sér hefð og með árunum eignast fjölmarga aðdáendur í hópi yngri gesta safnsins.

Fjölskyldur geta farið í hina sígildu ratleiki Þjóðminjasafnsins. Jólaleikurinn heitir Hvar er jólakötturinn? og snýst um að finna litlu jólakettina sem hafa verið faldir innan um safngripina. Fleiri fjölskylduleikir eru í boði í afgreiðslu safnsins.

Aðgangur er ókeypis.

Á jólavef safnsins er einnig hægt að kynna sér margvíslegan fróðleik sem tengist jólunum. *- fsb*

# Fjölskyldan skemmtir sér saman á aðventunni

Aðventan er tími fjölskyldunnar og upplagt að nýta þann tíma til að fara saman í leikhús eða á tónleika, skoða söfn og láta segja sér sögur. Fréttablaðið fór á stúfana og kynnti sér hvaða skemmtanir eru í boði fyrir fjölskyldur á aðventunni.

## Jólaveröld á Norðurpólnum

Á aðventunni breytist leikhúsið Norðurpóllinn í sannkallaða jólaveröld. Jólatónlistin ómar, íslenskir handverksmenn kynna vörur sínar, piparkökur á hverju borði, föndur fyrir börnin og Norðurpóllinn verður skreyttur hátt sem lágt. Hátíðleikinn ræður ríkjum og gamaldags jólastemning styttir biðina fram að jólum.

Auk þess verða tvær jólaleiksýningar fyrir börn í Norðurpólnum um helgar á aðventunni; Lápur skrápur og jólaskapið og Grýla, en bæði verkin eru eftir Snæbjörn Ragnarsson í leikstjórn Önnu Bergljótar Thorarensen.

Lápur, skrápur og jólaskapið er sýnt í sal A tvisvar á dag næstu 3 helgar og er fyrsta sýningin í dag klukkan 13. Grýla er sýnd í sal C á sama tíma.

Miðaverð er 2.000 krónur og miðasala fer fram á www.midi.is og í síma 561-0021 *- fsb*



**Jól í Grýluhelli** Úr sýningunni Lápur skrápur og jólaskapið.


KYNNING

**Súkkulaði fyrir alla.**

– Sykurlaust, mjólkurlaust og glúteinlaust



**Arka-heilsuvörur** hefur hafið innflutning á afar ljúffengu og heilnæmu súkkulaði frá hinu virta og ört vaxandi belgíska fyrirtæki Klingele. Fyrirtækið býður nú upp á þrjár mismunandi vörulínur af belgísku súkkulaði: sykurlaust, laktósa og glútenfrítt og lífrænt súkkulaði.

**Súkkulaðitegundirnar eru:**

**Balance** – án viðbætts sykurs

Súkkulaði án viðbætt sykurs er tilvalið fyrir sykursjúka sem og þá sem vilja draga úr sykurneyslu og fá sér hollari og hitaeiningasnauðari valkost. Súkkulaðið inniheldur 15 til 20 sinnum færri hitaeiningar en sambærilegt súkkulaði. Að auki er það með viðbættum trefjum sem hefur góð áhrif á meltinguna.

Arka heilsuvörur bjóða ýmsar bragðtegundir af sykurlausa súkkulaðinu, m.a. 72% dökkt súkkulaði, dökkt súkkulaði, mjólkursúkkulaði, dökkt súkkulaði með trönuberjum, dökkt súkkulaði með bláberjum og dökkt súkkulaði með pistasíum.

**Balance** – laktósa og glútenfrítt.

Hentar fólki með mjólkur-eða glútenóþol.

Boðið er uppá tvær tegundir: Cocoa rice og Cocoa rice með hrískúlum.

Útsölustaðir Klingele eru:

Melabúðin, Fjarðarkaup, Kvosin, Maður lifandi, Yggdrasill, Sunnubúðin, Nettó, Samkaup Úrval, Samkaup Strax, Nóatún, Krónan og Hagkaup.

Nánari upplýsingar um vörunar okkar eru á heimasíðunni www.arka.is

# HEILLANDI SKÁLDSKAPUR

Fantagóð saga úr íslensku sjávarplássi þar sem lífið virðist við fyrstu sýn ganga sinn vanagang. En undir yfirborðinu ólgar allt af ástríðum og átökum um eignir, völd og hjörtu mannanna. Heillandi bók eftir Ólaf Hauk Símonarson.






„Stíll Ólafs er léttleikandi, flæðið gott og hann skiptir á milli kerskinislegra athugasemda og alvarlegri undirtóns með hægð."

– *Arnar Eggert Thoroddsen, Mbl.*

---




Lára Sjöfn er 13 ára unglingsstelpa sem tekst á við lífið eftir mikinn sorgarvetur. Hún flækist inn í dularfulla atburðarás og þarf að bregða sér í hlutverk leikara, spæjara og hetju til þess að leysa úr málunum. Hörkuspennandi saga handa börnum og unglingum eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur og Helga Sverrisson.

**Kvikmyndin verður frumsýnd í febrúar 2011!**

## SKRUDDA.IS




Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

# mannrækt

*sýnum öðrum vinsemd og virðingu ...*

**BÖRN OG TÓNLIST** Söngtextar, sögur, leikir, hugmyndaþættir og skemmtileg myndbrot eru á meðal þess sem er að finna á vefsíðunni bornogtonlist.net. Síðan er í umsjá Birte Harksen, er öllum opin og er notendum velkomið að bæta við efni.





**Læra umferðarreglurnar** Börn í þéttbýli þurfa að læra umferðarreglurnar eins fljótt og auðið er enda umkringd bílum og öðrum hraðskreiðum farartækjum á hverjum degi. Á vef Umferðarstofu er hægt að læra reglurnar með hjálp skemmtilegra leikja. Þar eru umferðarmerkin tekin rækilega fyrir og snýst nýjasti leikurinn um að flokka þau í viðvörunarmerki, bannmerki, boðmerki, upplýsingamerki og þjónustumerki. Þá er á vefnum samstæðuleikur og umferðarleikur um innipúka sem tekst á við ýmsar hættur í umferðinni. Hann lærir til dæmis að hlaupa ekki eftir bolta út á götu og að vara sig á bílum sem eru að bakka út úr stæði.



**Vilja að netið verði öruggari staður fyrir krakka** Fanndís Birna ásamt félögum sínum í Unglingaráði.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað er ungmennaráð SAFT?** SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun, og er styrkt af ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd. Ungmennaráðið samanstendur af krökkum á aldrinum 11-18 ára sem koma alls staðar að af landinu. Ráðið aðstoðar SAFT við að hanna síðuna www.saft.is.

# MIKILVÆGAST að segja strax frá einelti á netinu

**Fanndís Birna Logadóttir** er fimmtán ára og á sæti í Unglingaráði SAFT. Hún vill aukið öryggi fyrir krakka á netinu og hvetur þá til að fara varlega á Facebook.

Fanndís byrjar á að útskýra hvað Ungmennaráð SAFT er og hvaða hlutverk það hefur: „Þetta eru krakkar á aldrinum ellefu til átján ára sem hittast nokkrum sinnum á ári og ræða alls konar hluti, eins og til dæmis verkefni fyrir skóla sem tengjast netnotkun og hvað ber að varast á netinu," segir Fanndís. „Við erum sem sagt að vinna að því að gera netið að betri og öruggari stað fyrir jafnaldra okkar og gerum okkar besta í því."

Fanndís fór sem fulltrúi Íslands á ráðstefnu aðildarlanda SAFT í Lúxemborg og vann þar í hóp sem fjallaði um einelti á internetinu. „Við vorum bara að tala um hverjir væru líklegir til að lenda í einelti og hvað ætti að gera ef eldri kallar væru að tala við unga krakka á netinu og reyna að fá þá til að hitta sig. Svo voru alls konar fyrirlestrar og umræður, mjög fróðlegt og skemmtilegt."

En er einelti á netinu algengt á Íslandi? „Já, ég mundi segja það. Sérstaklega á meðal unglinga á mínum aldri. Einelti á netinu er auðveldara fyrir gerandann því hann getur verið nafnlaus og sá sem fyrir eineltinu verður getur ekki svarað fyrir sig. En neteinelti er alveg jafn slæmt og annað einelti og hefur alveg jafnmikil áhrif á þann sem verður fyrir því."

Hefur þú sjálf lent í einelti? „Nei, ekki einelti. Bara svona stríðni og sá sem sendi það gerði sér ekki grein fyrir að ég tæki það nærri mér."

Hvað geta krakkar gert ef þeir verða fyrir einelti? „Þeir verða að segja einhverjum frá því strax og fá hjálp. Það er oftast hægt að rekja IP-tölur tölvanna sem sent er úr og þá er hægt að stoppa eineltið. Svo verða krakkar auðvitað að passa sig, vera til dæmis ekki að adda fullt af fólki á Facebook sem þeir þekkja ekki neitt. En aðalatriðið er að segja foreldrum eða kennurum frá því um leið og eitthvað svona byrjar, ekki byrgja það inni og láta sér líða illa," segir Fanndís Birna. *- fsb*


Tesögufélagið IÐA

býður til upplestrar í IÐU
sunnudagskvöldið 5. des. kl 20.00
Te í boði fyrir alla sem á hlýða, en sögurnar segja:
Sigurbjörg Þrastardóttir: Brúður.
Börkur Gunnarsson: Úr 39, skáldsögu í smíðum.
Eiríkur Guðmundsson: Sýrópsmáninn.
Hlé
Þröstur Helgason: Birgir Andrésson. Í íslenskum litum.
Guðmundur Óskarsson: Úr skáldsögu í smíðum.
Bergsveinn Birgirsson: Svar við bréfi Helgu sem tilnefnd er til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.
Kynnir: Bjarni Bjarnason

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Jólauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 6. desember, kl. 18 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Nína Tryggvadóttir

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd: laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Boðið verður upp á léttar veitingar: Jólablanda frá Vífilfelli · Konfekt frá Góu-Lindu

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


**Stafrænn Maxímús Músíkús** Hugbúnaðarhúsið Fancy Pants Global hefur gefið út tölvuleikinn Maximus Musicus fyrir iPhone, iPad og iPod Touch. Leikurinn er byggður á vinsælum barnabókum Hallfríðar Ólafsdóttur og Þórarins Más Baldurssonar um forvitnu og tónelsku músina Maxímús Músíkús þar sem hann fræðist um heim tónlistarinnar og hljóðfæranna. Leikurinn samanstendur af sjö smáleikjum sem koma inn á mismunandi þætti tónlistar og er unninn í nánu samstarfi við höfunda og aðstandendur músarinnar, Maximus Musicus ehf.

Aðalhluti Maxaleiksins er sýndarútgáfa af vinsælum hljóðfærum. Börnin geta leikið á hörpu, slagverk, sýlófón eða píanó, annað hvort eftir eigin höfði eða með aðstoð einfalds minnisleiks sem reynir jafnt á sjónrænt sem tónrænt minni þeirra. Einnig er hægt að leysa myndapúsl og giska á hvaða hljóðfæri er í leynikassanum.



## „...að ganga svona eins og einn hring í kringum hnöttinn á meðan ég velti fyrir mér framtíðinni.”

**Inbox 51**

Inbox
Outbox
Sent
Drafts
Thrash

Reply | Reply all | Save | Delete | Thrash

From: Gurrí (gurrí@alnet.is)
Subject: Sælir krakkar
14. sept 2010; 12.25 GMT
to: vinirnir

Sælir krakkar og takk fyrir síðast.
Ég heyrði í bústaðnum um helgina að allir eru komnir með plön eftir stúdentinn – nema auðvitað ég sem eins og venjulega get aldrei ákveðið mig. Ég er einna helst að hallast að því að ganga svona eins og einn hring í kringum hnöttinn á meðan ég velti fyrir mér framtíðinni.
Það gæti reyndar orðið framtíð út af fyrir sig. Eða hvað skyldi þetta annars taka langan tíma ef maður svindlar ekkert nema þegar maður verður að fara sjóleiðina? Svo gæti svona göngutúr orðið fínn undirbúningur fyrir heimspekina. Kannski ég skelli mér bara þangað og sleppi labbinu.
Og þó. Nei, ég labba fyrst. Allir velkomnir með!

Kveðja,
Gurrí.



## Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku sem haft geta í för með sér ævilanga örorku. Þeir sem ekki hafa fest sig í sessi á vinnumarkaði standa utan lífeyriskerfisins og njóta því einungis bóta Tryggingastofnunar.

OKKAR framtíð er ný og kærkomin framtíðartrygging barna og ungmenna sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum. Með OKKAR sparnaði, sem laus er til útborgunar við átján ára aldur, má treysta undirstöðurnar enn frekar.

okkar **Framtíð**

**- framtíðartrygging barna fyrir „efin” í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna**

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • Fax 540 1401 • www.okkar.is

okkar

# GAGN&GAMAN



**Kósí stund** Borgarbókasafn Reykjavíkur, Menningarmiðstöðin í Gerðubergi og Leikskólasvið, standa fyrir fjölskyldumorgnum þar sem fjölskyldur með börn á aldrinum 0-6 ára geta átt saman góða stund á bókasafninu. Dagskrá er mótuð í samstarfi við þátttakendur. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis. Fjölskyldumorgnar eru í Borgarbókasafninu í Gerðubergi þriðjudaga milli klukkan 10.30 til 11.30 og í Aðalsafni, Grófarhúsi, Tryggvagötu fimmtudaga milli klukkan 10.30 til 11.30. Sjá borgarbokasafn.is og Fjölskyldumorgnar á Facebook.



**Jólakindur** Mikið verður um að vera í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á morgun, en þá fær sauðfé garðsins jólaklippinguna. Guðmundur Hallgrímsson mætir þá til rúningsverka og með honum í för verður hópur hressra kvenna sem mun spinna band úr ullinni, en herlegheitin hefjast klukkan 13.

**Nýtt í bíó** Kvikmyndahúsin keppast nú við að frumsýna ýmsar myndir fyrir jól, sumar tilvaldar fyrir alla fjölskylduna. Þegar eru hafnar sýningar á nýjustu og næstsíðustu myndinni um galdrastrákinn Harry Potter og óðum styttist í frumsýningu á þriðju Narníu-myndinni. Þá er óupptalin íslenska kvikmyndin Gauragangur, byggð á samnefndri bók eftir Ólaf Hauk Símonarson, sem segir af ævintýrum unglingsins Orms Óðinssonar.




# Jólastemning í Heilsuhúsinu

*Í Heilsuhúsinu finnur þú mikið úrval af náttúrulegum og lífrænt vottuðum snyrtivörum, sælkeravörum, framandi kryddi og öllu því sem þarf til að gera góðan mat betri.*



*Weleda Sturtusápa (án sápu) og handáburður úr Granateplum.*
Granateplin eru styrkjandi og nærandi fyrir húðina. Handáburðurinn er mýkjandi og notalegur ilmur.
**Verð: 3.490 kr**



*Sonnentor lífræn krydd*
Einstök gæðakrydd! Finndu ilminn og kryddaðu jólamatinn með fersku **Sonnentor** kryddi.



*Lavera lífrænt vottaðar húðvörur*
**Lime Body Lotion** og sturtusápa ásamt **Basis** handáburði. **Verð: 2.990**



*Aubrey, húð og hársnyrtivörur hreinsa, stinna og styrkja húðina*
Engir parabenar. Henta fólki á öllum aldri. Nú líka fáanleg fyrir herra.





*Perlége ekta Belgískt súkkulaði*
Enginn sykur! Sætt með maltitol og hentar því sykursjúkum líka.

*Balocco og Amé*
*Fullkomin uppskrift að jólum!*
Ítalska jólakakan í fallegum umbúðunum sem hægt er að nota aftur og aftur og frískandi og freyðandi **AMÉ** í fjórum bragðtegundum.



náttúrulega heilsuhúsið
Laugavegi • Kringlunni • Smáratorgi • Lágmúla • Akureyri • Selfossi • Reykjanesbæ



FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

vísir.is




## S WE'VE MADE

n um ágæta plötu. Tónlistin gefur tilefni til
eins og ælupoki eða eitthvað."
- Dr. Gunni

g á síðustu stundu: Að henda enhverju
að reynt sé að draga fram eitthvað til stuðn-

- Jens Guð

n vísar, heldur betur, í andlaust útlit afurðar-
eðahandbókar úr byggingariðnaðinum. Þetta
essandi og skemmtilega hljómsveit."
- Kristinn Pálsson

## SEN

mörg umslög með hljómsveit að hoppa. Í
og flott upp úr 1989. En diskurinn heitir Ekk-
n í vinnslu umslagsins."
- Andri Freyr Viðarsson

n ekki á góðan hátt. Ég hélt að Félag íslenskra
miðafontinn."
- Sveinbjörn Pálsson

ÁLITSGJAFAR:

Addi Knútsson hjá Filmus
Andri Freyr Viðarsson, útvarpsmaður
Arnór Bogason, nemi í grafískri hönnun
Björgvin Friðgeirsson, hönnuður
Bertel Andrésson, tónlistaráhugamaður
Eva Hrönn Guðnadóttir, hönnuður
Freyr Bjarnason á Fréttablaðinu
Dr. Gunni, tónlistargagnrýnandi
Hildur Maral Hamíðsdóttir, tónlistargagnrýnandi
Jón Agnar Ólafsson, tónlistaráhugamaður
Jens Guð, hönnuður
Jóhannes Kjartansson, hönnuður
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, tónlistaráhugamaður
Kristinn Pálsson, tónlistaráhugamaður
Sveinbjörn Pálsson, hönnuður
Tryggvi Hilmarsson, hönnuður

## ÞESSI UMSLÖG FENGU EINNIG NOKKUR ATKVÆÐI













**GÓÐ:**
*Moses Hightower - Búum til börn*
Rökkurró - Í annan heim

*Retro Stefson - Kimbabwe*
Gus Gus - 15 ára

**SLÆM:**
*Ensími - Gæludýr*
Páll Rósinkrans - Ó hvílík elska

*Sverrir Stormsker - Látum verkinn tala*
Ólöf Arnalds - Innundir skinni


Orkuveita Reykjavíkur

# Opið hús hjá Orkuveitu Reykjavíkur í dag, 4. desember

Komdu í heimsókn. Í tilefni **80 ára afmælis hitaveitunnar** bjóðum við hjá **Orkuveitunni** alla velkomna til okkar á **Bæjarhálsinn milli klukkan 13:00 og 16:00.**

**Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna:**

- Klukkan 13:15 verður tekin í notkun ný hitaveita frá Hellisheiðarvirkjun, sem hingað til hefur aðeins framleitt rafmagn.
- Fræðsla um heita vatnið á staðnum.
- Skráðu þig í Orkuna mína og þú gætir dottið í lukkupottinn.
- Teiknisamkeppni fyrir börnin sem fá glaðning fyrir þátttökuna. Fimm myndir úr teiknisamkeppni barnanna fá sérstök verðlaun.
- Jólasmákökur með kaffinu fyrir gesti og gangandi.
- Skipulagðar ferðir verða um húsið þar sem innviðir fyrirtækisins verða skoðaðir.

**Hellisheiðarvirkjun** verður opin á sama tíma og þar verður hægt að fræðast um allt varðandi virkjunina. Einnig eru allir velkomnir í **dælustöðina í Öskjuhlíðinni** (fyrir ofan bensínstöð Skeljungs á Bústaðarvegi) og í **ventilhúsið í Öskjuhlíðinni** (fyrsta beygja til hægri áður en þú kemur á bílastæðin við Perluna).

Nánari upplýsingar um opið hús er að finna á www.or.is.

Hlökkum til að sjá þig,
starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur



ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 52528 12/10

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu hitaveitu í heimi

www.or.is
















HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS


THE NORTH FACE
North Face fatnaður
jólatilboð
20% afsláttur


Kuldagallar
Verð frá 12.990kr.
Kuldabuxur
Verð frá 6.990kr.
Úlpur stærðir: 80 -120
Verð frá 9.990kr.
Úlpur stærðir: 128 -174
Verð frá 11.990kr.
Mikið úrval
af kuldafatnaði
á börn


Húfur og vettlingar
í jólapakkann
Verð frá 990kr.


Kraftar í kögglum
Stuttbuxur
Verð frá 3.990kr.
Bolir
Verð frá 1.990kr.
Peysur
Verð frá 5.990kr.
Buxur
Verð frá 3.990kr.


Árangur
Buxur
Verð frá 5.990kr.
Bolir
Verð frá 2.990kr.
Peysur
Verð frá 8.990kr.
Toppar
Verð frá 5.990kr.
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 52236 11.2010

# ÚTILÍF

# Ekki jafn erfiður og Ormur

**Gunnar Björn Guðmundsson** frumsýnir Gauragang, aðra kvikmynd sína í fullri lengd, síðar í mánuðinum en myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar. Hann leikstýrir einnig Áramótaskaupi sjónvarpsins annað árið í röð og semur handritið ásamt fleirum. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Gunnar um verkefnin sem hann er að ljúka og fleiri sem í bígerð eru.



EILÍFÐARSPURNINGARNAR „Þetta er grínmynd um unglinga sem ég held að allir sem eru ungir í anda geti haft gaman af," segir Gunnar Björn Guðmundsson um Gauragang, aðra kvikmynd sína í fullri lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það má segja að allt sé á fljúgandi siglingu á öllum vígstöðum," segir leikstjórinn Gunnar Björn Guðmundsson sem stendur í ströngu þessa dagana. Í vikunni lauk tökum á Áramótaskaupi sjónvarpsins, sem Gunnar leikstýrir annað árið í röð og semur einnig handritið að ásamt sama hópi höfunda og í fyrra. Um síðustu helgi var einnig lögð lokahönd á klippingu Gauragangs, sem er önnur kvikmynd Gunnars í fullri lengd. Það er því skammt stórra högga á milli hjá leikstjóranum.

„Tökum á Skaupinu er reynar einungis lokið í bili," tekur Gunnar fram, „því nú þurfum við að vakta fjölmiðla og sjá hvort eitthvað fleira gerist sem við teljum þörf á að gera skil. Við höfundarnir tökum stöðufund um miðjan mánuðinn og erum tilbúnir til að rjúka til og taka upp ef þörf gerist á. Ástandið er dálítið skemmtilega skrítið núna, stjórnlagaþingið og fleiri mál í gangi, og það er engin leið að vita hvað gerist. Það er úr alveg jafn miklu efni að moða nú í ár og í fyrra, þegar við vorum að koma út úr stóra skellinum, en það liggur kannski ekki alveg jafn ljóst fyrir. Svona í fyrstu umferð að minnsta kosti."

**Missti áhugann á öllu öðru**

Gunnar Björn fæddist á Selfossi árið 1972 en fluttist ungur að árum í Hafnarfjörðinn þar sem hann ólst upp. Hann segir eiginlegan kvikmyndaáhuga sinn hafa kviknað fremur seint, þótt hann hafi dundað sér við að búa til útvarpsleikrit og fleira ásamt félögum sínum í góðu sprelli sem barn.

„Auðvitað var maður alltaf að reyna að vera fyndinn, það hefur alla tíð keyrt mig áfram, en svo var ég plataður til að leika í stuttmynd í framhaldsskóla og þá kom áhuginn fyrir alvöru. Þá uppgötvaði ég að ég hafði fundið nokkuð sem ég hefði áhuga á að taka mér fyrir hendur í framtíðinni," segir Gunnar, sem gekk svo langt að skrá sig í kvikmyndaklúbb Fjölbrautaskólans í Garðabæ til að svala kvikmyndatengdum fýsnum sínum.

„Kvikmyndaklúbburinn tók til dæmis alltaf upp allar ræðukeppnir, sem ég hafði engan áhuga á en komst þannig reglulega í tæri við myndavél, byrjaði að gera stuttmyndir, auglýsingamyndir fyrir böll og ýmislegt fleira og gleymdi mér alveg í þessu. Missti nánast áhugann á öllu öðru en kvikmyndagerð og reyndi bara að gera nógu djöfulli margt. Svo stækkuðu verkefnin smám saman og ég slípaðist allur til," rifjar Gunnar upp, en stuttmynd hans, Karamellumyndin, hlaut meðal annars Edduverðlaunin sem besta stuttmynd ársins 2003. Þá var Gunnar einnig tilnefndur til Edduverðlauna sem besti leikstjóri ársins 2007 en þá var Astrópía, fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd, frumsýnd.

Um 50.000 áhorfendur sáu Astrópíu í kvikmyndahúsum og var hún vinsælasta íslenska mynd þess árs. „Ég er ennþá að hitta fólk sem hrósar mér fyrir Astrópíu og hef rosalega gaman af því. Það er mjög heillandi að gera hluti sem fólk sér og hefur skoðun á."

Leikstjórinn hefur einnig leikið töluvert sjálfur, auk þess að starfa jöfnum höndum í leikhúsi, sjónvarpi og kvikmyndum. „Ég byrjaði fyrst og fremst að leika til að geta lært af öðrum leikstjórum, en kann best við mig fyrir aftan myndavélina. Ég leik þó sjálfur af og til, til að mynda lék ég smá í Skaupinu og braut næstum á mér hendina í áhættuatriði," segir Gunnar og hlær.

**Hversdagsleg ævintýri**

Auk þess að leikstýra kvikmyndinni Gauragangi, sem áætlað er að frumsýna á öðrum í jólum, skrifar Gunnar handritið að myndinni ásamt Ottó Geir Borg. Hófst sú vinna strax árið 2007 þegar verið var að leggja lokahönd á gerð Astrópíu.

Handritið er unnið upp úr samnefndri skáldsögu eftir Ólaf Hauk Símonarson sem kom út árið 1988. Bókin hefur æ síðan notið mikilla vinsælda og er í raun orðin klassísk, hefur meðal annars verið lesin af heilu árgöngunum í skólum og verið þýdd á þrjú tungumál.

„Ég held að ég hafi nú ekki verið alveg jafn erfiður unglingur og Ormur Óðinsson," segir Gunnar og hlær þegar hann er spurður hvort hann samsami sig að einhverju leyti við aðalpersónu sögunnar. „En ég held samt að allir ættu að geta fundið sig að einhverju leyti í Ormi. Ég heillaðist mjög af þessari sögu þegar ég las hana fyrst og hafði lengi haft í huga að gera kvikmynd upp úr henni. Ævintýri Orms eru ævintýri sem mig grunar að allir kannist við, bæði stelpur og strákar. Það sem rekur persónuna áfram, til dæmis að drífa sig í skólann út af stelpu sem hann er skotinn í en ekki vegna námsins, að fara á ball sem hann hefur engan áhuga á, eingöngu vegna þess að hún gæti mögulega verið þar, og þar fram eftir götunum. Þetta eru ævintýri, en samt svo óskög mannleg og hversdagsleg í raun. Þetta eru eilífðarspurningarnar, ástin og vináttan."

**Virðing fyrir bókinni**

Söngleikur sem byggður var á Gauragangi var fyrst frumsýndur í Þjóðleikhúsinu árið 1994 og hefur verið settur upp oft og víða síðan, nú síðast í Borgarleikhúsinu á síðasta ári. Gunnar Björn tekur þó skýrt fram að hann og Ottó hafi verið fullkomlega trúir bókinni við handritsgerð nýju myndarinnar.

„Sumir virðast halda að um sé að ræða bíómynd upp úr söngleiknum, en sú er alls ekki raunin. Söngleikurinn er alveg frábær, en við völdum þá leið að fara beint í bókina og gjörsamlega eimuðum hana. Ég bannaði meira að segja leikurum myndarinnar að sjá leikritið því ég vildi ekki að þeir fengju sínar hugmyndir um karakterana þaðan. Leikhúsið er allt annar miðill og þeir þurftu að finna persónurnar sjálfir. En svo fórum við öll að sjá leikritið að loknum tökum og skemmtum okkur konunglega," segir Gunnar.

**Gott strætókerfi til vandræða**

Gauragangur er svokölluð períódumynd, en Gunnar og Ottó ákváðu að láta atburði sögunnar gerast árið 1979. Í bókinni eftir Ólaf Hauk kemur raunar aldrei nákvæmlega fram hvenær sagan á að eiga sér stað.

„Okkur þótti ýmislegt í bókinni benda til þess að sagan gerðist einhvern tímann á bilinu 1974 til 1985, svona um það bil, en við völdum þetta ártal líka vegna þess að á þessum tíma var þjóðfélagið á dálítið svipuðum slóðum og Ormur, aðalpersóna myndarinnar. Hann er að breytast úr unglingi í mann sem þarf að taka ábyrgð á lífi sínu og samfélagið er einnig á ákveðnum krossgötum. Vigdís er að taka við sem forseti, myntbreytingin fræga, pönkið að fæðast og diskóið að drepast og fleira í þeim dúr. Auk þess hefðu nútímalegir hlutir eins og til dæmis GSM-símar komið sér mjög illa fyrir söguna," segir Gunnar.

Aðspurður segir hann slíka períódukvikmyndagerð hafa ótal vandamál í för með sér.

„Þetta er alveg djöfullegt, það vitlausasta sem maður gerir held ég," viðurkennir hann og skellir upp úr. „Svona lagað lítur gríðarlega vel út á blaði en er hræðilega erfitt í verki. Ég lagði þetta strax upp á þann hátt að tímasetningin væri frekar stíll en regla, en við reyndum eftir fremsta megni að láta umhverfið líta út fyrir að vera ósvikið og lagfærum ýmis smáatriði með tölvutækni. Til að mynda hafa gulu strætisvagnarnir reynst okkur erfiðir, við þurftum að kippa nokkrum slíkum út því strætó var auðvitað ekki svona gulur árið 1979. Við gerð myndarinnar höfum við komist að því að strætókerfið í Reykjavík er mjög gott, því þeir leynast ansi víða."

En þrátt fyrir slíka minni háttar hnökra segir leikstjórinn gerð myndarinnar hafa gengið eins og í sögu. Til að mynda reyndist veðurfar í vetur honum sérstaklega hagstætt.

„Ég hafði fyrir löngu ákveðið að nokkrar tökur þyrftu að fara fram í snjó. Daginn sem við hófum vetrartökur byrjaði að snjóa, allt fór á kaf og beinfrysti, en svo þiðnaði allt síðasta tökudaginn. Ég hef unnið mjög mikið fyrir kirkjuna og gæti trúað að þetta tengist því," segir Gunnar og hlær.

> Daginn sem við hófum vetrartökur byrjaði að snjóa, allt fór á kaf og beinfrysti, en svo þiðnaði allt síðasta tökudaginn. Ég hef unnið mjög mikið fyrir kirkjuna og gæti trúað að þetta tengist því.

**Mjög ánægður með útkomuna**

Eins og áður sagði lauk klippingu á Gauragangi um síðustu helgi og þessa dagana vinna aðstandendur myndarinnar meðal annars að hljóðvinnslu, tæknibrellum og tónlist.

„Myndin hefur verið í klippingu frá því í sumar. Á tökustað var klippari sem klippti jafnóðum og við tókum upp, og svo fór myndin í lokaklippingu. Ég er rosalega ánægður með útkomuna, hef sýnt nokkrum hana og fengið frábær viðbrögð og hlakka mikið til að sjá viðtökur almennings. Þetta er skemmtileg mynd, það er ástæða þess að ég geri kvikmyndir, og ég vona að sem flestir sjái hana," segir Gunnar. Næsta stóra verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur verður gamanmynd um tvo gamla menn á elliheimili, sem Gunnar gerir ráð fyrir að tökur hefjist á í vor.

## ÁTTI Í ERFIÐLEIKUM MEÐ AÐ FINNA BÓKINA

„Það var dálítið fyndið að þegar við byrjuðum að skrifa handritið áttum við í erfiðleikum með að verða okkur úti um eintak af bókinni, því hún var alls staðar uppseld. Ég þurfti að leita á náðir fornbókasölu til að redda málunum, en nú er bókin aftur fáanleg víðast hvar, sem betur fer," segir Gunnar.

Handritshöfundarnir Gunnar og Ottó höfðu ekki beint samráð við Ólaf Hauk, höfund bókarinnar, við skriftirnar, en Ólafur las handritið þó yfir að verki loknu.

„Hann kom með nokkra punkta, en var mjög sáttur við útkomuna. Ég var afar ánægður með það, því hann er jú maðurinn sem bjó þetta til. Ég held að Ólafur hafi fundið þessa rosalegu virðingu sem við berum fyrir bókinni. Sú virðing skín líka í gegn í myndinni," segir Gunnar.



# Nýsköpun á aðventunni

**Matvælafyrirtæki kynna íslenskt góðgæti um helgina**

## Nýsköpun í 100 ár

Ölgerðin

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson býður í heimsókn.**
**Líttu við á milli kl. 13-15 laugardaginn 4. desember nk.**

**Egils appelsín** – sjáðu hvernig Egils appelsín verður til og bragðaðu á þessum klassíska drykk.

**Frumkvöðlakot** – kátir krakkar geta komið og blandað sinn eigin safa eða gosdrykk.

**Borg Brugghús** – vertu með þeim fyrstu til að bragða á nýjungum bruggmeistaranna.

**Floridana VIRKNI** – hverjar eru dularfullu jurtirnar sem VIRKA?

**Bjórskólinn** – kíktu í eina skóla landsins með 10 bjórdælur og spjallaðu við kennarana okkar.

**Visitor Center** – fáðu að vita hvernig Taste the Saga, ný afþreying fyrir ferðamenn, varð að veruleika.

**Ekki missa af einstöku tækifæri til að smakka Egils appelsín og nýtt öl, gæða þér á piparkökum og fræðast um sögu Ölgerðarinnar.**

## Má bjóða þér nýlagað kaffi ...

**Í góðum kaffibolla felst nýsköpun í tækni, framleiðslu og þjónustu.**

Laugardaginn 4. desember
**Kaffitár**, Stapabraut 7 í Reykjanesbæ, býður gestum og gangandi að koma og skoða kaffibrennsluna kl. 14-16. Kaffismökkun með Aðalheiði, Hátíðarkaffi úr Chemex og Hario hellingu, ásamt jóla og aðventutei. Í heimsókninni verður líka hægt að bragða á vörum frá **Nóa Síríus**.

**Te og Kaffi**, Stapahrauni 4, Hafnarfirði býður fólki að fylgjast með fagmönnum í kaffibrennslu að störfum, fara í skoðunarferð um kaffibrennsluna og upplifa þetta heillandi ferli. Einnig fá gestir að mala kaffi og taka með sér sýnishorn af ilmandi Hátíðarkaffi.
Húsið er opið kl.13-16.

## ... og með því?

**Jólastemning, smákökur og spjall við fagmenn.**

**Laugardaginn 4. desember kl. 14-16**
**Hagabakarí**, Hagamel
**Gamla bakaríið**, Ísafirði
**Reynir bakari**, Dalvegi 4, Kópavogi
**Bakarameistarinn**, Suðurveri
**Bakarameistarinn**, Mjódd
**Bakarameistarinn**, Glæsibæ
**Bakarameistarinn**, Smáratorgi
**Bakarameistarinn**, Austurveri
**Bakarameistarinn**, Húsgagnahöllinni
**Geirabakarí**, Borgarnesi
**Sveinsbakarí**, Arnarbakka
**Sveinsbakarí**, Skipholti
**Fjarðarbakarí**, Dalshrauni 13, Hafnarfirði
**Bernhöftsbakarí**, Bergstaðastræti
**Vilberg Kökuhús**, Vestmannaeyjum

## Opin hús

Hjá **Jóa Fel**, Holtagörðum, verður opið hús kl. 9-16. Gestum gefst tækifæri á að skoða nútímalegt og framsækið bakarí við ljúfa tóna. Ný matreiðslubók Jóa Fel verður kynnt og fleira.

**Gæðabakstur/Ömmubakstur**, Lynghálsi 7 í Reykjavík, býður gestum að skoða glæsilegt og fullkomið bakarí kl. 11-15. Boðið verður upp á kleinur, smákökur, álegg frá Kjarnafæði, kaffi frá Te og kaffi og ískalda mjólk frá Mjólkursamsölunni. Blöðrur og fleira skemmtilegt.

**Kökulist**, Hafnarfirði, Jón Rúnar kökugerðarmeistari tekur vel á móti gestum kl. 14-16 og sýnir handverksbakarí sem er í fremstu röð. Jón Rúnar hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir handverk sitt.

## Jólailmur í Vetrargarðinum um helgina

**Fagþekking, þróun og nýsköpun í íslenskum matvælaiðnaði.**

**Laugardag kl. 13-18 og sunnudag kl. 12-17**
Félagar í Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna verða að störfum í Vetrargarðinum í Smáralind. Sjáðu rétt handbragð og smakkaðu á kræsingunum.

Eftirtalin fyrirtæki kynna jólamat:
**Sláturfélag Suðurlands**
**Vífilfell**
**Kjarnafæði**
**Gæðabakstur**
**Ísfugl**

**Laugardagur kl. 16**
Félagar í Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna og Landssamtök sauðfjárbænda heilgrilla léttreykta lambaskrokka og gefa gestum að smakka.
**Sunnudagur kl. 16**
Kjötiðnaðarmeistarar afhenda Mæðrastyrksnefnd úrbeinað hangikjöt.

TE & KAFFI
Landssamband bakarameistara
Kaffitár
Nói Síríus
KJARNAFÆÐI
Vífilfell
ÍSFUGL

**ÁR NÝSKÖPUNAR**
SAMTÖK IÐNAÐARINS



# Setja markið hátt í hjólastólahandbolta

Blað var brotið í sögu íþrótta fatlaðra þegar skipulagðar æfingar hófust í **hjólastólahandbolta** á vegum HK. *Þorgils Jónsson* og *Anton Brink* kynntu sér málið.



Nokkrir félagar í hjólastól hafa komið saman undanfarið fimm ár og leikið handbolta að sögn Friðriks Þórs Ólasonar, formaður hjólastólahandknattleiksráðs HK, en í haust var félagsskapurinn formlega settur á laggirnar. „Við vorum í raun á undan okkar samtíð því að íþróttin hefur verið stunduð erlendis í einungis þrjú ár, en nú er meira að segja komin atvinnumannadeild í Þýskalandi og það er ekki slæmt.“ Sautján félagar eru skráðir í hópinn eins og er, en Friðrik vonast til að starfið muni vinda upp á sig í framtíðinni. „Þetta er svo nýskeð en ég er að vonast til að fleiri láti sjá sig,“ segir hann, en æfingar eru einu sinni í viku í Kórnum í Kópavogi.

Friðrik bætir því við að hjólastólahandbolti fylgi að mestu sömu reglum og hefðbundinn handbolti, nema að leikið er tvo 20 mínútna hálfleiki. Þá eru dómararnir staðsettir utan vallar „af öryggisástæðum“, sem er ekki skrítið, enda gengur jafnan á miklu að sögn Friðriks. „Já, heldur betur. Þetta er ekki íþrótt án snertingar,“ segir hann og brosir.



Starfsemi deildarinnar hófst aðeins fyrir nokkrum vikum, en nú eru kapparnir strax farnir að huga að því að fá keppnisstóla og munu meðal annars leita til Handknattleikssambands Evrópu um styrki.





# Nikon D3100

## FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon
At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-
**D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-**







**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er
2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

# I AM YOUR BEST WINTER DEAL




## MEÐ **COOLPIX S3000** TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-
**S3000 Verð 26.995.-**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

**Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.**

## BÆÐI BÓK OG KVIKMYND

Auk bókarinnar um Láru er væntanleg samnefnd kvikmynd sem sýnd verður í Sambíóunum í febrúar. Tökur á henni fóru fram síðasta sumar að mestu leyti. Myndin er byggð á bókinni sem er fyrsta skáldsaga höfundanna Eyrúnar Óskar Jónsdóttur og Helga Sverrissonar.




Eyrún Ósk Jónsdóttir er fædd 21. september 1981. Hún lauk meistaragráðu í leiklist og fjölmiðlun frá Winchester University á Englandi árið 2007. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í leiklist, leikstjórn og handritagerð frá Rose Bruford College á Englandi árið 2005. Eyrún á baki feril sem rithöfundur, leikari, leikstjóri og leiklistarkennari. Eyrún hefur skrifað fjölda leikrita sem hafa verið sett upp í leikhúsum hérlendis og erlendis. Hún hefur sent frá sér tvær ljóðabækur.

Helgi Sverrisson er fæddur 20. maí 1961. Hann lauk BA-gráðu í kvikmyndaleikstjórn frá San Fransisco Art Institute í Bandaríkjunum árið 1988. Áður hafði Helgi lokið stýrimannsprófi frá Stýrimannaskóla Íslands.

Helgi hefur í rúma tvo áratugi unnið að kvikmyndagerð. Hann hefur skrifað fjölda handrita, leikstýrt leiknum myndum, framleitt jafnt kvikmyndir sem heimildarmyndir. Fjöldi leikinna mynda, heimildaþátta og stuttmynda eftir Helga hefur verið sýndur í kvikmyndahúsum og sjónvarpi, hérlendis sem víða erlendis.



**LÁRA OG KIDDI** Þau Victoria Björk Ferrel og Þórhallur Sigurðsson, Laddi, fara með hlutverk þeirra í kvikmyndinni sem byggir á bókinni L7 Hrafnar, sóleyjar og myrra. Myndin verður frumsýnd í febrúar.




# Með lögregluna á hælunum

Í bókinni **L7 Hrafnar, sóleyjar og myrra** segir frá Láru Sjöfn, þrettán ára unglingsstelpu. Hún flækist inn í dularfulla atburðarás þar sem hún þarf að yfirstíga margvíslega erfiðleika, bregða sér í hlutverk leikara, spæjara og bardagahetju til þess að bjarga fjölskyldu sinni og vinum frá illum öflum. Bókin er fyrsta bók höfundanna **Eyrúnar Óskar Jónsdóttur** og **Helga Sverrissonar.**

Fyrir utan skúrinn hans Kidda var heill haugur af alls konar dóti og rusli. Þarna var að finna þvottavélar, ísskápa, járnrör, víra af öllum stærðum og gerðum og óteljandi vélarhluti, dekk, hjól og gamla bíla. Lára klöngraðist yfir draslið. Þetta leit út eins bílakirkjugarður í einkaeigin.

Lára opnaði dyrnar varlega og gekk inn. Útvarpið var í botni og amerísk rokktónlist frá sjötta áratugnum glumdi úr tækinu. Á gólfinu, hálfur undir risastóru mótorhjóli, lá maður kominn yfir sextugt með brilljantín í hárinu og í svörtum stuttermabol. Hann var með eyrnalokk í öðru eyranu og geirfugl tattóveraðan á vinstri upphandlegg.

– Ertu að selja eitthvað, félagi? spurði maðurinn og hélt áfram að bisa við einhverjar skrúfur á meðan hann beið eftir svari.

– Umm, Steinunn bað mig að minna þig á að ná í einhvern Hafnfjörð? sagði Lára hikandi. Kiddi kom undan mótorhjólinu og leit á klukkuna.

– Hva, við höfum nógan tíma. Ertu til í að rétta mér olíuna þarna?

Lára teygði sig í svartan brúsa og rétti manninum hann. Hún leit á hendurnar á sér og sá að hún var öll klístruð, svo hún þurrkaði sér í buxurnar. Hún yrði svo sannarlega að setja þær í þvott þegar hún kæmi heim. Maðurinn reis upp og leit á hana.

– Hvað sagðistu annars heita? Lára.

– Lára? Hans Gunna Hildar? Lára glennti upp augun.

– Hvað, er ég fræg og missti af því?

– Ég sá þig í jarðarförinni. Sorglegt, félagi.

Maðurinn tók í höndina á Láru sem reyndi að gretta sig ekki þegar hún sá tjöruna sem lak af honum.

– Ég þarf að tala við konu sem heitir Dídí. Veistu hvar ég finn hana? spurði Lára áköf.

– Ertu vitlaus, stelpa. Ekki á meðan hún er að setja á sig andlitið, sagði Kiddi og hló.

– Pabbi var nefnilega… Um leið sneri Kiddi svisslyklinum til að setja hjólið í gang. Þængkapaffff!!!! Lára stökk upp og hentist aftur á bak. Hvellurinn bergmálaði um allan skúrinn. Hana verkjaði í eyrun. Grafarþögn.

– Sprakk það? spurði Lára og færði sig varlega nær.

– Nei, það forsprakk bara smávegis. Ekkert alvarlegt.

Kiddi klóraði sér í höfðinu.

– Hmm, það hefur farið bensín inn á pústið hjá mér. Triumph ´55 módelið. James Dean keyrði um á svona hjóli. Fallegt, finnst þér ekki? sagði hann stoltur og strauk blíðlega yfir hjólið.

– Er þetta ekki biluð drusla? sagði Lára með bros á vör.

– Drusla? Þetta er eina ástin í lífi mínu, sagði hann hlæjandi. Ef þú hjálpar mér aðeins skal ég leyfa þér að prófa það á eftir.

– Ég er bara þrettán, sko.

– Já, já. Ég fór fyrst á mótorhjól tíu ára. Reyndar varð allt vitlaust þegar ég tók það. Þetta hefði náttúrlega ekki verið svona mikið vesen ef einhver hefði sagt mér hvar bremsurnar voru.

Maður endaði náttúrlega úti í sjó og ekki í fyrsta skipti. Krakkar mega aldrei neitt fyrir þessum moðhausum. Sjáðu pensilinn þarna?

– Pensilinn?

– Já, berðu þetta á legusætin fyrir mig, sagði Kiddi og rétti henni dós með einhverju sem hún vissi ekki hvað var. Hún las á lokið.

– Koppafeiti?

Hálfri dollu af koppafeiti og ófáum skrúfum seinna var Lára öll orðin útötuð. Kiddi leiddi hjólið að dyrunum, kveikti á svissinum og sparkaði því í gang.

Lára tók fyrir eyrun og hélt sig til baka í þetta skiptið. Hjólið hökti en fór þó í gang.

– Þarna kom það. Sagði ég ekki, sagði Kiddi og brosti út að eyrum. Eigum við að taka einn hring? Lára hikaði.

– Er það ekki hættulegt?

– Við setjum náttúrlega upp hjálma.

Kiddi rétti henni fornfálegan hjálm sem hefði sómt sér vel á sjöunda áratugnum. Því næst settist Lára upp á hjólið fyrir aftan Kidda og hann keyrði af stað yfir járnruslið og út á veginn. Hann keyrði í rólegheitunum en Lára fann að hún var samt hrædd. Hún lokaði augunum og hélt dauðahaldi í leðurjakkann hans Kidda. Þegar þau komu út á veginn hökti hjólið og stöðvaðist svo að Kiddi þurfti að sparka því aftur í gang.

– Smá byrjunarörðugleikar, sagði Kiddi brosandi og keyrði svo aftur af stað.

Lára opnaði augun varlega. Hún hló. Svo sleppti hún takinu á jakkanum hans Kidda og rétti út hendurnar, en einungis örlitla stund. Síðan greip hún aftur í svarta leðurjakkann og hélt sér dauðahaldi, stolt af sjálfri sér fyrir hugrekkið.

Hún virti fyrir sér hafið, mávana sem svifu fyrir ofan þau, bátana í höfninni, lögreglubílinn sem keyrði fram hjá, heiðskíran himininn…

Hún hrökk við. Fyrir aftan þau sáust blá, blikkandi ljós. Lögreglubíllinn hafði snúið við og nálgaðist þau óðfluga.

– Haltu þér fast, kallaði Kiddi glaðhlakkalega til hennar.

Hann beygði samstundis út á göngustíginn og gaf allt í botn. Lára öskraði upp yfir sig. Hjólið æddi áfram, fram hjá húsinu í átt að fiskhjallinum en þar stóð konan sem Lára hafði séð fyrr um morguninn og horfði undrandi á þau. Kiddi stöðvaði hjólið og Lára stökk af baki.

– Fljót.

Kiddi tók hjálminn af Láru og henti honum til konunnar.




**GLÆPASAGA**



# önnur LÍF

## ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON

„Persónusköpun Ævars er sú besta allra íslenskra reyfarahöfunda . . . Lögguhópurinn hans er safn af alvöru fólki, ekki pappalöggum. Svo var bókin þrususpennandi.“

*Illugi Jökulsson*

---

„Krimmaformið leikur í höndum Ævars Arnar. Honum fer það vel að skjóta föstum skotum á samfélagið, textinn er fullur af kaldhæðni og húmor en þó ekki á kostnað alvörunnar undir niðri og næmni fyrir mannlegum örlögum.“

*Sigurður Ólafsson, bókmenntir.is*

---

„Fínn krimmi með flottu plotti og góðri persónusköpun. Rígheldur athygli lesandans, vekur til umhugsunar og kemur á óvart.“

*Friðrika Benónýsdóttir, Fréttablaðið*

UPPHEIMAR

Lestrarfærni er lykill
að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

**GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL**




UPPHEIMAR

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is




OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 8. desember á meðan birgðir endast.



# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR













ÁRITAR OG SPILAR
Skeifunni kl. 14 í dag
Smáralind kl. 14 sunnudag




ÁRITAR
Skeifunni kl. 14 í dag
Smáralind kl. 14 sunnudag













ÁRITAR OG SPILAR
Í DAG
Smáralind kl. 14




ÁRITA OG SPILA
Í DAG
Smáralind kl. 17










ÓMAR ÁRITAR
Í DAG:
Kringlunni kl. 17
Skeifunni kl. 18

SUNNUDAG:
Smáralind kl. 15
Skeifunni kl. 17




PÁLL ÓSKAR ÁRITAR
Í DAG:
Akureyri kl. 14:00




Smáskífan og karaókí útgáfan af smellinum "GORDJÖSS" FYLGIR MEÐ BÓKINNI!

ÚTGÁFUPARTÝ
Skoppa & Skrítla skemmta og Emmessís gefur gestum Skoppu & Skrítlu ís




ÁRITA OG SKEMMTA
Smáralind kl. 15 í dag




ÁRITAR
Skeifunni kl. 16 í dag
Kringlunni kl. 14 sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Tískustraumar ársins 2010

Nú þegar árið styttist í annan endann er kjörið að líta yfir farinn veg og sjá hvað er búið að ráða ríkjum í **tískunni árið 2010**. ***Álfrún Pálsdóttir*** tók saman hvaða straumar og stefnur hafa ratað af tískupöllunum inn í fataskápana á síðastliðnu ári.

## PELS OG SKINN

Skinn af ýmsu tagi hefur verið vinsælt með haustinu, bæði ekta og gervi, og í hinum ýmsu litbrigðum. Skinn í kjólum og buxum, loðkragar, loðvesti og svo hinn dæmigerði loðfeldur. Í ár hefur bangsapelsinn fengið uppreisn æru eftir að Karl Lagerfeld hannaði slíkan búning fyrir Chanel.





## KLOSSAÐIR SKÓR

Pinnahælar og oddhvassar tær hafa vikið þetta árið fyrir rúnnuðum og klossuðum skóm. Fylltir hælar hafa tröllriðið skómarkaðnum ásamt breiðum hælum með fylltri tá eins og skórnir úr smiðju Miu Miu.





## GEGNSÆTT

Gegnsæ efni í bland við önnur grófari hefur verið vinsæl samsetning í ár og á eflaust eftir að halda áfram út í næsta ár. Þegar átt er við gegnsætt er ekki verið að meina að sýna mikið bert hold en frekar á fágaðan hátt eins og sjá má á hönnun Alexander Wang og Balmain.





## VELÚR

Efnið sem einnig er kallað apaskinn hefur verið mjög vinsælt upp á síðkastið og ekkert lát virðist vera þar á. Velúr er efni tíunda áratugarins og er bæði til að klæða hverdagslegar flíkur upp eða fínar flíkur niður. Kjörið efni í jólakjólinn.



## MYNSTUR

Mynstur á mynstur ofan. Öllu má víst blanda saman og í vor og sumar hafa mynstraðar buxur og sokkabuxur verið mjög vinsælar. Þessa tískustrauma má rekja til haust- og vetrarlínu hins sáluga Alexanders McQueen en eftirlíkingar af litaglöðum mynstrum hans hafa ratað í margar verslanakeðjurnar á liðnu ári. Einnig hafa dýramynstrin frá Miu Miu verið vinsæl.





## KAMEL

Á hverju ári hefur einum lit verið spáð sem arftaka hins sígilda svarta litar en engum tekist að taka alveg við krúnunni. Kamelbrúnn og hin ýmsu litbrigði ljósbrúns eru vinsælir í ár, jafnt í skóm, fylgihlutum og fatnaði. Fatalínur tískuhúsanna Chloé og Celine voru til að mynda mikið í þessum lit fyrir árið 2010 og því hægt að segja að brúnn hafi nánast tekið við af svörtum í ár.







# KORPU OUTLET

**RISA DVD MARKAÐUR Í KORPU-OUTLET KORPUTORGI**
**HUNDRUÐIR TITLA Á FÁRÁNLEGU VERÐI - NÝJIR TITLAR DAGLEGA**




## KOMDU OG GERÐU GÓÐ DVD KAUP FYRIR JÓLIN

KORPU OUTLET KORPUTORGI









# Jólatré og jólasveinar í skóginum

Jólaljós og jólastemning lífga aldeilis upp á desember þegar dagurinn er stystur. Þó að notalegt sé að sitja inni við kertaljós, bakstur og huggulegheit er ýmislegt jólalegt á seyði úti við nú á aðventunni. Jólamarkaðir, jólaböll og ekki síst ferð í jólaskóg til að höggva sitt eigið jólatré kemur jafnvel mestu skröggum í hið eina sanna jólaskap.

## 1. HEIÐMÖRK

**Líf og fjör í jólaskógi**

Jólaskógur Skógræktarfélags Reykjavíkur í Hjalladal í Heiðmörk verður opinn helgarnar 11. til 12. desember og 18. til 19. desember frá klukkan 11 til 16. Alla daga verður líf og fjör, varðeldur, kakó, piparkökur og jólalög. Sagir og klippur verða til útláns fyrir þá sem vilja ná sér í jólatré.

## 2. FOSSÁ

**Sveitaferð í Hvalfjörð**

Þeir sem vilja fara í meiri sveitaferð gætu kíkt að Fossá í Hvalfirði. Þar er opið allar helgar fram að jólum frá tíu til 16 eða meðan bjart er. Ekki þarf að panta tíma eða boða komu sína en gott að vita af stórum hópum með fyrirvara. Starfsmenn aðstoða við að pakka trjám í net, lána einnig sagir en eigi fólk góða sög er mælt með að taka hana með.

## 3. MOSFELLSBÆR

**Opið alla daga frá 11. 12.**

Jólasveinar verða í jólatrjáasölu Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Hamrahlíð við Vesturlandsveg helgarnar 11 og 12. desember og 18. og 19. desember. Hægt er að fara í skóginn og saga sjálfur en einnig verða til söguð tré. Salan er annars opin alla daga frá 11. desember, milli kl. 10 og 16 um helgar en 12-16 virka daga.

## 4. GARÐABÆR

**jólaskógur 18. desember**

Skógræktarfélag Garðabæjar verður með opinn jólaskóg laugardaginn 18. desember kl. 12-16 en nánari upplýsingar fást síðar.

## 5. HAFNARFJÖRÐUR

**Jólasveinar kíkja í heimsókn**

Jólatrjáasala Skógræktarfélags Hafnarfjarðar verður að venju í Selinu við Kaldárselsveg. Athugið að hér er ekki hægt að höggva tré sjálfur en gestum er boðið upp á heitt kakó og kökur.

## 6. JÓLAÞORPIÐ

**Hafnfirskt jólastuð**

Í Hafnarfirði er hið eina sanna Jólaþorp landsins. Þar er opið allar helgar fram að jólum frá eitt til sex. Alla opnunardaga verður fjölbreytt skemmtidagskrá á sviði Jólaþorpsins í Hafnarfirði. Þar koma fram landsþekktir listamenn, óþekkir jólasveinar og ýmsir óvæntir gestir. Sungið, trallað og dansað í kringum jólatréð.



## 7. JÓLABÆR

**Tréhús og tjöld í miðbænum**

Á Hljómalindarreitnum milli Laugavegs og Hverfisgötu verður Jólabærinn opnaður fimmtudaginn 9.desember. Í skreyttum tréhúsum og tjöldum verður varningur til sölu auk þess sem ýmis skemmtiatriði verða flutt í viðburðatjaldi veglegu er þar mun standa. Þegar nær dregur jólum lengist opnunartími verslana og uppákomum fjölgar í miðbænum sem alltaf er gaman að rölta um þegar jólin nálgast.

## 8. ÁLAFOSSKVOSIN

**Útimarkaður í Mosó**

Útimarkaðurinn verður haldinn í Álafosskvos í Mosfellsbæ á laugardögum og sunnudögum milli tólf og fimm í desember. Ýmis varningur verður til sölu í sölubásum, jólatónlistin ómar og súkkulaði, jólaglögg og piparkökur verða á hverju strái.

## 9. ÁRBÆJARSAFN

**Jólaball úti við**

Hver sagði að jólaball þyrfti að vera innandyra? Árbæjarsafn opnar dyrnar sunnudagana fram að jólum og þar er dansað í kringum jólatré útivið í góðum félagsskap íslensku jólasveinana sem halda uppi fjörinu. Það er fátt jólalegra en að rölta á milli húsa safnsins, smakka hangikjöt og laufabrauð og komast í jólafíling. Þess má geta að dansað er í kringum jólatréð klukkan 15 en safnið er opnað klukkan eitt.

## 10. LÍF Í DALNUM

**Líf og fjör í Laugardalnum**

Jólastemmingin ræður ríkjum í Laugardalnum á aðventunni. Frá Grasagarðinum berst ilmur af ristuðum möndlum en Café Flóra verður opin allar aðventuhelgarnar í desember. Á torginu fyrir framan garðinn selur Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík jólatré og greinabúnt um helgar. Grýla heldur jólaveislu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, boðið er upp á hestvagnaferðir um garðinn og litla jólalistasmiðju í Hafrafelli. Og í Skautahöllinni verður skautað í kringum jólatré allan desembermánuð.

## 11. FRIÐARGANGAN

**Gleðigjafi á Þorláksmessu**

Friðargangan á Þorláksmessu hefur fyrir löngu skipað sér sinn fasta sess í jólaundirbúningi Reykvíkinga. Lagt er af stað frá Hlemmi klukkan 18 og gengið með kyndla niður á Lækjartorg. Kór Menntaskólans við Hamrahlíð leiðir sönginn og allir sem taka þátt eða fylgjast með finna að jólin eru bara alveg á næsta leiti.




### JÓLASKÓGUR TRÉIN HÖGGVIN

Skógræktarfélög landsins bjóða mörg hver upp á þann skemmtilega möguleika að fólk sæki sitt eigið jólatré, hver veit svo nema jólasveinar leynist í skóginum? Á höfuðborgarsvæðinu eru möguleikarnir nokkrir. Víða er einnig hægt að kaupa söguð tré. Jólaskógur er vitaskuld víðar en á höfuðborgarsvæðinu eins og þetta kort sýnir. Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands www.skog.is.

## Brattakinn 25
220 Hafnarfjörður
Fallegt einbýlishús lækkað verð!!

**Stærð: 107,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1957**
**Fasteignamat: 16.650.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





**Opið hús mán. 6 des frá kl 19:00-19:30**

**Verð: 19.900.000**

Nánari lýsing:
Á efri hæð er búið að teikna eldhús, stofa og borðstofa, baðherbergi ofl. Teikningar eru ekki samþykktar. Steypt plata á neðri hæð, timburgólf á milli hæða.
Neðri hæð:
Búið er að grafa út hluta af kjallaranum og steypa golfplötu, gert er ráð fyrir þvottaherbergi, þremur rúmgóðum herbergjum, baðherbergi ofl. í dag rúmlega fokhelt rými með hurða opi og gluggaopum,


Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is


Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
benolafs@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Eskihlíð 35
105 Reykjavík
Einstaklega falleg 2ja herb.kjall.

**Stærð: 49,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1956**
**Fasteignamat: 10.415.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





**Opið hús mán. 6 des frá kl.18:00-18:30**

**Verð: 13.900.000**

Falleg 2ja herb íbúð í kjallara
Forstofa með fataskáp, flísar á gólfi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með sturtu. Ágætis hjónaherbergi með góðum fataskáp, pl-parket á gólfi. Stofan er björt pl- parket á gólfi. Eldhús með nýlegri og glæsilegri innréttingu flísum á milli skápa, eldavél, bakarofn, vifta ásamt vaski eru öll nýleg tæki . Sér bílastæði fylgir eigninni.
Sameign mjög snyrtileg Sameiginlegt þvottahús ásamt sér geymslu.


Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is


Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
benolafs@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Nönnustígur 14
220 Hafnarfjörður
SKOÐAR SKIPTI Á MINNI EIGN.

**Stærð: 122,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1942**
**Fasteignamat: 23.700.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





**Opið hús mán 6 des kl 18.00 til 18.30**

**Verð: 34.900.000**

Fallegt einbýli til sölu. Komið er inn í hol, björt og falleg stofa/borðstofa. Úr holinu er einnig gengið inn í eldhús með góðri innréttingu, opið út á skjólgóða verönd með tröppum niður í gróinn og fallegan garð. Gestasnyrting á hæðinni. Gengið er upp stiga á efri hæðina, alrými/sjónvarpsstofa og tvö góð svefnherberg,eikarparket á gólfum. Kjallari Rúmgott hjónaherb.með parketi og góðum skápum. Flísalagt þvottahús, heitur pottur. fallegur garður verið velkominn í opið hús. Benedikt sími 661-7788


Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is


Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
benolafs@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Öldusloð 7
220 Hafnarfjörður
Nánast hrein yfirtaka

**Stærð: 59 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1948**
**Fasteignamat: 14.550.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





**Opið hús mán 6 des kl 19:30-20:00**

**Verð: 15.100.000**

Komið er inn í forstofu með flísum á gólfi. Stofan er mjög björt með parketi á gólfi. Eldhúsið er með snyrtilega innréttingu, parket á gólfi, eldhús og stofa er eitt rými. Svefnherbergið er með ágætis fataskáp, parket á gólfi. Baðherbergið er með upphengdu salerni, stórt hlaðið baðkar, lakkað gólf. Innaf forstofu er aðstaða fyrir þvottavél og þurkara, flísar á gólfi. Til hægri við forstofu er geymslan / notað sem leikherbergi í dag. Sér garður fylgir eigninni.Verið velkominn


Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
benolafs@remax.is


Árni Þór Jónsson
Sölufulltrúi
**773 6262**
arni@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Háaleitisbraut 111
108 Reykjavík

**Stærð: 141,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1964**
**Fasteignamat: 25.600.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Bær





**Sigvaldabokkin**

**Verð: 24.900.000**

Vel skipulögð rúmgóð 4 herbergja íbúð á 4. hæð (efstu) ásamt 27,6 fm. innbyggðum bílskúr. Úr íbúðinni er fallegt útsýni til suður og norðurs.
Eldhúsið er nýlega standsett með fallegri ljósri IKEA innréttingu, flísar á milli skápa og ljósbrúnar flísar á gólfi, gólfhiti er í eldhúsi. Stór björt stofa/borðstofa með parketi á gólfi, útgengi út á stórar suðursvalir. Húsið er í góðu viðhaldi, þak yfirfarið 1997 og húsið málað 2003. Bílskúrinn er rúmg. og er staðsetning hans rétt við inngang hússins.


Páll Guðjónsson
Lögg. fasteignasali
**512 3460**
pall@remax.is

## Borgartún 24
105 Reykjavík
Til leigu á frábærum stað

**Stærð: 804 fm**
**Fjöldi herbergja: 20**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 110.050.000**

RE/MAX Senter



**Bókið skoðun í síma 777-2882**

**Verð: 0**




Um er að ræða 3ju hæð og stærri hluta 2rrar hæðar, samtals 800 fm. ásamt geymslu í kjallara á þessum vinsæla og fjölfarna stað.
Húsnæðið er full innréttað á smekklegan hátt með skrifstofum, opinni og fallegri móttöku á 3ju hæð, fundarherbergjum, opnum rýmum, góðu tölvuherbergi með kælikerfi, prentaraherbergi, geymslum, eldhúsi og matar/kaffi aðstöðu fyrir starfsfólk.
Mögulegt er að leigja hvora hæð fyrir sig enda sér inngangur úr stigagngi á hvora hæð.Til staðar eru allar tölvu- og símalagnir ásamt öryggiskerfi.
Í boði er að gera leigusamning í 1-3 ár.
Húsið er í góðu ástandi og hefur fengið gott viðhald.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í síma 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**




GÓÐ KAUP!
Kerti
Eigum mikið úrval af fallegum kertum í öllum stærðum og gerðum. Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur!
SPARIÐ 5.000
SINGER 4210 saumavél
Virkilega góð og vönduð SINGER saumavél. Er með öllum helstu grunnsporunum. Tilvalin jólagjöf á frábæru verði!
SAUMAVÉL ÁÐUR: 29.950.-
24.950,-
ALLT FYRIR JÓLIN Í R
30% AFSLÁTTUR
20 LJÓSA ÁÐUR: 995,-
695,-
LED jólasería
Góð 20 ljósa LED innisería á frábæru verði! Litur: Glær.
NÁTTSLOPPUR
1.495,-
PRICE STAR náttsloppur
Mjúkur náttsloppur úr flísefni. Nokkrar stærðir fáanlegar.
50% AFSLÁTTUR
ALLT SETTIÐ ÁÐUR: 1.995,-
995,-
Hljóðfærasett
Skemmtilegt hljóðfærasett fyrir krakkana. Inniheldur 7 hluti. Frábært verð!
ÁÐUR: 499,-
299,-
40% AFSLÁTTUR
Baðsápur
Ilmandi rósarsápur í baðið. 9 stk. saman í hjartalaga kassa.
30% AFSLÁTTUR
SETTIÐ ÁÐUR: 1.695,-
1.195,-
Flísteppi og bangsi
Fallegt gjafasett fyrir yngstu krílin. Fæst í nokkrum mismunandi litum.
Slönguseríur
Flottar slönguseríur í metrtali á frábæru verði! Fáanlegar rauðar og glærar.
VERÐ PR. MTR.
299,-
VERÐ PR. MTR. FRÁ:
399,-
Glærir vaxdúkar
Fallegir, glærir vaxdúkar með jólamynstri. Breidd á dúkum: 140 sm.
1 STK.
595,-
Jólahandklæði
Stærð: 40 x 71
Velourefni
Virkilega flott velourefni sem fæst í nokkrum fallegum litum. Magn á stranga: 140 sm. x 5 metrar.
5 METRAR
1.495,-
20 STK.
299,-
Sogskálar 20 stk.
Góðar sogskálar í gluggann.
VERÐ FRÁ:
1.995,-
Gítar
Góðir gítarar á frábæru verði! 3 stærðir:
23" 1.995,- 32" 4.995,- 38" 5.995,-
JÓLATRÉ 140 LJÓSA
6.995,-
Jólatré
Fallegt jólatré með 140 LED ljósum. Hæð: 150 sm.




ÚTISERÍUR FRÁ:
945,-

INNISERÍUR FRÁ:
399,-

**Jólaseríur**
Mikið úrval af inni- og útiseríum. Komdu og skoðaðu úrvalið!

GÓÐ KAUP!

**PURE DEAD SEA vörur**
Frábærar DEAD SEA vörur í miklu úrvali. Komdu og gerðu góð kaup!
Handáburður 399,-
Body Lotion 595,-
Baðsalt 695,-
Sjampó 695,-
Hárnæring 695,-
Body Butter 795,-



VERÐ FRÁ:
399,-

# RÚMFATALAGERNUM!

TILBOÐIN GILDA 04.12 - 05.12



LJÓSAKÚLA
1.495,-

**Ljósakúla**
Mjög falleg ljósakúla. Gefur fallega birtu. Þvermál ca. 15 sm.



50 X 100 ÁÐUR: 790,-
495,-

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

**CAPRI handklæði**
Glæsileg handklæði í fallegum litum. Efni: 100% bómull. Stærð: 50 x 100 sm. **790,-** nú **495,-** 70 x 140 sm. **1.690,-** nú **995,-** 100 x 150 sm. **1.995,-** nú **1.495,-**



6 RÚLLUR
299,-

**Pakkabönd**
6 rúllur saman í pakka á frábæru verði! Magn: 10 metrar á rúllu.



33% AFSLÁTTUR

LEÐURHANSKAR ÁÐUR: 1.495,-
995,-

**Leðurhanskar**
Góðir leðurhanskar fyrir dömur og herra áður **1.495,-** nú **995,-** Lúxushanskar áður **2.995,-** nú **1.995,-**



FLÍSTEPPI
2.495,-

**ALMA flísteppi**
Töff flísteppi með fallegu og sígildu mynstri. Stærð: 140 x 200 sm.



1 STK. ÁÐUR: 895,-
695,-

22% AFSLÁTTUR

**Dúkka**
Flott dúkka sem fæst í 6 mismunandi gerðum.



1 RÚLLA 70 X 200 SM.
139,-

**Jólapappír**
Fallegur jólapappír í miklu úrvali. Magn á rúllu: 70 x 200 sm.



**Grýlukerta-sería**
Flott 100 ljósa LED sería.



SPARIÐ 500

1 PAR ÁÐUR: 2.995,-
2.495,-

**Ballerínuskór**
Flottir og sparilegir skór fyrir dömur á öllum aldri! Stærðir: 22 - 38.



BORVÉL ÁÐUR: 2.995,-
1.995,-

33% AFSLÁTTUR

**Borvél**
Flott borvél á frábæru verði!



JÓLASTJARNA
1.695,-

**Jólastjarna**
Falleg, silfur-lituð jóla-stjarna.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Skrifað, lesið og sungið í kór

## MYNDBROT ÚR DEGI | Fimmtudagurinn 2. desember | Nikon E8700

**Lísa Margrét Kristjánsdóttir** stendur í ströngu þessa dagana þar sem hún undirbýr sig fyrir útskrift úr Háskóla Íslands, en gefur sér þó tíma til að æfa með Kvennakór Garðabæjar og syngja með honum inn á plötu. Lísa festi dag í vikunni á filmu.



**1** Hluti af bókum sem nauðsynlegar eru við skrif ritgerðar um skvísumyndir. Kaffi og safi, sama rútínan alla virka daga. Lífið snýst um að sitja fyrir framan tölvuna og skrifa og lesa til skiptis þessa dagana í von um að klára BA-gráðu í kvikmyndafræði um jólin.



**2** En þegar ég átti að vera að læra greip sig skyndilega smá hannyrðaæði og ég gleymdi mér við prjónaskap í smá stund. Það reyndist bara mjög endurnærandi.



**3** Lítill frændi átti afmæli um daginn og við förum til hans eftir skóla. Skírnir Máni frændi er mikill Liverpool-aðdáandi og fékk því viðeigandi dagatal ásamt tösku sem alls kyns smáhlutum sem hann prófaði að sjálfsögðu um leið.



**4** Ég og Caya, sem er yndisleg átta ára gömul Belgísk Malinois tík. Langt síðan ég hef séð hana og það var æði að fá tækifæri til að knúsa hana.



**5** Áður en ég fór á kóræfingu hjá Kvennakór Garðabæjar, sem er með tónleika í Digraneskirkju á laugardaginn klukkan fjögur, las Íris Ösp fyrir mig og systur sína hana Urði Eik söguna um Trölla sem stal jólunum. Urður Eik var orðin of þreytt fyrir myndatöku, held að hún hafi verið búin með stuðið.



**6** Þreytt að loknum degi en að springa út stolti út af nýútgefnum geisladiski Kvennakórs Garðabæjar sem við fengum í hendurnar í gær. Ég sannfærð um að við verðum fengnar til að vera með lið í Popppunkti, hmm.




### Í ÞÁ TÍÐ ...



**LED ZEPPELIN** Dauði Johns Bonham, lengst til vinstri, varð til þess að sveitin lagði upp laupana.

## Led Zeppelin hættir

**Trommarinn kafnaði í eigin ælu og hljómsveitin hætti í kjölfarið.**

Fyrir réttum þrjátíu árum, hinn 4. desember 1980, tilkynntu eftirlifandi meðlimir bresku þungarokkssveitarinnar Led Zeppelin að sveitin væri hætt störfum í kjölfar andláts trommarans Johns Bonham. Í rúman áratug hafði Zeppelin verið í fararbroddi í tónlistarheiminum og er enn þann dag í dag ein rómaðasta rokksveit allra tíma.

Sveitin var reist á rústum sveitarinnar The Yardbirds þar sem gítargoðsögnin Jimmy Page hafði gert garðinn frægan. Hann fékk þá John Paul Jones, Robert Plant og Bonham til liðs við sig og þeir slógu strax í gegn árið eftir með fyrstu breiðskífu sinni.

Við tók stanslaus sigurganga allan áttunda áratuginn þar sem allar plötur þeirra seldust í bílförmum. Lög eins og Whole Lotta Love, Dazed and Confused, Stairway to Heaven og auðvitað Immigrant Song, sem sagan segir að sveitin hafi samið eftir að hún hélt tónleika í Laugardalshöll árið 1970.

Mitt í velgengninni reið þó áfallið yfir þegar Bonham lést í september 1980. Zeppelin hafði nýlokið stuttri tónleikaferð um Evrópu og var að æfa fyrir ferð um Bandaríkin. Bonham hafði drukkið gríðarlega mikið, eins og hans var raunar von og vísa, og um kvöldið báru félagarnir hann köfdrukkinn upp í herbergi þar sem hann sofnaði. Um morguninn fannst hann örendur í rúmi sínu þar sem hann hafði kafnað á eigin ælu.

Sorg eftirlifandi meðlima sveitarinnar var skiljanlega mikil og hinn fjórða desember sendu þeir út tilkynningu um að Led Zeppelin væri hætt störfum og fóru hver sína áttina.

Leiðir þeirra lágu svo aftur saman árið 2007 þegar þeir komu saman á einum tónleikum þar sem Jason Bonham, sonur Johns, hélt um kjuðana. Mikið hefur verið rætt og skrafað um hugsanlega tónleikaferð, en ekkert hefur enn verið ákveðið í þeim efnum. **- þj**

*Heimild: Rolling Stone*

ÁR | 1900 | 1980 | 2000 | 2010




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HANNES HAFSTEIN** fyrsti ráðherra Íslands (1861-1922) fæddist þennan dag.

*„Strikum yfir stóru orðin, standa við þau minni reynum.“*

---

**ÞETTA GERÐIST:** 4. DESEMBER 1965

## *Fyrsti leikurinn í Höllinni*



Úrvalslið Reykjavíkur í handbolta lék gegn Baník Karviná frá Tékkóslóvakíu þennan mánaðardag árið 1965 og hafði betur. Það var fyrsti íþróttaleikurinn sem fór fram í Íþróttahöllinni í Laugardal í Reykjavík. Nær 2.000 áhorfendur fylgdust með honum.

Áður en leikurinn hófst opnaði Geir Hallgrímsson borgarstjóri Höllina en hún var svo vígð formlega tveimur dögum síðar, 6. desember 1965. Bygging hennar markaði þáttaskil fyrir innanhússíþróttir hér á landi og einnig fyrir hvers kyns sýningar- og tónleikahald.

Höllin er um 6.500 m² að stærð. Hún var teiknuð af Gísla Halldórssyni arkitekt árið 1959 og reist af Reykjavíkurborg og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Meðal stórra viðburða í Höllinni má nefna tónleika Led Zeppelin árið 1970, skákeinvígi Fischers og Spasskíjs 1972 og heimsmeistaramótið í handbolta 1995.

---

INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR LEIKKONA: HEFUR ÁTT GOTT FERTUGSAFMÆLISÁR

# Stóð allt í einu í stjörnufansi

Ingibjörg Reynisdóttir, leikkona og rithöfundur, er fertug í dag og finnst hún vera á góðum stað í lífinu að eigin sögn. „Mér líður alltaf eins tuttugu og fjögurra ára,“ segir hún glaðlega. „Reyndar held ég að ég sé í enn betra formi bæði andlega og líkamlega núna en ég var milli tvítugs og þrítugs.“

Afmælisárið hefur verið Ingibjörgu bæði viðburðaríkt og skemmtilegt. „Toppurinn á tilverunni var að frumsýna bíómyndina Óróa sem byggist á tveimur skáldsögum eftir mig. Órói er í raun afkvæmi mitt og hugarfóstur sem byrjaði bara í gríni. En boltinn fór að rúlla og úr varð tvær bækur og bíómynd sem ég lék karakter í,“ segir hún og lýsir ferlinu aðeins. „Fyrri bókin kom út 2007 og sú seinni 2008, árið 2009 byrjaði ég að skrifa kvikmyndahandritið ásamt leikstjóranum og 2010 var myndin svo frumsýnd. Ég átti ekki von á því að hrista eitt stykki kvikmynd fram úr erminni en svona getur lífið komið manni skemmtilega á óvart.“

Ferðalög eru eitt af því sem hefur lífgað upp á árið hjá Ingibjörgu. „Ég fór tvisvar til Los Angeles. Fyrst kíkti ég þangað í ævintýraferð með vinkonu minni í maí. Það var tilviljun að Gestur Valur Svansson, þáttastjórnandi hjá RÚV, var að fara út á sama tíma. Það var í fylgd hans sem við enduðum í svaka flottu partíi í Hollywood Hills hjá Casper Christensen og konu hans, Iben Hjelje, sem var gaman að kynnast. Ég lærði leiklist í Danmörku og þarna var fullt af skemmtilegum Dönum. Sá frægi leikari Joaquin Phoenix, sem leikur meðal annars Johnny Cash, var staddur þarna og allt í einu stóð maður í stjörnufansi.“ Í seinni ferð Ingibjargar til LA kveðst hún einnig hafa hitt áhugavert fólk og segir aldrei að vita nema sú ferð opni henni dyr í framtíðinni.

Ingibjörg er uppalin við Rauðalækinn í Reykjavík en ættuð úr sveit í báða leggi. „Móðurforeldrar mínir voru bændur að Möðruvöllum í Kjós. Húsið þeirra er orðið nokkurs konar fjölskylduhús og þar er allt upprunalegt og notalegt. Á Möðruvöllum var ég í heyskap, sótti kýr, mjólkaði og mokaði flórinn, fór í útreiðartúra og allt þetta. Pabbi er svo frá Hjálmsstöðum, rétt við Laugarvatn og þar var líka sveitalíf. Það eru mikil forréttindi að hafa kynnst því og komist í návígi við dýrin og náttúruna. Ég meira að segja hleraði í sveitasímann í gamla daga og samt finnst mér ég svo ung. Hringingin var löng, stutt, stutt löng á mínum bæ!“

Fyrir utan leiklist og ritstörf starfar Ingibjörg á fótaaðgerða- og snyrtistofu á Langholtsveginum þegar tími gefst til því hún lærði fótaaðgerðir og nudd áður en hún hélt til Kaupmannahafnar í leiklistarnám.

Lokaspurning: Verður afmælisveisla? „Ég ætlaði varla að nenna að halda upp á daginn. Ákvað svo að hafa einfalt boð fyrir fjölskylduna að deginum en bjóða nokkrum skemmtilegum konum heim í kvöld og einskorða töluna við 40. En ég tók að mér að vera með hugvekju í aðventustund klukkan fjögur á morgun svo ég má ekki sleppa fram af mér beislinu í kvöld. Það eru líka svo mörg fertugsafmæli fram undan að mér finnst í góðu lagi að vera róleg í mínu.“ gun@frettabladid.is



**AFMÆLISBARN DAGSINS** Ég tók að mér að vera með hugvekju í aðventustund klukkan fjögur á morgun svo ég má ekki sleppa fram af mér beislinu í kvöld.“ segir Ingibjörg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†



*Sendum innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,*

**Ingibjargar Kristjönu Guðmundsdóttur**

frá Naustvík, Árneshreppi, Álftamýri 2, Reykjavík.

| | |
|---|---|
| **Soffía Guðrún Ágústsdóttir** | **Einar Jónsson** |
| **Ósk Sigurrós Ágústsdóttir** | **Þorsteinn Tryggvason.** |
| **Erlendur Steinar Friðriksson** | **Inga Margrét Birgisdóttir** |
| **Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir** | |
| **Einar Smári Einarsson** | |
| **Ágúst Reynir Þorsteinsson** | **Kittý Johansen** |
| **Fanney Rós Þorsteinsdóttir** | **Árni Hrafn Gunnarsson.** |

**Langömmubörn og systkini.**

---

†



*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Haukur Karlsson**

brúarsmiður, áður til heimilis á Marbakkabraut 9, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, Suðurlandsbraut, fimmtudaginn 2. desember.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hafdís Hauksdóttir Kjærgaard**
**og fjölskylda hins látna.**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Eymar Ísfeld Karlsson**

lést laugardaginn 27. nóvember á Landakotsspítala. Verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. desember klukkan 11.00.

| | |
|---|---|
| **Gunnhildur Eymarsdóttir** | **Steinar Einarsson** |
| **Gunnar Eymarsson** | **Salome Birgisdóttir** |
| **Berglind Eymarsdóttir** | **Birgir Bjarnfinnsson** |

**afabörn, langafabarn og aðrir aðstandendur.**

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Hafþór Guðjónsson**

bifreiðarstjóri, Brúnavegi 5,

verður jarðsunginn frá Kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík mánudaginn 6. desember kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Björg Ólafsdóttir** | **Magnús Magnússon** |
| **Daníel Ólafsson** | |
| **Guðjón Hafþór Ólafsson** | **Þuríður Edda Skúladóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511




---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Frú Ásta Bjarnason**

lést sunnudaginn 28. nóvember á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar verður þriðjudaginn 7. desember í Fossvogskapellu kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Baldur Bjarnason** | |
| **Bjarni Einar Baldursson** | |
| **Karl Jóhann Baldursson** | **María Guðmundsdóttir** |
| **Ásta Brynja Baldursdóttir** | **Rúnar Karlsson** |

**ömmubörn og langömmubörn.**
**Með þökk fyrir samfylgdina.**

---

†



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir*

**Guðríður Aradóttir**

frá Ólafsvík, áður til heimilis Eskihlíð 13,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 24. nóvember sl., verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 7. desember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Fyrir hönd ömmubarna og langömmubarna,**
**Steinunn Kolbrún Egilsdóttir**
**Haukur Hergeirsson**
**Hrafnhildur B. Egilsdóttir Briem**
**Garðar Briem.**

# Tímamót í kosningum

Kosningar til stjórnlagaþings
marka tímamót.

Skyggnir óskar þjóðkjörnum
fulltrúum til hamingju.

Í fyrsta sinn var úrvinnsla kjörseðla
með rafrænum hætti.

Skyggnir sá um tæknilega
framkvæmd kosninganna og
skannaði rúmlega 83 þúsund
kjörseðla sem innihéldu um
5 milljónir stafa.

**Skyggnir**

Skyggnir er eitt öflugasta upplýsingatæknifélagið á Íslandi og veitir alhliða þjónustu í hönnun og rekstri upplýsingatækni- og samskiptalausna.

Skyggnir er hluti af Nýherja samstæðunni.

**skyggnir.is**



*Sendum innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Soffíu Sigurðardóttur**

Færum starfsfólki á deild 5 á Hrafnistu í Kópavogi sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Sigþór Másson**
**Björk Hafliðadóttir**
**Sigdís Þóra Sigþórsdóttir**
**Soffía Karen Magnúsdóttir**
**Þórdís Björt Sigþórsdóttir**
**Óskar Magnússon**
**Arnþór Freyr Sigþórsson**
**Einar Anton Birgisson**
**Kristín Arnþórsdóttir**
**Magnús B. Óskarsson**
**Ingvar Óskarsson**

# Ritvélar og gamalt útvarp

„Viltu vita hvað er á boðstólum? Verður nokkuð annað í blaðinu eða svoleiðis? Þetta er dálítið mikið,“ segir Kristín G. Magnús hlæjandi þegar hún er spurð út í flóamarkaðinn sem hún ætlar að halda í bílskúrnum sínum að Baldursgötu 34. „Sko, ég fór niður í kjallara og þar á ég bæði leikhúsmiða og dót frá sjálfri mér sem ég hef safnað gegnum ævina. Reyndar hef ég haldið flóamarkað áður. Er nefnilega af gamla skólanum og finnst jákvætt ef einn getur notað það sem annar hefur ekki þörf fyrir lengur í stað þess að henda öllu á haugana.“

Kristín hefur rekið Ferðaleikhúsið frá 1965 og sumt af því sem hún ætlar að selja nú tengist þeirri starfsemi. „Það sem er úr leikhúsinu er hátalarar og tveir ljóskastarar. Svo er ég með átta rása hljóðblandara með innibyggðum magnara og annan fyrir heimilisnotkun. Svo er ég með 70 svampstólsetur, gamlan, svartan síma – þeir eru víst orðnir hámóðins í dag – ritvélar og gamalt útvarp. Einn og einn kjóll er úr leikhúsinu líka. Svo eru veski, myndir, björgunarvesti, smíðaáhöld, gardínur og veggflísar. Já, svo er kompás úr skipi, svolítið merkilegur sem settur er á borð. Margar slár eru af nýjum og notuðum fatnaði og skóm sem ég hef keypt í London og Bandaríkjunum. Ég þarf að losa mig við eitthvað af þessu.“

Þótt húsið hennar Kristínar tilheyri Baldursgötunni er gengið inn í það frá Lokastígnum. „Þetta er mín leið til að gæða Þingholtin lífi í skammdeginu. Það er spáð góðu veðri og það verður gaman að hitta fólk,“ segir hún. Markaðurinn er opinn milli klukkan hálf tvö og sex í dag og tvö til fimm á morgun. - gun



**Á MARKAÐNUM** Hanna Regína Guttormsdóttir og Kristín G. Magnús hafa unnið saman hjá Ferðaleikhúsinu og ætla að hjálpast að um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður og afa,*

**Björns Ólafssonar**
Hofgörðum 1, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11-E Landspítala fyrir dásamlega umönnun og öllu starfsfólki til mikils sóma.

**Jóhanna Guðnadóttir**
**Guðrún Björnsdóttir**
**Hilmar Björnsson**
**Elín Helga Sveinbjörnsdóttir**
**Guðrún Salvör Björnsdóttir**
**systur og barnabörn**

# Mozart á miðnætti

Aðfaranótt sunnudagsins mun Óperukórinn í Reykjavík ásamt einsöngvurum flytja sálumessu Mozarts í Langholtskirkju á dánarstundu tónskáldsins klukkan 00.30, en samkvæmt heimildum lést Mozart upp úr miðnætti hinn 4. desember árið 1791.



**STJÓRNANDINN** Garðar Cortes stjórnar Óperukórnum, sinfóníuhljómsveit og einsöngvurum sem flytja Sálumessu Mozarts í Langholtskirkju klukkan hálf eitt í nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tónleikarnir eru að venju helgaðir minningu íslenskra tónlistarmanna sem látist hafa á undanförnu ári en það eru Marteinn Hunger Friðriksson, Jón G. Þórarinsson, Una Herdís Gröndal, Rut Magnússon, Margrét Jósefína Ponzi, Valgerður Ákadóttir, Ásgeir Hallsson, Eva Snæbjarnardóttir, Pálmar Þórarinn Eyjólfsson, Hannes Flosason og Guðmundur Jónsson.

Flytjendur eru Óperukórinn í Reykjavík ásamt sinfóníuhljómsveit og einsöngvurunum Þóru Einarsdóttur sópran, Sesselju Kristjánsdóttur mezzó-sópran, Snorra Wium tenór og Jóhanni Smára Sævarssyni bassa. Stjórnandi er Garðar Cortes.

Þetta er í 6. skipti sem Óperukórinn flytur Requiem Mozarts á dánarstundu tónskáldsins, í minningu Mozarts og í minningu íslenskra tónlistarmanna.

Forsala aðgöngumiða er á midi.is og miðaverð er 4.000 krónur. - fsb

# Bjöllukórinn hlaut Kærleikskúluna

Afhending Kærleikskúlu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra fór fram á fimmtudaginn í Listasafni Reykjavíkur. Í ár hlaut kúluna Bjöllukórinn og Valgerður Jónsdóttir stjórnandi hans. Valgerður hefur með óeigingjörnu starfi sínu gefið fjöldanum öllum af nemendum með sérþarfir kost á að njóta tónlistarnáms og þannig undirstrikað nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðra í samfélaginu, að því er segir í fréttatilkynningu frá félaginu.

Halldór Gunnar Pálsson, kór- og hljómsveitarstjóri Fjallabræðra, og meðlimir í kórnum afhentu Valgerði og Bjöllukórnum kúluna, en þeir félagar eru miklir vinir Reykjadals, þangað sem ágóðinn af sölu Kærleikskúlunnar rennur. Sala kúlunnar hefst í dag og verður hún fáanleg í verslunum víða um land til 18. desember.

Kærleikskúlan hefur verið seld til styrktar félaginu frá árinu 2003 og í ár er það skúlptúristinn Katrín Sigurðardóttir sem hannar kúluna, sem hlotið hefur nafnið Fjarlægð.

Nánari upplýsingar um sölustaði Kærleikskúlunnar má nálgast á heimasíðu Styrktarfélagsins slf.is. - fsb



**VIÐ AFHENDINGU** Valgerður Jónsdóttir og Bjöllukórinn hlutu Kærleikskúluna í ár. Hér afhendir Birkir Guðmundsson Fjallabróðir Arnbjörgu Jónsdóttur söngfugli í Bjöllukórnum kúluna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Ingi Þór Jóhannsson**
útgerðarmaður, til heimilis að Tjarnargötu 22 Keflavík,

verður jarðsunginn mánudaginn 6. desember frá Keflavíkurkirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bent á Björgunarsveitina Suðurnes Reykjanesbæ (landsbjorg.is).

**Ásrún Ingiþórs Ingadóttir**
**Ingvi Ingiþórs Ingason**
**Ágúst Ingiþórs Ingason** **Borgny Seland**
**Jóhann Ingiþórs Ingason** **Sigríður T. Óskarsdóttir**
**Þórir Gunnar Ingason** **Jónína S. Jóhannsdóttir**
**og barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Kolbeinn Ingi Kristinsson**
Háengi 3, Selfossi,

sem lést 30. nóvember s.l., verður jarðsunginn frá Selfosskirkju, þriðjudaginn 7. desember kl. 13.30.

**Þorbjörg Sigurðardóttir**
**Sigurður K. Kolbeinsson** **Edda D. Sigurðardóttir**
**Eva Katrín Sigurðardóttir** **Kristján Þór Gunnarsson**
**Andrea Þorbjörg Sigurðardóttir**
**Kristín Edda Sigurðardóttir**
**og barnabarnabörn**



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og styrk við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar, tengdasonar og afa,*

**Eyjólfs Karlssonar**
Sjávargrund 8a Garðabæ.

**Kristjana Júlía Jónsdóttir**
**Hulda Lind Eyjólfsdóttir** **Ólafur Sigmundsson**
**Karl Jónasson** **Guðný Aradóttir.**
**Jón Gunnar Jóhannsson** **Unnur Jóhannsdóttir.**
**Afabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegi stjúpfaðir minn, afi, langafi og bróðir,*

**Árni Árnason**
Furugrund 68 Kópavogi,

lést mánudaginn 29. nóvember.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Örn Vilmundarson**
**Kristín G. Arnardóttir** **Kristófer Jóhannesson**
**Theodóra Dröfn Skarphéðinsdóttir**
**Eydís Anna Kristófersdóttir**
**Viktor Jóhannes Kristófersson**
**Sigurjón G. Arnarson**
**Árný Ösp Arnardóttir**
**Björg Árnadóttir**
**Friðrik Árnason**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Sigurðar Viðars Óskarssonar**
Aðalstræti 8, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar á Akureyri, lyfja- og krabbameinsdeildar FSA. Einnig þökkum við innilega tónlistarfólki, hestamannafélaginu Létti og öllum þeim sem aðstoðuðu við kaffiveitingar.

**Ulrike, Lilý, Renate, systkini Sigga og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Ragnarsson,**
Bræðratungu 24, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju kl. 15.00 þriðjudaginn 7. desember. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigurveig Helga Hafsteinsdóttir**
**Steinvör Bjarnadóttir** **Ragnar Þorsteinsson**
**María Bjarnadóttir** **Daði Már Ingvarsson**
**Steinar Bjarnason**
**Anetta Rós Bjarnadóttir** **Christian Svorkmo**
**og barnabörn.**


ALLT Í PAKKANN
ULLARKÁPA F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 9.995
SVÖRT, SÍÐ ÚLPA F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 9.995
KLÚTUR verð kr. 1.000
SVÖRT, HNEPPT PEYSA F/ DÖMUR
Outlet verð kr. 4.000
FLÍSPEYSUR, ÝMSIR LITIR
Outlet verð kr. 3.000
Duff
KAUPTU 3
OG
FÁÐU 4 FRÍAN!
T-BOLIR MEÐ MYND, MARGAR GERÐIR
Outlet verð kr. 1.995
FOIL T-BOLIR, MARGAR GERÐIR
Outlet verð kr. 2.500
RENNDAR ÍÞRÓTTAPEYSUR, ÝMSIR LITIR
Outlet verð kr. 5.000
NÝ SENDING AF MAJIQUE SKARTGRIPUM
OG DÖMUFATNAÐI BEINT FRÁ LONDON
- NÝJASTA TÍSKA Á LÆGRA VERÐI!
next
fransa
Levi's
DIDRIKSONS1913
ZARA
arena
Champion
KORPU OUTLET
Stærsti lagermarkaður landsins
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið laugardag frá 11 til 20 • Sunnudag frá 12 til 20 • S. 578 9400


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS
KONFEKT 700g
998
KR.700g
NÓA
KONFEKT 650g
1498
KR.650g
MACKINTOSH 2 KG DÓS
QUALITY STREET
2698
KR. 2 kg
398
KR.10 stk
DUNI STERIN KERTI
10 STK. RAUÐ / HVÍT
BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA
798
KR. 700g
O.S. JÓLASMJÖR
500g
215 kr.
298
KR.20 stk
DUNI JÓLASERVÍETTUR 20 STK
33sm MARGAR GERÐIR
198
KR. 500g
MYLLU FITTY-BRAUÐ 500g
198
KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR
KRINGLUR 4 stk.
299
KR. parið
HELLO KITTY & SPIDERMAN SOKKAR
KOMNIR AFTUR
598
KR. kg
KS FROSNAR SVIÐALAPPIR
KOMNAR AFTUR
198
KR. 500g
BÓNUS NÝBAKAÐ 3JA-KORNABRAUÐ 500g
Sanpellegrino
MULTICOLORS 50
998
KR. stk
SANPELLEGRINO DÖMUSOKKABUXUR
MULTICOLORS 50
ELLEFU LÍTRAR
998 kr.
engifer
Engiferdrykkur með myntu & lime.
ATHUGIÐ; getur verið frískandi !
298 kr. 1/2 ltr.
VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = 2 ltr.
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. flöskur = 9 ltr.
GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er
vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið,
kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu
nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16
alla virka daga.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Innfluttar danskar grísalundir 1398 kr.kg.

INNFLUTT FRYSTIVARA



## Innfluttar kalkúnabringur 1998 kr.kg.

INNFLUTT FRYSTIVARA



**AÐ MATREIÐA KALKÚNABRINGU;** sjá bonus.is / UPPSKRIFTIR



398
KR. kg

AMERÍSK **RAUÐ FERSK VÍNBER**

Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!




1259
KR. kg

ÍSLANDSLAMB **JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**




898
KR. kg

FERSKT **NAUTAVEISLUHAKK MEÐ TREFJUM**




498
KR. 4 stk

FJÓRIR **NAUTABORGARAR** M/BRAUÐI




898
KR. kg

BÚRFELLS
**HAMBORGARHRYGGUR**




2159
KR. kg

ÚRBEINAÐ SS BIRKIREYKT
**LAMBALÆRI**




998
KR. kg

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




898
KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

| AFGREIÐSLUTÍMI | |
|---|---|
| LAUGARD: | 10-18 |
| SUNNUD: | 12-18 |

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.THJODMINJASAFN.IS/JOL**
er nýtt jólavefsvæði Þjóðminjasafnsins. Þar má finna fróðleik um jólasiði, jólasveina og aðrar vættir.






## BRANDARAKISTAN

**Akureyringur: Veistu hvað gerðist í gær? Hafnfirðingur: Nei. Akureyringur: Ég festist í lyftu í tvo klukkutíma. Hafnfirðingur: Það er ekki mikið, ég festist í rúllustiga í fjóra klukkutíma.**

**Af hverju hætti tannlæknirinn störfum?**
**Hann reif kjaft!**

**Í matarveislunni hvíslar mamman við son sinn:**
**Hvers vegna lagðir þú engin hnífapör við diskinn hjá Jóa frænda!?**
**Sonurinn segir upphátt:**
**Ja sko! Ég hélt að Jói þyrfti engin hnífapör. Þú sagðir að hann borðaði eins og svín!**

**Konan við húsbóndann: Læknirinn er kominn.**
**Ég vil ekki hitta hann, segðu honum að ég sé veikur!**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




vísir.is


# RONALDO Í UPPÁHALDI

**Dagný Brynjarsdóttir, nítján ára, spilar bæði með Val og kvennalandsliðinu í fótbolta. Hún á yfir hundrað verðlaunapeninga og heldur mikið upp á knattspyrnumanninn Cristiano Ronaldo.**

***Hvað varstu gömul þegar þú fórst að æfa fótbolta?*** „Ég byrjaði heima hjá Tómasi, besta vini mínum úti í garði á milli snúrustauranna svona fimm ára. Svo fór ég með honum á mína fyrstu æfingu þegar ég var nýorðin sex ára og hef æft síðan þá."

***Hvert var átrúnaðargoðið þitt þegar þú varst yngri?*** „Cristiano Ronaldo var í mjög miklu uppáhaldi, en þegar ég fór að fylgjast með kvennaboltanum vildi ég alltaf verða eins fótboltakona og Dóra María Lárusdóttir."

***Áttu þér átrúnaðargoð í dag?*** „Ronaldo er algjört uppáhald. Lít samt líka aðeins upp til Dóru Maríu og Hólmfríðar Magnúsdóttur."

***Varstu strax góð í fótbolta eða þurftirðu að æfa mikið?*** „Ég var alltaf úti í fótbolta með strákunum heima á Hellu svo þetta kom fljótt. Ég var líka mjög dugleg að mæta á æfingar enda varð þetta fljótt það skemmtilegasta sem ég geri."

***Hvað hefurðu unnið mörg verðlaun?*** „Nokkuð mörg í gegnum árin. Ég á 20 bikara uppi á hillu, sem eru þá aðallega fyrir fótbolta. Tveir til fimm fyrir körfuboltann. Svo á ég yfir 100 verðlaunapeninga. Stærstu verðlaunin fékk ég á þessu ári en þau eru Íþróttamaður Rangárþings ytra 2009 og Efnilegust í Pepsideildinni 2010."

***Hvernig er að spila með Val?*** „Mjög gaman, æðisleg umgjörð þarna og frábærir þjálfarar."

***En með landsliðinu?*** „Það er eitt það skemmtilegasta og allar fótboltastelpur ættu að stefna á það."

***Hver er besti sigur sem þú hefur unnið?*** „Hef unnið mjög marga góða sigra og man eiginlega ekki eftir neinum einum sem stendur upp úr frekar en einhver annar."

***En mestu vonbrigðin?*** „Þegar við töpuðum 3-0 fyrir spænska liðinu Rayo Vallecano á útivelli í meistaradeildinni. Þetta var alltof stórt tap og við hefðum getað gert svo miklu betur."

***Spilarðu einhverjar aðrar íþróttir?*** „Nei, ekki í dag. Æfði frjálsar til 12 ára aldurs og hætti í körfubolta eftir 10. bekk. Sakna þess samt svolítið að spila ekki körfu, svo ég reyni stundum að kíkja á eina og eina æfingu."

***Áttu þér önnur áhugamál en fótboltann?*** „Körfubolti er mitt annað áhugamál en ég hef samt gaman af öllum íþróttum og allri útivist."

***Hvaða leikur er fram undan?*** „Ég er ekki alveg með það á hreinu. Við eigum að spila einn til tvo æfingaleiki fyrir 20. desember en dagsetningin er ekki alveg ákveðin held ég. Annars er fyrsti alvöru leikurinn í Reykjavíkurmótinu í janúar."

***Hverjar eru sigurlíkurnar?*** „Mjög miklar ef við komum ákveðnar og vel undirbúnar til leiks."

> Þegar ég fór að fylgjast með kvennaboltanum vildi ég alltaf verða eins fótboltakona og Dóra María Lárusdóttir






## KRAKKARÝNI
Úlfur Bjarni Tulinius
BÆKUR

### Árstíðirnar
★★★★




„Mér finnst gaman að skoða árstíðirnar með myndunum og sögunum. Þær segja manni betur hvernig árið er öðruvísi," segir Úlfur Bjarni Tulinius, fjögurra ára. „Á veturna kemur rosalega mikill snjór og það er frost á bílunum. Þá þarf að skafa gluggana. Það eru samt engar myndir af bílum í bókinni en ljóðin segja að það sé rosalega kalt. En það eru jól á veturna og það er mynd af Grýlu og líka ljóð um hana."

Úlfi Bjarna finnst skemmtilegast að fylgjast með ísnum, jarðarberinu, andarungunum og snjókarlinum, sem koma á hverri opnu í bók Sigrúnar og Þórarins Eldjárn. Félagarnir bregða sér í ýmis hlutverk, sem hvert og eitt henta ólíkum árstíðum.

„Eftir veturinn í bókinni kemur vorið aftur því maður flettir upp á nýtt þar sem hún byrjar," segir Úlfur. „Á vorin kemur svo sólin og stundum bara pínulítill snjór. En hann fer aftur þegar sumarið kemur og sólin skín á okkur. Í bókinni verður alveg jafn heitt á Íslandi á sumrin og í heitu löndunum."

***Niðurstaða:*** *Flottar myndir og ljóð sem segja að allar árstíðirnar séu skemmtilegar.*

## HITT OG ÞETTA



**DÍSA LJÓSÁLFUR**
**mun heimsækja, ásamt góðvini sínum býflugunni, bókabúðir Eymundsson í Smáralind og Austurstræti í dag. Þau vinirnir munu troða upp með leik og söng í Smáralind kl. 13 en fljúga svo niður í miðbæ og verða í Austurstræti kl. 15.**

**BALLETTINN ENGLAJÓL**
**verður frumfluttur á tónleikum Töfrahurðarinnar í Salnum í Kópavogi á morgun kl. 13. Dansarar eru 11-13 ára nemendur við Listdansskóla Íslands. Sérstakur gestur á tónleikunum er Kársneskórinn undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.**



SAGNAARFURINN LIFNAR VIÐ




Alþjóðleg teiknimynd um Þór væntanleg!

# „FER Á KOSTUM“ - „FRÁBÆR“



„Friðrik Erlingsson fer á kostum ... Frábær endursögn og túlkun á þeim guði sem um langa hríð var í mestum hávegum hafður hjá forferðrum okkar.“
**Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu**

„Bókin er mjög skemmtileg ... Frásögnin er bæði hröð og myndræn, kæmi ekki á óvart þótt þessi bók yrði einnig efniviður í teiknimynd.“
**Una Sighvatsdóttir, Morgunblaðinu**

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** vísupartur, 6. líka, 8. kæla, 9. kóf, 11. fyrir hönd, 12. snjó, 14. tipl, 16. hvað, 17. knæpa, 18. hylli, 20. pfn., 21. málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** á endanum, 3. golf áhald, 4. tré, 5. spor, 7. glettast, 10. flinkur, 13. vogur, 15. lítið, 16. rámur, 19. nesoddi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. stef, 6. og, 8. ísa, 9. káf, 11. pr, 12. snævi, 14. tríti, 16. ha, 17. krá, 18. ást, 20. ég, 21. stál.
**LÓÐRÉTT:** 1. loks, 3. tí, 4. espitré, 5. far, 7. gantast, 10. fær, 13. vík, 15. lágt, 16. hás, 19. tá.


## Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is





# Við erum dauðadæmd

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Vísindamenn Nasa hafa fundið áður óþekkta örveru og halda vart vatni yfir uppgötvuninni, enda um nýtt líf að ræða. Almenningur afskrifar fréttirnar sem *antíklímax* ársins, enda var búist við að geimferðastofnunin myndi kynna lítinn karl með stóran haus og skrýtna rödd (eins og nýi flokkurinn sem *kom í friði* gerði fyrir síðustu alþingiskosningar). Mér finnst þessi örvera, sem nærist á baneitruðu arseniki, bæði stórmerkileg og ógnvekjandi – svo vægt sé tekið til orða. Ég er að skíta á mig úr hræðslu.

**ÞETTA** hljómar nefnilega einum of mikið eins og bíómynd; Vísindamenn finna bakteríur í stöðuvatni í Kaliforníu. Bakteríurnar virðast saklausar í fyrstu og sú staðreynd að þær þrífast á arseniki er spennandi í augum í vísindamanna. Almenningur hlær og skiptir um stöð á sjónvarpinu, en ákafir vísindamenn framkvæma ýmiss konar tilraunir á bakteríunni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir mannkynið. Við erum öll dauðadæmd.

**ALBERTUS** Magnus var sá fyrsti sem skrásetti arsenik, fyrir rúmum 700 árum. Hann var mikill snillingur og á undan sinni samtíð að mörgu leyti. Hann talaði til dæmis fyrir friðsælli samvist trúar og vísinda, sem er pæling sem nútíminn á erfitt með að meðtaka. Þetta getur ekki verið tilviljun, þar sem margar vísindaskáldsögur hefjast einmitt á merkum uppgötvunum fortíðarinnar.

**ÞAÐ** fer um mig hrollur þegar ég skrifa þessi orð vegna þess að ég er handviss um að næstu fréttir sem við heyrum fjalli um stökkbreytingu bakteríunnar. Þá verða gerðar tilraunir með æxlunina, sem verður loks til þess að hún fjölgar sér áður en hún tekur á sig morðóða mannsmynd. Mannkynið stendur ráðþrota gagnvart verunni, enda erfitt að drepa eitthvað sem nærist á eitri (sjáið bara Sjálfstæðisflokkinn).

**VIÐ** erum ekki ein. Það er nokkuð ljóst. En ég vil helst ekki vita af ógninni sem steðjar að okkur utan úr geimnum, enda eru jarðarbúar nógu duglegir við að útrýma hver öðrum. Þessi drápsvera frá Kaliforníu er ekki eins saklaus og hún lítur út fyrir að vera. Ég ætla því að loka augunum og setja putta í eyrun áður en margt smátt gerir eitt stórt og drepur okkur öll.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**7 MILLJÓNIR**
ARNALDARBÓKA SELDAR UM VÍÐA VERÖLD

# „… þvílíkur rússíbani!“

GRÍMUR ATLASON / MIDJAN.IS






★★★★½

**„… framúrskarandi verk.“**

Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið

★★★★

**„Þetta er Arnaldur eins og hann gerist bestur, jafnvel betri.“**

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

★★★★

**„… merkilegur byggingameistari …“**

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

**„Fantavel skrifað hjá honum.“**

Egill Helgason / Kiljan

**„… langbesta bók höfundar … Frábær Arnaldur!“**

Grímur Atlason / midjan.is

**„… einstaklega góð bók … meistaraverk …“**

Kolbrún Ósk / midjan.is

**„Einn okkar besti rithöfundur … hefur algjöra sérstöðu …“**

Hrafn Jökulsson / Kiljan

**„Sagnameistari.“**

Guardian

**„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“**

The Times

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

**IN MEMORIAM Á MOKKA** Margrét Jónsdóttir listmálari sýnir brot úr myndröðinni IN MEMORIAM á Mokka við Skólavörðustíg. Verkin eru unnin með eggtemperu á pappír og eru unnin í París. Hugsunin að baki þeim er mörkin á milli listar og framleiðslu á tímum þar sem starf listamanna er ofurselt og metið á forsendum markaðarins.

# Í DIMMUM, DIMMUM HELLI

**Átjánda öldin gýs upp ljóslifandi með ösku og eimyrju í skáldsögunni Jón eftir Ófeig Sigurðsson. Þar segir frá atburðum sem mótuðu og hertu Jón Steingrímsson eldklerk rúmum þremur áratugum áður en hann glímdi við Skaftárelda.**



ÓFEIGUR SIGURÐSSON „Maður er alltaf að skrifa sjálfsævisögu tilfinningalífsins og Jón Steingrímsson talaði til mín. Það er svo margt hægt að læra af honum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóns Steingrímssonar eldklerks er aðallega minnst fyrir Skaftáreldana. Eldskírn sína hlaut hann hins vegar veturinn 1755 til 1756, þegar hann hafðist við í helli í Mýrdalnum og undirbjó komu barnshafandi konu sinnar.

Þessir atburðir eru undirliggjandi í skáldsögunni um Jón eftir Ófeig Sigurðsson. Daginn sem Jón kemur ríðandi norðan úr Skagafirði niður af Kili byrjar Katla að gjósa og úr verður mesta gjóskugos Íslandssögunnar og einn mesti harðindavetur.

### „Hið rólegasta og besta líf“

Hugmyndina að bókinni fékk Ófeigur þegar hann skoðaði bústað Jóns þennan örlagaríka vetur.

„Það hafði talsverð áhrif á mig og gríðarlega merkilegt í sjálfu sér að hann hafi búið í þessum helli veturinn 1755 til 1756. Í kjölfarið fór ég að endurlesa ævisögu hans, sem ég hafði lesið tíu árum áður fyrir námskeið hjá Matthíasi Viðari Sæmundssyni í íslensku í Háskólanum. Jón er ansi þögull um þessa veru í ævisögunni, það er í rauninni bara ein klausa sem segir eitthvað á þá leið að hann hafi dvalið í hellinum ásamt Þorsteini bróður sínum og Jóni vinnumanni „og áttu þeir hið rólegasta og besta líf“. Svo segir ekkert meira um það.

En þegar maður skoðar annála og samtímaheimildir sér maður hvað þessi tími hefur verið brjálaður og aðstæður yfirgengilegar. Þessi vetur var kallaður sjötti í harðindum og er einn harðasti vetur í sögu landsins. 11. september 1755 urðu miklir jarðskjálftar, fyrirboðar Kötlugossins síðar um haustið sem fyllti Suðurlandið öskusorta. Og til að bæta gráu ofan á svart leggur hafís að landinu um veturinn. Ég taldi því málum blandið að lífið í hellinum hafi verið „hið rólegasta“ þennan vetur.“

### Hvörf í lífi eldklerksins

Jón fór ekki aðeins í Mýrdalinn til að flýja harðærið á Norðurlandi og undirbúa komu Þórunnar, konu sinnar; hann hafði misst djáknaembættið fyrir norðan fyrir að barna ekkju klausturhaldarans í Reynistaðarklaustri. Þegar þau giftu sig komst sá kvittur á kreik að Jón og Þórunn hefðu ráðið eiginmanni hennar heitnum bana og eltir sá kvittur hann alla leið suður.

„Þetta eru hans ytri aðstæður,“ segir Ófeigur, en hans innri aðstæður eru þær að þennan vetur stendur hann á ákveðnum tímamótum, er orðinn afhuga prestskap og ætlar að verða bóndi og yrkja jörðina. Þarna kviknar líka áhugi hans á jarðeldum, hann skrifar sína fyrstu skýrslu um eldgos, ekki nema 27 ára gamall, og fetar sín fyrstu spor sem vísindamaður og náttúrufræðingur. Það eru sem sagt ákveðin hvörf í hans lífi sem varða viðhorf hans til heimsins og guðdómsins, og inn í þau er ég að reyna að brjótast til að birta þau.

Það er vitað að Jón skrifaði konu sinni bréf þennan vetur. Mér datt í hug að þar sem þetta var fyrir daga póstþjónustunnar og bréf bárust með fólki sem átti leið um landið, að bréfin hafi eingöngu borist frá Jóni en engin til hans, þar sem enginn átti leið í Mýrdalinn vegna gossins. Þess vegna ákvað ég að skrifa bókina sem bréf frá Jóni.“

### Fífldirfska að skrifa í orðastað Jóns

Bréf Jóns til konu sinnar hafa ekki varðveist og hafði Ófeigur því engar fyrirmyndir til að byggja á. Bréfin eru því að öllu leyti skáldskapur, þótt frásögnin sé vissulega byggð á sögulegum atburðum og inn í hana blandist sögulegar persónur á borð við Skúla fógeta, Eggert Ólafsson og Bjarna Pálsson. Ófeigur segir bókina hafa verið tvöfalda áskorun, því ekki aðeins þurfti hann að semja söguna heldur einnig segja hana með hinu sérstæða tungutaki Jóns.

„Það er fyrst og fremst fífldjarft og nánast heimskulegt að ætla að skrifa í orðastað Jóns Steingrímssonar. Hann er fáheyrður stílisti og hans málfar mjög sérstakt. Ég fór þá leið að kortleggja ævisögu hans og orðfærið og bjó til litla orðabók. Ég byrjaði á því að apa upp stílinn og skrifaði bókina að hálfu leyti þannig upp. Ég prófaði síðan að skipta alveg yfir í nútímalegt málfar, eins og ég væri sjálfur að skrifa þessi bréf. Þessu skeytti ég svo saman svo aldirnar mættu renna saman eins og í draumi, þannig úr yrði eitthvað nýtt, sem bæri keim 18. aldar og nútímaorðfæri.“

### Harkaleg endurspeglun

Þótt hálf þriðja öld sé liðin frá atburðum bókarinnar kallast þeir heilmikið á við samtímann; 11. september er alræmd dagsetning; yfirvaldið, Skúli fógeti, reynir að rétta hagkerfi í lamasessi við með efnahagsaðgerðum í formi Innréttinganna, og eldgos skekur landið og setur strik í reikninginn um gervalla heimsbyggð.

„Þetta var meðal annars það sem kveikti í þessari sögu,“ segir Ófeigur. „Þegar ég skoðaði umgjörð hennar, það er að segja átjándu öldina, var þetta svo harkaleg endurspeglun. Átjánda öldin er öfgaöld eins og sú tuttugasta. Á sjötta áratug 18. aldar, voru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson sendir á flakk um landið því íslensk menning var komin í þrot. Þekkingin var nánast horfin, að stórum hluta vegna Stóru bólu 1708; erlend áhrif voru mikil og erlent eignarhald yfir íslenskum afurðum. Grunnurinn er smám saman að hverfa og þess vegna eru þeir sendir á vettvang til að kortleggja og koma stoðunum aftur undir landið, sem er að vissu leyti það sama og við erum að reyna núna.“

### Næstum hættur við

Speglanir bókarinnar við samtímann voru sumar óvæntar, til dæmis var Ófeigur langt á veg kominn þegar Eyjafjallajökull byrjaði að gjósa.

> Mér fannst ég sjá myndina af Jóni í hellinum skýrar í gegnum öskumökkinn og fékk smjörþefinn af því hvernig var að vera í hans sporum. Þannig að fyrir bókina reyndist gosið því að lokum eins og hálfgerð sending að ofan.

„Það var ótrúlegt, ég hélt ég væri orðinn ímyndunarveikur, eða í hitakasti, að sjá það sem ég var að skrifa lifna svona við. Það var eins og að hitta Skúla fógeta! Þá ætlaði ég að hætta við bókina; þetta var of banalt. Stórfenglegir atburðir eins og hrunið og eldgos, fara fyrst inn í efsta lag menningarinnar, í túrismann og poppið, efst í hrifninguna, en sjatna smám saman og seytla niður í lögin þar undir. Það var undarlegt að vera að vinna í svo mikilli fjarlægð frá samtímanum en vera allt í einu orðinn eins og fréttaritari gossins! Að skrifa eldskýrslu eins og Jón.“

### Fékk smjörþefinn af því að standa í sporum Jóns

Ófeigur afréð þó að leyfa eldgosinu að renna inn í bókina.

„Ég var að skrifa um hvernig væri að vera í Mýrdalnum í öskusorta og fékk þarna tækifæri til að upplifa það sjálfur. Ég stökk því upp í bíl og fór enn einu sinni inn í hellinn hans Jóns. Mér fannst ég sjá myndina af Jóni í hellinum skýrar í gegnum öskumökkinn og fékk smjörþefinn af því hvernig var að vera í hans sporum. Þannig að fyrir bókina reyndist gosið því að lokum eins og hálfgerð sending að ofan.“

Ófeigur segir speglunina ekki eingöngu hafa verið samfélagslega eða sögulega, heldur líka persónulega.

„Maður er alltaf að skrifa sjálfsævisögu tilfinningalífsins og Jón Steingrímsson talaði til mín. Það er svo margt hægt að læra af honum og ævisagan hans finnst mér vera svo rík af fegurð. Og ég dvaldi með Jóni inni í hellinum því ég þurfti eins og hann að gera ýmis grundvallarmál upp við mig og endurskoða afstöðu mína til lífsins.“

bergsteinn@frettabladid.is



Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

STOCKHOLMS STAD
KULTUR-FÖRVALTNINGEN

Villa Bergshyddan

Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan í Stokkhólmi. Við dvölina gefst tækifæri til að kynnast Stokkhólmi og mynda tengsl með mögulega samvinnu í huga.

Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni, án endurgjalds, í eina eða tvær vikur á tímabilinu 18. apríl til 2. október 2011.
Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld.

**Umsóknareyðublöð fást á www.reykjavik.is/menningogferdamal og www.stockholm.se/nordisktsamarbete**

**Umsóknir sendist í síðasta lagi 1. febrúar 2011 til:**
Stockholms Kulturförvaltning,
Nordiskt kultursamarbete,
Yvonne Boulogner,
Box 16113
SE - 103 22 Stockholm

Nánari upplýsingar veitir Hildur Sif Arnardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 590 1520, netföng:hildur.sif.arnardottir@reykjavik.is og yvonne.boulogner@kultur.stockholm.se

# VINSÆLASTA ÆVISAGAN

GUNNAR THORODDSEN – ÆVISAGA er breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni liðinnar aldar.



„... gríðarlega læsileg bók ... vel unnin og skrifuð af mikilli hlýju ... hefur sterk áhrif á mann ...“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... mjög ítarleg og nákvæm og samviskusamlega unnin ...“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„Afrek; afrek er orðið sem ég vil nota til að lýsa þessu verki sem er í senn ævisaga stjórnmálamanns og stjórnmálasaga í hálfa öld.“
Svavar Gestsson fyrrv. ráðherra / svavar.is

„... magnað verk.“
Grímur Atlason / midjan.is

„Ofboðslega stór og mikil saga ... líka saga stjórnmálaátaka á 20. öld ... stórbrotin persóna ... sjarmerandi maður ...“
Egill Helgason / Kiljan

„Bókin markar tímamót í ritun ævisagna á Íslandi.“
Dr. Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*




1. sæti
ÆVISÖGUR, 28. NÓVEMBER
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA



Eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing, höfund *Hrunsins* og *Óvina ríkisins*.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



ÁRBÆJARSAFN - ÍSLENSKIR JÓLASIÐIR Á AÐVENTU

OPIÐ SUNNUDAGANA 5., 12. OG 19. DESEMBER
FRÁ KL. 13.00 TIL 17.00.
Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is


# Tími sem kemur ekki aftur

**101 heimsókn er titillinn á ljósmyndabók og sýningu sem Valdís Thor opnar í dag. Myndefnið er fólk sem hefur komið í heimsókn í fyrstu íbúð ljósmyndarans.**



**HEIMSÓKNIR** Ljósmyndarinn Valdís Thor með bókina sína 101 heimsókn sem kemur út í dag. Valdís opnar sýningu í Nútímalist Galeria á Skólavörðustíg af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er mjög ánægð með sýninguna og bókina. Þótt ekki sé mjög langt um liðið síðan ég tók þessar myndir þykir mér þær vera góð heimild um skemmtilegan tíma, tíma sem kemur ekki aftur,“ segir ljósmyndarinn Valdís Thor.

Í dag kemur út ljósmyndabókin 101 heimsókn, sem samanstendur af 101 instant- og polaroid-mynd sem Valdís hefur tekið af fólki sem hefur komið í heimsókn í fyrstu íbúðina hennar á Skólavörðustíg síðustu tuttugu mánuði. Af sama tilefni opnar hún í dag ljósmyndasýningu, en hún er sú fyrsta sem haldin er í nýju sýningarrými í kjallara Nútímalist Galeria á Skólavörðustíg 3a.

Valdís segir titil bókarinnar og sýningarinnar vísa í fjölda ljósmyndanna sem eru til sýnis, en einnig í póstnúmerið 101 sem hún hefur búið í alla ævi. „Ég bjó á Bergþórugötunni frá fæðingu og þar til ég fluttist á Skólavörðustíg fyrir tuttugu mánuðum. Ég gekk í Austurbæjarskóla og lærði síðar ljósmyndun í Iðnskólanum, þannig að ég hef afar sterkar rætur í þessu póstnúmeri,“ segir Valdís og hlær.

„Þegar ég flutti í fyrsta skipti á ævinni var það mjög spennandi, ég kynntist nýju fólki og mér datt í hug að taka myndir af öllum sem komu í heimsókn í fyrsta skipti. Ég vissi ekki hvað ég myndi gera við myndirnar, en eftir því sem þær söfnuðust upp greindi ég ákveðin mynstur í þeim og því var upplagt að halda sýningu og gefa þær út í bók,“ bætir hún við.





Eftir námið í Iðnskólanum hefur Valdís meðal annars starfað á Morgunblaðinu, tekið að sér verkefni fyrir fleiri blöð og tímarit og tekið myndir af tónlistarfólki. Frekari upplýsingar um verk Valdísar er að finna á heimasíðu hennar, valdisthor.com.

kjartan@frettabladid.is

# Ljósa seld til Þýskalands



KRISTÍN STEINSDÓTTIR

**Þýska útgáfufyrirtækið C.H. Beck hefur keypt útgáfuréttinn á nýjustu skáldsögu Kristínar Steinsdóttur, Ljósu. Forlagið hyggst gefa bókina út í Þýskalandi, Sviss og Austurríki. Sama útgáfa gaf líka út bók Kristínar, Á eigin vegum.**

**Martin Hielsher, útgáfustjóri C.H. Beck, segist hlakka til áframhaldandi samstarfs við Kristínu og að hann telji Ljósu „hrífandi og hjartnæma sögu, einstaklega vel skrifaða og með djúpt innsæi inn í mannlegt eðli“. Ljósa er þriðja skáldsaga Kristínar fyrir fullorðna og fjallar um harmræna ævi konu sem glímdi við geðhvarfasýki um aldamótin 1900.**




SÖLUTÍMABIL 4.-18. DESEMBER

ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD
Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

JÓLAKÖTTURINN

í túlkun Hildigunnar Gunnarsdóttur,
Snæfríðar Þorsteins og Þórarins Eldjárns.

SÖLUSTAÐIR:
Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Kringlunni og Leifsstöð
Kokka - Laugavegi
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi
Módern – Hlíðarsmára
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Penninn og Eymundsson um land allt
Blóma og gjafabúðin - Sauðárkróki
Norska húsið - Stykkishólmi
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri

Allur ágóði sölunnar rennur óskertur
til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

STYRKTARFÉLAG
LAMAÐRA OG FATLAÐRA



*Aðalræðisskrifstofa Lýðveldisins Póllands*
*Í Reykjavík*

**Aðalræðismannsskrifstofa Lýðveldisins Póllands í Reykjavík tilkynnir hér með að dómarar Chopins tónlistarkeppninnar:**

***Alina Dubik,***
***Krystyna Cortes,***
***Atli Heimir Sveinsson,***
***Ewa Tosik-Warszawiak,***
***Andrzej Kleina,***

tóku ákvörðun um að sigurvegararnir í viðkomandi greinum eru:

**Grein A – einleikur á píanó:**
I sæti – Egill Sigurðarson (Nýi tónlistarskólinn)
II sæti deilist á tvö:
Alda Rut Garðarsdóttir (Tónlistarskólinn í Reykjavík)
og Mikołaj Frach (Tónlistarskóla Ísafjarðar)

**Grein B – hljóðfæraleikur með píanóundirleik**
I sæti – dúett Eva Hauksdóttir (Kammerklúbburinn, Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík ) – fiðla og Stefania Katrín Finnsdóttir (Kammerklúbburinn, Tónskólinn Do Re Mi) - píanó
II sæti – dúett Nína Jónsdóttir (Kammerklúbburinn, Tónlistarskólinn í Reykjavík ) – fiðla og Anton Sigmarsson (Kammerklúbburinn, Tónlistarskóli FÍH ) - píanó

**Grein C – söngur**
I sæti – Kristján Ingi Jóhannesson (Söngskóli Sigurðar Demetz)
II sæti – Lilja Margrét Riedel (Söngskóli Sigurðar Demetz)

Dómarar tóku einnig ákvörðun að veita sérverðlaun

Lilju Cardew (Tónlistarskólinn í Reykjavík)
fyrir sérstaka tónlistargáfu og glögga túlkun á verkum Frideriks Chopin.

**Öllum sigurvegurunum óskum við til hamingju!**

***Tónleikar allra sigurvegara verða þann***
***17. desember 2010 klukkan 19.00 í Salurinn (Kópavogi). Frítt inn.***
Velkomin!

***Aðalstyrkjandi keppninnar er :***

Iceland Express Chopin 2010 Polska



SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN
TJARNARBÍÓ
Nýtt leikverk eftir Jón Atla
Mojito 3.DES MIÐNÆTURSÝNING! 23:30
3. DES MIÐNÆTURSÝNING
10. DES
Tom Waits Tribute
Vesturport & Rás 2 kynna
The Bad Livers & The Broken heart Band
4. DES kl. 20 UPPSELT
4. DES kl. 22:30
AUKATÓNLEIKAR KL. 23:30
NÆSTA VIKA:
Jólarósir Snuðru og Tuðru
5. DES
SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
Jónas Sig. Tónleikar
7. DES
Ævintýrið um Augastein –Á senunni
SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
12. DES kl. 14 OG 16
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík
RADAR

# „MÖGNUÐ SKÁLDSAGA.“

ÞORGERÐUR E. SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN



ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

*Tilnefning*




Eftir höfund *Sendiherrans* og leikritanna *Belgíska Kongó* og *Hænuungarnir*

„Þessi bók Braga er **undursamlegt meistaraverk.**“

ÁRNI MATTHÍASSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er ofboðslega stórt, margslungið, djarft og undirfurðulegt ... mjög fyndið á köflum ... **Bráðsnjöll saga.**“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Þetta er ansi hreint mögnuð skáldsaga ... Margir þræðir og alveg **meistaralega vel fléttuð.**“

ÞORGERÐUR E. SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN

„Þessi mikla bók er samin af miklu hugviti, í mörgum lögum, og hann spinnur þetta af ótrúlegri leikni ... **mjög skemmtileg bók** ... Bragi er fantagóður og sérstæður stílisti ...“

HRAFN JÖKULSSON / KILJAN

★★★★

„Nýjasta skáldsaga Braga Ólafssonar er flókið skáldverk og metnaðarfullt. Þar birtast öll höfundareinkenni Braga, hún er **launfyndin** og **spakleg rannsókn á skáldsögunni og lífinu sjálfu.**“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

# VELDU MEST SELDU

**2. sæti**
Metsölulisti Eymundsson
Heildarlisti
24.11 - 30.11.2010




## „BESTA BÓK YRSU“

„Mögnuð – Besta bók Yrsu.“
Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu

„Fær hárin til að rísa.“ ★★★★
Kristjana Guðmundsdóttir, DV

„Vel byggð saga og hörkuspennandi. Besta bók Yrsu.“
Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu

„Mögnuð og hrollvekjandi ... stundum er gaman að vera hræddur þegar maður les bækur. Það á við um þessa bók.“
Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu

„Ég var því bæði sæl og glöð þegar ég hafði lokið lestrinum.“
Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

**1. sæti**
Bóksölulistinn
Barna- og unglingabækur
22.11 - 28.11.2010




## ÁSTIN, ÚTLITIÐ, VINKONUR, PENINGAR, ÁHUGAMÁL, FJÖLSKYLDAN OG ALLT HITT LÍKA

„Bók sem unglingsstúlkur mega ekki láta framhjá sér fara“
Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona

# BÆKUR VERALDAR!




NÝJAR UPPLÝSINGAR ÚR INNSTA HRING!

HVAÐ GERÐIST Á BAK VIÐ TJÖLDIN?

ÁTÖK OG ÓVÆNTAR AFHJÚPANIR

HEILLANDI, FYNDIN OG BITASTÆÐ

HOLDGERVINGUR '68 KYNSLÓÐARINNAR




VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

# Fólk

folk@frettabladid.is

**41** Jay-Z á afmæli í dag og er orðinn 41 árs. Hann hefur ástæðu til að fagna vel og lengi, enda var hann tilnefndur til Grammy-verðlauna á dögunum, meðal annars fyrir plötu ársins.



## Svaf hjá þremur konum á dag

Söngvarinn Mick Hucknall hefur beðist afsökunar á framferði sínu á níunda áratugnum þegar hann svaf hjá yfir eitt þúsund konum á þriggja ára tímabili.

„Rauðhærður maður er vanalega ekki talinn vera kyntákn," segir Hucknall í viðtali við The Guardian. „Þegar ég var frægur fór þetta úr böndunum. Á milli 1985 og 1987 svaf ég hjá um þremur konum á dag, á hverjum degi. Ég sagði aldrei nei. Þetta var það sem ég vildi fá út úr því að vera poppstjarna. Ég lifði drauminn og það eina sem ég sé eftir er að ég særði margar góðar stelpur," segir hann.

Hucknall heldur því fram að lauslæti sitt megi rekja til ástleitni sem eigi rætur í því að móðir hans yfirgaf hann þegar hann var þriggja ára. „Þetta var fíkn sem varð til þess að ég fór inn á dökka tímabilið mitt frá 1996 til 2001. Þá komst ég nærri ræsinu – ég var meira í því að drekka en veiða konur." Á endanum kveðst Hucknall hafa orðið leiður á kynlífstímabilinu, þar sem hann hafi aldrei fengið þá tilfinningalegu fullnægingu sem hann þarfnaðist.

Mick Hucknall hefur verið umdeildur í tónlistarheiminum; hann er maður sem margir elska að hata. Hann segir að eftir 25 ára feril og yfir 50 milljónir seldra platna ætli hann að leggja nafnið Simply Red á hilluna. „Ég get gert það sem ég vil núna."



**EFTIRSÓTTUR** Mick Hucknall var vinsæll hjá kvenþjóðinni þegar hann var upp á sitt besta.





**HÓGVÆRT SAMSTARFSVERKEFNI**

**Óttar Martin Norðfjörð** hefur í hyggju að koma að handritsgerð Áttablaðarósarinnar sem **Davíð Óskar Ólafsson** og félagar í Mystery Iceland hafa keypt kvikmyndaréttinn að.

# Mystery kaupir Áttablaðarós Óttars

**Sá tími er runninn upp að framleiðslufyrirtæki í kvikmyndagerð bítist um kvikmyndarétt að jólabókunum. Nýjasta salan er Áttablaðarósin eftir Óttar Martin Norðfjörð.**

„Við höfum fylgst með Óttari [Norðfjörð] frá því að Hnífur Abrahams kom út, við höfum rætt mikið saman enda hefur hann sjálfur verið að fikta við að skrifa handrit. Okkur fannst rétta tækifærið núna og gripum það," segir Davíð Óskar Ólafsson hjá framleiðslufyrirtækinu Mystery Iceland.

Fyrirtækið hefur keypt kvikmyndaréttinn að Áttablaðarósinni eftir Óttar Martin Norðfjörð sem kom út fyrir þessi jól. Þetta er ekki fyrsta bókin eftir Óttar sem kvikmyndafyrirtæki festir kaup á því árið 2007 tryggði ZikZak sér réttinn að áðurnefndri bók, Hnífi Abrahams. Það átti að fara með tökulið til New York og gera íslenska kvikmynd af áður óþekktri stærð. Mystery Iceland menn eru hins vegar á ögn hófsamari nótum enda ekki 2007 lengur. „Þetta mun taka sinn tíma, sérstaklega að skrifa handrit upp úr bókinni sem við erum allir sáttir við. Síðan fer af stað ferli þar sem sækja þarf um alls konar styrki."

Óttar Martin sjálfur var í skýjunum með tíðindin þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Og viðurkenndi að andrúmsloftið væri aðeins öðruvísi en þegar æðið í kringum Hníf Abrahams gekk yfir. „Menn höfðu háleitar hugsjónir þá og ótakmarkað aðgengi að fjármagni. Áttablaðarósin er líka aðeins lágstemmdari og krefst þess ekki að hún verði tekin upp í New York," segir Óttar og telur líklegt að hann verði með puttana í handritsgerðinni. „Annað hvort skrifa ég þetta sjálfur eða hjálpa til. Mig langar allavega að vera með."

freyrgigja@frettabladid.is

**VINSÆLL EFNIVIÐUR**




Síðustu fimm til sex ár hefur það færst í vöxt að kvikmyndafyrirtæki festi sér kvikmyndarétt að skáldsögum. Stundum hefur sá réttur fjarað út án þess að nokkuð gerðist, stundum ekki. Kvikmyndafélag Íslands keypti nýverið kvikmyndaréttinn að bók Braga Ólafssonar, Sendiherranum, og á nýlegum lista kvikmyndamiðstöðvar má sjá nokkur handrit sem er verið að vinna upp úr þekktum skáldverkum. Má þar nefna Konur eftir Steinar Braga sem Nanna Kristín skrifar, Aska eftir Yrsu Sigurðardóttur er í vinnslu hjá Sigurjóni Kjartanssyni og Kristófer Dignus er að skrifa handrit upp úr Garðinum eftir Gerði Kristnýju. Þá er Ottó Geir Borg að vinna í handriti eftir Draugaslóð Kristínar Helgu. Tvær kvikmyndir upp úr frægum bókum eru lengra á veg komnar; Gauragangur eftir Ólaf Hauk Símonarson verður frumsýnd um jólin og það styttist í fyrsta tökudag á myndinni **Svartur á leik** sem byggð er á samnefndri bók Stefáns Mána.






# Fergie valin kona ársins

Fergie, söngkona hinnar vinsælu hljómsveitar The Black Eyed Peas, hefur verið valin kona ársins af bandaríska tónlistartímaritinu Billboard. Hún tók á móti verðlaununum í New York og var að vonum í skýjunum yfir þessum mikla heiðri, sérstaklega vegna þess að svo margar konur hafa náð langt á vinsældalista Billboard á árinu.

„Það er mikill heiður að vera í flokki með svona mörgum sterkum konum úr bransanum. Þetta var einu sinni strákaklúbbur en konurnar eru á uppleið," sagði Fergie.

Félagi hennar í The Black Eyed Peas, Taboo, hrósaði söngkonunni fyrir að hafa komið með nýjar víddir í hljómsveitina. „Árið 2002 hittum við Fergie í hljóðverinu. Við vorum að leita að einhverri til að syngja lagið Shut Up. Þegar hún mætti á svæðið heillaði hún okkur upp úr skónum. Hún var fagmannleg og á endanum ákváðum við að nota hana í fleiri lögum. Sem betur fer gerðum við það. Fergie hefur verið stór hluti af vinsældum okkar. Ég er þakklátur fyrir að hún eiga hana fyrir systur," sagði Taboo. Félagi hans Apl.de.ap. bætti við: „Hún er ekki bara sterk, hæfileikarík kona með fallega rödd. Ég get líka talað við hana um konur og fengið ráðleggingar hjá henni. Til hamingju Fergie. Þú ert systir mín og besti vinur. Takk fyrir að vera til staðar," sagði hann. **- fb**



**FERGIE** Söngkona The Black Eyed Peas hefur verið kjörin kona ársins af tímaritinu Billboard. NORDICPHOTOS/GETTY



NORDICPHOTOS/GETTY

**TALAR UM ALDUR** Sarah Jessica Parker segist ekki vilja leggjast undir hnífinn til að halda í æskuljómann.

# Engar aðgerðir

Eitt vinsælasta umfjöllunarefni tískutímarita í dag virðist vera ellin og hvernig frægar konur taka því að eldast. Leikkonan Sarah Jessica Parker sagði í viðtali við tímaritið Elle að lítið væri hægt að gera til að breyta gangi lífsins.

„Ég veit ekki hvað ég ætti til bragðs að taka. Já, ég er að eldast og þetta minnir mig stundum á það þegar maður horfir á blómvönd fölna. En hvað get ég gert til að koma í veg fyrir það? Ekki vil ég líta út eins og brjálæðingur," sagði leikkonan, sem vísar þar til kvenna sem leita í of miklum mæli í lýtaaðgerðir.

Parker er þriggja barna móðir og fæddust tvíburadætur hennar með aðstoð staðgöngumóður. Leikkonan segir að það hafi verið sérstök lífsreynsla. „Tíminn stóð kyrr. Ég elskaði þær um leið og ég sá þær en allt við þær var mér ókunnugt. Þær litu ekkert út eins og sonur minn, James Wilkie, og það kom mér á óvart," sagði Parker.

# Hendrikka með útgáfuhóf

**Hendrikka Waage fagnaði útgáfu á nýjustu barnabók sinni í höfuðstöðvum bókaforlagsins Sölku. Bókin kallast Rikka og töfrahringurinn á Indlandi og af því tilefni var matur frá Austur-Indíafjelaginu á boðstólum í veislunni.**



Útvarpskonan Sirrý og Halldór Bachman kíktu í bók Hendrikku.



**ÚTGÁFUGLEÐI** Þær Harpa Másdóttir og Hrafnhildur Gunnarsdóttir fengu góðar móttökur hjá rithöfundinum Hendrikku Waage, í miðið, í útgáfuhófi hennar á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Hildur Hermannsdóttir, Hendrikka og Halldóra Ingimarsdóttir.



Hendrikka ásamt Stefáni Hermannssyni.


JÓLAGJÖFIN Í ÁR

FRAMKOMU- & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 25. OG 27. JANÚAR

SJÁLFSTYRKING • FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR
INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF • FÖRÐUN • UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS
MYNDATAKA • TÍSKUSÝNINGARGANGA • FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN
FÍKNIEFNAFRÆÐSLA • LEIKRÆN TJÁNING

Umsjónarkennari námskeiðsins er Edda Björk Pétursdóttir fyrirsæta hjá Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu og mascara frá Maybelline, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 533-4646
EÐA ESKIMO@ESKIMO.IS
VERÐ 17.900










# Bieber býr yfir ýmsum hæfileikum

Söngvarinn Justin Bieber sannaði fyrir heiminum að hann er meira en bara sæt táningsstjarna, þegar hann mætti í spænskan spjallþátt á dögunum. Bieber hafði í för með sér töfratening Rubiks og sýndi æstum áhorfendum hvernig hann leysti úr þrautinni, en það tók hann ekki nema eina og hálfa mínútu. Þegar Bieber var búinn, stóð hann upp og afhenti trylltum aðdáendum í salnum kubbinn.

Poppstjarnan hefur víst verið að þjálfa hæfileikann í einhvern tíma og ljóst að það hefur skilað árangri, allavega í þetta skipti.



**EKKERT MÁL** Justin Bieber leysti töfratening Rubiks á einni og hálfri mínútu í spænskum spjallþætti á dögunum.





## MIKIL VINNA

Forsíðan á nýjasta **Monocle** var ekki hrist fram úr erminni heldur liggur að baki mikil smáatriðavinna þar sem pappírsmódel koma töluvert við sögu. Þegar pappírsmódelunum hafði verið stillt upp í réttum hlutföllum tók Torfi Agnarsson mynd og hún var síðan notuð á forsíðunni.





# HANNAÐI FORSÍÐU MONOCLE

**Icelandair-spil Þorbjörns Ingasonar vöktu mikla athygli í fyrra þegar Financial Times og tímaritið Monocle settu þau á lista yfir það besta sem hægt væri að taka úr flugvélum. Þorbjörn hefur nú hannað forsíðu á síðarnefnda blaðið.**

Hönnuðurinn Þorbjörn Ingason hannar forsíðuna á desember/janúar-útgáfu tímaritsins Monocle sem er ritstýrt af hinum virta Tyler Brûlé en hann situr einnig í ritstjórastóli Wallpaper, áhrifamikils blaðs á sviði útlits og hönnunar. Efni blaðsins eru spár þess um hvað muni gerast árið 2011 og í fljótu bragði virðist forsíðumyndin fremur einföld. Öðru nær.

„Mitt hlutverk var að finna „element“ eða tákn fyrir hvern efnisþátt í blaðinu. Ég hannaði þau í tölvu, prentaði út og klippti niður í pappírsmódel,“ útskýrir Þorbjörn. Pappírsmódelunum var síðan stillt upp þannig að myndin væri í réttum hlutföllum. Þorbjörn fékk Torfa Agnarsson ljósmyndara til að taka myndina sem síðan var notuð á forsíðuna. Hönnuðurinn segir Monocle-menn hafa verið sátta, þeir hafi allavega notað myndina, hann sent reikning sem síðan var borgaður. „Þetta er ekki mikill peningur, ég er allavega ekki að fara að græja yfirdráttinn eða borga niður húsnæðislánið.“

Verkefnið kom upp í október á þessu ári og raunar í beinu framhaldi af umfjöllun blaðsins um spilin góðu þótt Þorbjörn hafi vissulega unnið á stofunni sem gefur blaðið út fyrir margt löngu. „Og ég hef verið í sambandi við þá síðan,“ útskýrir Þorbjörn sem er byrjaður með eigin stofu og er kominn með umboðsmann í New York. „Nú er maður orðinn sjálfstæður verktaki og þetta verkefni var því ágætlega tímasett enda hugsaði ég það sem ágætis kynningu fyrir mig og mín verk,“ segir Þorbjörn en áðurnefnt tímarit er nú fáanlegt í öllum betri bókaverslunum landsins.

freyrgigja@frettabladid.is



**SPILIN KVEIKJAN** Iceland Air-spilin sem Þorbjörn hannaði vöktu töluverða athygli á hönnuðinum sem er nú kominn með umboðsmann í New York.







# Glee-leikarar hætta



Ryan Murphy, höfundur hinna vinsælu þátta um krakkana í Glee, hefur tilkynnt að meirihluti leikaranna muni líklegast hætta árið 2012. Ástæðan ku vera sú að persónurnar í þáttunum verða þá útskrifaðar úr menntaskóla og því þurfi aðrir leikarar að taka við.

„Við munum mynda nýjan hóp af leikurum á hverju ári. Það er ekkert sorglegra en nemandi með skalla,“ segir Ryan. Aðalleikkona þáttanna, Lea Michele, vill alls ekki hætta og vonast til að fá að halda áfram á einhvern hátt. „Ég fæ kannski að koma aftur sem kennari í Glee,“ segir Lea.

**SEGJA SKILIÐ VIÐ GLEE** Krakkarnir sem slegið hafa gegn í Glee verða að finna sér annað að gera árið 2012.

# Háu hælarnir þvældust fyrir Angelinu

Kvikmyndin The Tourist, með Angelinu Jolie og Johnny Depp í aðalhlutverkum, verður frumsýnd innan skamms og hafa leikararnir verið duglegir við að kynna myndina með því að veita viðtöl. Í viðtali við vefritið Pop Sugar segist Jolie hafa átt í erfiðleikum með að túlka kvenleika persónu sinnar.

„Búningahönnuður kvikmyndarinnar vildi að persóna mín væri kynþokkafull og fáguð en einnig skemmtileg og lífsglöð. Það tók mig smá stund að venjast hælunum og hönskunum sem ég þurfti að vera í, ég held það viti allir nú orðið að ég er ekkert sérstaklega kvenleg alltaf. Þetta voru því mikil viðbrigði fyrir mig, sérstaklega eftir að hafa verið nýbúin að leika í kvikmyndinni Salt, þar sem ég var allt annað en kvenleg,“ sagði leikkonan.

Hún sótti innblásturinn fyrir persónuna á ólíklegasta stað, til eins árs gamallar dóttur sinnar, Vivienne. „Yngsta dóttir mín, Vivienne, er mjög stelpuleg í eðli sínu og ég ákvað að leika fullorðna útgáfu af henni.“



**EKKI KVENLEG** Leikkonan Angelina Jolie segist ekki vera sérlega kvenleg kona að eðlisfari. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 04. desember 2010**

### ➜ Tónleikar

**00.30** Árlegir tónleikar **Óperukórsins í Reykjavík** verða á miðnætti í kvöld, kl. 00.30. Kórinn flytur Requiem eftir W. A. Mozart, en tónleikarnir eru helgaðir minningu íslenskra tónlistarmanna sem látist hafa á undanförnu ári. Miðaverð er 4.000 krónur.

**12.00 Björn Steinar Sólbergsson**, organisti Hallgrímskirkju, leikur á Klais-orgel kirkjunnar í dag kl. 12. Aðgangur er ókeypis.

**12.15 Garðar Cortes** heldur þrenna hádegistónleika á **Kjarvalsstöðum** þar sem hann flytur eftirlætislög sín. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

**16.30** Hljómsveitin **Ensími** verður með tónleika í **Havarí** í dag kl. 16.30. Frítt er inn á tónleikana.

**20.00 Söngdeild TFÍH** og hljómsveit undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar flytja söngperlur Megasar í **Hátíðarsal TFÍH**. Sérstakir gestir verða Karítur Íslands undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar.

**21.00** Söngkonan **Jussanam Dejah** og **Ásgeir Ásgeirsson** verða með tónleika á **Café Haiti** í kvöld kl. 21.

**22.00** Tónleikarnir **Jólagrautur Memfismafíunnar** verða haldnir á **Græna hattinum**, Akureyri. Fram koma **Baggalútur, Hjálmar, Sigurður Guðmundsson** og **Memfismafían**.

**22.00** Hljómsveitin **Sans** spilar hressan djass eftir samtímahöfunda á **Café Rosenberg**. 1.000 króna aðgangseyrir.

**22.30 Tom Waits** Tribute-tónleikar verða haldnir í **Tjarnarbíói** í kvöld kl. 22.30. Miðasala á midi.is

**23.00** Hljómsveitirnar **Cynic Guru, Helgi Valur & The Shemales** og **Siggi Lauf** spila á **Faktorý** í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

Hljómsveitin **Sixties** skemmtir á **800 bar** Selfossi í kvöld. 1.000 króna aðgangseyrir.

### ➜ Opnanir

**10.00** Opinn hláturjógatími **Hláturkætiklúbbsins** verður í húsakynnum heilsumiðstöðvarinnar **Maður lifandi**, Borgartúni 24, frá 10-11. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir fullorðna. Frítt fyrir börn.

**12.00 Jólaþorpið** í Hafnarfirði verður opið laugardag og sunnudag frá 12-18. Allir velkomnir. Skemmtidagskrá á sviði frá 14-16.30.

**14.00 Marjolijn van der Meij** og **Lind Völundardóttir** opna sýningu sína í **Boxinu**, sal Myndlistarfélags Norðurlands. Sýningin er opin frá 14-17, laugardaga og sunnudaga til 19. desember. Allir velkomnir.

**15.00 Hugi Hlynsson** og **Júlía Runólfsdóttir** opna sýningu sína „**It's like living in your old world**" á **Café Karólínu** í dag kl. 15. Sýningin stendur til 8. janúar.

**16.00 Höggmyndagarður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík**, að **Nýlendugötu** 17A, verður opnaður í dag kl. 16. **Einar Örn Benediktsson** afhendir félaginu lykilinn að garðinum við formlega athöfn.

**17.00 Guðmundur Bjartmarsson** verður með opnun á ljósmyndum sínum í dag kl. 17 á **Gallerý - Bar 46** að Hverfisgötu 46.

### ➜ Sýningar

**14.00 Jólasýning KFUM** og **KFUK** á Íslandi verður haldin í dag að **Holtavegi** 28. Sýningin hefst kl. 14 og stendur til 16. 1.000 krónur inn. Tónlist, leikrit, Grýla og jólasveinarnir.

### ➜ Opið hús

**14.00 Félag eldri borgara í Kópavogi** verður með opið hús í félagsheimilinu Boðanum, að Boðaþingi 9. Lesið verður úr nýjum bókum og Bergssystur syngja. Kaffi í boði félagsins. Allir velkomnir og frítt inn.

### ➜ Málþing

**10.30** Í dag efnir **Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum** í samstarfi við **EDDU-öndvegissetur** til málþings til heiðurs Helgu Kress, prófessors emeritus við Háskóla Íslands. Málþingið verður haldið í **Hátíðarsal**, Aðalbyggingu Háskóla Íslands, kl. 10.30-18.

### ➜ Leiðsögn

**14.00** Í dag verður **Davíð Örn Halldórsson** með óformlega leiðsögn milli 14 og 16 um sýningu sína **Faunalitir** sem nú stendur yfir í **Gallerí Ágúst**.

### ➜ Markaðir

**12.00 Jólamarkaður í Ásgarði**, handverkstæði að **Álafossvegi** 12 og 22, verður haldin í dag frá kl. 12-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Kate Winslet fer með börnin til Mendes

Leikkonan Kate Winslet ætlar að fara með börnin sín, Joe og Miu, til London á meðan fyrrverandi eiginmaður hennar, leikstjórinn Sam Mendes, tekur þar upp næstu James Bond-mynd.

Winslet, sem skildi við Mendes í mars síðastliðnum, finnst það ósanngjarnt að hann fái ekki að hitta sjö ára son sinn og tíu ára stjúpdóttur meðan á löngum tökum myndarinnar stendur. Hún ætlar því að fljúga með börnin frá heimili sínu í New York til London. „Ef allt gengur upp mun Sam leikstýra næstu Bond-mynd og við verðum í Englandi ef það gerist," sagði Winslet. „Þetta er mikil skuldbinding fyrir hann og það er ekki sanngjarnt að hann þurfi að flakka á milli New York og London. Það væri ómögulegt. Börnin verða þarna með mér."

Hin 35 ára Winslet segir að hún og Mendes séu enn góðir vinir. Hún getur meira að segja hugsað sér að vinna aftur með honum en síðasta mynd þeirra, Revolutionary Road, sem kom út 2008, fékk góðar viðtökur. „Ég get vel hugsað mér að vinna aftur með honum. Við erum mjög góðir vinir og berum virðingu hvort fyrir öðru. Ég væri til í það en þið þyrftuð fyrst að spyrja Sam hvort hann væri til," sagði leikkonan. Hún hætti í síðasta mánuði með fyrirsætunni Louis Dowler eftir fjögurra mánaða samband.



**KATE WINSLET** Leikkonan ætlar að fara með börnin sín til London leikstýri fyrrverandi eiginmaður hennar næstu Bond-mynd.


# Jólagjöfin í ár
## er gjafakort í Jóga stúdíó



## Jóga er gjöf sem heldur áfram að gefa

Gefum þeim sem okkur þykir vænt um, tíma til að fylla á sjálfan sig meira súrefni og tíma til að styrkja sig og slaka á.

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
772-1025 - Ágústa | 695-8464 - Drífa
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com

JÓGA Stúdíó



**BRÚÐKAUP Í VÆNDUM?** Kim Kardashian er afskaplega hrifin af nýja kærastanum, Gabriel Aubry. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kim langar í barn sem fyrst

**Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian hefur verið að slá sér upp með fyrrverandi sambýlismanni Halle Berry, fyrirsætunni Gabriel Aubry. Að sögn vina er stúlkan afskaplega hrifin af Aubry og telur jafnvel að nú hafi hún fundið framtíðar eiginmanninn.**

**„Kim er að leita sér að kærasta sem yrði góður faðir. Gabriel er myndarlegur, vinnusamur og síðast en ekki síst þá er hann nú þegar góður og kærleiksríkur faðir. Kim finnst það mjög heillandi enda er hún tilbúin til að stofna eigin fjölskyldu. Hún veit að Gabriel yrði góður faðir, það hefur hann þegar sýnt,“ var haft eftir vini Kardashian.**

**Aubry hefur þegar kynnt dóttur sína og Halle Berry fyrir Kardashian og fór vel á með þeim. „Kim varð mjög hrifin af Nöhlu og fannst hún bæði falleg og vel upp alin. Ég held að Kim mundi ekki fúlsa við því að vera orðin gift kona og móðir í lok næsta árs,“ sagði vinurinn.**

# Land og synir snúa aftur

**Hreimur og félagar í Landi og sonum eru að vakna af værum blundi. Sveitin spilar á Spot í kvöld og ný lög eru væntanleg.**

„Við ætlum bara að henda okkur í slaginn,“ segir Hreimur Örn Heimisson, söngvari Lands og sona, en hljómsveitin er að fara á fullt á nýjan leik. „Við hættum eiginlega aldrei en okkur fannst vera of margir lausir endar og skelltum okkur því í létta sumarbústaðaferð um daginn og tókum upp eitt lag,“ segir Hreimur, en lagið kemur út eftir áramót.

Land og synir var lengi ein vinsælasta hljómsveit landsins og hafði drauma um að „slá í gegn“ úti í hinum stóra heimi. „Við lögðum mikla vinnu í útlandaplön sem gengu síðan ekki upp. Við vorum eiginlega bara mjög óheppnir,“ segir Hreimur. „Ég var á leið til Bandaríkjanna og þar átti ég að fá ferðaplan fyrir hljómsveitina. Þetta var hinn fræga dag 11. september 2001 þegar árásirnar voru gerðar á tvíburaturnana í New York. Það endaði með því að ekkert varð af ferðinni,“ segir Hreimur.

Hann segir mikinn tíma hafa farið í að skipuleggja tónleika erlendis og hljómsveitin hafi því ekki sinnt Íslandi nógu vel. Hún sé hins vegar vel samstillt í dag og með nýjan bassaleikara innanborðs. „Okkur fannst tilvalið að ná í nýjan Jón, fyrst Jón Guðfinnsson þurfti að skilja við okkur. Við köllum hann New John,“ segir Hreimur, en Jón Örvar Bjarnason mundar nú bassann í bandinu.



**HLAKKA TIL AÐ SPILA Á NÝ** Gunnar Þór Eggersson gítarleikari og Hreimur Örn söngvari eru spenntir fyrir kvöldinu en Land og synir eru með tónleika á Spot í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum mjög hungraðir og okkur langar mikið að spila. Við gerum okkur samt grein fyrir því að það er ekkert hægt að hoppa upp í rútu og bóka og bóka eins og gert var í gamla daga,“ segir Hreimur. Hann vill ekki fullyrða að ný plata sé í smíðum en kannski komi 2-3 ný lög á næsta ári. Sveitin er hins vegar þessa dagana í hljóðveri að taka upp lagið Jólanótt sem kemur út eftir helgi. Hún heldur tónleika á skemmtistaðnum Spot í kvöld, en miðar eru seldir við inngang og kostar 1.500 kr. inn.

kristjana@frettabladid.is





Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 94% lesenda blaðanna




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent ágúst – október 2010.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 05. desember 2010**

### ➜ Tónleikar

**13.00** Ballettinn **Englajól** verður frumfluttur á tónleikum **Töfrahurðarinnar** í **Salnum** í Kópavogi í dag kl. 13. Sérstakur gestur á tónleikunum er Kársneskórinn.

**17.00** **Kirkjukór Grensáskirkju** heldur sína árlegu aðventutónleika í **Grensáskirkju** í dag kl. 17. Stjórnandi og orgelleikari er Árni Arinbjarnarson. Aðgangur er ókeypis.

**18.00** **Söngdeild TFÍH** og hljómsveit undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar flytja söngperlur Megasar í **Hátíðarsal TFÍH**. Tónleikarnir verða laugardaginn 4. desember kl. 20 og sunnudaginn 5. desember kl. 18. Sérstakir gestir verða Karítur Íslands undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar.

**20.00** **Aðventutónleikar Kórs Hjallakirkju** verða haldnir í dag kl. 20 í **Hjallakirkju**. Fjölbreytt efnisskrá. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### ➜ Opnanir

**12.00** **Jólaþorpið** í Hafnarfirði verður opið laugardag og sunnudag frá 12-18. Allir velkomnir. Skemmtidagskrá á sviði frá 14-16.30.

**Grasagarðurinn** í Laugardalnum verður opinn síðustu þrjár helgar fyrir jól. Café Flóra opin frá kl. 13-18. Jólaboð Grýlu verður haldið um helgina kl. 11.30 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

### ➜ Síðustu forvöð

**14.00** Síðasta sýningarhelgi **Jóns Henryssonar** í sýningarsal **Íslenskrar grafíkur** er um helgina. Sýningin er opin frá 14-18 um helgina.

### ➜ Upplestur

**16.00** **Upplestur rithöfunda** á **Gljúfrasteini**. Bragi Ólafsson, Ólafur Haukur Símonarson, Sigríður Pétursdóttir og Ari Trausti Guðmundsson lesa. Dagskrá hefst kl. 16, aðgangur ókeypis.

### ➜ Dansleikir

**20.00** **Dansleikur Félags eldri borgara** í Reykjavík verður haldinn að **Stangarhyl 4** í kvöld frá 20-23. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög við allra hæfi.

### ➜ Dagskrá

**14.00** Jóladagskrá **Þjóðminjasafns Íslands** hefst í dag, sunnudag. Dagskráin hefst kl. 14 og spila **Pollapönkararnir Heiðar** og **Haraldur** fyrir krakkana. Grýla, Leppalúði og Jólakötturinn verða á staðnum. Aðgangur ókeypis.



### ➜ Málþing

**15.00** Í tenglsum við sýninguna **Ný aðföng 2006-2010** boðar **Listasafn Reykjavíkur** til málþings á **Kjarvalsstöðum** í dag kl. 15 þar sem innkaupastefna Listasafns Reykjavíkur verður krufin og rætt um listasöfn og listverkasöfnun frá ýmsum hliðum.

### ➜ Dans

**15.00** **Dansað og marserað** á vegum **Harmonikkufélags Reykjavíkur** í **Sjóminjasafninu Vík** á Grandagarði sunnudaginn 5. desember frá kl. 15-17.

### ➜ Leiðsögn

**14.00** **Leiðsögn** um **yfirlitssýningu á verkum Karls Kvaran** kl. 14. í dag í fylgd Halldórs B. Runólfssonar, safnstjóra.

### ➜ Samkoma

**16.00** **Bergmál, líknar- og vinafélag** býður velunnurum sínum til **aðventuhátíðar** í **Háteigskirkju** í dag kl. 16. Fjölbreytt dagskrá. Veitingar í safnaðarsal að lokinni athöfn í kirkjunni. Allir velkomnir.

### ➜ Söngur

**11.00** **Gerðubergskórinn**, kór félagsstarfs í **Gerðubergi**, syngur við messu í Breiðholtskirkju kl. 11 í dag.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Johnny Marr líkar ekki aðdáun Camerons

Johnny Marr, fyrrverandi gítarleikari ensku hljómsveitarinnar The Smiths, vill að David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hætti að lýsa yfir hrifningu sinni á sveitinni. „Hættu að segja að þú fílir The Smiths, því þú gerir það ekki," skrifaði Marr á Twitter-síðu sína. „Ég banna þér að fíla okkur."

Forsætisráðherrar Bretlands hafa í gegnum tíðina verið duglegir við tjá sig um uppáhaldshljómsveitirnar sínar. Margir vilja meina að þeir séu aðeins að reyna að afla sér frekari vinsælda hjá unga fólkinu. Gordon Brown sagðist fíla The Arctic Monkeys en þekkti síðan ekki eitt einasta lag með sveitinni í tímaritsviðtali. Tony Blair sagðist vera aðdáandi Oasis, sem varð til þess að gítarleikarinn Noel Gallagher fékk nóg og sagðist vera orðinn leiður á því að gert væri grín að sér vegna ummælanna, sem þóttu síður en svo töff.

Hljómsveitirnar The Killers og Pink Floyd ásamt Bob Dylan eru einnig í uppáhaldi hjá David Cameron en engum sögum fer af mótmælum þeirra við aðdáun forsætisráðherrans.



**DAVID CAMERON** Forsætisráðherrann segist vera aðdáandi The Smiths.



**THE SMITHS** Johnny Marr, fyrrverandi gítarleikara The Smiths, líkar ekki aðdáun Camerons.


www.emami.is




EMAMI OPNAR NÝJA VERSLUN Í KRINGLUNNI

Frumsýnum dásamlega jólalínu. Sérstakt kynningarverð á Limitless kjólum í 100% silki um helgina, aðeins 24.900 kr.

Við höfum einnig hafið sölu á hinum skemmtilegu Kolors töskum og íslenska hönnunarmerkinu Varius.

Verslunin er staðsett á fyrstu hæð, nálægt Hagkaup.

Verslanir EMAMI Kringlunni s: 5717070 Laugavegi 66 s: 5111880

# Sparkað úr flugvél

Leikaranum Josh Duhamel var rekinn úr flugfél sem var á leiðinni frá New York til Kentucky í gær. Samkvæmt sjónarvottum neitaði hann að slökkva á símanum sínum og því fór sem fór.

Einn af farþegunum sagði í samtali við fréttavefinn TMZ að Duhamel hefði verið afar dónalegur. Þá á hann að hafa ögrað flugfreyjunni, sem bað hann þrisvar sinnum um að slökkva á símanum. Hann hló upp í opið geðið á flugfreyjunni eftir að hún bað hann um að slökkva í þriðja skiptið og hún lét hann ekki vaða yfir sig heldur óskaði eftir hjálp við að koma honum út.

Farþegarnir voru ánægðir með viðbrögð áhafnarinnar, enda tafði hegðun leikarans flugið.



**FLUGDÓLGUR** Josh Duhamel ætti að læra mannasiði.

# Brotist inn í tölvu Gaga

Samkvæmt fréttamiðlum vestanhafs hafa þýskir tölvuhakkarar brotist inn í tölvur Lady Gaga, Ke$hu og annarra tónlistarmanna og leikara. Samkvæmt sömu fréttum stálu hakkararnir meðal annars nektarmyndum.

Tveir þýskir menn, 17 og 23 ára, eru í haldi lögreglunnar í Þýskalandi, sem rannsakar nú stórfellda tölvuglæpi tvímenninganna. Þeir hafa reynt að selja tónlist og myndir og þénað allt að 13.000 dali með sölu á þýfinu ásamt því að hafa reynt að kúga eigendurna.

Ekki hefur fengist staðfest hvaða fólk varð fyrir barðinu á Þjóðverjunum, en Lady Gaga og Ke$ha eru taldar meðal þeirra.



**HÖKKUÐ** Þýskir tölvuhakkarar eru í haldi fyrir að hrella frægt fólk.



**STUND MILLI STRÍÐA** Björgvin notaði tækifærið þegar hann fékk smá frí og kíkti á netið í nýju iPad-tölvunni sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Björgvin klár í risahelgi

**Björgvin Halldórsson býður upp á sannkallað jólalagahlaðborð í Laugardalshöllinni þegar einvalalið jólagesta hans treður upp á fernum tónleikum. Búist er við tólf þúsund gestum.**

„Mér líst ofsalega vel á þetta og það er í raun ótrúlegt að þetta skuli vera í dag," segir Björgvin Halldórsson. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni ríkir hálfgert jólatónleikaæði hjá íslensku þjóðinni. Um tólf þúsund gestir leggja leið sína í Laugardalinn um helgina og hlýða á Björgvin syngja jólalög ásamt valinkunnum gestum á borð við Paul Potts, Alexander Rybak, Jóhönnu Guðrúnu, Helga Björns og Kristján Jóhannsson. Fjórir tónleikar alls og svo Akureyri um næstu helgi.

Sjálfur segist Björgvin vera í flottu formi og raunar alveg furðu rólegur og afslappaður þótt hann syngi í flestum lögunum. „Við erum náttúrulega í skýjunum yfir móttökunum og þessi mikli áhugi setur pressu á okkur. Mér finnst við vera með skothelt prógramm, sem er ekkert skrýtið með þetta lið á bak við okkur," útskýrir Björgvin og telur upp strengjasveitina undir stjórn Rolands Hartwell, hrynsveitina sem Þórir Baldursson stýrir, gospelkór Óskars Einarssonar, barnakór Kársnesskóla sem Þórunn Björnsdóttir heldur utan um og svo alla íslensku söngvarana sem stíga á svið.



**STÓR HÓPUR** Gríðarlega margir listamenn taka þátt í tónleikunum um helgina, strengjasveit, gospelkór, hrynsveit og barnakór.

Í fyrsta skipti var brugðið á það ráð að ráða leikstjóra fyrir sýninguna, enda að mörgu að huga þegar jafnstór sýning er annars vegar. Gunnari Helgasyni var falið það vandasama verkefni og segir Björgvin hann lýsa sjálfum sér sem umferðarstjóra. „Kynnir með mér fyrir sunnan er síðan Örn Árnason en fyrir norðan verður það Margrét Blöndal," segir Björgvin, sem vonast til að allir gestir helgarinnar fari heim með smá jólaanda í brjósti sér.

freyrgigja@frettabladid.is



**LEIKSTJÓRINN** Gunni Helga stýrir Björgvini á sviðinu.

# Fann loks ástina

Ryan Seacrest, kynnir American Idol, bað kærustu sinnar í rómantískri ferð til Parísar fyrir stuttu. Seacrest og leikkonan Julianne Hough hafa verið saman síðan í sumar.

„Ryan vill giftast Julianne og hann vildi biðja hennar á mjög rómantískan máta," var haft eftir heimildarmanni. Parið var í fríi í París ásamt fjölskyldu Seacrest þegar hann bar upp bónorðið. „Hann skipulagði helgarferðina sjálfur og bauð einnig systur sinni og foreldrum svo þau gætu deilt þessari stund með honum og Julianne. Þau eru mjög ástfangin og Julianne hefur mjög góð áhrif á Ryan, sem er nú farinn að huga að öðrum hlutum en vinnunni," sagði heimildarmaðurinn.



**TRÚLOFAÐUR** Ryan Seacrest hefur fundið ástina og bað kærustu sinnar í rómantískri ferð til Parísar.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill klassík og geimverur

Leikkonan Anne Hathaway er með mörg hlutverk á óskalistanum. Hún vill helst leika persónur úr leikverkum eftir mörg af þekktustu leikskáldum sögunnar. Best væri ef kvikmynd væri gerð byggð á verkunum. „Ég hefði gaman af að leika í nánast öllu eftir Ibsen og flestu eftir Shakespeare. Flest hlutverkin sem ég hef áhuga á eru á dagskrá í leikhúsinu," sagði hún. Hathaway hefur einnig áhuga á að leika í myndum sem eru líklegar til vinsælda. „Ég væri til í að drepa geimveru einhvern tímann. Ég myndi vilja stjórna geimskipi og kannski vera njósnari. Ég væri til í að láta til mín taka."



**ANNE HATHAWAY** Mörg safarík leikhúshlutverk eru á óskalistanum hjá leikkonunni.




# Dætur í stað dóps



**SHAUN RYDER** Fyrrverandi söngvari Happy Mondays fer í sund á morgnana með dætrum sínum.

Shaun Ryder, fyrrverandi söngvari bresku hljómsveitarinnar Happy Mondays, þakkar tveimur dætrum sínum breyttan lífsstíl sinn. Ryder var mikill sukkari á árum áður og hefur lengi barist við áfengis- og eiturlyfjafíkn. Núna lætur hann sér nægja að fara með dætrum sínum í sund á morgnana í staðinn fyrir að hella sér í dópið. „Ég er breyttur maður. Á hverjum degi er ég vakinn af þriggja ára dóttur minni Pearl sem vill fara með mér í sund. Einu sinni vaknaði ég og reykti tuttugu sígarettur áður en ég fékk mér eiturlyf. Núna rífa dætur mínar mig upp klukkan sex um morguninn og vilja að ég fari með þær í sund.“

# Mesti hávaðinn í trompetinum

**Kristjón Daðason frá Stykkishólmi stundar trompetnám við Tónlistarháskólann í Árósum í Danmörku og stendur sig með prýði.**



**UNGUR OG EFNILEGUR** Kristjón Daðason stundar nám við hinn virta Tónlistarháskóla í Árósum í Danmörku.

Hinn sextán ára Baldvin Oddsson er ekki eini ungi trompetleikarinn sem er að gera það gott í útlöndum því Kristjón Daðason, 25 ára úr Stykkishólmi, er á þriðja ári við Tónlistarháskólann í Árósum í Danmörku.

Íslenskir tónlistarunnendur ættu að kannast við verk hans því hann spilaði inn á síðustu plötu Diktu, Get It Together, og kom við sögu í hinu vinsæla lagi Sprengjuhallarinnar, Verum í sambandi. Einnig spilaði hann inn á plötu Ampop, Sail to the Moon.

„Þetta er í rauninni bara snilld,“ segir Kristjón um skólann í Árósum, sem er mjög virtur. Hann er með fjórtán öðrum trompetleikurum í bekk og er það stærsti bekkur skólans, með nemendum frá níu löndum. Kristjón byrjaði sjö ára að læra á trompet hjá pabba sínum, Daða Þór Einarssyni, sem var tónlistarskólastjóri í Stykkishólmi en er núna stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.

„Ég byrjaði þriggja eða fjögurra ára að spila á blokkflautu. Pabbi hafði verið með puttana í því en svo byrjaði ég á harmonikku. Mig minnir að mig hafi síðan langað að spila á eitthvert blásturshljóðfæri og það var mesti hávaðinn í trompetinum,“ segir Kristjón.

Undanfarin ár hefur hann verið duglegur að spila með sinfóníuhljómsveitum áhugamanna víða um Danmörku og um helgina fer hann til Þýskalands til að spila með einni slíkri. Hann er að ljúka BA-prófi í skólanum um þessar mundir en stefnir á tveggja ára meistaranám. Í framhaldinu langar hann að kenna á trompet og jafnvel spila með sinfóníuhljómsveit. Spurður hvort trompetleikararnir í skólanum njóti kvenhylli segir hinn einhleypi Kristjón: „Ég er ekki bestur í mínum bekk en það er einn snillingur sem er mjög góður. Ef þú ert bestur í skólanum eru stelpurnar alveg að sýna þér áhuga.“

Um jólin ætlar hann að dvelja í Árósum og leikur þar meðal annars í kirkjum en um áramótin kemur hann heim og leikur á trompetinn í Lágafellskirkju á gamlárskvöld. freyr@frettabladid.is

# Jessica ekki ólétt



Slúðurmiðlar vestanhafs hafa haldið því fram að söngkonan Jessica Simpson beri barn undir belti. Hún virðist hafa blásið á allar þær kjaftasögur á þriðjudaginn en þá sást hún hella í sig alls konar tegundum af áfengi ásamt föður sínum og kærasta, Eric Johnson. Þremenningarnir voru staddir í New York þar sem Michael Bloomberg borgarstjóri sá um að kveikja á stærðarinnar jólatré í Rockefeller Center og Jessica söng fyrir gesti. Annað hvort gerir söngkonan sér ekki grein fyrir því að áfengi er ekki hollt á meðgöngu eða hún er hreinlega bara ekkert ólétt.

**ENN KONA EINSÖMUL** Jessica ætti ekki að vera ólétt miðað við drykkjuna á þriðjudaginn.




Hörðu pakkarnir fást hjá okkur



Bókin Stafræn ljósmyndun og EOS grunnnámskeið fylgja með í kaupbæti

Canon EOS 500D

Taktu hágæða ljósmyndir og Full HD vídeó með Canon EOS 500D.18-55mm linsa og 4GB minniskort fylgja með.

Aðeins

129.900kr.



3ja ára ábyrgð

Lenovo Z560 fartölva

Stílhrein fartölva með kraftmikilli margmiðlun og glæsilegu útliti. Afkastamikill Intel i350 örgjörvi, 320GB diskur, 15,6" skjár og öflugt skjákort.

Tilboðsverð

159.900kr.



50 blaða ljósmyndapakki fylgir

Canon PIXMA iP4850

Prentaðu út hágæða ljósmyndir með Canon PIXMA iP4850.

Aðeins

19.900kr.



Mjög nettir

Lexar minnislyklar

Fyrir tölvugögn, tónlist, myndir og vídeó.

8GB

3.990kr.

16GB

7.990kr.

sense | NÝHERJI

Sense Center Kringlunni www.netverslun.is Nýherji Borgartún 37

# Lög til heiðurs sauðkindinni

**Jóel Pálsson segir það á við sjö háskólagráður að reka sprotafyrirtæki á borð við Farmers Market. Hann var að gefa út fimmtu sólóplötu sína og segir viðskiptin og tónlistina passa ágætlega saman.**



**JÓEL PÁLSSON** Saxófónleikarinn hefur sent frá sér sína fimmtu sólóplötu, Horn.

Saxófónleikarinn Jóel Pálsson hefur sent frá sér fimmtu sólóplötu sína, Horn. Platan er sjálfstætt framhald síðustu plötu Jóels, Varp, sem var valin ein af plötum ársins af bandaríska tímaritinu All About Jazz auk þess að hljóta Íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum Jazzplata ársins.

Síðan Varp kom út fyrir fjórum árum hefur Jóel haft í nógu að snúast. „Ég er búinn að vera að sýsla við ansi margt. Ég hef spilað úti um allar trissur með hinum og þessum. Svo hef ég verið að koma á legg sprotafyrirtæki sem hefur undið mikið upp á sig. Það hefur tekið töluverðan tíma og orku,“ segir Jóel og á þar við fatalínuna Farmers Market. „Það hefur verið svakalega skemmtilegt og það er á við sjö háskólagráður að standa í slíku.“

Spurður hvernig viðskiptin fari saman við tónlistina segir Jóel: „Maður getur svolítið stjórnað því sjálfur. Ég var búinn að vera algjörlega í músíkinni í tíu ár áður en ég fór að gera þetta. Ég var orðinn þyrstur í að læra eitthvað nýtt.“

Platan Horn er sannkallaður suðupottur þar sem ægir saman áhrifum úr ýmsum áttum, svo sem fönki, pönki, frjálsdjassi, svingi, rokki og kirkjumúsík. Auk Jóels spila á plötunni Davíð Þór Jónsson, Einar Scheving, Eyþór Gunnarsson og Ari Bragi Kárason. Tvö lög, Tog og Þel, eru til heiðurs íslensku sauðkindinni en ullin af henni hefur verið notuð mikið hjá Farmers Market. „Mér finnst hún alveg eiga það inni hjá okkur,“ segir Jóel. Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar verða haldnir 12. desember á Café Rosenberg.

freyr@frettabladid.is


MIÐASALA Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 4 - 5:30 - 7 - 8:30 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl. 1:30 -(sun. 3:40) | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 5:50 | 7 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | lau. kl. 3:30 | L |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:40 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 (Síðasta sýn) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 8 - 10:10 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 2 | 7 |
| GNARR | kl. 4 | L |
| DUE DATE | kl. 6 | 10 |
| RED | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5, 8 og 10.30 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 2 eingöngu laugardag | L |
| NARNIA-3D | kl. 2 einöngu sunnudag | L |
| HARRY POTTER | kl. 2, 5, 6, 8 og 9 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 11 eingöngu laugardag | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 og 10.10 | 10 |
| GNARR | kl. 5.55 | L |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 og 4 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1.40 - 3.50 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE JONESES | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:50 - 3:40 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 7 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 1:50 - 3:50 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ *GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| FASTER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FASTER LÚXUS | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 8 - 10.40 lau./kl. 10.30 sun. | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 1 (700KR.) - 3 - 6 | L |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ARTHÚR 3 | KL. 1 (700kr.) - 3.10 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 1 (700kr.) - 3 | L |
| NARNIA 3 3D FORSÝNING | KL. 8 AÐEINS SUNNUDAG | 7 |
| AULINN ÉG 3D ÍSL. TAL | KL. 1* (950KR.) AÐEINS SUN. | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| FASTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 5.45 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 2 (700KR.) - 4 - 6 | L |
| DRAUMURINN UM VEGINN | KL. 6 | L |
| SKYLINE | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 2 - 4 - 6 (aðeins lau.) | 12 |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |
| ARTHÚR 3 ÍSL. TAL | KL. 2 (700KR.) - 4 (lau.) | L |
| NARNIA 3 3D FORSÝNING | KL. 5 AÐEINS SUNNUDAG | 7 |
| BRIM | KL. 2 - 4 | 12 |
| NARNIA 3 3D FORSÝNING | KL. 5.45 AÐEINS LAUGARDAG | 7 |

ARTHÚR 3 kl. 4 (600KR.) / JACKASS 3D KL. 5.45 AÐEINS SUN.

| | | |
|---|---|---|
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | kl. 4 (600KR.) | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 og 10.10 | 16 |
| FASTER | 6, 8 og 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 5.45, 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO - ISL TAL | 1.50(650 kr) og 4 | L |
| ARTÚR 3 - ISL TAL | 2(650 kr), 4 og 6 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI - ISL TAL | 2(650 kr) og 4 | L |













BÍÓ ★ PARADÍS

CAFÉ

| | |
|---|---|
| GNARR(L) | 16, 18, 20, 22 |
| IMAGINE PEACE(L) | 18:20, 19:20 |
| ÓRÓI(L) | 18:30, 20:30 |
| FEATHERED COCAINE(L) | 16:30 |
| INSIDE JOB(L) | 22:30 |
| ÁSTARSTJARNA(BRIGHT STAR)(L) | 16:00, 20:20 |
| INHALE(16) | 18:20, 20:20 |
| BRIM(12) | 16:20, 22:30 |
| SOCIAL NETWORK(L) | 22:40 |

SÝNINGATÍMAR UM HELGINA




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS

# Britney er hamingjusöm

Britney Spears og kærasti hennar, Jason Trawick, segja samband sitt vera gott og ástríkt. Fyrrum eiginmaður Britney, Kevin Federline, sagði í viðtali við Star Magazine að Britney hafi treyst honum fyrir því að Trawick hafi eitt sinn slegið svo fast til hennar að hún hlaut glóðurauga. Talsmaður Britney vísar sögusögnunum til föðurhúsanna.

„Jason er alls ekki ofbeldisfullur. Britney hefur átt erfitt í fortíðinni og tekið bræðisköst en Jason hefur ávallt sýnt stillingu og verið til staðar fyrir hana. Í sannleika sagt er samband þeirra mjög gott og þau eru afskaplega hamingjusöm saman,“ var haft eftir innanbúðarmanni.



**ÁNÆGÐ** Britney Spears er ánægð með kærastanum. NORDICPHOTOS/GETTY



**SKÁL!** Reynir Pétur og Sigurður Ragnar Kristjánsson skála í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Reynir Pétur gengur betur

**Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir forsýndi heimildarmyndina Reynir Pétur – gengur betur í Bíói paradís á fimmtudagskvöld. Stjarna myndarinnar, Reynir Pétur, mætti að sjálfsögðu á svæðið ásamt Hanný, sambýliskonu sinni, og stórum hópi frá Sólheimum. Myndin verður sýnd í Sjónvarpinu á sunnudag.**



**FJÖR** Hópur frá Sólheimum kom með Reyni Pétri á myndina og skemmti sér konunglega.



**GÓÐUR HÓPUR** Hanný María Haraldsdóttir, kona Reynis, tökumaðurinn Guðmundur Bergkvist, Reynir sjálfur og María Sigrún

# Winona leikur að nýju

Winona Ryder var ein vinsælasta leikkonan í Hollywood á tíunda áratugnum og lék hún meðal annars í kvikmyndum á borð við Edward Scissorhands, Dracula og Reality Bites. Lítið hefur sést til leikkonunnar á undanförnum árum eða allt þar til hún tók að sér hlutverk í kvikmyndinni The Black Swan.

„Ég átti góðan sprett frá því ég var táningur og eitthvað fram á þrítugsaldurinn en þá tóku við erfiðari tímar. Þess vegna þótti mér hlutverkið í The Black Swan spennandi, það er út í hött hvað þessar ballerínur verða ungar útbrunnar. Ég er nýorðin 39 ára og mér fannst skrítin tilhugsun að eftir ár verð ég orðin fertug,“ sagði leikkonan í nýlegu viðtali.

Leikstjóri kvikmyndarinnar, fyrrverandi eiginmaður Rachel Weisz, Darren Aronofsky, sagðist þó enn vera að venjast þeirri tilhugsun að Ryder sé að verða fertug. „Hún er svo ungleg! Mér fannst gaman að Winona vildi taka hlutverkið að sér, fólk minnist hennar enn þegar hún var ung og á uppleið. Ekki svo ólíkt Natalie Portman núna,“ sagði hann. En Portman fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni.



**SLÆR AFTUR Í GEGN** Leikkonan Winona Ryder hefur eftir langa mæðu fengið hlutverk í Hollywood, í kvikmyndinni The Black Swan. NORDICPHOTOS/GETTY


Framtíðarreikningur

— *gjöf til framtíðar*

Þegar keypt er gjafabréf fyrir 4.000 kr. eða meira á **Framtíðarreikning** barns fylgir bókin Jólasveinarnir 13 með. Gjafabréf á **Framtíðarreikning** er tilvalin jólagjöf fyrir ættingja og aðra sem vilja gefa jólagjöf sem vex með barninu.




Þú getur gengið frá innlögn á **Framtíðarreikning** og nálgast jólabókina í næsta útibúi **Arion banka**.

www.arionbanki.is

Arion banki

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁTTA LIÐA ÚRSLIT EIMSKIPSBIKARS KARLA** í handbolta fara fram um helgina. Í dag taka Framarar á móti Haukum í Safamýri klukkan 15.45. Á morgun spila Víkingur-Akureyri í Víkinni klukkan 16.00 og Selfoss-Valur á Selfossi klukkan 19.00. Síðasti leikurinn er síðan á milli ÍR-FH í Austurbergi klukkan 19.30 á mánudagskvöldið.



**5,3 ÞRISTAR Í LEIK** Sean Burton hefur hitt úr 48 af 97 3ja stiga skotum sem er 49,5 prósenta nýting. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

3-stiga keppni Stjörnuleiks KKÍ:

## Sean og Maggi mætast aftur

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleikssambandið hefur gefið út hvaða tíu leikmenn keppa í 3ja stiga skotkeppninni á Stjörnuleik KKÍ sem fer fram í Seljaskóla eftir eina viku. Tveir efstu mennirnir í keppninni fyrir ári, sigurvegarinn Magnús Þór Gunnarsson og Sean Burton, munu mætast aftur en Magnús vann 15-14 sigur í æsispennandi keppni í Grafarvogi í fyrra. **- óój**

**3ja stiga keppnin 2010:**

| | |
|---|---|
| Sean Burton | Ægir Þór Steinarsson |
| Kjartan Atli Kjartansson | Justin Shouse |
| Pálmi Freyr Sigurgeirsson | Ellert Arnarson |
| Ryan Amaroso | Brynjar Þór Björnsson |
| Marek Avlas | Magnús Þór Gunnarsson |



**GLOTT MEISTARANS** José Mourinho, þjálfari Real madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

José Mourinho, þjálfari Real:

## Lítur á bannið sem verðlaun

**FÓTBOLTI** José Mourinho, þjálfari Real Madrid, tjáði sig í gær um leikbannið sem UEFA dæmdi hann í fyrir að skipa tveimur leikmönnum sínum að sækja sér viljandi rauð spjöld í Meistaradeildarleik á móti Ajax á dögunum.

„Ég lít á þessa refsingu eins og hvern annan verðlaunapening. Ég ætla ekki að breyta neinu hjá mér. Langamma mín dó fyrir löngu síðan en ég man enn hvað hún sagði mér: Ef aðrir eru öfundsjúkir út í þig þá ættir þú að vera ánægður,“ sagði José Mourinho. **- óój**

# Pútterinn hjá Birgi er sjóðheitur

**Birgir Leifur Hafþórsson fór aftur í fortíðina og púttar með sama hugarfari og þegar hann var unglingur. Lokaúrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina hefst í dag. Birgir Leifur komst alla leið í áttundu tilraun.**

**GOLF** „Þetta er mjög sérstakt golfmót, allt öðruvísi en önnur golfmót, því það skiptir í raun ekki máli hver sigrar, þrjátíu efstu komast á Evrópumótaröðina og það skiptir því mestu máli að gera sem fæst mistök,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson atvinnukylfingur í gær en hann hefur leik í dag á Spáni á lokaúrtökumótinu fyrir næststerkustu atvinnumótaröð í heimi.

„Ég hef ekki hugmynd um hve oft ég hef leikið á lokaúrtökumótinu. Spái lítið í svona hluti en ég var ekki með 2008 og 2009, og ég komst ekki í gegnum annað stigið 2002 og 2003.“

Birgir lék vel á öðru stigi úrtökumótsins á Arcos Garden sem lauk á þriðjudag en þar endaði hann í öðru sæti á sex höggum undir pari. Þar fór Birgir hamförum á flötunum og pútterinn var „sjóðheitur“ – líkt og í gamla daga þegar hann var að stíga sín fyrstu skref sem afrekskylfingur. Og Birgir viðurkennir að hann hafi breytt hugarfari sínu hvað varðar púttin og þar koma unglingsárin á Akranesi við sögu.

„Það hefur margt gengið upp hjá mér í sumar og að mínu mati eru breytingarnar sem ég gerði á púttunum síðasta vetur að skila sér. Ég hef oft slegið betur, en ég held ég geti fullyrt að ég hafi ekki púttað betur – nema kannski þegar ég var 17 eða 18 ára gamall. Þá hafði maður ekki rænu á því að vera pæla í tæknilegum hlutum og ég fór einfaldlega til baka í þann tíma og hef tileinkað mér sömu áherslur á ný.

Einfaldleikinn er bestur. Ég fékk mér aðeins lengri pútter – eins og ég var áður með. Ég hef einfaldað allt í kringum púttin. Í raun má segja að ég miði bara á þann stað sem ég ætla að pútta og síðan framkvæmi ég púttið án þess að hugsa mikið um það frekar. Flóknara er það nú ekki. Og þetta virkar.“

Keppnistímabilið hefur verið frábært hjá Birgi en hann sigraði á Íslandsmótinu í höggleik á Kiðjabergsvelli og hann var Íslandsmeistari í holukeppni á Garðavelli á Akranesi. Sá völlur var líka í aðalhlutverki þegar Birgir lék á 58 höggum af gulum teigum síðsumars, fjórtán höggum undir pari vallar. Það met verður líklega aldrei slegið.

Lokaúrtökumótið stendur yfir í sex daga. Að loknum fjórum fyrstu keppnisdögunum komast um 80 kylfingar af alls 160 áfram, og þeir leika tvo hringi til viðbótar þar sem keppt er um 30 laus sæti á Evrópumótaröðinni. Birgir hefur tvívegis verið einu höggi frá því að vera í hópi þeirra sem komust í gegnum lokaúrtökumótið, 2001 og 2004, en hann endaði í 25. sæti árið 2006 og braut þá ísinn í áttundu tilraun. **seth@frettabladid.is**



**ALVARAN BYRJAR Í DAG** Birgir Leifur er afar nálægt því að komast á Evrópumótaröðina í golfi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Enskir fjölmiðlar eru æfir yfir ákvörðun FIFA og vilja að róttækar breytingar verði gerðar á kosningunni:

# England mun aldrei aftur sækja um HM

**FÓTBOLTI** England mun aldrei sækja um heimsmeistaramótið í fótbolta á ný nema FIFA geri róttækar breytingar á því hvernig kosningin fer fram,“ sagði Andy Anson, formaður ensku nefndarinnar sem stóð að umsókn Englendinga um heimsmeistaramótið í fótbolta 2018.

Það er óhætt að segja að Englendingar hafi fengið „tæknilegt rothögg“ í kosningunni í Zürich á fimmtudag en England fékk aðeins 2 atkvæði af alls 22 í fyrstu umferð og á endanum fengu Rússar keppnina árið 2018. FIFA kom enn frekar á óvart þegar tilkynnt var að Katar fengi lokakeppnina árið 2022.

Breskir fjölmiðlar fara hamförum í gagnrýni sinni á ákvörðun FIFA og eflaust eru einhverjar knæpur búnar að setja upp píluspjald með mynd af Sepp Blatter, forseta FIFA. Breska kaldhæðnin einkennir fréttaflutning dagblaða og þar fer The Guardian fremst í flokki með mynd af David Beckham á forsíðu og fyrirsögnin er: „Upp með hökuna Becks, í þetta sinn féllum við ekki úr keppni eftir vítakeppni.“

Talið er að Englendingar hafi eytt um þremur milljörðum króna í undirbúning á síðustu árum og lögðu margar stórstjörnur umsókninni lið. Þar má nefna David Beckham, Vilhjálm prins og forsætisráðherrann David Cameron.




**FORSÍÐUR BLAÐANNA** Enskir fjölmiðlar fóru mikinn í umfjöllun sinni um HM-málið í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Daily Mail fer víða í umfjöllun sinni og beinir meðal annars spjótum sínum að fréttaskýringaþættinum Panorama hjá BBC sem kom upp um spillta meðlimi í framkvæmdastjórn FIFA. Daily Mail telur að það mál hafi vakið reiði hjá FIFA og útreið Englendinga í kjörinu sé skýr skilaboð um hefnd fyrir umfjöllun BBC og The Sunday Times um spillinguna hjá FIFA.

Rio Ferdinand, fyrirliði enska landsliðsins, skrifar meðal annars á Twitter-samskiptasíðuna: „Tímasetningin á umfjöllun Panorama gat ekki verið verri, það er staðreynd.“ Anson tekur undir orð Ferdinands og vitnar í samtöl sín við meðlimi framkvæmdastjórnar FIFA. „Margir höfðu það á orði að breskir fjölmiðlar hefðu „drepið“ umsókn okkar,“ segir Anson.

Graham Taylor, fyrrverandi þjálfari enska landsliðsins, gefur framkvæmdastjórn FIFA ekki háa einkunn: „Við hverju mátti búast? Þeir sem ráða ferðinni hjá FIFA segja já við öllu þegar þú ræðir við þá en nei um leið og þú snýrð baki í þá.“ **- seþ**






# Vinsælustu golfskór í heimi 2010



„Mér finnst Ecco Street golfskórnir stöðugir og gefa mér sjálfstraust. Þannig vil ég að golfskór eigi að vera. Ef mér líður vel í golfskóm þá líður mér vel á golfvellinum."

*Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmeistari í golfi*

Nú eru þeir loksins fáanlegir á Íslandi, vinsælustu golfskór í heimi, Ecco Golf Street, tilvaldir golfskór í jólapakkann.

TAKMARKAÐ ★ MAGN ★



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-54301



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56496



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56497



Golf Street golfskór
**Verð kr. 19.995**
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 39184-56498

ecco
KRINGLAN
Sími 553 8050

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
SMÁRALIND
Sími 551 8519

ecco®

# Lykilatriði að stöðva hraðaupphlaupin

**Fréttablaðið fékk Þóri Hergeirsson, landsliðsþjálfara Noregs, til að spá í andstæðinga Íslands á Evrópumeistaramótinu í Noregi og Danmörku sem hefst eftir helgi. „Hægt að stríða þessum liðum," segir hann.**

**HANDBOLTI** „Það er frábært að fá Ísland á stórmót í handbolta en það er ljóst að verkefni íslenska liðsins verður erfitt," segir Þórir Hergeirsson, þjálfari Evrópu- og Ólympíumeistara Noregs, um átökin sem eru fram undan hjá Íslandi á EM sem hefst í Danmörku og Noregi næstkomandi þriðjudag.

Alls komust sextán lið í sjálft lokamótið og var þeim skipt í fjóra riðla. Ísland dróst í riðil með heimsmeisturum Rússa, Svartfellingum og Króötum.

„Það er mikilvægt að líta á þetta fyrsta mót Íslands sem dýrmæta reynslu fyrir liðið og finna út úr því hvar íslenskir leikmenn standa miðað við þá sterkustu í Evrópu," segir Þórir. „Ég hef fylgst með boltanum heima í gegnum árin og það hafa verið að koma upp skemmtilegir árgangar af leikmönnum. Bilið í þá bestu hefur verið að minnka jafnt og þétt og það var geysilega mikilvægt fyrir liðið að komast inn á stórmót til að sjá hvar það stendur í samanburðinum."

### Króatía: Í basli á stórmótum

Alls komast þrjú af liðunum fjórum áfram í milliriðla. Ísland mætir fyrst Króatíu og reiknar Þórir með að mestu möguleikar Íslands á að ná í sigur séu í þessum fyrsta leik. „Króatar hafa átt einhverja bestu leikmenn í heimi í sínum félagsliðum og oft verið með gríðarlega sterk yngri landslið. En þeir hafa átt erfitt með að byggja upp almennilegt landslið og veit ég ekki af hverju það er. Þetta lið ætti að geta slegist um efstu sætin en því hafa þær ekki náð og hafa þar að auki verið í basli á stórmótum síðustu ára," segir Þórir.

### Svartfjallaland: Gæti unnið riðilinn

Svartfjallaland er, rétt eins og Ísland, að keppa á EM í fyrsta sinn. Þetta er ung þjóð sem byggir landslið sitt fyrst og fremst á leikmönnum úr hinu gríðarlega sterka félagsliði frá höfuðborginni Podgorica, ZRK Buducnost. „Þetta er besta félagslið í Evrópu í dag, miðað við hvernig liðið hefur verið að spila í Meistaradeildinni í vetur. Ef landsliðið fer með alla sterkustu leikmenn liðsins með sér til Danmerkur á ég von á því að þetta lið gæti jafnvel unnið riðilinn. Þær eru geysilega sterkar," segir Þórir en Buducnost vann alla sína leiki í riðlakeppni Meistaradeildarinnar með þó okkrum yfirburðum. „Það vill þó oft verða þannig hjá Balkanþjóðunum að leikmenn taki mótlætinu illa. Það er þeirra veikleiki og vill oft leiða til taps."

### Rússland: Geta hikstað í upphafi

„Þetta er einfaldlega maskína," segir Þórir um heimsmeistarana. „En sénsinn á móti Rússum er oft ágætur snemma móts. Það er mikið lagt á leikmenn í undirbúningnum fyrir mótið og þær hafa oft lent í basli í fyrstu leikjunum. En það er engu að síður alveg ljóst að Rússar eru með gríðarlega sterkt lið."

Þórir segir að þrátt fyrir sterka andstæðinga séu möguleikarnir vissulega fyrir hendi hjá Íslandi. „Það má aldrei útiloka neitt. Það verður að fara í hvern einasta leik og berjast frá upphafi til enda og það geta íslensku stelpurnar vissulega. Það getur einnig verið gott að vera litla liðið í riðlinum og Ísland verður sjálfsagt ekki tekið mjög alvarlega til að byrja með. Ég hef mikla trú á því að það sé hægt að stríða þessum liðum og stela af þeim einu eða tveimur stigum."

Þórir bætir við í lokin að það sé eitt fremur öðru sem Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari þarf að hafa í huga. „Það er hægt að hanga í þessum liðum endalaust með því að hindra hraðaupphlaupin hjá þeim. Það er því geysilega mikilvægt að geta klárað sóknirnar almennilega og sýna mikinn vinnuvilja með því að koma sér til baka í vörnina fljótt og vel. Þetta er fyrst og fremst það sem fellir veikari liðin úr keppni sem þessari." **eirikur@frettabladid.is**



**HEIMSMEISTARARNIR** Rússar hafa átt gríðarlega mikilli velgengni að fagna síðustu ár og hafa unnið þrjár síðustu heimsmeistarakeppnir. Ísland mætir Rússlandi í lokaleik riðlakeppninnar 11. desember. NORDIC PHOTOS/AFP



**ÞÓRIR HERGEIRSSON**

## Andstæðingar Íslands á EM 2010 í Danmörku

### Króatía



| | |
|---|---|
| **Þjálfari**: | Zdravko Zovko |
| **Besti árangur á stórmóti**: | |
| Heimsmeistaramót | 6. sæti 1997 |
| Evrópumeistaramót | 5. sæti 1994 |
| Ólympíuleikar | Aldrei keppt |
| **EM 2008**: | 9. sæti |
| **HM í fyrra**: | Keppti ekki |
| **Lykilmaður**: | **Andrea Penezic** |
| Staða: vinstri skytta | Aldur: 25 |
| Félag: Krim Mercator, Slóveníu | |

### Svartfjalland



| | |
|---|---|
| **Þjálfari**: | Nikola Petrovic |
| **Besti árangur á stórmóti***: | |
| Heimsmeistaramót | Aldrei keppt |
| Evrópumeistaramót | Aldrei keppt |
| Ólympíuleikar | Aldrei keppt |
| **Lykilmaður**: | **Bojana Popovic** |
| Staða: leikstjórnandi | Aldur: 31 árs |
| Félag: Buducnost Podorica, Svartfjallalandi | |

*Svartfjallaland lýsti yfir sjálfstæði árið 2006 og er að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti sem sjálfstæð þjóð.

### Rússland



| | |
|---|---|
| **Þjálfari**: | Evgeny Trefilov |
| **Besti árangur á stórmóti**: | |
| Heimsmeistaramót | 1. sæti 2001, 2005, 2007 og 2009. |
| Evrópumeistaramót | 2. sæti 2005 |
| Ólympíuleikar | 2. sæti 2008 |
| **EM 2008**: | 3. sæti |
| **HM í fyrra**: | 1. sæti |
| **Lykilmaður**: | **Liudmila Postnova** |
| Staða: leikstjórnandi | Aldur: 26 ára |
| Félag: Swesda Swenigorod, Rússlandi | |

## B-riðill á EM 2010

| | |
|---|---|
| **Þriðjudagur 7. desember:** | |
| Svartfjallaland - Rússland | kl. 17.15 |
| Króatía - Ísland | kl. 19.15 |
| **Fimmtudagur 9. desember:** | |
| Ísland - Svartfjallaland | kl. 17.15 |
| Rússland - Króatía | kl. 19.15 |
| **Laugardagur 11. desember:** | |
| Rússland - Ísland | kl. 17.15 |
| Svartfjallaland - Króatía | kl. 19.15 |

Berglind Íris Hansdóttir undirbýr sig vel fyrir EM:

# Það eiga allar sitt uppáhaldshorn

**HANDBOLTI** Það mun mikið reyna á markverði íslenska kvennalandsliðsins á komandi Evrópumóti í Danmörku og Noregi. Berglind Íris Hansdóttir og Íris Björk Símonardóttir eru þessa dagana að skoða myndbönd með skotum væntanlegra mótherja þeirra í Króatíu, Svartfjallalandi og Rússlandi.

„Nú fer allt á fullt hjá okkur markvörðunum að skoða mótherjana. Við fáum klippur með liðunum. Við erum þegar búnar að fá leik með Króatíu. Ég og Íris vinnum þetta saman og mun skoða þessar klippur saman. Við ætlum að fara vel yfir þetta þannig að við getum skilað okkar besta leik," segir Berglind sem telur þetta vera mikilvægan þátt í undirbúningnum. „Það er gott að fá að sjá hvernig hreyfingarnar leikmannanna eru. Það er líka þannig að allir leikmenn eiga sitt uppáhaldshorn og það er gott að vita af því," sagði Berglind.

Berglind spilaði sinn hundraðasta leik á æfingamótinu í Noregi þegar íslenska liðið steinlá fyrir ólympíu- og Evrópumeisturum Norðmanna. Berglind ætlar því ekki að láta hundraðasta leikinn lifa lengi í minningunni.

„Þetta var lélegur leikur frá A til Ö og það þýddi ekki að hanga of lengi yfir honum til þess eins að brjóta sig niður. Ég má ekki bara einbeita mér að þessum leik því ég er búin að spila 99 aðra A-landsleiki og það er margt eftirminnilegt frá þeim öllum leikjum," segir Berglind. Hún segir að samstaða íslenska liðsins geti skilað liðinu langt.

„Við ætlum klárlega að komast upp í milliriðil og við teljum að mestu möguleikararnir séu á móti Króatíu og Svartfjallalandi. Okkar styrkur er að fá vörn, markvörslu og spila hraðan bolta," segir Berglind og markmið liðsins eru skýr.

„Við erum ekki fara þarna til að vera með því við ætlum að ná árangri. Við höfum allar mikla trú á því að við getum það," segir Berglind að lokum. **- óój**



**BERGLIND ÍRIS HANSDÓTTIR** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VANMAT?** Miranda Tatari í leik með landsliði Króatíu. NORDIC PHOTOS/AFP

Andstæðingarnir um Ísland:

# Ísland lakasta liðið í riðlinum

**HANDBOLTI Íslendingar ættu að geta notið þess að vera litla liðið á EM í Danmörku og komið á óvart. Svo virðist alltént vera að andstæðingar Íslands í riðlinum reikni ekki með mikilli mótspyrnu frá stelpunum okkar.**

**„Ísland er minnst þekkta liðið í riðlinum og veikasti andstæðingurinn," sagði Miranda Tatari, landsliðsfyrirliði Króatíu. „Við ættum því ekki að lenda í of miklum vandræðum með Íslendinga."**

**Dragan Adzic, landsliðsþjálfari Svartfjallalands, tekur í svipaðan streng. „Rússland man ekki eftir stórmóti án þess að hafa unnið til verðlauna. Króatía er samt líklega með betri leikmannahóp en Rússar. Það er því erfitt að fullyrða nokkuð um að við séum sigurstranglegastir í þessum riðli. Við erum þó með betra lið en Ísland og ég á von á sigri í þeim leik ef við leggjum okkur almennilega fram." - esá**







# GRÆNI JAKKINN

## GOLFSKÓLI BIRGIS LEIFS OG YFIR 30 GOLFMÓT Á STÖÐ 2 SPORT

Þú sérð besta golf í heimi á Stöð 2 Sport. Meira en 30 golfmót á ári með fremstu kylfingum veraldar. Og nú bætist Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar við, ný íslensk þáttaröð. Misstu ekki af golfinu í vetur. Tryggðu þér áskrift!

**THE GOLF CHANNEL**

EIN FLOTTASTA SJÓNVARPSSTÖÐ SINNAR TEGUNDAR Í HEIMINUM FYLGIR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT.

**Children Miracle Network Classic**

**ADT Skills Challenge**
Skemmtilegt golfmót þar sem kylfingar keppa m.a. í púttum, lengd upphafshögga og stutta spilinu.

**Chevron World Challenge**
Tiger Woods býður 18 bestu kylfingum heims að mæta til leiks.

**PGA tour Qualifying tournament**
Efnilegustu kylfingarnir leggja allt undir til að vinna sér þátttökurétt á PGA mótaröðinni.

**The Shark Shootout**

**Golfskóli Birgis Leifs Hafþórssonar**
Ný íslensk þáttaröð um allt sem kylfingar þurfa að vita um upphafshöggin, stutta spilið, púttin, mataræðið, trixin, reglurnar og fleira.

**Augusta Masters**
Fyrsta stórmót sumarsins þar sem keppst er um að fá að klæðast græna jakkanum eftirsótta.

**US PGA Championship**
Eitt af risamótunum fjórum í PGA mótaröðinni.

**Konunglegi bikarinn í golfi**
Magnað golfmót í anda Ryder Cup þar sem úrvalslið Evrópu mætir fremstu kylfingum Asíu.

**Asia One**
Frábær 10 móta mótaröð þar sem kylfingar eins og Adam Scott, Fred Couples, Stuart Appleby, Geoff Ogily, Greg Norman o.fl. fara á kostum.

**PGA Europro tour**
Stærsta og flottasta mótaröðin sem er sérhönnuð fyrir unga og jafnframt efnilegustu atvinnukylfinga heims. 17 mót.

**Nedbank Golf Challange**
Meðal keppenda eru Ernie Els, Goosen, Justin Rose, Lee Westwood, Miguel Angel Jimenez, Padraig Harrington og fleiri.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT | 2 SPORT+ | 2 SPORT 3 | 2 SPORT 4 | 2 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Fíton/SÍA

Fjölnir, Grindavík, Haukar og Laugdælir fóru áfram í Powerade-bikar karla í gær:

# Ætla að fara alla leið í Höllina

**KÖRFUBOLTI** Fjórir leikir fóru fram í 16 liða úrslitum Powerade-bikars karla í gærkvöldi og þar tryggðu Fjölnir, Grindavík, Haukar og Laugdælir sér sæti í átta liða úrslitum. Mesta spennan var í sigri Hauka á toppliði 1. deildar, Þór í Þorlákshöfn, en sigrar hinna voru mjög öruggir.

Fjölnir vann 112-90 sigur á ÍR í Seljaskóla. Gestirnir voru sterkari nánast allan leikinn og léku á köflum frábæran körfubolta með Ægi Steinarsson í broddi fylkingar en hann skoraði 21 stig og gaf 11 stoðsendingar. ÍR-ingar byrjuðu leikinn skelfilega og misstu Fjölni allt of langt frá sér í fyrri hálfleik. Leikur þeirra batnaði aðeins í þeim síðari en slæm byrjun gerði það að verkum að erfitt var fyrir þá að snúa leiknum sér í hag.

Örvar Kristjánsson, þjálfari Fjölnis, var mjög svo ánægður með sigurinn í gær.

„Það er bara frábær tilfinning að vera komin áfram í bikarnum. Þetta var mjög svo sveiflukenndur leikur sem gerir sigurinn enn sætari. ÍR-ingar eru með frábært lið og eru allir að koma til eftir erfiða byrjun í mótinu, við bjuggumst alveg við að þeir myndu koma alveg brjálaðir til baka í síðari hálfleiknum. Ég er gríðarlega stoltur af strákunum að hafa haldið haus eftir að ÍR komst aftur inn í leikinn og náð að innbyrða sigur. Við erum með háleidd markmið í bikarnum og ætlum okkur að fara alla leið í úrslitin og hirða dolluna. Ég tel að við séum með nægilega gott lið til þess,“ sagði Örvar kokhraustur eftir leikinn í gær.



ÆTLA LANGT Í BIKARNUM Fjölnismaðurinn Tómas H. Tómasson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Menn voru ekki með hausinn skrúfaðan á frá fyrstu mínútu,“ sagði Sveinbjörn Claessen, leikmaður ÍR, virkilega svekktur eftir tapið í gær.

„Það segir frekar mikið um spilamennskuna hjá okkur í kvöld þegar Fjölnir nær að skora 62 stig í fyrri hálfleik, vörnin hjá okkur var hræðileg nánast allan leikinn. Þeir fengu að gera það sem þeim sýndist, hvort sem það voru auðveld sniðskot eða þriggja stiga skot. Fjölnir er með fínt lið en við leyfðum þeim að skína allt of mikið í kvöld,“ sagði Sveinbjörn eftir leikinn.

Þrír Grindvíkingar skoruðu yfir 20 stig í 119-90 sigri á KFÍ. Ryan Pettinella var með 31 stig og 10 fráköst, Jeremy Kelly var með 27 stig og 8 stoðsendingar og Páll Axel Vilbergsson skoraði 23 stig.

Haukar slógu út lærisveina Benedikts Guðmundssonar í Þór Þorlákshöfn, 84-74, í spennandi leik á Ásvöllum. Þetta var fyrsta tap Þórsliðsins á tímabilinu en liðið er búið að vinna sjö fyrstu leiki sína í 1. deild karla. Þór var 74-73 yfir þegar 3 mínútur voru eftir en Haukar skoruðu ellefu síðustu stig leiksins og tryggðu sér 84-74 sigur. Laugdælir unnu að lokum 102-82 sigur á Ármenningum á Laugarvatni. **-sáp, -óój**

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Powerade-bikar karla*

**Haukar-Þór Þ.** **84-74 (42-44)**

**Stig Hauka:** Gerald Robinson 21 (15 frák./5 stoðs.), Semaj Inge 18 (10 frák./5 stoðs.), Sveinn Ómar Sveinsson 13 (10 frák.), Haukur Óskarsson 12, Emil Barja 8 (14 frák.), Örn Sigurðarson 7, Óskar Ingi Magnússon 5.

**Stig Þórs Þ.:** Eric James Palm 33 (8 frák./6 stoðs.), Vladimir Bulut 14 (11 frák.), Philip Perre 11 (8 frák./6 varin), Hjalti Valur Þorsteinsson 8, Þorsteinn Már Ragnarsson 4, Bjarki Gylfason 4.

**ÍR-Fjölnir** **90-112 (47-66)**

**Stig ÍR:** Kelly Biedler 32 (14 frák./7 stoðs.), Nemanja Sovic 20, Eiríkur Önundarson 13, Níels Dungal 12, Sveinbjörn Claesson 7, Hjalti Friðriksson 6.

**Stig Fjölnis:** Ben Stywall 24, Ægir Þór Steinarsson 21 (11 stoðs./5 stolnir), Tómas Heiðar Tómasson 18, Magni Hafsteinsson 17, Jón Sverrisson 14, Sindri Kárason 6, Sigurður Þórarinsson 5, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Trausti Eiríksson 2.

**Laugdælir-Ármann** **102-82 (55-38)**

**Stigahæstir:** Anton Kári Kárason 24, Sigurður Orri Hafþórsson 21, Bjarni Bjarnason 16 (9 frák./10 stoðs.), Jón H. Baldvinsson 15, Pétur Már Sigurðsson 11 - Steinar Aronsson 18, Halldór Sigurðsson 15 (11 frák.).

**Grindavík-KFÍ** **119-90**

**Stigahæstir:** Ryan Pettinella 31 (10 frák.), Jeremy Kelly 27 (8 stoðs.) Páll Axel Vilbergsson 23 - Craig Shoen 32, Darco Milosevic 15.

### *Powerade-bikar kvenna*

**Hamar-Valur** **67-50 (35-29)**

**Stig Hamars:** Jaleesa Butler 14 (13 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 14, Bylgja Sif Jónsdóttir 8, Jenný Harðardóttir 8, Slavica Dimovska 6, Íris Ásgeirsdóttir 5, Dagný Lísa Davíðsdóttir 4 (12 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 4, Adda María Óttarsdóttir 4.

**Stig Vals:** Berglind Karen Ingvarsdóttir 13, María Björnsdóttir 10, Sigridur Viggosdottir 9 (10 frák.), Unnur Lára Ásgeirsdóttir 7, Kristín Óladóttir 6, Ragnheiður Benónísdóttir 4, Agne Zegyte 1.

**Stjarnan-KR** **46-76 (21-34)**

**Stig Stjörnunnar:** Amanda K. Andrews 24, Bára Fanney Hálfdanardóttir 9, Heiðrún Ösp Hauksdóttir 6, Andrea Ösp Pálsdóttir 5, Sigríður Antonsdóttir 2.

**Stig KR:** Bergdís Ragnarsdóttir 18, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 16, Helga Einarsdóttir 12 (20 frák./6 stoðs./5 stolnir), Hafrún Hálfdánardóttir 10, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 9, Rut Konráðsdóttir 6, Brynhildur Jónsdóttir 4, Ragnhildur Arna Kristinsdóttir 1.

### *Sænski körfuboltinn*

**Norrkoping-Uppsala** **100-87 (frl.)**

Helgi Már Magnússon var með 19 stig, 9 fráköst og 4 stoðsendingar.

**Sundsvall-Jamtland** **106-68**

Jakob Örn Sigurðarson var með 21 stig og 8 stoðsensingar á 27 mínútum en Hlynur Bæringsson var með 11 stig og 10 fráköst á 26 mínútum





FJÓRIR ÚRSLITALEIKIR!

Hver einast leikur í Eimskipsbikarnum er úrslitaleikur.

Átta lið berjast um þennan eftirsótta bikar í handknattleik karla en aðeins fjögur komast áfram í næstu umferð. Mætum nú öll á völlinn og styðjum okkar menn!

FRAM – HAUKAR
Lau. 4. des. kl. 15:45
Framhúsi

VÍKINGUR – AKUREYRI
Sun. 5. des. kl. 16:00
Víkinni

SELFOSS – VALUR
Sun. 5. des. kl. 19:00
Selfossi

ÍR – FH
Mán. 6. des. kl. 19:30
Austurbergi

ÖRUGG SENDING – EIMSKIP





# LÍNAN

mjúkir, stífir, langir, stuttir
stórir, litlir, djúpir, grunnir.....
við sérhæfum okkur í sófum



Edge - hægri eða vinstri



Valencia - hægri eða vinstri tunga



Mikið úrval af púðum



Manchebo 3ja sæta

verið velkomin í nýja
verslun okkar í Bæjarlind 16

Bæjarlind 16 - Kópavogur - S: 553 7100 - www.linan.is - Opið mán til fös 12 - 18 laug 11 - 16 sunn 13 - 16

> **Daniel Radcliffe**

„Ég er að verða betri í þessu, en ég var fáránlega vandræðalegur í kringum stelpur. Ég held að sá strákur sem segist aldrei hafa lent í vandræðalegu augnabliki með stelpu sé að ljúga“.

***Daniel Radcliffe leikur aðalhlutverk í myndinni December Boys sem er á dagskrá Stöð 2 Bíó kl. 22.00 í kvöld.***



# dagskrá

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

### Hlemmavídeó

Pétur Jóhann Sigfússon fer á kostum í hlutverki Sigga, sem erfði vídeóleigu en hefur meiri áhuga á að starfa sem einkaspæjari. Siggi fann grófa vídeóspólu með háttsettum embættismanni en nú fer spólan á flakk og Siggi leggur allt í sölurnar til að endurheimta hana.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.03** Heimur hugmyndanna **10.05** Veðurfregnir **10.15** Bókaþing **11.00** Guðsþjónusta í Víðistaðarkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Gabríelsguðspjall **14.30** Útvarpsleikhúsið: Framtíð **14.55** Útvarpsperlur: Sex dagar í desember **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.30** 2+2 eru 5 **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Einar Kristjánsson - Aldarminning **21.10** Tilraunaglasið **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Snúningar - Íslenska hljómplatan í 100 ár **23.20** Sagnaslóð **00.05** Næturtónar

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.00 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**10.30 Hringekjan** (e)
**11.25 Landinn** (e)
**11.55 Návígi** (Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans) (e)
**12.30 Silfur Egils** Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar.
**13.50 Sjúklingakórinn** (Alzheimer's - The Musical) (e)
**14.35 Aldrei aftur!** (Maybe I Should Have) (e)
**16.15 Síðasta lest heim (e)**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
**20.10 Reynir Pétur - Gengur betur** Í þættinum er talað við Reyni Pétur og sýndir gamlir viðtalsbútra og myndir frá 1985.
**21.10 Áramótaskaup Sjónvarpsins 1969 H**
**22.10 Sunnudagsbíó - Bylgjan** (Die Welle) Þýsk bíómynd frá 2008. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**23.55 Silfur Egils** (e)
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Wayne's World**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 Back to the Future**
**14.00 Wayne's World**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 Back to the Future**
**20.00 The Big Nothing**
**22.00 December Boys**
**00.00 Proof**
**02.00 Into the Wild**
**04.25 December Boys**
**06.10 The Things About My Folks**

## STÖÐ 2

**07.00 Aðalkötturinn**
**07.25 Lalli**
**07.30 Elías**
**07.40 Galdrabókin** (5:24)
**07.50 Harry og Toto**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Hvellur keppnisbíll, Go Diego Go! 4, Könnuðurinn Dóra
**09.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.20 Histeria!**
**09.45 Bedtime Stories**
**11.25 Röddin 2010** (3:4)
**12.00 Spaugstofan**
**12.30 Nágrannar**
**13.50 Nágrannar**
**14.15 Hawthorne** (1:10)
**15.00 Modern Family** (19:24)
**15.20 The Big Bang Theory** (22:23)
**15.45 The Middle** (1:24)
**16.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (10:12)
**16.50 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.25 Frasier** (18:24)
**19.55 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum.
**20.35 Hlemmavídeó** (7:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
**21.10 The Mentalist** (9:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane.
**22.00 Numbers** (7:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjallar um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
**22.45 Mad Men** (2:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers.
**23.35 60 mínútur**
**00.25 Spaugstofan**
**00.55 V** (12:12)
**01.40 The Event** (9:13)
**02.25 Dollhouse** (9:13)
**03.15 The Diplomat**
**04.50 The Diplomat**

## 2 SPORT *besta sætið*

**09.20 Enski deildabikarinn: Birmingham - Aston Villa**
**11.05 Man. City - Salzburg**
**12.50 Spænski boltinn: Osasuna - Barcelona**
**14.35 Spænski boltinn: Real Madrid - Valencia**
**16.20 Chevron World Challenge** Útsending frá einstöku golfmóti þar sem Tiger Woods býður sigurvegurum risamóta ársins og efstu mönnum á heimslistanum til leiks.
**19.20 Veitt með vinum – Miðfjarðará** Að þessu sinni verður veitt í hinni gjöfulu og skemmtilegu Miðfjarðará.
**20.00 Chevron World Challenge** Bein útsending frá einstöku golfmóti þar sem Tiger Woods býður sigurvegurum risamóta ársins og efstu mönnum á heimslistanum til leiks.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**09.20 Birmingham - Tottenham**
**11.05 Arsenal - Fulham**
**12.50 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**13.20 WBA - Newcastle**
**15.45 Sunderland - West Ham**
**18.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflegar og fagleg umræða um enska boltann.
**19.00 Blackpool - Man. Utd.**
**20.45 Sunnudagsmessan**
**21.45 Chelsea - Everton**
**23.30 Sunnudagsmessan**
**00.30 Sunderland - West Ham**
**02.15 Sunnudagsmessan** t

## 2 EXTRA

**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Bold and the Beautiful**
**18.25 Bold and the Beautiful**
**18.45 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku.
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.45 Röddin 2010** (3:4) Sveppi kynnir hér Söngkeppni unga fólksins sem var haldin í sumar um land allt.
**20.20 Auddi og Sveppi**
**20.45 ET Weekend**
**21.35 That Mitchell and Webb Look** (5:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.
**22.05 That Mitchell and Webb Look** (6:6)
**22.35 Sex and the City** (9:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma.
**23.10 American Dad** (1:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**23.35 American Dad** (2:20)
**00.00 American Dad** (3:20)
**00.25 Sjáðu**
**00.55 Fréttir Stöðvar 2**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**19.00 Segðu okkur frá bókinni**
**19.30 Segðu okkur frá bókinni**
**20.00 Vogaverk**
**21.00 Segðu okkur frá bókinni**
**21.30 Segðu okkur frá bókinni**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Vogaverk**
**23.30 Ævintýraboxið**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.25 Rachael Ray** (e)
**12.55 Rachael Ray** (e)
**13.40 Dr. Phil** (e)
**14.20 Dr. Phil** (e)
**15.05 Judging Amy** (12:23) (e)
**15.50 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**16.30 Nýtt útlit** (11:12) (e)
**17.20 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**17.45 Parenthood** (9:13) (e)
**18.35 Rules of Engagement** (6:13) (e)
**19.00 The Office** (15:26) (e)
**19.25 30 Rock** (1:22) (e)
**19.50 Fyndnar fjölskyldumyndir - Lokaþáttur** (10:10)
**20.15 Psych** (7:16) Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (18:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi.
**21.50 Dexter** (4:12) Fimmta þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið.
**22.40 House** (15:22) (e)
**23.30 Nurse Jackie** (9:12) (e)
**00.00 Last Comic Standing** (13:14) (e)
**00.45 The Cleaner** (6:13) (e)
**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.50 Golfing World** (e)
**08.40 Golfing World** (e)
**09.30 Nedbank Challenge 2010** (4:4)
**14.30 Nedbank Challenge 2010** (4:4) (e)
**19.30 PGA Tour Yearbooks** (9:10) (e)
**20.15 Nedbank Challenge 2010** (4:4) (e)
**01.15 ESPN America**

## BBC entertainment

**10.15** EastEnders **10.45** Top Gear 2008. Vietnam Special **12.00** Blackadder II **12.30** Blackadder II **13.00** Keeping Up Appearances **13.30** Keeping Up Appearances **14.00** After You've Gone **14.30** Absolutely Fabulous **15.00** Absolutely Fabulous **15.30** Vicar of Dibley **16.00** Last Choir Standing **17.30** Dancing with the Stars **18.30** Dancing with the Stars **19.10** My Family **19.40** Silent Witness **20.30** Live at the Apollo **21.15** Survivors **22.05** Top Gear 2008: Vietnam Special **23.20** Keeping Up Appearances **23.50** After You've Gone

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Bandet **11.50** Borgen **12.50** Fodbold **14.45** Inspector Morse **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** OBS **18.05** Så er der hund **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Harry og Charles **20.00** 21 Søndag **20.40** Fodboldmagasinet **21.05** Elskerinder **21.55** Kriminalkommissær Foyle **23.30** Skibet skal sejle **00.00** Godnat

## NRK 1

**10.25** V-cup skiskyting **11.15** V-cup kombinert **12.05** V-cup langrenn **13.10** V-cup skiskyting **13.55** V-cup hopp **15.00** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Bjørn på nært hold **20.15** Kjærleik er fargen du ikkje kan sjå **21.45** Nasjonalparken på havbunnen **21.55** Norsk attraksjon **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dans **23.05** Borgen

## SVT 1

**10.15** Vinterstudion **10.20** Skidskytte **11.10** Vinterstudion **11.50** Längdskidor **12.45** Vinterstudion **13.10** Skidskytte **13.55** Vinterstudion **14.50** Rapport **14.55** Uppdrag Granskning **15.55** Engelska Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **17.45** Julkalendern **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Starke man **19.30** Sportspegeln **20.15** The Event **21.00** Inferno **21.30** Skolfront **22.00** Plus **22.55** Min jul **23.00** Svindlarna

## N4

**Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# LG VIKA Í HÁTÆKNI

## Ný upplifun og frábær tilboð

## Ný tækni frá LG




PIPAR\TBWA • SÍA • 102762

# OLED

15" skjár til sýnis í Hátækni.

Sjáðu hvernig sjónvörpin líta út í náinni framtíð



**Verð 399.995 kr.**

**FRÁBÆRT LEYNITILBOÐ Á SUNNUDAGINN!**
**Bara í verslun**

## Sjáðu þrívídd í LG

### 50" 3D INFINIA LG sjónvarp

- Stórglæsilegt 3D Full HD 1920x1080 600Hz Plasma sjónvarp frá LG
- Frábær myndgæði með TrueBlack filter
- Fyrsta sjónvarpið í heiminum sem fær staðfestingu á THX® hljóðkerfi
- INFINA rammalaus hönnun
- Sjón er sögu ríkari
- LG BX580 Blu-Ray spilari fylgir með

**Blu-Ray spilari fylgir**

**Tilboðsverð 599.995 kr.**




### 47" LG LED 3D Full HD

- Stórglæsilegt 3D Full HD 1920x1080 200Hz LED sjónvarp frá LG
- DivX HD afspilun af í gegnum USB 2.0.
- DLNA tenging
- Sjón er sögu ríkari

**100.000 afsláttur**

**Tilboðsverð 499.995 kr.**
Verð áður 599.995 kr.

## Frábær tilboð frá LG




**50.000 afsláttur**

**Tilboðsverð 229.995 kr.**
Verð áður 279.995 kr.

### 42" LG LCD FHD 200Hz TV

• Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp • 200Hz • 1920x1080 punkta upplausn • 3 x HDMI • LAN • 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA og DivX HD stuðningur




**20.000 afsláttur**

**Tilboðsverð 179.995 kr.**
Verð áður 199.995 kr.

### 42" LG Plasma HD R 600Hz

• 42" HD-Ready Plasma sjónvarp • 1366x768 punkta upplausn • 600 Hz • Stafrænn móttakari • USB tengi • DivX HD stuðningur • 2 x HDMI




**30.000 afsláttur**

**Tilboðsverð 219.995 kr.**
Verð áður 249.995 kr.

### 42" LG LED Full HD 100Hz TV

• Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn • Intelligent Sensor 2 myndstýring • 100 Hz • Fjögur HDMI • USB 2.0 • DivX HD stuðningur.

## Afmæliskaka &Kók



Hátækni heldur upp á 25 ára afmæli sitt á þessu ári. Í tilefni LG-vikunnar bjóðum við upp á afmælisköku í versluninni á laugardag. Komdu og njóttu þess með okkur um leið og þú sérð nýjustu tæknina frá LG.

Coca-Cola

### Sérfræðingur frá LG verður á staðnum

Sérfræðingur frá **LG** verður í verslun **Hátækni** í Ármúla á laugardaginn og veitir ráðgjöf og upplýsingar ásamt því að leiðbeina viðskiptavinum um hvaða tæki henta best í hvaða aðstæðum. Þar sem sérfræðingarnir eru, þar er þér óhætt.

LG

**Opið á sunnudag**

Hátækni 25 ára
1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | laugardaga 12–17 | sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

## > Michelle Williams

„Ég ber ekki neinar sérstakar tilfinningar til þess að vera orðin þrítug. Ég hélt eitt sinn að ég vissi ákveðna hluti, en svo kom á daginn að ég gerði það ekki. Ég er hætt að búast við einhverju sérstöku. Ég er hætt að veðja á framtíðina."

***Michelle Williams, sem nýlega varð þrítug, fer með eitt hlutverkanna í kvikmyndinni The Baxter, sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON ÞOLIR EKKI GORDON RAMSEY

# Þar sem matreiðslan er aukaatriði

Matreiðsluþættir eru eitt vinsælasta sjónvarpsefni landans, og um leið eitt algengasta viðfangsefni í fjölmiðlapistlum sem þessum.

Ekki er erfitt að sjá af hverju, því að allir hafa, leynt eða ljóst, yndi af góðum mat og vildu afar gjarna geta vippað upp krásum með álíka litlili fyrirhöfn og Jamie Oliver og Nigella. Það skiptir hins vegar ekki síður máli að vertinn sé alþýðlegur, skemmtilegur og fræðandi um leið.

Til dæmis gera Jói Fel og hin danska Anna í Annemad ljómandi fínan mat sem kitlar bragðlaukana, en samt legg ég mig ekki eftir þáttum þeirra því að þetta annars ágæta fólk höfðar ekki sterklega til mín.

Þau eru hins vegar hátíð miðað við durtinn Gordon Ramsey sem fer ósegjanlega mikið í



taugarnar á mér. Dónaskapur og töffarastælar sem þjóna þeim eina tilgangi að upphefja „stjörnuna" á kostnað fólks sem er að reyna að skapa sér nafn sem kokkar eru eflaust gríma til að fela óöryggi meistarans mædda. Glæpurinn, ef svo mætti segja, er hins vegar sá að maturinn sem Ramsey gerir, eða lætur aðra gera, er ekki framsettur á girnilegan hátt og ekki er sjarminn að þvælast fyrir honum.

Engu að síður er hann heimsþekktur, en ég hef þá kenningu að villandi sé að kynna þættina hans sem matreiðsluþætti. Þeir eru einfaldlega klassískir „raunveruleikaþættir" þar sem lægstu kenndir mannskepnunnar eru uppblásnar og upphafnar sem skemmtun fyrir pupulinn.

Gefðu mér þá frekar kjánalega tilgerðar-einlægan Jamie Oliver eða Nigellu sem lýgur örugglega blákalt þegar hún segist borða allan þennan óholla mat.

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Teitur, Sveitasæla, Otrabörnin, Konungsríki Benna og Sóleyjar, Mærin Mæja, Mókó, Einu sinni var... lífið, Hrúturinn Hreinn
**10.03 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**10.35 Að duga eða drepast** (9:20) (e)
**11.20 Á meðan ég man** (6:8) (e)
**11.50 Kastljós** (e)
**12.20 Kiljan** (e)
**13.15 Sportið** (e)
**13.45 Þýski boltinn** (2:23) (e)
**14.45 Bikarkeppnin í handbolt** (Fram - Haukar) Bein útsending frá leik Fram og Hauka í Eimskipsbikarnum í handbolta.
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 Útsvar** (e)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Hringekjan** Skemmtiþáttur í umsjón Guðjóns Davíðs Karlssonar, Góa.
**20.35 Jólasveinka 2** (Santa Baby 2) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2009.
**22.05 Blóðug barátta** (There Will Be Blood) Bandarísk bíómynd frá 2007 byggð á skáldsögu eftir Upton Sinclair um óprúttinn olíujöfur sem sölsar undir sig land í Kaliforníu með gylliboðum en efnir engin loforð.
**00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Jurassic Park**
**10.05 Son of Rambow**
**12.00 Beverly Hills Chihuahua**
**14.00 Jurassic Park**
**16.05 Son of Rambo**
**18.00 Beverly Hills Chihuahua**
**20.00 The Baxter**
**22.00 The Wind That Shakes the Barley**
**00.05 Falling Down**
**02.05 The Number 23**
**04.00 The Wind That Shakes ...**
**06.05 The Big Nothing**

## STÖÐ 2

**07.00 Hvellur keppnisbíll**
**07.15 Tommi og Jenni**
**07.40 Galdrabókin** (4:24)
**07.50 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.40 Geimkeppni Jóga björns**
**10.00 Leðurblökumaðurinn**
**10.25 Stuðboltastelpurnar**
**10.50 iCarly** (16:25)
**11.15 Glee** (3:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.50 Sjálfstætt fólk**
**14.35 Gossip Girl** (4:22)
**15.25 Hlemmavídeó** (6:12)
**16.00 Auddi og Sveppi**
**16.35 ET Weekend**
**17.25 Sjáðu**
**17.55 Röddin 2010** (3:4)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan** Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara nú yfir atburði liðinnar viku.
**20.05 Hannah Montana: The Movie** Þegar frægðin fer að ná of miklum tökum á lífi Hannah Montana ákveður hún að ráði föður síns að heimsækja heimabæ sinn.
**21.50 10.000 BC** Söguleg stórmynd sem fylgir ungum mammútaveiðara og hans leið í gegnum ýmis ævintýri til að tryggja velferð ættbálks síns.
**23.40 The Savages** Áhrifamikil og gamansöm verðlaunamynd.
**01.30 Southland Tales** Svört gamanmynd með spennuívafi.
**04.05 ET Weekend**
**04.50 Spaugstofan**
**05.15 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 endursýndar.

## SPORT *besta sætið*

**10.15 Enski deildabikarinn: West Ham - Man. Utd.**
**12.00 Sheriff - AZ Alkmaar** Útsending frá leik FC Sheriff Tiraspol og AZ Alkmaar í Evrópudeild UEFA. Íslendingarnir Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson leika með AZ Alkmaar.
**13.45 Steaua - Liverpool**
**15.30 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**16.15 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**16.45 Þýski handboltinn: Rhein-Neckar Löwen - THW Kiel**
**18.20 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**18.50 Spænski boltinn: Osasuna - Barcelona** Bein útsending.
**20.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Valencia** Bein útsending.
**23.00 Chevron World Challenge** Útsending frá einstöku golfmóti þar sem Tiger Woods býður sigurvegurum risamóta ársins og efstu mönnum á heimslistanum til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.40 PL Classic Matches: Leeds - Tottenham, 2000**
**10.10 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993**
**10.40 Tottenham - Liverpool**
**12.25 Premier League Review 2010/11**
**13.20 Premier League World 2010/11**
**13.50 PL Classic Matches: Everton - Liverpool, 2000**
**14.20 Premier League Preview 2010/11**
**14.50 Chelsea - Everton** Bein útsending.
**17.15 Blackpool - Man. Utd.** Bein útsending.
**19.45 Arsenal - Fulham**
**21.30 Birmingham - Tottenham**
**23.15 Man. City - Bolton**
**01.00 Wigan - Stoke**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.40 Rachael Ray** (e)
**12.25 Rachael Ray** (e)
**13.10 Dr. Phil** (e)
**13.50 Dr. Phil** (e)
**14.35 Dr. Phil** (e)
**15.15 Judging Amy** (11:23) (e)
**16.00 America's Next Top Model** (9:13) (e)
**16.50 90210** (4:22) (e)
**17.35 Psych** (6:16) (e)
**18.20 Game Tíví** (12:14) (e)
**18.50 The Ricky Gervais Show** (6:13) (e)
**19.15 The Marriage Ref - Lokaþáttur** (12:12) (e)
**20.05 Fyndnar fjölskyldumyndir** (9:10) (e)
**20.30 The Upside of Anger** (e) Toppmynd frá 2005 með Kevin Costner og Joan Allen í aðalhlutverkum. Áhrifaríkt en bráðskemmtilegt fjölskyldudrama. Bönnuð börnum.
**22.30 Mulholland Drive** (e) Rómantískur spennutryllir frá árinu 2001 með Naomi Watts og Laura Harring í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
**01.00 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
**01.40 Friday Night Lights - Lokaþáttur** (13:13) (e)
**02.30 Whose Line is it Anyway?** (2:39) (e)
**02.55 Jay Leno** (e)
**03.40 Jay Leno** (e)
**04.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.50 Golfing World** (e)
**08.40 Golfing World** (e)
**09.30 Nedbank Challenge 2010** (3:4)
**14.30 Nedbank Challenge 2010** (3:4)
**19.30 PGA Tour Yearbooks** (8:10) (e)
**20.30 Nedbank Challenge 2010** (3:4) (e)
**01.30 ESPN America**

## EXTRA

**11.15 Dagur rauða nefsins**
**16.05 Röddin 2010** (2:4)
**16.40 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**17.40 Nágrannar**
**18.00 Nágrannar**
**18.20 Lois and Clark: The New Adventure** (14:21)
**19.10 E.R.** (4:22)
**20.00 Auddi og Sveppi**
**20.30 Hlemmavídeó** (6:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
**21.05 Nip/Tuck** (9:19)
**21.50 Lois and Clark: The New Adventure** (14:21)
**22.40 E.R.** (4:22)
**23.25 Hlemmavídeó** (6:12)
**00.00 Spaugstofan**
**00.30 Auddi og Sveppi**
**00.55 Nip/Tuck** (9:19)
**01.40 Sjáðu**
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Björn Bjarna**
**22.30 Alkemistinn**
**23.00 Segðu okkur frá bókinni**
**23.30 Segðu okkur frá bókinni**
**00.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


ÞAÐ ER OPIÐ
Í BLÁFJÖLLUM UM HELGINA

PIPAR\TBWA • SÍA • 102820

**Opnunartímar á Skíðasvæðunum í vetur:**
- *Virkir dagar: kl. 14.00–21.00*
- *Helgar: kl. 10.00–17.00*
- *Upplýsingasími 530 3000*

**Skíða- og brettaleigan: Fullorðnir / Börn**
- *Skíði, skór og stafir: 3.500 kr. / 3.000 kr.*
- *Snjóbretti og skór: 3.500 kr. / 3.000 kr.*



SKÍÐASVÆÐIN

**skidasvaedi**.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05 Hannah Montana: The Movie



Bráðskemmtileg kvikmynd með Miley Cyrus í hlutverki ungstjörnunnar Hannah Montana.

Þegar frægðin fer að ná of mikilli stjórn á lífi hennar ákveður hún að heimsækja heimabæ sinn til að uppgötva á nýjan leik hvað það er sem gefur lífinu gildi.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **08.00** Morgunfréttir **08.05** Úrval úr Samfélaginu **09.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Útvarpsraddir: Bjarni Felixson **17.00** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Bláar nótur í bland **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld útvarpsins: Alcina **22.35** Orð kvöldsins **22.38** Meyfiskurinn í Tjörninni **23.20** Stefnumót **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**10.00** Only Fools and Horses **10.30** Last Choir Standing **11.55** Dancing with the Stars **12.55** Dancing with the Stars **13.40** Only Fools and Horses **14.10** Only Fools and Horses **14.40** Only Fools and Horses **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Only Fools and Horses **16.45** Only Fools and Horses **17.15** Top Gear 2008: Vietnam Special **18.30** Blackadder II **19.00** Blackadder II **19.30** The Inspector Lynley Mysteries **20.20** The Inspector Lynley Mysteries **21.10** Top Gear 2008: Vietnam Special **22.25** Only Fools and Horses **22.55** Blackadder II **23.25** Blackadder II **23.55** The Inspector Lynley Mysteries

### DR 1

**10.00** Tidens tegn - TV på tegnsprog **10.01** Tidens tegn **10.45** Sign up **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Boogie Listen **12.30** Levende begravet - Redningen i Chile **13.25** Hva' så Danmark? **14.25** Inspector Morse **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Pingvinerne fra Madagascar **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.00** Min Sport **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Olsen-banden deruda' **20.45** Kriminalkommissær Barnaby **22.20** Hun så det ske

### NRK 1

**11.00** Snøbrett **12.00** V-cup langrenn **13.00** Sport i dag **13.10** V-cup skiskyting **14.40** V-cup kombinert **14.55** V-cup hopp **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Krem Nasjonal **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Fleksnes **19.25** Knutsen & Ludvigsen - musikalske komikere fra tunnelen **20.25** Sjukehuset i Aidensfield **21.10** Fakta på lørdag **22.00** Kveldsnytt **22.15** Match Point

### SVT 1

**10.25** Vintermagasinet **11.10** Rapport **11.15** Vinterstudion **11.20** Längdskidor **13.00** Vinterstudion **13.05** Skidskytte **14.50** Vinterstudion **15.15** Rapport **15.20** Mitt i naturen **15.50** På spåret **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Från Lark Rise till Candleford **18.15** Julkalendern **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Robins **21.00** Rapport **21.05** Alpint **22.05** Svindlarna **23.05** Min jul **23.10** Grotesco **23.40** Ransom




LÁTTU ÞÉR LÍKA VIÐ VÍSI
og þú gætir fengið óvæntan jólaglaðning

DREGIÐ VERÐUR DAGLEGA TIL 20. DESEMBER

Settu „Like“ við Vísi á Facebook og þú gætir unnið flatskjá, flottan N8 síma, góða jólabók eða einhvern annan spennandi glaðning fyrir jólin.



Flott 22“ Panasonic Pure Line sjónvarp með innbyggðri iPod vöggu.

Sjónvarpsmiðstöðin



N8 sími.

Bækur frá Sölku.



Fjöldi annarra vinninga.

Það er auðvelt að láta sér líka við Vísi á facebook.com/visir.is

vísir.is

## PERSÓNAN



*Haraldur Ari Stefánsson*

**Aldur:** Korter í tvítugt.
**Starf:** Nemi og anddyrisstarfsmaður Borgarleikhússins.
**Fjölskylda:** Mjög stór og fín.
**Foreldrar:** Stefán Jónsson leikstjóri og Agnes Amalía Kristjánsdóttir söngkona.
**Búseta:** Grafarholt og 101 Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Vatnsberi.

Haraldur Ari Stefánsson er nítján ára nemi sem fór með stórt hlutverk í kvikmyndinni Óróa og er í hljómsveitinni Retro Stefson.

# Júlí Heiðar og Karen endurgera Jólahjól

„Ég gaf góðfúslegt leyfi fyrir þessu,“ segir Skúli Gautason, höfundur lagsins Jólahjól, eins vinsælasta jólalags allra tíma á Íslandi.

Lagið hefur nú verið endurgert í flutningi þeirra Júlís Heiðars og Karenar Pálsdóttur. 24 ár eru síðan Sniglabandið sendi frá sér lagið um Jólahjólið en þrátt fyrir það hefur lagið lifað góðu lífi. Júlí Heiðar sló í gegn í söngkeppni framhaldsskólanna í vor en hann söng þar lagið „Komdu til baka“ með Kristmundi Axel. Karen tók þátt í undankeppni Eurovision í fyrra og vakti frammistaða hennar gríðarlega athygli.

Nú hafa Júlí og Karen leitt saman hesta sína og senda frá sér poppaða útgáfu af Jólahjólinu.

Skúli hafði ekki heyrt lagið þegar Fréttablaðið hafði samband, en hann veit vel að Júlí Heiðar getur sungið. „Ég hef fylgst með þessum strák og finnst hann mjög skemmtilegur og spennandi tónlistarmaður,“ segir Skúli. Ekki náðist í söngvarana ungu í gær en hægt er að hlusta á lagið á Youtube. - ka



**GAF LEYFI** Skúli Gautason hefur ekki enn heyrt nýju útgáfuna af Jólahjóli.





**JÓLAHJÓLIÐ ENDURVAKIÐ** Karen Pálsdóttir og Júlí Heiðar tóku hið fræga „Jólahjól“ og settu það í nýjan búning.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**
Lau 4.12. Kl. 11:00 U | Lau 11.12. Kl. 11:00 U | Lau 18.12. Kl. 11:00 U
Lau 4.12. Kl. 13:00 U | Lau 11.12. Kl. 13:00 U | Lau 18.12. Kl. 13:00 U
Lau 4.12. Kl. 14:30 U | Lau 11.12. Kl. 14:30 U | Lau 18.12. Kl. 14:30 U
Sun 5.12. Kl. 11:00 U | Sun 12.12. Kl. 11:00 U | Sun 19.12. Kl. 11:00 U
Sun 5.12. Kl. 13:00 U | Sun 12.12. Kl. 13:00 U | Sun 19.12. Kl. 13:00 U
Sun 5.12. Kl. 14:30 U | Sun 12.12. Kl. 14:30 U | Sun 19.12. Kl. 14:30 U

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)
Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 Síðasta sýn. U

**Fíasól** (Kúlan)
Sun 5.12. Kl. 13:00 U | Sun 19.12. Kl. 13:00 Ö | Fim 30.12. Kl. 16:00 Ö
Sun 5.12. Kl. 15:00 U | Sun 19.12. Kl. 15:00 | Sun 2.1. Kl. 13:00
Sun 12.12. Kl. 13:00 Ö | Þri 28.12. Kl. 16:00 Ö | Sun 2.1. Kl. 15:00
Sun 12.12. Kl. 15:00 Ö | Mið 29.12. Kl. 16:00 U

**Hænuungarnir** (Kassinn)
Fös 3.12. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö | Fös 10.12. Kl. 20:00 Aukas. Ö

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)
Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fim 30.12. Kl. 19:00 U | Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö
Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Fös 7.1. Kl. 19:00 Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00
Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U | Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00

GERPLA
**Gerpla** (Stóra sviðið)
Fös 3.12. Kl. 20:00 U | Mið 12.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00
Fim 6.1. Kl. 20:00 | Fim 20.1. Kl. 20:00

**Lér konungur** (Stóra sviðið)
Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö
Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn
Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö

**Kandíland** (Kassinn)
Fim 30.12. Kl. 20:00 Frums. Ö | Fim 6.1. Kl. 20:00 | Lau 8.1. Kl. 20:00
Mið 5.1. Kl. 20:00 | Fös 7.1. Kl. 20:00




**GÍSLI OG TINNI** Gísli Marteinn með nýjasta fjölskyldumeðliminn, Tinna, í gönguferð í Vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON: STUTT KYNNI EN MJÖG ÁNÆGJULEG

# Gengur um Vesturbæinn með hundinn sinn Tinna

„Þetta hafa verið tiltölulega stutt kynni en mjög ánægjuleg. Hann er í miklu uppáhaldi hér á heimilinu,“ segir borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson.

Hann hefur að undanförnu sést á gangi í Vesturbænum með hvítan, krúttlegan ferfætling í bandi, eða hinn fjögurra mánaða Tinna sem er Golden Retriever Labrador. „Ég átti hund hér áður fyrr og er mikill aðdáandi hunda. Við fjölskyldan ákváðum að gera þetta eftir vandlega yfirlegu hvort við hefðum örugglega tíma í þetta og aðstöðu. Við komumst að því að við gætum þetta með samhentu átaki,“ segir Gísli Marteinn. „Við eigum tvær dætur og það taka allir þátt í því að fara með hann út að labba. Þetta er líka gaman því maður er meira á ferli í hverfinu sínu á morgnana og kvöldin og hittir fólk.“

Vinur Gísla, sjálfstæðismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson, á líka hund en aðspurður segir Gísli þá tvo ekki enn hafa farið saman í göngutúr með hundana sína. Borgarstjórinn Jón Gnarr á einnig hund, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, en Gísli hefur heldur ekki hitt þá á gangi. Hann er sammála því að hundar séu í tísku um þessar mundir. „Margir krakkar hafa óskað þess heitast að fá hund en foreldrarnir hafa oftast ekki haft tíma í það. En núna þegar kreppir að hafa menn meiri tíma í það sem skiptir mestu máli, sem er heimilið og fjölskyldan.“

Ætlar Gísli að fara með hundinn á skytterí eins og svo margir gera? „Þetta er veiðihundur upprunalega. Mjög margir sem eru að fara á rjúpu eða gæs nota hunda í það en ég hef aldrei á ævinni farið í slíka veiði og hef það ekki í hyggju. Hann er fyrst og fremst fenginn hingað sem fjölskylduvinur.“

Borgarfulltrúinn vonar að með tilkomu Tinna læri dætur hans, sem eru níu og tólf ára, að taka ábyrgð og sjá um annan einstakling. „Í uppeldi þarf fáar reglur og skýrar og það þarf að fara eftir þeim í hvert einasta skipti. Þetta er allt saman góður skóli fyrir þær og okkur foreldrana.“

freyr@frettabladid.is


★★★★

SÞH / MBL

„Skemmtileg bók“
EINAR KÁRASON






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Óskar Magnússon skrifaði í laumi þar til hann gaf frá sér **skemmtilegt** safn af smásögum fyrir fáum árum … Nú hefur [hann] bætt við öðru safni sem ekki er síðra … Óskar hefur stílgáfu …“ PBB / FT


# Ameríka opnast fyrir Vesturport

„Þetta er náttúrulega fáránlegt og eiginlega hálfsjúkt, að nánast allt leikhúslíf í New York skuli snúast um einn dóm,“ segir Gísli Örn Garðarsson. Uppfærsla Vesturports á Hamskiptunum eftir Franz Kafka fékk lofsamlega dóma í bandaríska stórblaðinu The New York Times. Eins og Fréttablaðið greindi frá í ágúst skipti sá dómur öllu máli. Ef hann væri góður opnuðust allar dyr í leikhúsheiminum, slæm gagnrýni þýddi að allt væri lokað og læst. „Brendan Fraser var að leika í Elling hérna, þrjú hundruð milljóna króna sýningu. The New York Times slátraði henni og sýningum var hætt eftir viku.“

Gísli vill hins vegar ekki ganga það langt að segja Vesturport hársbreidd frá stóra sviðinu á Broadway. En vissulega hafi margar dyr opnast eftir þennan góða dóm. Hann viðurkennir að dagarnir eftir frumsýningu hafi verið nokkuð taugatrekkjandi. „Við fengum nefnilega dóm í Time Out á netinu sem var upp á þrjár stjörnur. Sá gagnrýnandi var ekki alveg að fíla leikgerðina og ég hugsaði með sjálfum mér að kannski væri þetta ekkert fyrir Bandaríkjamenn. Sá dómur skipti bara engu máli þegar dómur The New York Times kom. Þá byrjuðu símarnir að hringja.“

Gísli segir framhaldið hins vegar óráðið. Faust, samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Vesturports, verður sett upp í Ludwigshaven í næstu viku þannig að ferðalögunum er hvergi hætt. „Við fljúgum þangað beint frá New York enda gerast hlutirnir ekki á einni nóttu í Ameríku.“ - fgg



**GÓÐUR ÁRANGUR** Hamskiptin í uppfærslu Vesturports fengu lofsamlega dóma í The New York Times. Dómurinn skiptir öllu máli fyrir frekari útrás í Ameríku.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir.is


ANDORRA leðursófi
Svartur 2,5 sæti
AÐEINS 99.000 KR.
PISA sófi
3ja sæta
TILBOÐSVERÐ
97.300 KR.
30% afsláttur
40% afsláttur
SERAX kertaluktir
tilboðsverð
Lítil: 2.340 kr.
Stór: 3.540 kr.
BORÐ + 6 STÓLAR
35% afsláttur
Öll borðstofusett með 20% afslætti (eða meira)
Borðstofusett 117.000 kr.
40% afsláttur
Kerta-stjaki
tilboðsverð
744 kr.
50% afsláttur
Kerta-lukt
tilboðsverð
1.950 kr.
Kerta-glös
2 fyrir 1
TEKK VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA)
Meira fyrir minna
Opið: Virka daga kl. 10-18 · Laugardaga kl. 10-17 · Sunnudaga kl. 13-17
SÍMI 564 4499
FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinsæl ævisaga Gunnars

Ævisaga Gunnars Thoroddsen eftir **Guðna Th. Jóhanneson** hefur verið rifin úr hillum bókaverslana síðustu vikurnar. Nú er svo komið að fyrsta upplag, fjögur þúsund eintök, er á þrotum hjá útgefandanum, Forlaginu. Æðstu menn þar á bæ hafa tekið sér helgina í að meta hversu mörg eintök verða prentuð í annarri prentun en telja líklegt að þau verði á bilinu 4-5 þúsund eintök. Vinsældir bóka Guðna halda þar með áfram en í fyrra rokseldist bók hans Hrunið. Guðni kvartaði sáran undan því á dögunum að hafa misst stöðu sína við Háskólann í Reykjavík en með þessu áframhaldi getur hann auðveldlega hætt að sýta atvinnumissinn og einbeitt sér að bókaskrifum. **- hdm**



### Dolli gengur aftur

Andstæðingum Evrópusambandsaðildar hefur verið núið um nasir að rök þeirra fari fyrir lítið þegar þeir klæða þau í upphrópanir eins og að heimsveldið illa ætli að stela landinu af fávísu fólkinu; aðildarviðræður Íslands séu liður í nýlendustefnu sem eigi að tryggja nasískt „lífsrými".
Slík gagnrýni heldur ekki aftur af **Páli Vilhjálmssyni**, framkvæmdastjóra Heimssýnar. Á bloggi sínu segir hann að ef svo fari að Þjóðverjar þurfi að skrifa upp á skuldir óreiðuríkja eins og Írlands, gerist það ekki nema draumur „Dolla" rætist um að „Evrópa lúti þýsku forræði". Með „Dolla" er hér vitanlega átt við Adolf nokkur Hitler.



### Mest lesið VISIR.IS

1. Þeir verst settu fá 15-30 milljónir afskrifaðar
2. Fréttamannafundur ríkisstjórnarinnar í beinni
3. Þær földu þýfið HVAR?
4. Tekjuháir fá ekki skuldir afskrifaðar
5. Sonur minn, ræninginn


Jólaskeiðin 2010



Guðlaugur A. Magnússon
Skólavörðustíg 10



**NYSNÖ** servíettur B33×L33cm. Ýmsir litir **395,-/50 í pk.**

**450,-**
**FÄRGRIK MELLAN** skál Ø16cm. Hvítt/svart

**ROMANTISK** bakki L52×B39cm. Rautt **1.290,-**

**FÄRGRIK MELLAN** diskur Ø27cm. Hvítt/svart **650,-**

# Verður veisla heima hjá þér um jólin?



**NYSNÖ** servíettur B38×L38cm. Ýmsir litir **395,-/30 í pk.**

**ÅRYD** kertastjaki f/kubbakerti H15cm Dökkbrúnt **2.490,-**

**1.490,-/12 í setti**
**MARTORP** 6 hvítvínsglös 53cl og 6 rauðvínsglös 58cl. Gler

**BLOMSTER** kertastjakar H24, 28 og 32cm. Rautt **2.790,-/3 í pk.**

**IKEA 365+** hnífaparasett fyrir 6 manns. Ryðfrítt stál **5.990,-/24 í setti**

**BLANDA BLANK** skál Ø28cm Ryðfrítt stál **1.790,-**

**NYSNÖ** bollar 50cl. Hvítt/dökkblátt **595,-/stk.**

**NYSNÖ** kanna 1,5L Hvítt/dökkblátt **1.490,-**

**IKEA 365+** skál m/loki Ø25cm Ryðfrítt stál/feldspatpostulín **2.390,-**

**NYSNÖ** matardiskur L39×B28cm. Hvítt/dökkblátt **2.490,-**

**895,-**
**BÄRBAR** bakki L33×B33cm Ýmis mynstur. Ýmsir litir

**TRYGG** skál Ø28cm. Gler **595,-**

**FÄRGRIK MELLAN** djúpur diskur Ø24cm. Hvítt/svart **795,-**

**795,-/6 í pk.**
**SVALKA** rauðvínsglös 30cl. Gler

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**Hátíðarkalkúnn og meðlæti**
**895,-**

**Dagskrá helgarinnar**
Laugardag og sunnudag kl. 13-17
Ókeypis myndataka með jólasveininum
Kynning á smákökudeigi
Kynning á jólaglögg
Laugardag kl. 15:30-16:30 Brokk kórinn
Sunnudag kl. 15:30-16:30 Samkór Kópavogs

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**